

Fólkið

Fjöllin
Fjörðurinn

Meðal efnis:

*Edduslysið á Grundarfirði 1953
Gert út frá Grundarfirði. Myndun
sjávarþorps á 20. öld.*

Annáll 2002

*Unnið við örnefnamyndir
Gamlar myndir úr Eyrarsveit
Eftirminnilegir einstaklingar
Nokkrar þjóðsögur úr Eyrarsveit
Verlunin í Grundarfirði
Dagsbrún. Blað UMFG 1933.*

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

4. hefti



2003

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 4
© 2003 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Guðjón Elisson
Prentun og bókband: Viðey ehf.

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

Gísli Karel Halldórsson: Formáli	7
Tryggvi Gunnarsson: Edduslysið á Grundarfirði 16. nóvember 1953	11
Óskra Vigfússon: Neyðaróp skipbrotsmannanna drukknuðu í veðurofsanum	22
Hermann Jóhannesson: Þegar Eddan fórst 1953	35
Edduslysið á Grundarfirði 16. nóvember 1953	42
Davíð Hansson Wíum: Myndun sjávarþorps á 20. öld	48
Björg Ágústsdóttir: Af sveitarstjórnarmálum – Annáll 2002	97
Hildur Sæmundsdóttir: Urthvalafjörður.	117
Sveinn Arnórsson: Gamlar myndir úr Eyrarsveit	121
Gunnar Kristjánsson: Vatnabúðir.	125
Njáll Gunnarsson: Eftirminnilegir einstaklingar	127
Kristján E. Guðmundsson: Eyrarsveit fyrir 300 árum.	148
Elínbjörg Kristjánsdóttir: Áætlunarferðir í Eyrarsveit	170
Ásgeir Guðmundsson: Þjóðhátíð í Eyrarsveit árið 1874.	190
Ásgeir Guðmundsson: Nokkrar þjóðsögur úr Eyrarsveit	200
Ásgeir Guðmundsson: Verslunin í Grundarfirði	209
Gunnar Kristjánsson: Dagsbrún, blað UMFG 1933	302

Formáli

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits. Rit þetta er fjórða heftið í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Að þessu sinni birtum við 16 greinar sem tengjast þjóðlegum fróðleik úr Eyrarsveit. Á þessu ári eru 50 ár síðan síldveiðiskipið *Eddan* fórst í fárviðri í Grundarfirði. Þetta haust var mikil síldarganga inn á Grundarfjörð og stór hluti flotans var þar við veiðar. Þann 15.–16. nóvember skall á eitt af verstu vetrarveðrum sem gengið hafa yfir Vesturland, suðvestan fárviðri, eða Stóri-Sunnan, eins og stundum er sagt í Grundarfirði. Hér er birt viðtal við Óskar Vigfússon, sem var sjómaður á *Eddunni*, og segir hann frá þrekraun sem þeir lentu í. Skipbrotsmönnum var bjargað í land við Suður-Bár. Tryggvi Gunnarsson frá Suður-Bár skrifar grein þar sem hann segir frá björgun skipbrotsmannanna. Birt er viðtal við þrjá Grundfirðinga, þá Pál Ásgeirsson, Aðalstein Friðfinnsson og Sigurð Lárusson, en þeir voru allir á síldveiðum á Grundarfirði 16. nóvember 1953, þegar *Eddan* fórst. Þessi viðtöl höfðu sterk áhrif á þann sem þetta skrifar. Viðtölin eru birt lítið breytt, og þeir sem þekkja og hafa rætt við framan-greinda einstaklinga munu beinlínis heyra þá tala og þekkja orðfærið.

Í heftinu er birt ritgerðin „Gert út frá Grundarfirði. Myndun sjávarþorps á 20. öld“. Davíð Hansson Wíum skrifaði hana sem B.A. ritgerð í sagnfræði sem hann lauk vorið 2003. Fyrir okkur Eyrbyggja var það mikill fengur að sagnfræðinemi skyldi ráðast í þetta verk og taka saman fróðleik um útgerðarsögu Grundfirðinga. Að venju skrifar Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri annál bæjarfélagsins síðastliðið ár.

Með þessari bók fer í dreifingu örnefnamynd sem Eyrbyggjar hafa látið gera af fjöllunum umhverfis Kolgrafafjörð og er myndin 26 x 102 cm að stærð. Hildur Sæmundsdóttir ljósmyndir í Grundarfirði hefur haldið utan um skráningu örnefn-

anna inn á myndina. Guðjón Elisson tölvumaður Eyrbyggja tók myndina og sá um alla tölvuvinnslu og skráningu inn á myndina. Í þessu hefti skrifar Hildur grein þar sem hún gerir grein fyrir skráningu örnefnanna og hverjir voru helstu heimildarmenn. Byggt hefur verið á örnefnaskrá Örnefnastofnunar og fjölmargir Grundfirðingar sem eru staðkunnugir hafa lagt okkur lið.

Eyrbyggjar hafa lagt áherslu á að safna gömlum myndum frá Grundarfirði. Frændurnir Sveinn Arnórsson og Guðjón Elisson hafa verið duglegir við að skanna gamlar myndir og koma þeim á tölvutækt form. Ef þið sem lesið þennan inngang eigið gamlar myndir frá Grundarfirði, væri vel þegið að fá þær lánaðar, skanna þær til varðveislu fyrir framtíðina. Mikilvægt er að fá jafnframt upplýsingar um hvað hver mynd sýnir, hver er ljósmyndarinn og hvernær hver mynd var tekin. Til gamans birtum við nokkrar gamlar myndir úr myndasafni Eyrbyggja.

Í síðustu bók okkar, 3. hefti 2002, var grein um gamlar lendingar í Eyrarsveit. Þar var mynd af lendingunni við Vatnabúðir og skýringar færðar inn á myndina. Villa var á myndinni sem er leiðrétt í þessu hefti með nýrri mynd og skýringartexta frá Gunnari Kristjánssyni.

Njáll Gunnarson skrifar grein sem hann nefnir „Eftirminnilegir einstaklingar. Rósa á Skallabúðum og Gunnar á Eiði“.

Árið 1703 var lokið við einstakt manntal í heiminum þar sem ekki voru einungis taldir allir íbúarnir, karlar og konur, heldur einnig getið félagslegrar stöðu manna sem gefur mikið innsæi í skiptingu þjóðarinnar á þessum tíma. Nú í ár, 2003, eru því rétt 300 ár síðan þetta manntal var gert á Íslandi. Kristján E. Guðmundsson félagsfræðingur, skrifar grein sem hann nefnir „Eyrarsveit fyrir 300 árum“.

Elínbjörg Kristjánsdóttir hefur tekið saman fróðleik um áætlunarferðir í Eyrarsveit 1942–1966. Það má segja að Elínbjörg sé alin upp í rútu því faðir hennar Kristján í Lýsudal var í áratugi bílstjóri í áætlunarferðum.

Fyrir nokkrum árum tók Ásgeir Guðmundsson cand. mag. saman heilmikinn fróðleik um sögu Eyrarsveitar. Efnið hefur ekki verið birt í heild sinni. Í fyrra birtum við kafla sem nefndist „Frakkar í Grundarfirði“. Nú birtum við nýjan kafla eftir Ásgeir sem er ítarleg samantekt sem nefnist „Verslun í Grundarfirði“. Til gamans valdi Ásgeir Guðmundsson einnig nokkrar þjóðsögur úr Eyrarsveit sem við birtum í bókinni.

Ungmennafélag Grundarfjarðar byrjaði útgáfu á handskrifuðu blaði árið 1933. Blaðið nefndist „Dagsbrún“. Í þessu hefti birtum við sem sýnishorn titilblað fyrstu útgáfunnar.

Ingi Hans Jónsson hefur óskað eftir að eftirfarandi verði birt í þessum innangi:

Frá örbirgð til bjargálna – Athugasemd

Þeir feðgar Guðmundur Jóhannesson og Ólafur Jón Guðmundsson hafa gert athugasemd við eftirfarandi málsgrein í grein minni um upphaf vélbáta í Grundarfirði í 3. hefti af *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn*, safni til sögu Eyrarsveitar.

Í kafla um MB *Ingólf SH-152*, bls. 75, segir orðrétt: „*En hvernig sem þessu var háttað er nokkuð víst að á endanum tapaðist Kvíabryggja úr landi Krossnes þegar gengið var að veðum vegna þessara bátakaupa.*“

Athugasemd þeirra feðga snýr að því að engar sönnur séu færðar á að Kvíabryggja hafi í raun tapast með þessum hætti. Undirritaður tekur undir það, því það er óljóst hvað í raun hafi tapast og hvernig. Sú ályktun sem fram kemur í fyrrnefndri setningu er því óljós og óþörf. Þessi samantekt á sögu vélbátanna var fyrst og fremst skrifuð til þess að heiðra minningu þeirra forvígismanna sem réðust í þau stórvirki sem vélvæðingin var á þeim tíma. Gögn um landamörk og eignaheimildir á landi voru ekki skoðaðar í þessu sambandi og má ekki skilja umfjöllunina á þann veg.

Ingi Hans Jónsson
Parti á Grundarfirði

Stjórn Eyrbyggja hefur fundað reglulega fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Fundargerðir stjórnar hafa verið sendar út í tölvupósti til þeirra sem þess hafa óskað. Einnig eru fundargerðirnar settar inn á heimasíðu Eyrbyggja sem er <http://www.grundarfjordur.is/eyrbyggjar/>. Þar má einnig sjá hluta af myndasafni Eyrbyggja.

Grundarfjarðarþær hefur byggt upp ágæta heimasíðu sem er á slóðinni <http://www.grundarfjordur.is>. Undir flípanum „Sögupunktur“ á heimasíðunni er skrá yfir örnefni í Eyrarsveit samkvæmt örnefnaskrá Örnefnastofnunar.

Eyrbyggjar hafa undanfarin tvö ár unnið að því að færa örnefni inn á loftmyndir. Fjöldi staðkunnugra Grundfirðinga hefur lagt þar hönd á plóg. Fyrst og fremst hefur verið byggt á örnefnaskrá Örnefnastofnunar. Fyrirtækið Loftmyndir hefur fengið þessar loftmyndir og fært örnefnin inn eftir hnitum á nýjar loftmyndir af Eyrarsveit. Þegar þetta er skrifað hefur verið prentuð út fyrsta próförk af loftmyndakorti af Eyrarsveit með örnefnum. Þessi kort eru til yfirferðar bæði hjá staðkunnugum Grundfirðingum og einnig á Örnefnastofnun. Síðan er að því stefnt að gefa kortin út og setja þau í almenna dreifingu.

Eins og áður sagði standa Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar sameiginlega að útgáfu þessarar bókar. Eyrbyggjar eru frjáls félagasamtök. Í núverandi stjórn Eyrbyggja (2002–2003) eru Gísli Karel Halldórsson, formaður, Ásthildur E. Kristjánsdóttir gjaldkeri, Orri Árnason, ritari, Elínbjörg Kristjánsdóttir, Guðlaugur Þór Pálsson, Hermann Breiðfjörð Jóhannesson, og fyrst Hrönn Harðardóttir og síðar Hrafnhildur Pálsdóttir sem leysti Hrönn af vegna anna.

Grundarfjarðarbær tilnefni í Sögunefnd Eyrarsveitar og í nefndinni eru Dóra Haraldsdóttir, Gunnar Kristjánsson og Ólafur Guðmundsson.

Við höfum notið góðra styrkja sem hafa gert þessa útgáfu mögulega.

Grundarfjarðarbær og Styrktarsjóður Sparisjóðs Eyrarsveitar hafa styrkt útgáfuna rausnarlega. Á þessu ári komumst við á fjárlög og fengum styrk frá Menntamálaráðuneytinu. Reynslan hefur verið að innkoma vegna sölu er fjarri því að standa undir útgáfukostnaði, og án þessara styrkja hefði ekki verið um neina útgáfu að ræða.

Að síðustu vil ég þakka bæjarstjórn Grundarfjarðar og Björgu Ágústsdóttur bæjarstjóra fyrir velvilja og stuðning við okkar starf.

Ég vil ennfremur þakka greinarhöfundum, samstarfsfólki í Eyrbyggjum og Sögunefnd Eyrarsveitar fyrir góða samvinnu við útgáfu þessarar bókar.

20. maí 2003,

Gísli Karel Halldórsson

formaður Eyrbyggja starfsárið 2002–2003.

Tryggvi Gunnarsson

Edduslysið á Grundarfirði 16. nóvember 1953

Það var árið 1952 að fjölskylda mín flutti norðan úr Árneshreppi á Ströndum og að býlinu Suður-Bár í Eyrarsveit. Húsakostur var í lágmarki, en þó eins og gerðist og gekk í þann tíma. Íbúðarhúsið lítið og því nokkuð þröngt fyrir sex manna fjölskyldu. Nokkrar lagfæringar voru þá strax gerðar til þæginda fyrir fólkið, svo sem að leiða vatn inn og fleira.

Mig langar nú að koma á blað minningum mínum um þann hörmulega atburð er átti sér stað þann 16. nóv. 1953 um það bil 250-300 metrum NA af nes-tánni hér í Grundarfirði. Var ég þá nýorðinn 16 ára gamall.

Um haustið 1953 kom mikil síldarganga inn á Grundarfjörð og fóru þá allir bátar að útbúa sig til síldveiða sem höfðu til þess einhverja getu.

Söfnuðust þá saman bátar af Suðvestur og Vesturlandi og hugsanlega einhverjir víðar frá. Eitt þessara skipa var *Eddan* GK 25 frá Hafnarfirði sem var á þeim tíma eitt stærsta og glæsilegasta síldveiðiskip flotans, 185 brúttólestir að stærð. Skipstjóri á *Eddu* var hin þekkti aflamaður Guðjón Illugason.

Að kvöldi 15. nóvember fór að hvesa af suðri og skall síðan á eitt mesta sunnanrok er menn þekktu og stóð alla nóttina en sneri sér í suðvestan undir morgun með feiknahvössum byljum. Kalt var í veðri og gekk á með krepju-byljum eins og títt er í suðvestanátt.

Heimilisfólkið í Suður-Bár þá voru foreldrar okkar Valgerður G. Valgeirsdóttir og Gunnar Njálsson og við systkinin, Njáll, Kjartan, Þórdís og ég, Tryggvi. Bræður mínir, Njáll og Kjartan, voru á sjónum. Njáll var skipverji á Grundarfirðingi með Hinriki Elbergssyni, en vegna félagsskapar um veiði var hann um borð í mb. *Ágústi Þórarinssyni* frá Stykkishólmi með Soffaníasi Cesils-

syni, þessa nótt. Kjartan var á mb. *Páli Þorleifssyni* með Birni Ásgeirssyni, þannig að við vorum fjögur heima.

Um morguninn þegar við fórum á ról blasti við sjón sem ég sé enn í dag fyrir augum mér. Vestur af bænum eru sker, svokölluð Snoppusker, nokkuð stór-streymt var og fjara, en þó komið aðfall. Fram af skerjunum voru margir bátar sem okkur fannst að væru að stranda, en hvasst var þá enn af suðvestri og héldu þeir upp í vind. Það má vera að fjarlægð hafi nokkuð blekkt okkur, en þó var þetta að sjá óhemju tæpt. Seinna heyrði ég að nokkrir erfiðleikar hefðu verið hjá einhverjum þessara báta er þarna voru.

Klukkan nú til háltíu fórum við faðir minn til gegninga og gáfum fé og kúm, og til að mjólka. Klukkan rúmlega tíu höfðum við lokið þessum verkum, þá var nokkuð farið að lægja og birta. Þegar við komum út úr útihúsunum blasti við okkur sjón er við áttum ekki von á. Niðri á bakkanum framan við Norður-Bár, neðan við Leirtjörnina, sýndist eins og menn stæðu beggja vegna við aðgerðarborð, en mér varð strax ljóst að svo var ekki. Ég sagði við föður minn: „Farðu heim með mjólkina, ég ætla að hlaupa og aðgæta hvað þetta er“, og svo varð. Ég fór af stað og hljóp yfir í Norður-Bárartúnið fyrir neðan báruna. Sá ég þá hvar þrír menn komu á móti mér og mættumst við beint fyrir neðan Norður-Bárarhúsið. Ég sá strax að þetta voru veðurhraktir menn. Bauð ég góðan dag og spurði hvað væri. Einn þeirra svaraði og sagði: „Það sökk hjá okkur skipið og við vorum að hrekjast í alla nótt. Það er bátur (nótabátur) þarna niðri í fjöru og tveir eða þrír dánir menn í honum.“ Þeir er ég mætti þarna voru Guðjón Illugason skipstjóri, Guðmundur Á. Guðmundsson og Guðmundur Ólafsson. Þessir menn voru allir vel búnir af fötum, en blautir, þeir óskuðu eftir því að fá að fara í húsið í Norður-Bár. Ég sagði þeim að ekki væri búið í húsinu og það væri kalt og einnig læst, en ég sagði þeim að halda áfram fram hjá útihúsunum í Suður-Bár og heim í íbúðarhús sem og þeir gerðu. Þóttist ég nú vita að eitthvað skelfilegt hefði skeð þessa illviðrisnótt. Meðan á þessum samræðum stóð kom maður inn á túnið illa búinn, berfættur í stuttermabol og í nankinsbuxum. Var þessi maður með svo miklar kvalir að hann gat vart hamið sig, gátum við ekkert rætt, en sagði ég honum að fara á eftir félögum sínum. Þessi maður var Ingvar Ívarsson matsveinn.

Taldi ég mig ekki mega tefja mikið en hélt áfram því ég sá að tveir menn voru að koma upp með Norður-Báraránni og leiddu mann á milli sín. Þegar ég



Þarna kom nótabáturinn
að landi

Fjaran framan við Básarbæina.

var kominn norður fyrir tún og sá niður í árhvamminn, sá ég tvo menn rétt við ána, var áin í nokkrum vexti eftir illviðri næturinnar og því nokkuð úfin, en er hún að jafnaði ekki mikil vexti. Í sama mund steyptist annar maðurinn í ána, flýtti ég því för og út í ána, tók manninn og dró yfir ána og upp á bakkann. Þessi maður var Óskar Vigfússon, hann virtist ákaflega hræddur og ókyrr, þannig að ég mátti ekki sleppa af honum hendi af ótta um að missa hann aftur í ána og var nóg samt. Hinn maðurinn sem fyrr er nefndur var Guðjón Á. Guðjónsson, eldri maður, virtist hann vel á sig kominn eftir þrekraun næturinnar, enda vel búinn fötum, en rennblautur eins og þeir allir félagarnir. Guðjón kom yfir ána, mér til aðstoðar.

Nú barst mér liðsauki er ég sá Þorstein Jónsson á Arnarhóli koma niður með ánni og til okkar, ég bað hann að fara yfir ána og hjálpa þeim er þar voru. Við Guðjón tókum þá Óskar á milli okkar og fíkrudum okkur heim á leið. Óskar var þannig búinn að hann var í gallabuxum, í ljósbláum bol og berfættur. Óskari var það óbærileg tilhugsun að mega hvorki fara inn í Norður-Bárahúsið né útihúsin, var það von í því ástandi sem hann var. Það verður að fylgja þessu hversu mikinn styrk Guðjón hafði, hlýtur hann að hafa verið mikill þrekmaður. Ekki sparaði hann heldur særingar og brýningar alls konar er hann átti til í orðum, til að auka kjark og skap Óskars til að ná á leiðarenda. Ég verð að játa, að mér stráknum þótti alveg nóg um. Þegar heim undir bæinn kom var þreyta og vösbúð orðin mikil, tók ég þá Óskar fyrir framan mig síðustu metrana, en komst ekki þannig inn um dyrnar svo ég tók undir hendur hans og dró hann



Hér áttu bátar í vanda
rétt utan við Snoppusker

Bárarskerin.

inn ganginn og inn í herbergi þar inn af og kom honum upp í rúm. Þar var Þórdís systir mín og sagði ég henni að færa hann úr fötum. Meira þurfti ég ekki að segja því allir gerðu allt sem hægt var til hjálpar. Faðir minn var þar til hjálpar líka og þess vegna var hann ekki með utan húss. Ég fór nú sömu leið til baka, þegar ég kom út að ánni sá ég að enn var komin aðstoð, þar var kominn Jens Kjartansson á Þórdísarstöðum á jeppanum sínum, tók hann þá tvo menn er fyrr var sagt frá og keyrði þá heim í Suður-Bár. Þessir tveir voru Bjarni Hermundarson og Ágúst Stefánsson. Ég man ekki mikið meira um þessa tvo, sennilega vegna þess að þeir urðu ekki á vegi mínum, augliti til auglitis þrátt fyrir að báðir hafi gist um nótt hjá okkur.

Nú er að segja frá Þorsteini Jónssyni er hann fór mönnunum til aðstoðar. Er ég kom aftur til hans sá ég að hann sat með mann í fanginu, sagði ég honum að bíða þarna því Jens myndi koma fljótlega til baka sem og varð. Síðar sagði Þorsteinn að maðurinn hefði dáið í fanginu á honum, og þóttist fullviss um. Meðan þetta allt gekk fram, féll sjór að landi og komið að flóði. Nú skildi ég Þorstein eftir þar sem hann var með manninn, þessi maður var Sigurjón Guðmundsson 1. vélstjóri. Síðar kom Jens á jeppanum og hjálpast þeir Þorsteinn við að koma Sigurjóni í hann og fór Jens með hann heim í Suður-Bár, inn á eldhúsgólf. Þá voru komnir þangað menn utan úr Grundarfirði og einhverjir í þeim hóp kunnu hjálp í viðlögum og því var strax hafist handa við lífgunaratilraunir, og var þeim haldið áfram allt þar til lækurinn kom, og úrskurðaði Sigurjón látinn.

Ég flýtti mér til sjávar þar sem nótabáturinn var. Þegar ég sá fram af sjávarbakkanum veltist báturinn næstum flatur fyrir báru, hálf fullur af sjó og í sama mund valt maður út úr bátinum og fór með útsoginu aftur fyrir bátinn. Ég stökk þá strax á eftir og náði í hönd hans og hljóp með hann á næstu báru upp fjöruna, eins langt og ég komst, og hélt honum frá útsoginu. Dró ég hann ofar í fjöruna þannig að sjór næði honum ekki.

Ég held að mér hafi verið það strax ljóst að maðurinn var dáinn. Þessi maður var Albert Egilsson. Síðan sá

ég er báturinn valt að landi, að annar maður var í honum. Það var ljóst að hann var einnig látinn. Þessi maður var Stefán Guðnason. Nú verður snúið heim í Suður-Bár. Strax og skipbrotsmenn komu heim til bæjar og vitað var hvað hafði komið fyrir, var hringt eftir aðstoð. Síminn var þá með öðru sniði en nú er. Þetta var gamli sveitasíminn og meira að segja ekki hægt að ná til allra bæja á öllum tímum. Þó náðist samband einhvern veginn í símstöð í Grundarfirði og var látið vita af slysinu og óskað eftir því að kallaður yrði til lækni. Ef ég man rétt höfðu símalínur bilað á leiðinni frá Grundarfirði til Stykkishólms og því var farið til að fá bát til að hafa samband í gegnum talstöð, sem og varð.

Héraðslæknir var þá Ólafur P. Jónsson með aðsetur í Stykkishólmi. Sýslumaður varð Ólafi samferða þótt hann hafi ekki verið boðaður sérstaklega, fóru þeir strax af stað. Á þessum árum og fram til ársins 1962 var farið fyrir Hraunsfjörð og varð að sæta sjávarföllum til að komast yfir Fjarðarhornskána og svo var nú, þar sem um það bil var háflóð. Urðu þeir að bíða þar og komu ekki í Suður-Bár fyrr en upp úr klukkan fjögur um daginn, og var þá Sigurjón úrskurðaður látinn og fluttur til kirkju.

Nú ætla ég að snúa við og fara út í Grundarfjörð. Um morguninn var farið að heyrast að bátar höfðu misst bæði snurpubáta og hringnótabáta frá sér, og lent í alls konar vanda af völdum óveðursins. Eitt er víst að menn fóru þá



Húsið í Norður-Bár.

snemma morguns að ganga með fjöru austan megin fjarðar, fundu þeir þá til dæmis hringnótabát er síldveiðiskipið *Vöggur* hafði misst. Hann var í víkinni sunnan við svonefnd Snoppusker sem fyrr voru nefnd og einnig snurpubátur sem var frá síldveiðiskipinu *Rífsnesi*, enn má sjá hann í nausti fyrir neðan bæinn í Bár, þar sem hann rak upp. Einnig missti *Rífsnesið* líka hinn bátinn og mun hann hafa brotnað á Snoppuskerjunum, og var að reka úr honum annað slagið um veturinn.

Vík ég nú aftur sögunni fram eftir, þar sem ég var við snurpubátinn frá *Eddunni*, með annað líkið í fjörunni en hitt í bátnum, þá barst mér aðstoð úr tveim áttum. Til mín kom Þorsteinn og þar sem við vorum staddir í fjörunni sáum við til manna á göngu með sjónum, komu þeir okkur til hjálpar. Var nú hafist handa við að koma báðum líkunum upp á bakkann. Menn þessir voru síðan fluttir til kirkju að Setbergi, þegar frekari aðstoð barst. Prestur að Setbergi var þá séra Jósef Jónsson.

Nú var þessari björgun lokið úti við, en samtímis var hlúð að skipbrotsmönnum heima á bænum. Þeir, er voru vel ferðafærir, voru fluttir út í Grundarfjörð til frekari aðhlyningar hjá góðu fólki er á móti þeim tók og kann ég það ekki að nefna. En veit þó að þeir fóru allir í mat hjá þeirri mætu og góðu konu Ólöfu Þorleifsdóttur að Hamrahlíð 2.

Í Suður-Bár urðu eftir Óskar, Ingvar, Ágúst og Bjarni. Þótti nauðsynlegt að leggja ekki meira á þá Ágúst og Bjarna með því að flytja þá út í Grundarfjörð. Óskar og Ingvar voru svo illa á sig komnir að engin leið var að flytja þá neitt. Leið nú að kveldi og fór ég að sinna skepnum og að mjólka, lauk ég því og gat þá farið að slappa aðeins af eftir erfiði dagsins.

Nú voru öll rúm fullsetin er gengið var til svefnis. Þórdís systir mín lét Ágústi eftir sitt rúm, en bjó um sig á stólum og svaf þar. Ég lá á eldhúsgólfinu á þeim stað er lífgunartilraunir á Sigurjóni voru gerðar þá um daginn.

Það má nú nærri geta að mikið þurfti til að hlynnna að svo mörgum mönnum í einu svo sem að færa menn úr blautu og í eitthvað þurrt. Var nú allt tínt til er til var af fötum og kom sér nú vel að móðir mín átti nokkuð til af sokkum og vettlingum og hrein föt í skápum og hirslum. Þórdís sagði mér síðar að henni væri það minnisstætt er móðir okkar dró tösku með sokkaplöggu undan rúmi til að leita að nógu stórum sokkum á Bjarna Hermundarsson, en hann var stór maður.

Nú rann upp 17. nóvember. Eftir hvíld næturinnar voru þeir Ágúst og Bjarni fluttir út í Grundarfjörð þar sem þeir sameinuðust félögum sínum og fóru suður er ferð gafst. Þá voru þeir eftir Óskar og Ingvar, samkvæmt læknisráði var óskað eftir að þeir yrðu ekki sendir suður, enda ekki ferðafærir samkvæmt þeim ferðamáta er þá þekktist. Óskar var hjá okkur í einn eða tvo daga eftir slysið en var síðan fluttur út í Grundarfjörð, og dvaldi hann hjá þeim ágætu hjónum Björgu Hermannsdóttur og Sigurjóni Halldórssyni, skipstjóra og aflamanni, í einhverja daga við góðan beina. Ingvar var illa haldinn af magakrampa, að talið var, hafði hann miklar þrautir. Var hann hjá okkur í nokkra daga meðan hann var að ná sér að nokkru.

Lýk ég hér að segja frá þessum atburðum sem hafa lifað í minni mínu nú um fimmtíu ára skeið.

Að lokum vil ég nefna þá er fórust í þessum hildarleik, og víst er það að margir áttu um sárt að binda.

Albert Egilsson 30 ára, kvæntur og lét eftir sig eina dóttur.

Einar Ólafsson 19 ára, lét eftir sig unnustu.

Guðbjartur Guðmundsson 42 ára, lét eftir sig eiginkonu og fimm börn.

Guðbrandur Pálsson 42 ára, lét eftir sig eiginkonu og sex börn.

Jósef Guðmundsson um tvítugt, ókvæntur.

Sigurður Guðmundsson 28 ára, kvæntur og lét eftir sig fósturbarn.

Sigurjón Benediktsson 17 ára, ókvæntur.

Sigurjón Guðmundsson 34 ára, lét eftir sig eiginkonu og fimm börn.

Stefán Guðnason 18 ára, ókvæntur.

Þess má geta að Sigurður og Jósef voru bræður.

Þessi nótt er mörgum minnisstað er voru þarna á sjó og öðrum er á einhvern hátt komu að málum.

Í þessu mikla veðri máttu skipstjórnamenn hafa sig alla við að verjast áföllum. Margir bátar héldu sig nærri landi, uppi undir Grundarkampi, og nýttu til þess tilsagnir kunnugra skipstjóra héðan úr Grundarfirði. Margir héldu upp í vind, beint austur að bryggjunum, þar á meðal *Eddan* sem hafði kastað ankeri, en náði ekki festu og rak. Leið nú nóttin. Skipstjórar höfðu samband í gegnum talstöðvar, en nú brá svo við að *Eddan* gegndi ekki kalli. Töldu menn þá að hún

hefði tekið það ráð að snúa undan á lens út fjörð á suðurleið. Þetta var það er menn ætluðu, en þótti einkennilegt að enginn vissi þetta með vissu.

Nú leið undir morgun, vitneskja barst til lands um hina ýmsu erfiðleika er bátar áttu í, missi báta og þess háttar. Voru þá fengnir menn til að ganga með fjöru austan megin fjarðar, þá hafði vindur verið búinn að snúa sé til suðvest-lægrar áttar með tilheyrandi hvössum byljum. Það var hluti af þessum mönnum er hjálpaði okkur Þorsteini að ná líkunum úr bátnum og koma þeim upp á bakkann og síðar til kirkju.

Það vissu engir um örlög *Eddunnar* fyrr en boð komu frá Suður-Bár þar um. Það verður að teljast mikil mildi að vindur skyldi snúast til vestlægrar áttar, þegar það gerðist. Ef sunnan rokið hefði haldist lengur verður að teljast nokkuð víst að báturinn með mönnunum hefði þá lent út á Breiðafjörð. Eins má leiða að því líkum að ef ekki hefði verið þetta stórstreymt eða hálffallið að eða meira, hvar hefðu þeir og báturinn þá lent, líklega komist fram fyrir skerin. Þá hefði ekki þurft að spyrja að leikslokum, þar sem engin átti von á því líkum harmleik er þarna var, og enginn vissi hvað gerst hafði.

Ég hef að mestu látið ógert að nafngreina menn er að öllu þessu komu á einhvern hátt, má það vera af því að ég hafi ekki þekkt þá er komu utan úr Grundarfirði og léðu sína aðstoð, bæði var það að ég var nýlega fluttur í sveitarafélagið, og ekki kunnugur nöfnum þeirra. Að vísu skiptir það ekki máli, allir gerðu sitt besta, þó mest hafi reynt á okkur í Suður-Bár.

Mikið þakklæti fengum við frá þeim er af komust. Einn þakklætisvotturinn var það að þeir sendu pakka, sem í voru föt sem þeir fengu og eitthvað fleira. Mér sendu þeir til dæmis nýja kuldaúlpu, en því miður komst þessi sending aldrei til skila.

Ég ætla nú að endingu að birta hluta úr bréfi er móðir mín skrifar til dóttur sinnar Margrétar Gunnarsdóttur. Bréfið er stílað í Suður-Bár 21. 11. 1953. Ég tel að bréfið allt hafi verið skrifað á lengri tíma en dagsetningin segir til um. Gríp ég þar niður í bréfið sem hún segir frá því er hún var að koma með strandferðaskipi frá Reykjavík og inn á Grundarfjörð nokkrum dögum áður en slysið varð.

... þegar til Grundarfjarðar kom var gott veður og fjöldi skipa á veiðum þó lítil væri veiðin. Og hefði mátt minna ganga á um þessa síld og ginna

færri skip á þetta litla svæði, enda endaði þessi veiði með þeirri hræðilegustu skelfingu, og varð þó guðs mildi að ekki fór þó ver, enda var þetta það mesta afspyrnuveður sem nokkurn tíma hefur komið. Og þarf ég ekki að lýsa því svo mikið því þið hafið fylgst með því í fréttum, og ekki voru þeir ánægðir skipbrotsmennirnir með frásögnina þegar hún var birt, því þeim fannst að mesta áherslan væri lögð á það hvað lækni og sýslumanni hafi gengið illa að komast og eins að hefði verið kallað á lækni og sýslumann og var það svo fjarri að sýslumaður væri kallaður, það var hans frekja að taka þá til yfirheyrslu samdægurs að allir voru hissa, og svo var þetta lækni og sýslumaður í Stykkishólmi, sem birta frásögnina og aldrei með leyfi skipstjóra og ekki víst að búið væri að tilkynna öllum aðstandendum.

Mikið var þetta agalegt, að hugsa sér að þessir sem fóru í nótabátinn skyldu vera hér fyrir framan í skerjaklasanum og ekki verið tekið eftir þeim, enda var brimið og veðrið svo mikið, og þar sem þeir stóðu síðast á flúrunum var í hvarfi við þær héðan að sjá, og sáu þeir Gunnar og Tryggva þegar þeir fóru í húsin um morguninn en þeir feðgar sáu þá ekki fyrr en þeir voru búnir í húsunum, og hljóp Tryggvi þá strax af stað. Svo komu þeir strax sem gátu komist hjálparlaust, og hinir bornir sem ósjálfbjarga voru. Þetta voru hræðilegar stundir og gerðum við sem við gátum, gefa þeim heitt kaffi, og ofan í rúm fóru fimm og hresstust furðu fljótt og tíndum við á þá alla föt og svo komu strax menn úr Grafarnesi og settu í þá súlfatöflur og brennivín. Matsveinninn var verstur af þeim. Hann var háttaður og annar til sem verstur var. Þeir náðu bara að grípa þunnar buxur og brugðu sér í þær, og var berfættur, og var hann mikið bólginn og marinn og sár á fótum og lá hann hér þangað til hann fór beina leið heim til sín.

En hinir sem dóu voru svo illa klæddir í nælonskyrtum og þunnum buxum, og sagði skipstjóri og hinir að þeir hefðu króknað úr kulda. Og svo vélstjórinn, sem dó eftir að hann kom á land, hefði verið nýstaðinn upp úr brjósthimnubólgu og verið svo veill, og var verið með hann á eldhúsgólfinu og reyndar á honum lífgunartilraunir án árangurs. Það væri gaman að sjá ef kæmi frásögn í blöðum sem ég ekki sé, Tíminn kemur hér.

Skipstjórinn talaði í gærmorgun við Gunnar eftir að hann var kominn suður og þakkaði honum og okkur ógleymanlegar móttökur. Og í morgun talaði frúin hans Ingvars Ívarssonar, það heitir matsveinninn, og þakkaði okkur fyrir alla hjálpinu, og frá honum þakklæti og hvernig honum liði og sagði hún að honum væri að skána og mætti liggja heima.

Svo var nú guðsmildi að skipshafnirnar urðu ekki þrjár, því Fagriklettur var kominn hér upp undir skerin og hefði ekki bjargast sjálfur og varð Ágúst Þórarinnsson að bjarga honum og lá við að færi illa, Njáll minn var á Ágústi. Svo illa vildi til að rétt þegar búið var að losa Fagraklett þá fór áttin í vestan og þá hefði þá rekið upp því þá stendur upp á land, og í þeim snúningi rekt báturinn með skipbrotsmönnum upp í fjöru.

Jæja Magga mín, ég er nú orðin heldur orðmörg um þetta og vildi óska að Guð gæfi að slíkt ætti ekki eftir að ske. Og nú er síldin farin og flotinn farinn. Kjartan var á Páli á síldinni, og verður nú hlé enda er alveg vitlaust veður. Í dag er sunnan eða austan rok og stórrigning og eru þeir allir heima núna.

Lýkur hér tilvitnun í bréf móður minnar.

Nú er að segja frá því eftir allar hörmungarnar að farið var að leita að *Eddunni* og fannst hún sem fyrr segir um 250–300 metrum norðaustur frá Nestá. Um veturinn var hafist handa við að ná skipinu upp sem tókst að lokum, og komið var með hana að bryggju og dælt úr henni sjó, og henni komið á flot. Í *Eddunni* var eitt lík sem fannst í borðsalnum. Sagt var að þessi maður hefði ekki komist frá skipinu þó hann hefði viljað, því eftir að skipinu hvolfir myndast svo mikill þrýstingur á dyrnar, vegna þess að þær opnuðust út. Eftir að *Eddan* náðist upp og varð sjófær á ný fékk hún nafnið *Sigurkarfi*, veit ég ekki einkennisstafina.

Ég hef nú lokið við að segja frá þessu átakanlega slysi. Atburðarásin eins og hún birtist í þessari frásögn er eins og hún var og gerðist. Hún festist þannig í minni mér, og verður ekki afmáð, enda búin að lifa með mér í fimm tíu ár, sé ég hana eins og hún hafi gerst í gær. Nema, þó man ég ekki hve lengi Ingvar var hjá okkur, þar til hann fór suður. Það er nokkuð víst að þessi lífsreynsla tók á ungar taugar, sem náðu sér þó fljótt aftur. Það er ljóst að við heimilisfólkið í Suður-Bár gerðum allt er í okkar valdi stóð til hjálpar þessum ágætu mönnum.

Þegar þessi atburður gerðist voru ekki liðnir nema tíu mánuðir frá því að mótorbáturinn *Grindvíkingur* fórst með allri áhöfn í innsiglingunni í Grindavík eða 18. janúar 1952. Þar fórst frændi minn og móðurbróðir, Valgeir Valgeirsson, og var því í fersku minni það hörmulega slys og sú sorg er fréttin barst til ættingja og vina hans. Máltækið segir: Ekki er feigum forðað, né ófeigum í hel komið.

Neyðaróp skipbrots- mannanna drukknuðu í veðurofsanum

***Óskar Vigfússon rifjar upp Edduslysið og ótrúlega
hrakninga manna sem komust lífs af***

Nú í haust eru liðin rétt 40 ár síðan Edduslysið varð. Síldveiðiskipið *Edda*, sem lá í vari inni á Grundarfirði innan um fjölda annarra skipa, aðfaranótt 16. nóvember 1953, fór þá á hliðina í aftakaveðri og sökk skömmu síðar. Flestir skipverjanna komust á kjöl og síðan um borð í nótabát, sem bundinn var við skipið, en þeirra biðu ótrúlegir hrakningar. Sannkallað fárviðri geisaði þessa nótt. Frost var og slydduhríð og voru skipbrotsmenn fáklæddir. Ekkert skjól var í nótabátinum og neyð manna átakanleg. Þrátt fyrir að fjöldi báta væri á Grundarfirði og að nótabátinn ræki skammt fram hjá nokkrum þeirra, tókst skipbrotsmönnum ekki að gera vart við sig. Nótabátinn rak hratt út Grundarfjörðinn og fátt annað en bráður dauðinn virtist bíða manna. Meðal þeirra, sem komust í nótabátinn, var Óskar Vigfússon, 22 ára gamall háseti. Óskar er best þekktur sem forseti Sjómannasambands Íslands. Hann rifjar hér upp þetta átakanlega slys og tildrög þess að hann réð sig á ms. *Eddu*. Að auki er stuðst við framburð þeirra skipbrotsmanna sem báru vitni við sjóprófin sem haldin voru eftir slysið.

Sjómennskuferill minn hófst árið 1948 er ég réð mig 17 ára gamall á *Júní*, sem „jafnaldra“ mín, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, gerði út. Þetta var að sumri til og



Óskar Vigfússon.

ég var ekki til stórræðanna frekar en margir aðrir sem eru að byrja til sjós. Ég var hræðilega sjóveikur og í fyrsta túrnunum leið mér svo illa að fljótlega var mér orðið sama hvort ég væri innanborðs eða utan. Ég var barn stríðsáranna, átta ára gamall, þegar seinni heimsstyrjöldin braust út og það má segja að ég hafi byrjað á því að rifja upp stríðsárin þegar ég fór til sjós. Ég hafði lært ensku af hermönnum, sem héldu til í Hafnarfirði á stríðsárunum og það kom sér vel eftir að ég byrjaði til sjós. Togarinn sigldi jafnan með aflann og Fleetwood var okkar önnur heimahöfn. Mér er það minnisstætt að í einni siglingunni brá ég mér til Blackpool, en það var ekki algengt á þeim árum að íslenskir sjómenn færu einir síns liðs í slíkar ferðir. Menn héldu yfirleitt hópinn.

Þessi frumraun mín á sjónum varð þó styttri en efni stóðu til. Ég byrjaði sem hjálparkokkur, en varð fyrir því óláni að hakka fingur af kokkinum. Þetta vildi þannig til að við lentum í brælu og ég var, ásamt kokkinum, að hakka kjöt í bollur. Kokkurinn tróð kjötinu í hakkavélina, en ég sneri sveifinni. Skyndilega kom ólag á togarann og ég hafði ekkert hald annað en sveifina og kokkurinn varð að styðja sig með því að ýta hendinni djúpt í kvörnina. Svo illa vildi til að ég tók heilan snúning með sveifinni og það var ekki að sökum að spyrja, kokkurinn missti fingur í kvörninni. Þetta var hræðilegt áfall, ekki síður fyrir mig en kokkinn og tveimur mánuðum síðar, eftir mikið uppvas og skúringar, hafði ég fengið nóg og sagði plássinu lausu.

„Fölsk öryggiskennð“

Ég var í landi fram til ársins 1953, en þá réð ég mig, sem háseta, á síldveiðiskipið ms. *Eddu* GK 25 frá Hafnarfirði, sem útgerðarfyrirtækið Einar Þorgilsson & Co. hf. gerði út, en *Eddan* var þá eitt stærsta og glæsilegasta síldveiðiskip íslenska flotans og alls 185 brúttórúmllestir að stærð.

Skipstjóri á *Eddu* var Guðjón Illugason, þekktur aflamaður sem síðar starfaði m.a. hjá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) og undir hans stjórn var *Eddan* alltaf eitt aflahæsta skip flotans.

Þetta haust gekk mikið af síld inn á Grundarfjörð og síldveiðiflotinn tók umsvifalaust stefnuna þangað. Fyrir hinn örlagaríka dag, 6. nóvember 1953, höfðum við farið tvær ferðir með fullfermi af síld til Hafnarfjarðar og vertíðin lofaði svo sannarlega góðu. Í þessum þriðja túr vorum við vart komnir á miðin á



MS Edda GK 25.

Grundarfirði er stórvíðri, eitt af verstu vetrarveðrum sem gengið hafa yfir Vesturland, brast á. Við vorum lítið búnir að fá og skipið var nánast tómt er skall á suðvestanfárviðri um eftirmiðdaginn. Við máttum hafa okkur alla við að bjarga síldarnótinni úr nótabátunum tveimur, en á þessum árum voru sérstakir bátar notaðir til þess að snurpa nótina. Annar báturinn sökk fljótlega og við urðum að skera hann aftan úr skipinu. Hinn flaut, hálffullur af sjó, en það var ekki viðlit að koma honum í gálga á *Eddunni* og því var brugðið á það ráð að hafa hann í togi. Við freistuðum þess að komast eins nærri landi og ráðlegt var miðað við aðstæður og náðum loks að festa akkerið í múrningum innarlega í firðinum. Reynt var að halda skipinu upp í vindinn og það þótti ekki annað fært en að keyra skipið af og til af fullu afli á móti veðrinu til þess að minnka álagið á festunum.

Ég held að það hafi ekki hvarflað að nokkrum manni um borð að mikil hætta væri yfirvofandi, þrátt fyrir veðurhaminn. Sennilega hefur þetta stóra og góða skip og nálægðin við land og hin síldveiðiskipin veitt okkur falska öryggiskennd. Þarna vorum við innan um 30 til 40 skip og svo nærri landi að við sáum grilla í ljósin í þorpinu.

**„Hver djöfullinn er þetta?
Fær maður ekki að hafa kojuna sína í friði?“**

Samkvæmt framburði Guðjóns Illugasonar, skipstjóra á ms. *Eddu* GK 25, við sjóprófin, þá lá skipið við akkeri í aðeins um 300 metra fjarlægð frá bryggjunni í Grafarnesi. Fjórir liðir af akkerisfestinni voru hafðir úti, en skipið var aðeins bundið öðrum megin, það er að segja stjórnborðsmegin, en tryggilega var gengið frá festum. Í áhöfn skipsins voru, auk Guðjóns skipstjóra og Óskars, sem áður hafa verið nefndir til sögunnar, eftirtaldir skipverjar: Guðmundur Á. Guðmundsson 1. stýrimaður, Sigurjón Guðmundsson 1. vélstjóri, Sigurður Guðmundsson 2. vélstjóri, Ingvar Ívarsson matsveinn og hásetarnir Guðbrandur Pálsson, Guðbjartur Guðmundsson, Jósef Guðmundsson, Sigurjón Benediktsson, Albert Egilsson, Einar Ólafsson, Stefán Guðnason, Bjarni Hermundarson, Guðmundur Ólafsson, Guðjón Ármann Vigfússon og Ágúst Stefánsson.

Að sögn Óskars fór hann í koju um níuleytið um kvöldið, hundblautur og kaldur og þreyttur eftir erfiðan dag.

Ég átti ekki mikið af fötum til skiptanna, en í stað þess að fara nakinn í koju brá ég mér í snjáðar gaberðínbuxur og skyrturæfil. Ekki man ég hve lengi ég svaf, en næst man ég eftir mér í lausu lofti á leið út úr kojunni. Ég veit ekki hvort á að þakka það viðbragðsflýti eða einhverju öðru, en ég kom standandi niður á kojustokkinn hjá vini mínum, Bjarna Hermundarsyni, sem svaf í efri koju stjórnborðsmegin. Við það brotnaði stokkurinn inn og ég rankaði fyrst við mér er Bjarni reis upp við dogg og sagði: „Hver djöfullinn er þetta? Fær maður ekki að hafa kojuna sína í friði?“

Ég held að enginn hafi trúað því sem var að gerast. *Edda* þótti, sem fyrr segir, stórt og mikið skip en þarna hreinsaðist maður í einni svipan út úr kojunni. Við gerðum okkur ekki strax grein fyrir því í ringulreiðinni, sem greip um sig, að skipið hefði lagst á hliðina eins og það hefði verið slegið með risahnefa. Smám saman rann þó upp fyrir okkur ljós og við gerðum okkur grein fyrir hættunni sem yfir okkur vofði. Næstu andartök liðu ógnarhratt. Menn kepptust við að ná í björgunarbelti, en það gekk ekki vel þar sem skipið rétti sig ekki við eftir þetta mikla högg. Er slysið varð voru flestir skipverjar sofandi í kojum sínum, en sumir voru þó á vakt og við störf sín.

Samkvæmt upplýsingum Guðjóns skipstjóra var hann staddur í stýrishúsinu er vindhviða feykta skipinu á hliðina. Þetta gerðist skömmu fyrir hálfimm



Það tókst að bjarga skipinu nánast óskemmdu af hafsbotni eftir slysið. Edda var síðar gerð út undir nafninu Sigurkarfi. Ljós.: Snorri Snorrason.

um nóttina. Guðjón sagði að þá hefðu eftirtaldir skipverjar verið vakandi og ofan þilja: Sigurjón 1. vélstjóri var að gera við spilið stjórnborðsmegin fyrir framan brúna, Guðjón Ármann háseti var á dekki og stóð á afturlúgunni og Guðmundur 1. stýrimaður var staddur í gangi stjórnborðsmegin og á leið upp í brúna. Að auki vissi Guðjón af Sigurði 2. vélstjóra á vakt í vélarrúminu en vélar skipsins, aðalvél, ljósavél og akkerisvinduvel, voru í gangi. Tveir hásetar, Ingvar og Guðbrandur, voru í káetu og báðir sennilega sofandi, en aðrir skipverjar voru í lúkarnum.

„Ég skrúfaðist hreinlega upp úr brimlöðrinu“

Ms. Edda var algjörlega ólestuð er slysið varð, en Guðjón taldi að um 7000 lítrar af olíu hefðu verið í olfugeymum þess. Báðar síldarnæturnar voru uppi á báta-

palli, en þrátt fyrir það var engin slagsíða á skipinu. Guðjón greindi frá því við sjóprófin að annar nótabáturinn, sem sökk, hefði verið skorinn aftan úr skipinu af ótta við að hann færi í skrufuna. Hinn, sem var hálffullur af sjó, var bundinn aftan í skipið bakborðsmegin.

Er vindhviða skellti ms. *Eddu* flatrí lögðust masturstopparnir í sjó og fljótlega tók sjór að streyma niður í skipið. Óskar lýsir hér atburðarásinni á eftirfarandi hátt:

Hver varð að bjarga sér sem best hann gat, en það var ekki glæsileg sjón sem blasti við okkur þegar við komust út úr lúkarnum. Við sáum beint niður í hvít-fysssandi hafrótið og öllum mátti vera ljóst að við vorum í bráðri lífshættu. Fyrirnefndur Bjarni var síðasti maðurinn, sem komst út úr lúkarnum og hann hafði engin önnur ráð en að henda sér beint í sjóinn. Ég náði að vege mig upp á uppstillinguna á dekkinu og það stóð á endum að þegar ég náði í lunninguna, þá byrjaði skipið að velta yfir. Ég gat gengið eða skriðið upp síðu skipsins og það hefur sennilega hjálpað mér mikið að ég var í ullarsokkum sem gáfu mér sæmileg spyrnu á hálum skipsskroknum. Í raun var þetta engu líkara en að ganga ég veltandi tunnu. Ég náði þó að komast á kjöl og hafði nokkuð skjól af kilinum til að byrja með. Ekki veitti af, því fyrr um kvöldið hafði hitastig verið um frostmark og kælingin var því sérstaklega mikil áveðurs. Ég gerði mér fyrst grein fyrir veðurhamnum er ég reis upp og leit yfir kjölinn. Veðrið var svo ofboðslegt að vindurinn tætti skyrturæfilinn, sem ég var í, utan af mér í einu veffangi og ég stóð eftir hálfnakinn. Svo merkilegt, sem það kann að virðast, þá fann ég ekki fyrir kuldanum og eftir á að hyggja hefur adrenalínið, sem streymdi út í líkamann, séð fyrir því. En andlega var maður hálf dofinn.

Alls komust 15 af 17 skipverjum fljótlega á kjöl. Sigurður 2. vélstjóri komst aldrei upp úr vélarrúminu og Bjarni Hermundarson, sem var einn þeirra sem köstuðu sér í sjóinn, synti yfir í nótabátinn.

Þar voru hörmungar mannanna á ms. *Eddu* ekki yfirstaðnar. Neyðaróp skipbrotsmannanna drukknuðu í fárviðrinu, stórsjó og slydduhríð, en samt var hjálpin svo nærri. Fjöldi báta var í næsta nágrenni og landsýn, en sökum veðurhæðarinnar og náttmyrkurs þá veitti enginn skipbrotsmönnum á *Eddunni* athygli. Enginn sá þegar skipið fór á hliðina eða þegar því hvolfdi. Enginn veitti baráttu skipverja fyrir lífi sínu, í sjónum, á kilinum og í nótabátum, hina minnstu athygli. Enginn sá þegar skipið hvarf í djúpið.

Það voru tveir eða þrír menn á kilinum fyrir framan mig og ég vissi af mönnum fyrir aftan mig. Þegar ég leit næst um öxl voru þeir horfnir. Ég kallaði þá til mannanna fyrir framan mig og spurði hvað hefði orðið um féлага okkar. Þeir svöruðu því til að þeir hefðu komist um borð í nótabátinn sem bundinn var við skipið. Ég taldi ráðlegast að fylgja fordæmi þeirra þótt ekki sæi ég bátinn og spurði féлага mína á kilinum hvort þeir ætluðu ekki að fylgja mér. Þeir neituðu því. Þar sem ullarsokkarnir mínir voru nú orðnir blautir og kjölurinn háll, þá taldi ég mikið hættuspil að reyna að komast gangandi eða skríðandi aftur kjölinn. Ég taldi mig nokkuð góðan sundmann á þessum árum og ég stakk mér því í sjóinn og freistaði þess að finna bátinn á sundi. Þegar ég kom aftur með skipinu sá ég bátinn hvergi. Hann hafði rekið frá mér í veðurofsanum. Mér er það minnisstætt að svo mikill kraftur var í veðrinu að þegar ég fór fyrir skutinn skrúfaðist ég hreinlega upp úr brimlöðrinu. Eftir það varð ekki við neitt ráðið og mig rak hratt frá skipinu. Þegar hér var komið sögu hélt ég að þetta væru endalokin. Það vildi mér hins vegar til lífs að mig rak í átt að nótabátnum og þegar ég kom að honum náði ég að fálma með hendinni og krækja í gúmmí-dekkin sem voru framan á honum. Ekki hafði ég afl til þess að komast upp í bátinn, en félagar mínir, sem komnir voru um borð, tóku eftir mér og kipptu mér upp í. Og þá var ég nærri drukknaður. Ég lenti á maganum með höfuðið undir þóftu en báturinn var hálf fullur af sjó. Að lokum tókst mér þó að komast úr þeirri sjálfheldu, en þess má geta að alls komust 11 skipverjar af kili í nótabátinn.

Í framburði skipbrotsmannanna við sjóprófin kom fram að menn voru ekki öruggir um það hvort Sigurjón Benediktsson háseti hefði orðið eftir á kilinum eða hvort hann hefði freistað þess að komast í nótabátinn. Menn voru sammála um að a.m.k. þrír menn, Einar, Guðbjartur og Jósef, hefðu orðið eftir á kilinum og talið sig örugga þar. Þessir menn voru á kili er síðast sást til þeirra og hafa þeir vafalítið drukknað er skipið fór niður. Sömu örlög biðu Guðbrands, en hann varð viðskila við féлага sína á leiðinni frá kilinum að nótabátnum. Því, hvort Sigurjón hafi drukknað er *Eddan* sökk eða hvort hann hafi orðið viðskila við féлага sína í sjónum, líkt og Guðbrandur, verður aldrei svarað.

„Náði að rífa rúlluna upp með berum höndum“

Óskar hafði orðið fyrir ýmiss konar hnjaski í þessum þrekraunum og að auki var hann klæðalítill í brunakulda og bátnum hálffullum af sjó. Svipað var ástatt um félag hans sem flestir höfðu verið í koju er skipið fór á hliðina. Menn voru felmtri slegnir en að sögn Óskars bjargaði það miklu að Guðjón skipstjóri var einn þeirra sem komst um borð í nótabátinn.

Guðjón gaf skipun um að skorið skyldi á sleftóið, sem festi okkur við skipið, en auk þess var önnur minni taug bundin á milli skipsins og nótabátsins. Guðjón treysti á að þessi taug myndi halda á meðan það kæmi í ljós hvað yrði um *Edduna* og ef skipið sykki myndi taugin slitna í stað þess að draga okkur niður. Maðurinn, sem beðinn var að skera á sleftóið, skildi ekki skipun Guðjóns rétt og skar á báðar taugarnar. Í framhaldi af því varð ekki við neitt ráðið. Nótabáturinn þeyttist af stað undan veðrinu og okkur rak hratt út Grundarfjörðinn. Þetta var mikið slys. Við vorum nú algjörlega bjargarlausir og báturinn var því sem næst fullur af sjó. Okkur tókst þó að halda bátnum á floti með því að ausa með öllu tiltæku, sjóhöttum, stígvélum og höndunum, af öllum lífs og sálar kröftum.

Til þess að átta sig á staðháttum er rétt að nefna að fyrir mynni Grundarfjarðar er eyjan Melrakkaeyja og þangað rak bátinn nú hratt. Sem fyrr segir var fjöldi skipa á Grundarfirðinum þessa nótt en enginn veitti skipbrotsmönnum athygli. Nótabátinn rak fyrst fram hjá mb. *Akraborg* og þar sáu mennirnir í nótabátinum grilla í tvo menn á dekki stjórnborðsmegin. Þrátt fyrir að þeir kölluðu allir sem einn á mennina á *Akraborginni* þá fengu þeir engin svör. Neyðaróp þeirra dóu út í veðurofsanum, hríðarbyl og myrkri. Skömmu síðar rak nótabátinn í um 50 til 60 metra fjarlægð fyrir framan stafn mb. *Einars Ólafssonar* frá Hafnarfirði eða mb. *Straumeyjar*. Skipbrotsmenn sáu ekki glögg hvort skipið það var, en þrátt fyrir að þá ræki í gegnum ljóskastarageisla frá skipinu og hrópuðu og veifuðu fengu þeir engin svör.

Bátinn rak nú hratt út fjörðinn og að sögn Óskars var ljóst að ef eitthvað yrði ekki að gert fljótlega væri þeim dauðinn vís. Það eina, sem hægt var að nota til þess arna, var rúlla með nokkur hundruð metra löngum snurpívír, en sá galli var á gjöf Njarðar að rúllan var njörvuð við eina þóftuna.

Ég skil það ekki enn og það skildi það enginn, en eitt hraustmennið í áhöfninni náði að rífa rúlluna upp með berum höndunum. Rúlluna gátum við notað



sem rekakkeri. Við flæktum vírnunum um eina þóftuna, gáfum nokkra tugi metra og köstuðum rúllunni fyrir borð. Þetta gafst vel og hagur okkar vænkaðist verulega. Báturinn lét betur að stjórn og okkur tókst að ausa hann að mestu, sagði Óskar. Um borð í nótabátinum var vél, sem var að hálfu leyti á kafi í sjó er mennirnir komu um borð í bátinn, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var ekki hægt að koma henni í gang. Enginn annar búnaður var í nótabátinum og skipbrotsmennirnir höfðu ekkert til að skýla sér, ef smá segltuska er undanskilin.

Tveir menn dóu í nótabátinum um

nóttina og sá þriðji á leið heim að bænum

Þessi nótt var átakanleg. Kuldinn og vosbúðin mikil og í dagrenningu kom í ljós að tveir mannanna, Stefán og Albert, höfðu látist um nóttina. Enga áverka var að sjá á líkunum og drógu menn því þær ályktanir að þeir hefðu dáíð úr vosbúð. Báðir voru illa klæddir eins og reyndar allir mennirnir í bátinum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það hvílíkt áfall þetta var fyrir okkur og það

var ljóst að okkar biðu sömu örlög ef hjálp bærisk ekki innan skamms. Þegar birti af degi áttuðum við okkur á því að við vorum staddir skammt innan við Melrakkaeyju, sagði Óskar, en hann kvað þetta hafa verið um núfuleytið. Þá snerist vindurinn úr suðvestri yfir í vestanátt og í stað þess að nótabátinn ræki til eyjarinnar, út fjörðinn, rak hann í áttina til lands.

Út með Grundarfirðinum austanverðum er mikið af skerjum og báturinn steytti af og til á þeim. Ég hafði tekið þá ákvörðun að bíða þess ekki að báturinn brotnaði í spón á þessum skerjum og þegar um eitt hundrað metrar voru til lands stakk ég mér í sjóinn og freistaði þess að ná landi af eigin rammleik. Mér tókst það seint um síðir og tók land í lítilli malarfjöru skammt frá bænum Suður-Bár. Ég staulaðist á fætur og náði að vega mig yfir barð, er þarna var. En að því loknu gafst ég upp. Fæturnir neituðu að hlýða og ég hrasaði og féll í litla tjörn sem þarna var. Ég fann að ég var dofinn alveg upp að mitti og það síðasta sem ég hugsaði áður en ég missti meðvitund var að það væri helvíti hart að drukkna þarna í ferskvatni eftir það sem á undan var gengið. Það átti þó ekki fyrir Óskari að liggja að láta lífið þarna í fjörunni.

Nótabáturinn strandaði á skerjum undan býlinu Norður-Bár um eða upp úr klukkan 9:00. Alls voru skipbrotsmennirnir í um tvo klukkutíma á skerinu og lengst af höfðust þeir við undir bátnum og reyndu þannig að skýla sér fyrir veðrinu. Um klukkan 11:00, eftir að tekið var að falla að, tókst þeim að ná bátnum af skerinu og á flot, en hann var merkilega lítið brotinn eftir að hafa steytt á skerjunum. Tókst mönnunum að komast upp undir fjöruna og gátu Guðjón skipstjóri og Guðmundur Ólafsson háseti brotist í land og tóku þeir stefnuna í áttina að bænum Suður-Bár, en þangað var um 15 mínútna gangur. Áður en þeir náðu heim að bænum rákust þeir á mann, Tryggva Gunnarsson, og báðu hann að fara til hjálpar mönnunum sem höfðust við í bátnum. Varð Tryggvi við þeirri ósk. Á bæjarhlaðinu á Suður-Bár voru tveir menn er skipbrotsmenn bar að garði. Þetta voru þeir bóndinn á Suður-Bár, Gunnar Njálsson, og Þorsteinn Jónsson í Arnarholti og fóru þeir strax til hjálpar, en Guðjóni og Guðmundi var veitt aðhlyning á bænum.

Þremmingunum, sem fóru til hjálpar gekk vel að finna skipbrotsmennina, en þá var mjög af þeim dregið. Óskar fannst einnig fljótlega og var hann þá meðvitundarlaus. Farið var með hina hröktu menn heim að Suður-Bár, en á leiðinni þangað lést Sigurjón 1. vélstjóri. Að sögn skipbrotsmannanna voru

gerðar lífgunartilraunir samfleytt í fimm klukkutíma á Sigurjóni, en ekki tókst að vekja hann til lífsins. Síðar var farið með nokkra mannanna að bænum Grafarnesi og á báðum stöðum var hlúð að þeim eftir föngum. Ekkert símasamband var við Stykkishólm og því gekk erfiðlega að kalla út lækni. Það tókst þó að lokum með því að farið var um borð í nærstaddan bát og var talstöð hans notuð til þess að ná sambandi við Stykkishólm og kalla út lækni.

Óskar kom ekki til sjálfs sín fyrr en um sólarhring eftir björgunina og var hann þá heldur illa á sig kominn, allur marinn og blár, sérstaklega á vinstra fæti, en hann sagðist hafa jafnað sig fljótlega.

„Ægir konungur beið í 20 ár með að gera upp reikningana við mig“


Þrátt fyrir hið átakanlega slys, sem Óskar og félagar hans lentu í á Grundarfirði þessa köldu nóvembarnótt fyrir 50 árum, kom aldrei til greina hjá Óskari að hverfa til starfa í landi.

Ég man að þegar ég kom heim var eitt af því fyrsta, sem faðir minn sagði við mig, að ég ætti að drífa mig sem fyrst á sjóinn aftur ef ég ætlaði á annað borð að halda áfram sjómennsku. Þetta þótti mörgum harðneskjulega sagt, en þetta var alveg rétt og ég fór að hans ráðum. Ef ég hefði dregið það er eins líklegt að ég hefði aldrei getað hugsað mér að fara aftur á sjóinn.

Þótt Óskar hafi komist lifandi frá þessum hildarleik er sagan ekki öll. Eymslin í fætinum tóku sig reglulega upp. Óskar lét það þó ekki á sig fá og gekk til allra verka á sjónum. Þegar hann fór í land árið 1968 var það ekki vegna fótmeiðslanna, heldur vegna brjóskloss í baki.

Brjósklosið varð til þess að ég fór í land. Fóturinn lét mig þó aldrei í friði eftir slysið og í október 1973, eða tæpum 20 árum eftir slysið, leitaði ég til sérfræðings í Reykjavík. Okkar fundi lauk með því að ég var lagður inn á sjúkrahús og í desember sama ár var fóturinn tekinn af mér 15 sentimetrum fyrir neðan nára. Læknarnir sögðu mér að það hefði myndast krabbamein í fætinum út frá gömlu meiðslunum og það má því segja að Ægir konungur hafi beið í 20 ár að gera upp reikningana við mig.

Fótmissirinn var skelfilegt áfall. Ég gerði mér ljóst að sjómennska og önnur erfiðisvinna var ekki til umræðu vegna þess hve ofarlega þurfti að taka fótinn



af. Ég átti í miklu sálarstríði vegna þessa en með hjálp fjölskyldu minnar og vina gerði ég mér grein fyrir því að ég varð að gera það upp við mig hvort ég ætlaði að leggjast í kör eða takast á við lífið.

Óskar valdi síðari kostinn. Hann hafði unnið töluvert að félagsmálum sjómanna í Hafnarfirði og hann var kjörinn formaður Sjómannafélags Hafnarfjarðar sama árið og hann greiddi skuld sína við Ægi konung. Þremur árum síðar var hann kosinn forseti Sjómannasambands Íslands og því starfi hefur hann gegnt alla tíð síðan.

Þótt 40 ár séu liðin frá Edduslysinu þá lifir enn minning þeirra góðu manna

sem létu lífið í þessum mikla hildarleik. Þeir voru Sigurjón Guðmundsson, 34 ára, og lét hann eftir sig eiginkonu og fimm börn. Sigurður Guðmundsson, 28 ára, kvæntur og lét eftir sig fósturbarn, Jósef Guðmundsson, um tvítugt og ókvæntur, Guðbrandur Pálsson, 42 ára, lét eftir sig eiginkonu og sex börn, Guðbjartur Guðmundsson, 42 ára, lét eftir sig eiginkonu og fimm börn, Sigurjón Benediktsson, 17 ára, ókvæntur, Albert Egilsson, 30 ára, kvæntur og lét eftir sig eina dóttur, Einar Ólafsson, 19 ára, lét eftir sig unnustu og Stefán Guðnason, 18 ára, ókvæntur. Þess má geta að Sigurður og Jósef voru bræður.

Alls urðu 18 börn föðurlaus þessa afdrifaríku nótt.

Edduslysið lét engan Íslending ósnortinn. Jörundur Brynjólfsson, forseti Sameinaðs þings, minntist hinna látnu á Alþingi og fljótlega hófst almenn fjársöfnun til styrktar þeim sem áttu um sárt að binda vegna slyssins. Þann 24. nóvember, eða sex dögum eftir að ms. *Edda* fórst, höfðu safnast 150 þúsund krónur, sem var mikið fé á þeim tíma. Útför sjómanna náu var gerð frá Hafnarfirði og var henni útvarpað.

Eiríkur St. Eiríksson skráði 1993.

Hermann Jóhannesson

Pegar Eddan fórst 1953

Hermann Jóhannesson, Eyrbygggi, rifjaði upp þennan hörmulega atburð með tveimur heimamönnum og einum „aðkomumanni“, en allir áttu þeir það sameiginlegt að vera á síldveiðum á Grundarfirði 16. nóvember 1953, þegar *Eddan* fórst. Þeir eru:

Páll Ásgeirsson er sonur hjónanna Ásgeirs Kristjánssonar (Ásgeirs á Kampinum) og Þórdísar Þorleifsdóttur. Páll er yngstur sjö systkina, sem auk hans eru Kristín, Halldór, Soffía, Björn, Ásdís og Ragnheiður. Páll er fæddur á Fornu-Grund, en fluttist síðan út í Grafarnes árið 1945 að Grundargötu 10. Páll var giftur Elínu Markan, bjó að Parti. Hinn heimamaðurinn er Sigurður Lárusson. Sigurður er fæddur í Gröf, ytri, sonur hjónanna Lárusar Jónssonar og Halldóru Jóhannsdóttur, ljósmóður. Börn Lárusar og Halldóru eru Helga, Sigurður og Inga Hrefna, Sverrir og Björn.

En „aðkomumaðurinn“, sem var að koma í fyrsta skipti inn á Grundarfjörðinn til að fara á síldveiðar og náði inn á þennan fallega fjörð í góðu veðri áður en óveðrið brast á, er Aðalsteinn Friðfinnsson. Alli Finna er sonur hjónanna Friðfinns Níelssonar og Jónýjar Þorsteinsdóttur. Alli er elstur sjö systkina, síðan koma Guðný, Sveinn, Kristín, Friðfinnur, Selma og yngstur er Níels.

Pannig segir Páll Ásgeirsson frá:

Haustið 1953 var ég á síld á *Páli Þorleifssyni*, hjá Bjössa bróður mínum, ásamt Lauga á Grund, Runna á Hól o.fl. (*Páll Þorleifsson* var gamla *Morgunstjarnan* úr Hafnarfirði, hún var byggð í Hafnarfirði hjá Júlíusi í Nýborg). Síldveiðin byrj-



Páll Ásgeirsson.

aði ekki gæfulega hjá okkur í Grundarfirðinum. Það voru þrír bátar um nótna. *Runólfur, Farsæll* og *Páll*. Soffanías vildi koma í fyrstu veiðiferðina með okkur. Við vorum rétt búnir að sleppa stórubryggjunni þegar allt var fullt af lóðningum. Björn vildi kasta litlu, en Soffanías vildi fá fullan bát. Það var kastað og þá reyndist þetta allt vera ánetja. Þetta var aðallega smásíld og lítil síld með einstaka stórsíld í þessu. (Ánetja er þegar er smásíld er í hverjum möskva.) En við náðum engu upp, þetta var að lokum bara slitið upp, við náðum bara teinunum. Þetta var nú fyrsta kastið hjá okkur, svona byrjaði síldveiðin á *Páli*.

Einhverjum dögum síðar höfðum við farið inn í Hólm til að landa síld í bræðslu, og á heimleiðinni voru bara bölvuð læti í veðrinu og var hann þá norðaustan, en þegar við komum upp á fjörðinn var hann kominn í suðaustan, svo við fórum beint að bryggju. Ég var orðinn þreyttur, fór heim og lagði mig. Síðdegis kallaði Bjóssi okkur út, af því hann var að hvesa „komið sunnanrok og við urðum að færa bátinn frá bryggjunni. Ég var ekki ánægður með þetta útkall. Ég var nýsofnaður og svo mættu heldur ekki allir, en við héldum að hann ætlaði bara norður fyrir Stórubryggjuna. En þar voru svo margir bátar fyrir, því sigldum við fram fyrir *Edduna* og lögðumst fyrir ankeri fyrir framan bryggjurnar, við hliðina á *Eddunni*. Þá var hún í legufærunum sem *Jóhann Dags-son, Sindri, Svanur* og *Farsæll* áttu og voru á svipuðum slóðum.

Þegar vindur jókst þá hélt ankerið okkar ekki, þá var bara híft upp ankerið og við keyrðum inn undir rústirnar á Kampinum, þar sem við bjuggum áður, og þar var keyrt bara upp í fjöruna meðan aðfall var. Það var ansi sterk sunnanátting þennan dag.

Það var hvasst um kvöldið, en um miðnættið versnaði það, sko. Þá fer hann að snúa sér í vestur um það leyti sem hann er að byrja að snúast í vestur, þá byrjar að falla út og þá er ekki lengur hægt að keyra uppí. Við höfðum gott samband við landið, með stefnið í Kampinn, en nú misstum við það, og engin staðsetningartæki voru um borð í bátum á þessum tíma. Um svipað leyti fór rafmagnið af plássinu, ég veit ekki hvort það var tekið af eða hvort það fór vegna veðurs. Það var oft sem rafmagnið fór, þetta var svo lélegt ástand á raf-

*Síldveiðar á Runólfi 1962.
Ljósmynd: Runólfur
Guðmundsson.*



magninu þá, og svo var heldur ekki rafmagn á allan sólarhringinn. Þá var myrkrið svart og stormurinn mikill. En pabbi setti ljós út í glugga.

Það sást nú illa, en það sást. Það hafði verið hvasst úr suðri, en þegar hann var að snúa sér, sko, þá komu helvítis hviðurnar, þær voru andskoti sterkar, sko, þvílíkir hnútar að þeir lögðu bátinn alveg á hliðina, svo flaut sjórinn alveg inn á lunninguna. Þá reyndi á skipstjóran að hafa stjórn á skipi sínu og halda því í vari án tækja landsýnar. Enda stóð Bjössi bróðir alla nóttina í stýrishúsinu og rýndi út í sortann. Þá voru ekki þægilegir stólar í brúnni með fullt af tækjum í.

Runni á Hól var vélstjóri og það var einhvern tímann í látunum sem hann sagði við Bjössa bróður að vélin væri alltof heit, það yrði að drepa á henni. Björn sagði að það gengi sko ekki, þú stoppar ekki vélina. Svo héldum við okkur bara á þessu svæði, við vorum það nálægt Kampinum að það var enginn sjór, engin alda, en það var hvasst. Það voru þó nokkrir bátar sem voru í vari við Kampinn. En myrkið var kolsvart og svo hvein ofboðslega í storminum, þá var klukkutíminn lengi að líða.

Það var vandamál hvað vélin hitnaði, hún var samt ekki stoppuð, en það lánaðist. Um nóttina kom hann Laugi á Grund aftur í til þess að færa Bjössa kaffi. Talstöðin var opin alla nóttina og við heyrðum að menn voru í vandraeðum með nótabátana og sumir voru að missa næturnar, en að öðru leyti urðum við ekki varir við neitt alla nóttina.

Svo þegar við komum upp að um morguninn, þá stoppaði Runni vélina áður en var búið að binda bátinn. Það var ekki fyrr en við komum í land að við fréttum að *Eddan* hafi farist.

Ég man ekki hvenær síldveiðin byrjaði, en mig minnir að eftir 15. nóvember hafi þessi veiði verið búin. Hvað við höfðum upp úr þessu? Ég man það nú ekki vel, ég held að það hafi verið tveir fullir farmar og tveir slattar. Ég man að á þessum dögum fórum við inn í Kolgrafarfjörð á *Páli* til þess að leita að síld, en við fundum enga.

Siggi í Gröf segir svo frá:

Þegar síldveiðin var inni á Grundarfirði árið 1953, þá var ég á *Grundfirðingi*, 35 tonna bátnum, sem Hinni Elbergs var þá með. Við fórum inn í Stykkishólm og sóttum bátinn *Ágúst Þórarinsson*, sem lá bara við bryggju í Stykkishólmi. Hluti af áhöfninni af *Grundfirðingi* fór yfir á *Ágúst*, þar á meðal var ég. Soffi var skipstjóri á *Ágústi*. Ég man líka eftir Áskeli, bróður hennar Dísu á Skallabúðum, sem var 1. vélstjóri, Ingjaldi Sigurðssyni, sem var skráður 2. vélstjóri, Kristjáni Guðmundssyni frá Rifi, sem var stýrimaður, svo var Siggi Skúla og einhverjir fleiri til. Við fórum inn á Grundarfjörð því það var enga síld að finna nema þar og þeir á *Grundfirðingi* vorum búnir að kasta, í Hnausadýpinu, og háfuðu yfir til okkar á *Ágústi*. Við vorum búnir að fara inn í Hólm að landa og vorum að koma aftur. Þá var ég kokkur og fylgdist þar af leiðandi ekki með veðrinu, en ég man að ég var að leggja á borð og undirbúa mat. Þá slær hann af karlinn því þá var komið spænurok, svo ég rétt náði að bjarga diskunum áður en þeir fóru



Sigurður Lárusson.

í gólfid og mér tókst svo að gefa körlunum að borða í látunum. Síðan versnaði alltaf veðrið eftir því sem leið á daginn. Það endaði með því að hann keyrði stefnið upp í Kampinn, beint niður af steypa grunninum á Kampinum, þeir voru þarna líka á *Páli Þorleifssyni*. Þannig leið nóttin. Fjörðurinn var fullur af bátum, ætli það hafi ekki verið um 30 bátar á síld þarna á firðinum.

Svo þegar fór að birta, þá var hann kominn í suðvestan og enn vitlaust veður. Þá kallar *Fagríklettur* frá Hafnarfirði að hann sé kominn með í skrufuna og sé

að reka upp í Setbergsfjöruna, ankerið haldi ekki. *Grundfirðingur* var við bryggju svo Soffi segir að við skulum koma. Síðan förum við út á fjörðinn og þegar við komum á staðinn, þá heldur ankerið *Fagrakletti* rétt fyrir utan skerin. Og við rennum fram með honum landmegin. Þegar við erum að setja vír í hann og náum að setja fast, þá steindrepur vélin á sér hjá okkur og báturinn slæst auðvitað undan rokinu og við landmegin, en ankerið á *Fagrakletti* hélt hér sem betur fór báðum bátunum. Við vorum bara rétt fyrir utan skerin. Ég man þá að Kiddi, Kristján frá Rifi, segir sísvona, eins og honum var lagið, við Gjalda: „Heldurðu að það verði bara ekki góð landtakan hérna hjá okkur?“ Gamli maðurinn sagði ekki margt, það fussaði bara í honum, fannst þetta ekki viðeigandi því við vorum hér í mikilli hættu. En Áskell náði að skjóta vélinni í gang og við drógum svo *Fagraklett* að bryggju.

Þegar við komum að bryggjunni og vorum búnir að binda báða bátana, þá dreif ég mig heim og þá var ég búinn að eignast mína fyrstu dóttur.

Þetta var nóttina sem *Eddan* fórst. Það fréttist ekkert af Edduslysinu fyrr en við komum að landi. *Eddan* var skaðræðisgripur, hún stóð svo hátt. Ég heyrði það sagt að þá hefði verið byrjað að reka og þeir hefðu keyrt fram á vírinn og þá hefði hann slegist undir kjöllinn. Svo var sagt að *Helgan* frá Reykjavík hefði lenti í einhverjum erfiðleikum og var eitthvað mjög tæpt með hana.

Alli Finna:

Pannig tók Grundarfjörðurinn á móti mér

Ég var að vinna suður á Keflavíkurvelli eins fleiri Siglfirðingar og aðrir norðanmenn, því það var ekkert að gera fyrir norðan eftir að síldveiði lauk. Það vildi svo til að pabbi minn var líka kominn til vinnu þar þó svo að hann hafi alltaf verið við sjóinn kenndur.

Þegar einn góðan veðurdag fréttist að það sé farin að fiskast síld í Grundarfirði, þá segir kallinn, hann faðir minn, að hann sé farinn til Reykjavíkur að hitta þar menn. Hafði þá í huga meðal annars Valgarð Þorkelsson, Valla á *Steinunni* gömlu, sem við förum svo báðir til.

Svo var farið vestur í Grundarfjörð, ég man nú ekki hvenær við komum inn á Grundarfjörð, ætli það hafi ekki verið einhvern tímann um nóttina eða snemma morguns. En ég man að það var blankalogn, fallett veður og fjörðurinn fallettur eins og hann er nú oftast. Við stoppuðum í Hnausadýpinu og



Aðalsteinn Friðfinnsson

tókum niður nóttina sem tók sinn tíma og fórum svo að lóna inn með landinu. Þegar við erum komnir fram undir Hamra, þá byrjar hann að gera helvítis strokur svona niður af fjallinu. Þá sá karlinn að það væri að skella á með eitthvað rok, svo við vorum látnir rífa nóttina upp úr bátunum aftur.

Þarna breyttist fallegasti fjörðurinn sem ég hafði nokkurn tímann séð, og er í skjóli tignarlegra og fallegra fjalla og á nokkrum klukkustundum á sama sólarhringnum fékk ég að sjá þann heiftarlegasta veðurofsa sem ég hef orðið vitni að. Þarna gerði það allra mesta helvítis rok sem ég hef séð inni á firði eða á hafi

úti. Sjórokið gekk svo heiftarlega yfir að það sást ekki nema upp á mið möstur. Og þarna var andæft upp í storminn. Það var búið að prófa að leggjast fyrir ankeri og leggjast fyrir tveim ankerum, en það þýddi ekkert, það dró alltaf, veðurofsinn var svo mikill.

Þannig tók Grundarfjörðurinn á móti mér á fyrsta sólarhringnum, þessum móttökum gleymi ég aldrei. Svo einhvern tímann í þessum látum fer ég framí lúkar til þess að fá mér kaffisopa og þegar ég kem aftur upp og horfi aftur fyrir bátinn þá sé ég að annar nótaraturinn er orðinn svoleiðis draugsiginn og ég sé að hann er kominn með mikinn sjó í sig og ekki langt í að hann sökkvi. Svo ég öskra upp í brú til Valla og segi að annar báturinn sé að sökkva, þá biður hann okkur að reyna að komast ofan í bátana til að ausa. Það voru þarna tveir helvítis snaggaralegir strákar vestan af fjörðum og þeir fóru báðir ofan í bátinn bakborðsmegin og fóru að ausa en ég fór niður í stjórnborðsbátinn og skreið undir rennuna, nótarennuna, þar sem vélin var í gangi, þetta voru vélbátar, og ég var í því að hreinsa frá lensingunum. Því þegar bátar eru nýkomnir úr viðgerð, eins og *Steinunnin* var, þá er alltaf sag og óhreinindi sem stífla lensdæluna. Svona leið nóttin, og við gátum haldið nótnabátunum á floti.

Svo var það einhvern tímann þegar ég var upp í brú, þá kom bátur sem reyndist vera *Páll Þorleifsson*, með heiðursmanninn, Björn Ásgeirsson við stjórn. Hann lónaði þarna á milli bátanna sem voru nálægt að það alla ef þeir færu í talstöðina að nefna ekki *Edduna* á nafn því það hefði orðið hrikalegt slys. Ég kom þessum skilaboðum til míns skipstjóra og þetta var aldrei nefnt í tal-

stöðina. Svo leið þetta veður hjá og við komumst að lokum að bryggju.

Það sást ekki síld á firðinum eftir þetta veður. *Eddan* var nýtt og flott skip á sínum tíma. Hún hafði farið tvisvar með fullfermi til Reykjavíkur og það var sagt að í seinni ferðinni hefði verið tekin úr henni ballestin a.m.k. að hluta til, til þess að hún bæri meira.

Þó að Grundarfjörðurinn hafi tekið svona á móti mér, þá get ekki sagt annað en að fólkið í Grundarfirði hafi tekið mér frábærlega. Mér leið alltaf vel í Grundarfirði og þó ég vildi nefna nöfn sem tóku sérlega vel á móti mér, þá væri það ekki réttlátt að skilja einhverja útundan, því ég átti bara vini í Grundarfirði.

Edduslysið á Grundarfirði

16. nóvember 1953

Lengi hafa Íslendingar háð harða baráttu við Ægi konung. Og margar eru þær fórnir og stórar, sem færðar hafa verið á altari karlmennsku og dáða í þeim fangbrögðum. Oft hefur Breiðafjörður boðið hetjum Íslands votan faðm. Það eru fleiri en afreksmennið, Eggert Ólafsson, sem þar hafa goldið örlögnum sína hinstu skuld við móður jörð.

Eitt hinna átakanlegustu slysa, sem orðið hafa á síðustu árum við strendur Íslands, varð þegar m.s. *Edda* frá Hafnarfirði sökk á Grundarfirði aðfaranótt hins 16. nóvember 1953. Þar fórust níu ungir og röskir menn, flestir frá Hafnarfirði, en átta komust lífs af eftir sjö stunda hrakning í roki og náttmyrkri á litlum, stjórnlausum báti innan um brim og boða.

Þessir menn fórust:

1. Sigurjón M. Guðmundsson, 1. vélstjóri, Austurgötu 19, Hafnarfirði. F. 20. mars 1919.
2. Sigurður Guðmundsson, 2. vélstjóri, Vesturbraut 1, Hafnarfirði. F. 23. okt. 1923.
3. Jósep Guðmundsson, háseti, Vesturbraut 1, Hafnarfirði. F. 13. júní 1934. – Sigurður og Jósep voru bræður, ættaðir frá Norðfirði.
4. Albert Egilsson, háseti, Selvogsgötu 14, Hafnarfirði. F. 13. júní 1923.
5. Einar Kr. Ólafsson, háseti, Skeljabergi, Sandgerði. Ættaður frá Ísafirði. F. 18. des. 1933.
6. Guðbjartur Guðmundsson, háseti, Suðurgötu 94, (Melshús), Hafnarfirði. F. 29. júní. 1911.
7. Guðbrandur Pálsson, háseti, Köldukinn 10, Hafnarfirði. F. 6. nóv. 1911.
8. Sigurjón Benediktsson, háseti, Vesturbraut 7, Hafnarfirði. F. 16. sept. 1936.

9. Stefán Guðnason, háseti, Hofstöðum, Garðahreppi. F. 28. maí 1935. Ættaður frá Stöðvarfirði.

Þeir sem komust af voru:

- Guðjón Illugason, skipstjóri, Norðurbraut 15, Hafnarfirði.
- Guðmundur Á. Guðmundsson, stýrimaður, Hringbraut 15, Hafnarfirði.
- Ingvar Ívarsson, matsveinn, Hlíðarbraut 8, Hafnarfirði.
- Óskar Vigfússon, háseti, Kirkjuvegi 33, Hafnarfirði.
- Guðjón Ármann Vigfússon, háseti, Silfurtúni 8, Garðahreppi.
- Guðmundur Ólafsson, háseti, Langeyarvegi 9, Hafnarfirði.
- Ágúst Stefánsson, háseti, Holtsgötu 8, Hafnarfirði.
- Bjarni Hermundarson, háseti, Norðurbraut 21, Hafnarfirði.

Hér fer á eftir frásögn eins þeirra, sem af komust, Ingvars Ívarssonar, matsveins, sem er 37 ára að aldri og á heima að Hlíðarbraut 8 í Hafnarfirði.

Við höfðum stundað síldveiðar á Grundarfirði í nokkra daga. Veiðin var góð. Og tvisvar höfðum við farið með fullfermi heim til Hafnarfjarðar. Vorum nú komnir vestur í þriðja sinn þann 15. nóv., sem var sunnudagur. *Eddan* er nýtt eða nýlegt skip og var nú alveg tóm, þar eð engin veiði var þennan dag.

Voru nú uppi ýmsar spár um veiðina og horfurnar yfirleitt, og flestir vongóðir, því að veiðin í Grundarfirði hafði verið ágæt þennan tíma, síðan síldin fannst þar. En einn var þó, meðal skipverja, sem virtist efagjarnari en hinir. Það var Ármann Vigfússon, háseti. Hann er draummaður nokkur, og nú hafði hann haft drauma allundarlega og þar á meðal einn, sem var í aðalatriðum á þessa leið:

Honum þótti sem *Eddan* væri stödd við klappir nokkrar, og voru þær allar á þurru. En í hendingu einni skall flóðbylgja með fossandi brimi yfir klappirnar og urðu flúðir miklar og síðan djúp. Þótti honum þá sem skipið væri horfið í djúpið, en skipverjar ýmist í kafi eða á sundi á flúðum þeim, sem klappirnar höfðu verið. Sagði Ármann skipverjum draum þennan, en þeir réðu fyrir aflu.

Þennan sunnudag var veður ekki vont, en þó kuldagjóra af suðaustan fram-
an af degi. Um þrjúleytið lygndi snögglega og varð blíðuveður. Köstuðu þeir þá á mor, sem þeir hugðu vera síld, en urðu ekki varir. En áður en varði rauk upp með ofsaveðri og leituðu þá skipin í landvar. En þarna var fjöldi skipa.

Ofsinn var svo mikill að ekki reyndist kleift að „hífa“ bátana upp. Lágum við fyrir akkerum, með nótabátana aftan í. En það var mesta ólán. Botninn var laus og skipið rak alltaf, því að bátarnir tóku svo fast í. Það varð því oft að draga upp akkerin og færa skipið, og taka allt úr bátunum til að létta þá. Loks vorum við komnir mjög nálægt landi, eða um fimm til sex hundruð faðma frá bryggjunni í Grafarnesi. Og var akkerunum varpað niður í „múrningar“ heimaskipanna. Enda rak nú skipið ekki lengur. Þessu var lokið um kl. hálf tólf um kvöldið þann 15. nóember.

Gengu nú allir til náða, nema þrír menn, sem voru á vakt. Allir voru áhyggjulausir, að því er virtist. Þrátt fyrir hvassviðrið virtist ekkert að óttast á stóru, nýju skipi, sem lá við festar innan um mörg skip á góðri legu og brimlausri, þar eð vindur stóð af landi. Fóru því allir af fötum sem í heimahöfn væri og lögðust fyrirhyggjulítið og óttalaust til svefnis.

Við vorum tveir í klefa. Hét sá Guðbrandur Pálsson, sem hjá mér var, hinn mesti geðstillingarmaður. Var þetta kvöld ekkert frábrugðið venjulegum kvöldum. En ekki höfðum við sofið lengi, er við vöknudum við geysilegan kipp, sem kastaði okkur báðum svo að segja fram úr kojunum. Biðum við ekki boðanna, en vildum vita, hverju þetta sætti, en síst datt okkur þó í hug, hvernig komið væri. Guðbrandur var það forsjálli mér, að hann var í peysu og buxum, en smeygði sér nú í hvít stígvél, sem hann geymdi við rekkjustokk sinn.

Ég var hins vegar alveg fáklæddur, en náði í nankinsbuxur, sem lágu við rúmið og fór í þær. Síðan þutum við fram. En er í borðsalinn kom, var hann lokaður, af því að veðrið hefði annars leikið um allt skipið.

„Hvar er þá hægt að komast út?“ spyr Guðbrandur. „Við verðum að reyna að komast upp um „skælettið“ á eldhúsinu, svaraði ég“. „Það verður víst eina leiðin“. En er við komum inn í eldhúsið slokknuðu öll ljós, en áður höfðu þau öll logað fullri birtu.

Samt fundum við fljótlega eldhúsgluggann og komumst þar út á augabragði. Gátu naumast verið meira en þrjár mínútur frá því að við ultum fram úr og til þess, er við vorum staddir úti á bátadekkinu aftan við brúna.

Við greindum þarna nokkra menn, sem líktust þó meira skuggum en mönnum, þar sem þá bar við roklöðrandi sjóinn í myrkrinu og storminum. Rokið var ægilegt og slydduhrið en frost var ekki en þó nær frostmarki. Allir hrópuðu á hjálp, en ópin drukknuðu í hamförum storms og nætur. Og enginn tími gafst

heldur til umhugsunar, né orðaskipta, því varla vorum við fyrri komnir upp um „skælettið“, en skipið valt af hliðinni og á hvolf. En ekki gerðist það hraðar en svo, að flestir gátu hlaupið upp síðuna og á kjölinn.

Guðbrandur freistaði uppkomu, og ég á eftir. En ég sá honum fatast hlaupið og sá hann hrapa niður. Gat vel greint hann vegna hvítu stígvélanna. Í sömu svipan missti ég einnig fótanna á hálli og brattri skipshliðinni.

Vissi ég svo naumast af mér, nema ég greip til sunds og rakst bráðlega á eitt-hvað, sem flaut í sjónum. Reyndist það vera grindin af spilinu. Hélt ég mér þar á floti um stund, en kom þá auga á nótabátinn. Þangað synti ég, og voru þar þegar nokkrir féлага minna, þar á meðal skipstjórinn, sem dró mig inn í bátinn. Þóttist ég nú hólpin um stund. Og nú fyrst vannst tími til að átta sig. En þótt ótrúlegt megi virðast hafði ég ekki orðið hræddur eða gripinn angist. Allur kraftur sálar og líkama fór til þess eins að bjarga sér, ef nokkur kostur yrði. Sú viðleitni virðist bera bæði hugsun og tilfinningar ofurliði. Ég var dofinn á fótum, en annars ekki mjög kalt, þótt ég væri svo snöggklæddur, eins og áður er sagt.

EKKI ER HÆGT AÐ SEGJA, AÐ ÚTLITIÐ VÆRI GOTT, ÞÓTT Í BÁTINN VÆRI KOMIÐ. Í honum var ekkert annað en snurpivírarnir. Allt annað, svo sem farviður og stýri, hafði verið tekið um borð í skipið til að létta bátinn, meðan skipið rak um kvöldið. Nú átti að reyna að lengja aðra bátsfestina með snurpivírnum, svo að báturinn drægist ekki í kaf, er skipið sykki. En til þess þurfti að losa aðra festina, sem báturinn var festur með, og halda svo í hina, meðan bætt yrði við vírnum. En í einhverju ofboði eða misskilningi á skipun skipstjórans voru báðar festarnar leystar, og áður en varði rak bátinn hratt frá hinu sökkvandi skipi beint út fjörðinn, út í myrkrið, storminn og freyðandi löður á skerjum og boðum.

Nú gat enginn mannlegur hugur eygt von né björgun framar. En vitund mannsins er ótrúlega þolin. Eitthvað gat enn orðið til hjálpar. Verstur var kuldinn og það að hafa ekkert í höndunum, sem til hjálpar yrði og stjórnar á bátinum. Allt, sem við gátum gert, var að ausa bátinn með stígvélum og sjófötum. Og það var gert sleitulaust. Ennfremur flugumst við á og hreyfðum okkur eftir föngum. Og máttum við aldrei gjöra hlé, þá fundum við kuldann læsast hærra og hærra upp eftir líkamanum, eins og járnkrumlur, sem engu taki slepptu.

Fyrst í stað rak bátinn fram hjá upplýstum skipum og reyndum við þá að hrópa af öllum kröftum, en allt druknaði í veðurofsanum og brimgnýnum.

Og bráðlega vorum við komnir fram hjá öllum skipum og áttum nú allt undir miskunn höfuðskepnanna, sem höfðu reynst okkur grimmar og ónærgætnar. Fram undan var fjarðarmynnið, svo Breiðafjörður og síðan opið haf.

En vindstaðan á íslenskri vetrarnótt er oft fljót að snúast og svo fór nú. Skyndilega og án þess að lægði skipti stormurinn frá suðaustan og í suðvestur. Rak þá bátinn fljótlega að skerjum og þar sat hann fastur um hríð. Reyndu skipstjórinn og fleiri að fara út úr honum og ýta á flot, en þær tilraunir reyndust árangurslausar. En með aðfallinu tókst skipverjum þó að losa bátinn og bar hann af skerinu.

Vorum við þá á svonefndum Bárarskerjum, fram undan bænum Norður-Bár í Grundarfirði. Rak bátinn fljótlega að landi og tókum við nú að staulast upp í fjöruna, enda komu nú menn frá næsta bæ, Suður-Bár, okkur til hjálpar.

En raunalegt var um að litast í bátnum. Voru tveir okkar féлага látnir af hrakningi eða áverkum, sem þeir höfðu hlotið við sjóvolkið á leiðinni upp í bátinn. Af einum var svo dregið að styðja varð hann af tveimur. En hinir gátu að mestu gengið sjálfbjarga.

En löng fannst okkur leiðin heim að bænum. Aldrei hefur mér fundist nokkur leið lengri, en þó er þetta stuttur spotti. Á þessari leið lést þriðji félagi okkar, þrátt fyrir allt, sem unnt var að gera og gert var honum til hjálpar.

Eftir stutta stund dreif að fólk úr nágrenninu, og allar hendur framréttar til hjúkrunar. Viðtökunum í Suður-Bár mun ég aldrei gleyma. Allt var gjört, sem hugsanlegt var, okkur til aðhlynningar. Heitur matur, mjólk, vín og uppþúin rúm.

Við höfðum sannarlega verið heppnir með landtökuna. Og við hresstumst furðu fljótt.

En svo var af sumum dregið, að t.d. hef ég ekki nærri því náð mér enn, þótt nú sé komið fram í miðjan febrúar, þegar þetta er ritað. Og sennilega verður enginn „samur og áður alla stund“, sem lent hefur í svo ægilegri raun. Og er þetta ein sönnun þess, hve lífsorka mannsins er sterk, lífsvonin örugg að sigrast á öllum örðugleikum. En minnisstæðast er mér, hve knálega við urðum að hreyfa okkur í bátnum til að halda á okkur hita, og hvernig kuldinn, dauðinn læsti sig upp eftir mér nær og nær hjartanu, ef nokkurt lát varð á þeirri viðleitni að lifa og starfa.

Sá, sem dó á leið til bæjar, var Sigurjón M. Guðmundsson.

Hér með lýkur frásögn Ingvars Ívarssonar matsveins á *Eddu*. Og hef ég þar engu við að bæta öðru en því að biðja Guð að blessa þá, sem fórust og veita ástvinum þeirra þrek og huggun, og óska þeim, sem komust af, til heilla með lífsstarf og framtíð, til hamingju með að

*þrek og þrótt
í þunga nótt
hefur margur sótt.*

Guð blessi íslenska sjómenn, hermenn friðarins, hetjur hafsins.

Reykjavík, 17. febr. 1954.

Árelíus Níelsson.

Hermann Jóhannesson endurritaði þetta,
með samþykki Maríu Árelíusdóttur,
úr *Breiðfirðing* 3. Tímariti Breiðfirðingafélagsins.
Árgangar X.– XV.

Davíð Hansson Wíum, sagnfræðingur

Gert út frá Grundarfirði

Myndun sjávarþorps á 20. öld

Formáli

Þessi grein sem hér birtist er í megindráttum lokaritgerð mín til B.A. prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands. Ég fór að huga að þessu verki í ársbyrjun 2002, en hellti mér ekki út í það fyrr en þá um vorið. Verkinu var síðan lokið að mestu leyti í ársbyrjun 2003. Örlitlar breytingar gerði ég á textanum fyrir þessa útgáfu en þær breytingar verða að teljast smávægilegar. Stærsta breytingin á verkinu er að þær myndir sem birtast hér eru ekki í þeirri útgáfu sem ég skilaði inn til Háskólans.

Ég vil byrja á því að þakka kennara mínum, Guðmundi Jónssyni, fyrir hans þátt í þessu verki, en hann hjálpaði mér við að móta þessa hugmynd og hvernig best væri að þróa hana. Það er gaman að nefna það hér að Guðmundur er bróðir Guðna Jónssonar sem gegndi framkvæmdastjórstöðu hjá Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar um tíma. Gísli Karel Halldórsson, formaður Eyrbyggja hollvinasamtaka Grundarfjarðar, reyndist mér vel í þessu og var duglegur við að benda mér á fólk sem gæti gefið mér upplýsingar um efnið. Það reyndist líka mjög hvetjandi fyrir mig að eiga möguleika á að fá þetta birt í þessari ritröð. Ég kann öllu því fólki sem ég fékk að ræða við mínar bestu þakkir. Flestum fannst þeir vera að leggja fram heldur lítið af efni en , alla jafna var það öðru nær. Allir aðrir sem lögðu til gögn af ýmsu tagi og aðstoðuðu mig í heimildarleit með einum eða öðrum hætti fá líka kærar þakkir. Þrátt fyrir alla aðstoð þessa góða fólks skal taka það fram að allar villur og annað sem betur hefði mátt fara í þessu verki er á minni ábyrgð og algjörlega við mig einan að sakast í þeim málum.

Að lokum vil ég þó minnst á þann mann sem án nokkurs vafa var meiri áhrifavaldur á gerð þessa verks en nokkur annar. Sá sem hér um ræðir er Þorvarður Lárusson, skipstjóri frá Krossnesi og fósturfaðir minn. Hann var sífellt að hvetja mig til að nota þetta tækifæri og skrifa eitthvað um Grundarfjörð og því má segja að honum hafi orðið að ósk sinni. Því miður entist honum ekki ævin til að sjá vinnuna á bak við þetta verk fara af stað, en hann lést í júnímánuði árið 2001 eftir langvarandi veikindi. Þetta verk er tileinkað minningu hans.

Reykjavík í apríl 2003

Davíð Wíum

Inngangur

Þar sem bærinn Grundarfjörður stendur í dag var eitt sinn kallað Framnes og einnig Grafarnes. Nafnið Framnes hverfur um 1940, en Grafarnes var notað lengur og á tímabili gekk plássíð ýmist undir nafninu Grundarfjörður eða Grafarnes. Það var ekki fyrr en í atkvæðagreiðslu í sveitinni árið 1965 að nafnið Grundarfjörður var valið í kosningum og var þá opinberlega hætt að nota nafnið Grafarnes. Saga Grundarfjarðar á þeim stað er saga framþróunar í sjávarútvegi. Saga sjávarútvegs Íslendinga var lengi vel ekki saga framþróunar og tækninýjunga, þvert á móti einkenndist þetta lífsviðurværi af gömlum starfsháttum og venjum. Tæknin við veiðiskapinn gekk mann fram af manni og breyttist lítið þótt nýjar kynslóðir sjómanna tækju við af þeim eldri.

Hér er ætlunin að segja frá vexti Grundarfjarðar sem útgerðarbæjar og að hefja frásögnina um 1930, um það leyti sem byggðin fer að flytjast í Grafarnes og þéttbýli að myndast þar. Fólki fluttist fyrst og fremst úr sveitum í kring og hélst sá flutningur í hendur við framþróun í sjávarútvegi Grundfirðinga, m.a. með stofnun Hraðfrystihúss Grundarfjarðar h.f. árið 1941. Í upphafi verður skyggst inn í hvernig sjávarútvegur í Grundarfirði var stundaður fyrir tíma hinna öru breytinga, eins og hann hafði verið stundaður mann fram af manni. Gerð verður grein fyrir helstu áhrifavöldum þessara breytinga og hvernig gekk að stunda útgerð á þessum tíma. Hraðfrystihúsið er stór hluti af þessari sögu. Forsaga þess og hvernig gekk að koma því af stað verður hér til umræðu ásamt því að stiklað verður á stóru í rekstri þess í upphafi.



Grafarnes fyrr á árum. Ljósmynd: Páll Ásgeirsson.

Mikilvæg forsenda byggðar og framþróunar í sjávarútvegi var bætt hafnar- aðstaða og því er fjallað sérstaklega um þann þátt í útgerðinni.

Síðan verður rakin stuttlega stefnan í útgerðarmálum í Grundarfirði á fimmta og sjötta áratugnum, eftir að hraðfrystihúsið hefur starfsemi, og reynt að meta áhrif starfsemi hússins og almennrar útgerðar á byggðina.

Að lokum verður gerður örlítiill samanburður á Grundarfirði og öðrum byggðum á Snæfellsnesi, þó helst Ólafsvík.

Segja má að þessi frásögn hér nái til loka sjötta áratugarins og ræðst það af nokkrum atburðum. Helst skal nefna að ákveðin kaflaskipti verða þegar Verslunarfélagið Grund er stofnað 1954 og það hefur áhrif á aukna útgerð sem síðar varð að tveimur stærstu útgerðaraðilunum í Grundarfirði, fyrir utan hraðfrystihúsið. Sömuleiðis er útgerð hraðfrystihússins að hefjast fyrir alvöru, en þá er m.a. fjárfest í fjórum bátum á árunum 1956 – 1960 og á svipuðum tíma má segja að hafnaraðstaðan hafi loksins orðið viðunandi.


Þær heimildir sem stuðst var við má skipta í þrjá flokka. Fyrst voru munnlegar heimildir eða viðtöl sem höfundur tók við fólki sem á einhvern hátt tengist eða man þessa tíma. Var reynt að fá sem gleggsta mynd af viðfangsefninu með því að ná tali af fólki með almenna þekkingu á þessari sögu eða ákveðna vitneskju um afmörkuð atriði. Takmarkið var að fá sem mestar upplýsingar sem gætu fyllt upp í þau göt sem rituðu heimildarnar gáfu ekki upplýsingar um, ásamt því að frásagnir fólksins ættu að gefa verkinu meira gildi. Síðan voru óútgefin skjöl,

sem voru helst ýmsar skipaskrár sem eru í vörslu Þjóðskjalasafn Íslands og fundargerðabækur. Fundargerðir hraðfrystihússins og sveitarstjórnar Grundarfjarðar voru skrásettar á þessu tímabili og eru þær bækur varðveittar annars vegar hjá Fiskidju Skagfirðinga í Grundarfirði og hins vegar hjá sveitarstjórn Grundarfjarðar. Fundargerðabækurnar höfðu þó þá vankanta að oft var minnst á einhver málefni á fundum sem lögð voru til skoðunar, en síðan ekkert meira á þau minnst og því erfitt að meta hvert framhaldið var í þeim málum. Einnig voru fundir þessara stjórna mjög óreglulegir og því var oftast en ekki erfitt að lesa út úr þeim samfellda sögu. Loks voru útgefnar bækur eða rit sem tengdust efninu, t.d. frásagnir einstakra manna sem lifðu þessa tíð, hvort sem um var að ræða ævisögur eða styttri frásagnir. *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* sem er ritröð Eyrbyggja, hollvinasamtaka Grundarfjarðar, reyndist mikill fróðleikur um efnið, en þrjú rit hafa nú komið út frá árinu 2000 og er yfirlýst stefna samtakanna að gera þessa útgáfu að árlegum viðburði. Greinarnar þar fjalla um hin ýmsu efni sem tengjast Grundarfirði, eitthvað skrifað af fræðimönnum en þó aðallega af heimamönnum og öðru áhugafólki um staðinn. Tölfræðilegar upplýsingar frá Hagstofu Íslands gefa vissar upplýsingar og tímarit sem komu út á tímabilinu.

Alltaf má rökræða um vægi einstakra hluta, persóna og atburða í svona verki og oftast sýnist sitt hverjum, en takmarkið hér er að reyna að búa til heildarmynd af þessu tímabili og tína til það sem stóð upp úr og hafði mest áhrif á þessa sögu.



Neshús.



Lendingar í Eyraðsvæiti, milli Krossness og Eyraðrodda.

1. Útgerð í Grundarfirði

1.1 Róið frá Grundarfirði

Útgerð frá þeim stað þar sem byggðin í Grundarfirði stendur í dag má rekja aftur til ársins 1906. Þá keyptu tveir ungir Grundarfirðingar, Jóhannes Jónsson skipstjóri og Jónas Ólafsson sjómaður, lítinn mótorbát og gerðu hann út frá Grundarfirði.¹ Hét sá bátur Höfrungr SH 28 og var sennilega annar af tveimur fyrstu vélbátunum í sveitinni.² Jóhannes byggði svonefnd Neshús á árunum 1906 – 1910 og byggði jafnframt skans í fjörunni til að auðvelda fisklöndun. Fleiri voru búsettir þarna í lengri eða skemmri tíma, Rafn Júlíus Símonarson útgerðarmaður kom árið 1909 með fjölskyldu sína og hóf útgerð með tvo báta

í félagi með öðrum, en hann fór þó eftir tvö eða þrjú ár. Jafnframt var einhver verslun stunduð þarna, Pétur A. Ólafsson frá Patreksfirði stundaði verslun til ársins 1920, en þá keypti Jón Hallgrímsson frá Arnarfirði hana, en hann lést stuttu síðar.³ En um 1930 var nánast engin byggð á þessum stað. Fjögur hús voru byggð þar á þessum tíma, Runólfur Jónatansson byggði Götuhús 1928, Þorkell Runólfsson byggði Fagurhól 1929, Sigurður Þorsteinsson byggði Sólvelli 1931 og Björgvin Bjarnason byggði Lengju 1933.⁴ Talsverð byggð var við Kvíabryggju en þar var mjög góð aðstaða frá náttúrunnar hendi fyrir báta. Einnig bjuggu margir í framsveitunum en þónokkur útgerð var á þessum stöðum. Þar voru helstu útgerðarstaðirnir Bárarpláss, Vatnabúðapláss og Eyrarpláss, auk þess var róid út frá flestum jörðum sveitarinnar einhvern tíma ársins.⁵

Í manntalinu 1930 voru 15 bæir í byggð á Kvíabryggju með tæplega 60 íbúa. Húsbandurnir voru þar ýmist titlaðir bændur eða sjómenn, eða jafnvel hvort tveggja. Nokkuð var um báta sem gerðir voru út frá Kvíabryggju á þessum tíma og áttu bændurnir þá ýmist einir eða í félagi við aðra. Venjan var að róa á vorin og sumrin og eitthvað fram á haustið eftir því sem veðráttta leyfði. Allajafna var ekki róid á veturna, bátarnir voru ekki nógu stórir til þess og einnig voru hafnaraðstæður frekar erfiðar. Það var t.d. engin bryggja til að leggja að, bátarnir voru geymdir í ósnum og í fjörunni, en þeir voru dregnir upp á land með handsnúnu spili.⁶

Pétur Konráðsson frá Mýrarhúsum segir svo frá að árið 1929 hafi 9 bátar verið gerðir út frá Kvíabryggju, 7 árabátar og 2 vélbátar. Pétur reri frá Kvíabryggju þetta haust, en hann var þá tvítugur að aldri. Var hann á báti hjá Elbergi Guðmundssyni frá Rimabúð. Þetta haust var farið að róa eftir sláturtíð, einhverja fyrstu dagana í október. Gott veður var þann mánuð þannig að hægt var að róa upp á hvern einasta dag og alveg fram í seinni hluta nóvember þegar breytti í norðanátt og var lítið róid eftir það. Farið var á morgnana með handfæri og síld í beitu sem veidd var í net í firðinum og lent aftur um sexleytið, ef allt gekk vel. Þá var venjan að fara í mat þegar lent var og fara svo niður eftir aftur og kasta upp úr bátnum, gera að aflanum og leggja inn. Stundum var farið í síldarnetin til að fá beitu fyrir næsta dag, og var venjan að bátarnir skiptust á að ná í síldina. Þetta haust fengust 9 aurar fyrir kílóid af fiski, flöttum og þvegnum upp úr sjó. Á þessum 1 1/2 mánuði hafði Pétur 260 kr. í hlut, sem þótti ágætt. En til viðmiðunar má geta þess að þegar skipað var út fiski í báta sem komu frá Stykkishólmi

að sækja saltfiskinn til Kvíabryggju, þá var kvenmannskaup 25 aurar á klukku-tímann.⁷

Síðar færðist í vöxt að bátunum væri róið allt árið um kring, en það reyndist erfitt m.a. sökum bryggjuleysis. Það tíðkaðist þá jafnan að flestir af sjómönnum fóru á vertíð úr sveitinni yfir vetrartímann. Algengt var að úr Grundarfirði færu menn á Suðurnes og til eru sögur af mönnum sem gengu til Grindavíkur á vertíð.⁸ Allir þeir karlmenn sem áttu kost á því leituðu á vertíð á veturna. Oft voru því aðeins konur og börn eftir í sveitinni.

Á árunum í kringum 1930 eykst það að menn setji vélar í báta sína í sveitinni. Þessir bátar voru flestir ekki stórir, að jafnaði aðeins 1–2 tonn að stærð. Árið 1932 þurfti hreppstjóri Eyrarsveitar, Kristján Þorleifsson, að skrá alla vélbáta í sveitinni. Hann hafði þó einnig gert það talsvert áður eða árið 1908 eftir beiðni frá sýslumanni Snæfellinga, en þá var nýbúið að skipa Kristján í embætti hreppstjóra. Munurinn á þessum tveimur skráum var að í seinna skiptið voru eingöngu skráðir vélbátar en ekki árabátar eins og hafði verið gert 1908.⁹

TAFLA 1
Nýskráðir vélbátar í Eyrarsveit árið 1932

Eink.st.	Nafn	Eigandi	Heimili	Bygg.staður	Bygg.ár	Stærð brl.	Fj.áhöfn	Efni
SH17	Sæbjörg	Guðmundur Guðmundsson	Nýjubúð	Stykkishólmur	1920	1.34	3	eik/fura
SH18	Farsall	Stefán Hjaltalín	Garðsenda	Naustáll		1.16	4	eik/fura
SH19	Svala	Ingimundur Gíslason	Vatnabúðum	Stykkishólmur	1917	0.97	2	eik/fura
SH20	Brana	Elís Gíslas./Snorri Elísson	Vatnabúðum	Stykkishólmur	1931	1.31	3	eik/fura
SH21	Rína	Gunnar Gunnarsson	Akurtröð	Nýjabúð	1920	1.32	2-3	eik/fura
SH22	Heppinn	Finnur, Jens og Jósef Kjartanssynir	Þórðisfarstöðum	Arney Breiðaf.	1930	2.81	3	eik/fura
SH23	Freyja	Sigurjón og Ágúst Halldórssynir	Norður-Bár	Akurtraðir	1926	1.65	3	eik/fura
SH24	Þolinmóður	Björgvin Bjarnason	Grafarnesi	Bíldudalur	1927	2.93	4	eik/fura
SH25	Sjósvalan	Arni Sveinbjörnsson	Hellnafelli	Stykkishólmur	1915	1.18		eik/fura
SH26	Freyja	Lárus Jónsson	Gróf	Stykkishólmur	1921	0.86	4	eik/fura
SH27	Lára	Lárus Guðmundsson og Guðmundur Bjarnason	Krossnesi	Stykkishólmur	1916	1.29	4	eik/fura
SH28	Sæbjörg	Guðmundur Bjarnason	Grafarnesi	Grafarnes	1931	1.57	3	eik/fura
SH29	Höskuldur	Felix Arngrímsson og Cecil Sigurbjörnsson	Fornu-Grund	Stykkishólmur	1917	1.24	3	eik/fura
SH30	Fríða	Guðmundur Sigurðsson og Óskar Arngrímsson	Bryggju	Naustáll		1.90		eik/fura
SH70	Fríður	Bergur Þorsteinsson	Krossnesi	Stykkishólmur	1920	1.07	4	eik/fura
SH71	Svalan	Björn Jónsson	Látravík		1912	1.31		eik/fura
SH111	Svanur	Sigurður Ágústsson o.fl.	Hamri	Bíldudalur	1917	12.98	8	eik/fura

Heimild: Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá I, 236–240.

Skrá þessi er ekki tæmandi, t.d. er ljóst að það vantar þá þrjá báta sem Sigurður Þorsteinsson flutti frá Ísafirði, en samkvæmt heimildum voru þeir einfaldlega aldrei skráðir í Grundarfirði. Það gerir erfitt fyrir að lesa úr skipaskránum að breytingar voru ekki alltaf dagsettar, afdrif einstakra báta voru oftast en ekki óljós og ef að bátur var strikaður út úr skránni, þá var það gert í bókstaflegri merkingu og sem fyrr, dagsetningar sjaldan tiltekna.

Svanur SH 111 var langstærstur bátanna á þessum tíma. Bátarnir fóru þó stækkandi á fjórða áratugnum og sömuleiðis voru þeir þá betur skráðir. Ekki er gott að segja hvort löggjafinn hafi krafist þess eða hvort menn voru einfaldlega farnir að gera sér grein fyrir nauðsyn þess að skrá bátana jafnóðum. Sömu vankantar eru þó áfram á skránni og nefndir voru hér áður.

TAFLA 2
Nýskráðir bátar í Eyrarsveit 1937–1941

Skrá.dag.	Eink.st.	Nafn	Eigandi	Heimili	Bygg.staður	Bygg.ár	Stærð brl.	Ej.áhöfn
31.12. 1940	SH29	<i>Karfinn</i>	Jónas Ólafsson	Kvíabryggja			1.75	
23.6. 1937	SH175	<i>Halldór</i>	Hjálmtýr Árnason	Eyrarsveit	Stykkishólmur	1912	6.54	4
14.10. 1940	SH176	<i>Öndin</i>	Þórður Þorvaldss. og Pétur Jónsson	Kvíabryggja			3.06	4
26.7. 1937	SH178	<i>Óskar</i>	Björn Jónsson	Látravík	Stykkishólmur	1916	4.23	
16.10. 1939	SH201	<i>Ásgeir</i>	Kristlaugur Bjarnason	Grafarnes	Noregur	1906	10.92	4–5

Heimild: Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: *Fiskiskipaskrá II*, 96–132.

Einn af stóru bátunum í sveitinni á þessum tíma var *Halldór* SH 175, rúmlega 6 tonna vélbátur í eigu Hjálmtýs Ragnars Árnasonar frá Hópi. Hann var skráður árið 1916 en hét þá *Ágúst* SH 175 og var í eigu Halldórs Jónssonar, sem var fósturfaðir Hjálmtýs. Hjálmtýr eignaðist bátinn 20. desember árið 1935.¹⁰ Honum var róið allt árið um kring á fjórða áratugnum, á dragnót á sumrin og fram á haust, en með línu aðra tíma árs. Hjálmtýr og þrír aðrir menn létust þegar báturinn fórst undir Búlandshöfða í september árið 1940.¹¹ Það vekur athygli í töflu 2 að tveir bátar eru skráðir á Kvíabryggju árið 1940, en það er um það leyti sem byggðin færir þaðan og inn í Grundarfjörð. Pétur Jónsson í Lárkoti segir frá því að hann og Þórður Þorvaldsson keyptu *Öndina* SH 176 í Ólafsvík og reru eitthvað frá Kvíabryggju, þótt það hafi nú ekki staðið lengi. Áður hafði Pétur róið með Halldóri Jónssyni og síðar Hjálmtý. Ennfremur rerir Pétur á *Óskari* SH 176 með Birni Jónssyni, en í frásögn Péturs kemur fram að Björn flutti út

í Látravík árið 1930 og tók Óskar með út í Lárós.¹² Samkvæmt því hefði Óskar átt að vera í skránni frá 1932, en sem fyrr segir er skráin ekki gallalaus.

Pétur reri á Óskari í byrjun fjórða áratugarins. Hann reri með Birni í 3-4 vertíðir og voru fjórir menn á bátnum. Sá yngsti var um 15 ára gamall, en það var nú reyndar takmarkað gagn að honum því hann gat ekki blóðgað fiskinn þar sem hann var svo sjóveikur. Allt var handdregið um borð eins og venjan var á þessum tíma, en þeir höfðu um borð 30 lóðir, sem þótti ekki óalgengt. Nánast allur aflinn var saltaður eins og almennt tíðkaðist á þessum tíma; eitthvað af ýsu var hert. Í þann tíma voru greiddar u.þ.b. 50 kr. fyrir skipspundið.¹³

Aðstaða í sveitinni til að vinna afla var að mörgu leyti frumstæð og ekki merkileg. Allur aflinn var vitaskuld unninn í fjörinni enda ekki um mikið annað að ræða. Hann var saltaður eins og var venjan í þá daga, meðalbátur frá Kvíabryggju gat fiskað allt upp í hálf tonn ef vel gekk og kom það gjarnan fyrir að þeir kæmu með fullfermi að landi. Vinnslan fór þannig fram að sett var upp flatningsborð í fjöru og fiskurinn flattur og sjóþveginn þar. Síðan var hann keyrður í hjólbörum upp í þar til gert hús þar sem hann var saltaður. Matsmaður var síðan fenginn til að meta fiskinn og síðan var honum pakkað í strigapakka og saumað utan um. Bátar komu frá Stykkishólmi og var fisknum skipað í þá.¹⁴ Soffanías Cecilsson lýsti þessu þegar hann og Bæring bróðir hans hófu að róa frá Búðum, fram undir Kirkjufelli:

Þegar við fyrst byrjuðum róðra frá Búðum [árið 1936], bárum við allan fiskinn upp úr bátnum og flöttum hann þar á klöppunum. Hann var þveginn upp úr sjónum og svo borinn á bakinu upp í hjall þar sem hann var saltaður. Saltið varð að sækja annaðhvort inn til Grundarfjarðar en þar var þá komin lítilsháttar verslun, ellegar alla leið inn í Stykkishólm. Saltinu var mokað í poka og það borið á bakinu í bátinn og svo þegar heim var komið var báturinn affermdur á sama hátt og saltið borið í fiskhjállinn. Allar voru aðfarir hinar sömu hvað saltfiskinn snerti. Hann var borinn um borð í bátinn og fluttur í kaupstaðinn. Þannig var gangur málsins. Það var ekki verið að hlífa manns hryggnum í þá daga.¹⁵

Mjög var sótt inn í Stykkishólm á þessum tíma sem tengdist útgerðinni og þjónustu tengdri henni. Saltið var sótt þangað og olía á bátana svo eitthvað sé nefnt.



Íshúsið við Gilós fremst til vinstri. Það gegndi ýmsum hlutverkum eftir að hætt var að nota það til fiskvinnslu. M.a. var það notað sem íbúðarhús og einnig var kennt í því á meðan samkomuhúsið var í byggingu. Húsið var rífið um 1960. Ljósmynd: Sigurður Lárusson.

1.2 Sigurður Þorsteinsson

Einn af merkisatburðum við upphaf þess tímabils sem hér er til umfjöllunar er koma Sigurðar Þorsteinssonar til Grundarfjarðar. Sigurður hafði mikil áhrif á byggðarlagið á uppvaxtarárum þess á þeim stað sem við þekkjum í dag. En þrátt fyrir það er lítið vitað um manninn sjálfan og þá útgerðarsögu sem hann átti hlut að í Grundarfirði.

Sigurður Helgi Þorsteinsson var fæddur 24. nóvember árið 1875 í Ljósa-vatnshreppi í S-Pingeyjarsýslu. Árið 1920 bjó hann ásamt konu sinni, Kristjönu Jónsdóttur og börnum þeirra tveimur, Friðriki og Sigríði, á Ísafirði. Sigurður kemur þaðan líklega árið 1927 og sest að í Grundarfirði.¹⁶ Sigurður kom fyrst fram í kirkjubókum haustið 1929, þá ásamt Sigríði dóttur sinni.¹⁷ Hann var hins vegar ekki skráður þar í manntalinu 1930, þótt vitað sé að hann bjó lengur en svo í Grundarfirði. Reyndar ber að athuga það að fólk var skrásett í manntölin á þeim stað þar sem það var staðsett þegar manntalið var tekið, Sigurður hefur því verið fjarverandi úr sveitinni þegar það gerðist. Vitað er að Sigurður byggði húsið Sólvelli í Grundarfirði árið 1931, en það mun hafa verið fyrsta steinhúsið þar.¹⁸ Síðan er ekki á hann minnst í kirkjubókum fyrr en haustið 1932, þá ein-

göngu ásamt konu sinni, Salvöru Ingimundardóttur.¹⁹ Ári síðar eru hann og kona hans skráð ásamt tveimur dætrum hennar, þeim Ingu og Guðmundu Andrésdætrum, en 1934 eru bara þau hjónin skráð.²⁰

Talið er að Sigurður hafi fyrst komið til Grundarfjarðar talsvert fyrir þennan tíma, eða í kringum 1910 og keypt jörðina Grund. Í skrá er getið um sölu á þeirri jörð þann 14. febrúar 1909.²¹ Seljandi jarðarinnar var Rafn Júlíus Símonarson, búsettur að Laugavegi 43 í Reykjavík, en kaupandinn var Sigurður Þorsteinsson, búsettur að Laugavegi 38b í Reykjavík. Þegar nánar er að gáð kemur hins vegar í ljós að sá Sigurður Þorsteinsson hét í raun Sigurður Markús Þorsteinsson þannig að hér var ekki um sama mann að ræða. Sigurður Helgi keypti hins vegar Grafarnesið ásamt Hannesi Jónssyni dýaalækni, af Gísla Jónssyni sem síðar varð alþingismaður. Sigurður og Hannes voru eigendur að Grafarnesi allt til ársins 1939 þegar ríkissjóður eignast landið.²²

Árið 1928 markaði tímamót í útgerð í Grundarfirði því þá var stofnað hlutfélag um rekstur íshúss í Grundarfirði, Frystihúsfjelag Grundfirðinga. Stofnendur voru alls 24, en í fyrstu stjórn félagsins voru þeir Sigurður Þorsteinsson, Kristján Þorleifsson hreppstjóri frá Grund og Páll Þorleifsson skipstjóri frá Hömrum.²³ Oddur Kristjánsson segir svo frá:

Sigurður var ötull og dugandi maður. Þótt aðkoma væri ekki góð til landtöku, aðeins fjara, flúrur og þang, lét hann það ekki á sig fá í fyrstu. Hann kom upp vel kældu beitugeymsluhúsi og var það tilbúið haustið 1928. Í nóvember fór svo síld að veiðast í lagnet. Hingað kom bátur frá Sandgerði, lagði mörg net og veiddi vel. Húsið fylltist því á skömmum tíma. ... Frosin beitusíld var seld bæði til Sandgerðis og Keflavíkur. Jafnframt síldarfrystingunni var fryst nokkuð af kjöti í sláturtíðinni um haustið. Rekstur hússins gekk vel, hann var í umsjá heimamanna ... Stórhugur og bjartsýni Sigurðar Þorsteinssonar var drifkrafturinn í þessum framkvæmdum.²⁴

Íshús þetta var staðsett við Gilós og var líklega byggt upp á tveimur árum, 1928–29. Þótt Oddur tali um að það hafi verið tilbúið haustið 1928, þá þýðir það sennilega tilbúið til að taka við síld til vinnslu. Halldór Finnson talar um það í grein sinni að íshúsið hafi verið byggt upp á tveimur árum²⁵ og benda aðrar

heimildir einnig til að svo hafi verið. Þann 14. október 1928 var gerður erfðafestusamningur þar sem eigendur að Gröf í Eyrarsveit, þeir Jón Lárusson og Bárður Þorsteinsson, seldu hluta af því landi, 460 fermetra til Frystihúsfjelags Grundfirðinga, en fyrir hönd félagsins skrifaði Sigurður Þorsteinsson undir. Lóðarhlutinn sem um ræddi var „þar sem frystihúsið stendur, og liggur lóðin undir húsinu og í kringum það þannig: 2 metrar út frá suðurvegg, 6 metrar út frá austurgafli, 7 metrar út frá norðurvegg og 12 metrar út frá vesturgafli“. Jafnframt voru veitt réttindi til að byggja og starfrækja klakageymsluhús, er tæki allt að 400 tonnum af snjó og klaka, í brekkunni fyrir sunnan íshúsið.²⁶ Tæpri viku eftir að þessi erfðafestusamningur var gerður fékk þetta Frystihúsfjelag 7000 kr. lán frá Fiskveiðasjóði Íslands til frystihúsbyggingar og enn skrifar Sigurður Þorsteinsson undir fyrir hönd félagsins.²⁷ Hann hafði fengið fullkomið og ótakmarkað umboð til þess að taka lán fyrir hönd stjórnarinnar.²⁸ Þetta fyrirtæki varð ekki mjög langlíft og hætti starfsemi eftir 6 eða 7 ár. Helstu ástæður þess voru þær að aflinn brást að einhverju leyti, sú síld sem fyllti oft Grundarfjörð og Kolgrafafjörð á þessu tímabili var ekki lengur til staðar og kreppan sem kom um þetta leyti varð félaginu að falli.²⁹

Sigurður hóf einnig bátaútgerð frá Grundarfirði. Voru það tveir litlir vélbátar sem hétu *Aldan* og *Björgvin*. *Aldan* ÍS 208 var 5 tonn að stærð, smíðuð í Öfundarfirði árið 1908. Þann bát eignaðist Sigurður 31. mars 1928 og gerði út frá Grundarfirði í nokkurn tíma, en 1934 var þessi bátur kominn í eigu Haraldar Jónssonar frá Gróttu en bar áfram einkennisstafina ÍS.³⁰ Samkvæmt Fiskiskipaskrá úr Ísafjarðarsýslu var enginn bátur sem bar nafnið Björgvin sem Sigurður Þorsteinsson var skráður fyrir þótt það finnist þrír bátar með því nafni í skránni, en sá bátur átti að hafa verið minni en *Aldan*, eða um 4 tonn.³¹ Þriðji báturinn sem Sigurður gerði út var vélskip sem hét *Valný* ÍS 427, smíðaður í Noregi árið 1919 og var talsvert stærri en hinir tveir eða 19 tonn.³² Sá bátur var í raun seglskip með hjálparvél og var gerður út frá Grundarfirði í nokkur ár.³³ Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör var skipstjóri á *Valnýju* um nokkurt skeið.³⁴ Það sem er þó athyglisverðast við þann bát er að hvergi er að finna nokkuð sem segir að Sigurður hafi átt þann bát. Báturinn var skráður á Jón Þorbergsson á Ísafirði, en virðist svo hafa komist í eigu Landsbankans á Ísafirði.³⁵ Enginn af þessum þremur bátum var nokkurn tímann skráður í Grundarfirði. Loks var Sigurður með einn bát, *Ingimund gamla* SH 192, sem var langstærstur þessara báta eða 48 tonn.

Hann var gamall bátur, byggður 1883, en reyndar endurbyggður 1910. Sigurður virðist aðeins hafa rekið þennan bát í eitt ár, sennilega 1934, um það leyti sem hann yfirgaf Grundarfjörð. Árið 1935 var sá bátur kominn til Reykjavíkur í eign Hannesar Jónssonar og hét þá *Vífill*. *Ingimundur gamli* var þó lítið sem ekkert gerður út frá Grundarfirði, enda engin aðstaða þar fyrir svo stóran bát á þessum tíma. Hér eru þó áhrif Sigurðar á útgerð í Grundarfirði ekki öll upp talin því hann átti veg og vanda að fyrstu bryggjagerð við höfnina í Grundarfirði (sjá nánar hér kafla 3.1). Sigurður einskorðaði sig ekki aðeins við útgerð í Grundarfirði heldur setti hann á stofn verslun og rak hana meðan hann var búsettur þar.

Árið 1934 var Sigurðar síðast getið í kirkjubókum í Grundarfirði, en þaðan fór hann til Reykjavíkur og settist. að með fjölskyldu sinni, sennilega seint á árinu 1934 eða á fyrri hluta 1935. Lengst bjó Sigurður á Hringbraut 24 í Reykjavík, en hann lést þann 16. mars 1957, á 82. aldursári.

1.3 Páll Þorleifsson og Hamra-Svanur

Annar frumherji í útgerðarsögu Grundfirðinga var án efa Páll Þorleifsson frá Hömrum. Páll var fæddur í Tröð í Eyrarsveit 13. júní 1892, en foreldrar hans voru þau Þorleifur Jónatansson og Jarþrúður Pálsdóttir. Lengst af bjuggu foreldrar hans að Hömrum í Eyrarsveit og við þann bæ var Páll jafnan kenndur. Hann fór snemma að stunda sjómennsku og árið 1916 keypti hann sér sinn fyrsta bát í félagi með fimm öðrum mönnum. Hét sá bátur *Hegri* og kostaði hann þá félagi 6000 kr.³⁶ En sá bátur sem Páll var frægastur fyrir var *Svanur* SH 111. Gekk sá bátur alla jafna undir nafninu *Hamra-Svanur*, en bátinn átti Páll í félagi með Sigurði Ágústssyni útgerðarmanni úr Stykkishólmi. *Svanur* var stærsti báturinn í sveitinni á þessum tíma, þangað til *Sindri* SH 9 kom árið 1940. *Svanur* var byggður á Bíldudal árið 1917 og var upprunalega 9 tonna bátur. Báturinn tók talsverðum breytingum í gegnum tíðina. Hann var stækkaður upp í 13 tonn, en það var gert á Bíldudal eftir að hann strandaði árið 1928.³⁷ Að lokum var hann stækkaður upp í 16 tonn í Stykkishólmi, líklega í kringum árið 1950.³⁸ Hann var byggður með 16 hestafla vél, en í gegnum tíðina voru settar stærri vélar í hann. Síðasta vélarbreytingin var árið 1946 þegar sett var í bátinn 120 hestafla vél.³⁹ Á þessu tímabili var báturinn jafnframt lengdur um eina 3 metra og einnig breikkaður. *Svanur* var sennilega fyrsti báturinn sem var gerður út allan veturinn frá Grundarfirði. Oddur Kristjánsson segir svo frá:



Svansskáli sem Páll Þorleifsson byggði árið 1928. Þessi mynd er af skálanum eftir að hann var fluttur. Sigurður Ágústsson hóf sinn verslunarrekstur í Grundarfirði í kjallaranum og var Run-ólfur Jónatansson fyrsti verslunarstjóri hjá honum.

Ég var háseti á *Hamra-Svan* árið 1925. Hann mun hafa verið fyrsti bátur, sem haldið var úti frá Grundarfirði allan veturinn og það var einmitt þennan vetur. Við höfðum ekki annað en krækling til beitu og rerum því með stutta línu. Það er seinlegt að skera upp skelfiskinn.

Frá áramótum og fram til páska var hásetahluturinn 150 kg af saltfiski. Strax upp úr páskum fórum við svo á útilegu með handfæri. Við fiskuðum fyrst við Snæfellsnesið og svo á Flákanum úti í Breiðafirði. Aflinn var saltaður í bátinn og lagður upp í Stykkishólmi. Fyrir þennan fisk fengum við fullstaðinn og umsaltaðan kr. 0,31 pr. kg, annars kr. 0,27 pr. kg.⁴⁰

Árið 1928 byggði Páll Svansskála sem svo var nefndur og þar fór hann að verka fisk af *Svaninum*. Þessi skáli var fyrst byggður við svokallaðan Kattarsnaga, sem er snagi fram úr hjá Fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar, en var síðan fluttur og var á bakkanum fyrir ofan bryggjurnar. Á efri hæð skálans voru verbúðir fyrir landmennina og beitningarpláss, en í kjallaranum var saltað. *Svanur* var gerður þaðan út og til að byrja með var eingöngu verkað úr honum, en síðan fór Páll að verka þarna saltfisk af fleiri bátum.⁴¹

Áhrif þessarar útgerðar Páls á Grundarfjörð voru mikil. Eitt sinn í byrjun fjórða

áratugarins kom til tals að senda bátinn á vertíð til Patreksfjarðar. Páll var ósáttur við það og vildi róa frá Grundarfirði. Fólkið í sveitinni kveidi því mikið ef *Svanurinn* færi því þá var venjan sú að fólki var jafnan gefinn afgangsfiskur af bátnum, sem var yfirleitt ýsa. Var aflinn borinn á bæina og skipt eftir því sem hægt var. Er ekki spurning að þetta reyndist mörgum mikil búbót. En það varð Grundfirðingum til happs að áður en af brottför *Svansins* varð þá kom í ljós að vertíðin við Patreksfjörð þetta árið myndi engan veginn standa undir væntingum á meðan mjög vel veiddist í Grundarfirði. *Svanurinn* fór því hvergi það árið.⁴²

Páll var einnig mjög áberandi í því uppbyggingarstarfi sem var í Grundarfirði þegar plássíð var að byggjast upp. Hann starfaði lengi í hreppsnefndinni, var í fyrstu hafnarnefndinni, sat í stjórn Hraðfrystihúss Grundarfjarðar h.f. svo fátt eitt sé nefnt. Síðustu æviárin starfaði hann í landi sem verslunarstjóri í Grundarfirði. Páll lést 12. október 1950, 58 ára að aldri.

Hamra-Svanur var gerður út frá Grundarfirði til ársins 1952, tveimur árum síðar keypti Sigurður Ágústsson 10 ára gamlan danskan bát sem skírður var

Hlutur

Skipshafnar á 1/16 Svani Stómurum veturinn 1934

	Húð	Ky 7/2	Húð	Ky 7/18	Vignul	Slutur	Húð	Slutur	Feri	Þættur
	Slúfur	Kvömm	Slúfur	Kvömm	Hvínslup	þvínslup	þvínslup	Kvömm	dröng	þættur
<i>Páll Þorleifsson</i>	3130	626,00	733%	132,03	12,06	4,12	34,11	808,32	429,51	378,81
<i>Kjartan Þorleifsson</i>	3130	626,00	733%	132,03	12,06	4,12	34,11	808,32	413,83	394,49
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3080	616,00	694%	126,01	12,06	4,12	34,11	791,30	424,21	367,09
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3080	616,00	694%	126,01	12,06	4,12	34,11	791,30	380,26	376,93
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3130	626,00	733%	132,03	12,06	4,12	11,54	785,77	402,28	383,49
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3080	616,00	694%	126,01	12,06	4,12	34,11	791,30	383,45	405,83
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3130	626,00	733%	132,03	12,06	4,12	25,44	799,65	397,09	410,25
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3080	616,00	694%	126,01	12,06	4,12	34,11	791,30	383,45	373,14
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	2957	591,40	652%	117,45	12,06	4,12	34,11	725,83	353,94	369,09
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3130	626,00	733%	132,03	12,06	4,12	34,11	774,21	391,21	383,00
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	3080	616,00	694%	126,01	12,06	4,12	34,11	757,19	376,88	380,31
<i>Ólafur Þorleifsson</i>	50	10,00	39	7,02	-	-	-	17,02	19,00	-
<i>Samtals</i>	34057	6811,40	7831%	1409,67	132,66	45,32	173,44	8772,49	4557,81	4214,76
	Húð	Kvömm	Húð	Kvömm	Rúll			Rúll		

Mynd 2. *Hlutur skipshafnarinnar á Svani SH 111 veturinn 1934.*



Sigríður SH 97 sem Hrannarfélagið gerði út um skeið í lok 5. áratugarins. Þessi bátur var þó ekkert gerður út frá Grundarfirði enda miklu stærri en aðrir bátar þaðan á þeim tíma og engar aðstæður fyrir svo stóran bát.

Svanur og bar hann sömu einkennisstafi og sá gamli, SH 111. Sá bátur var gerður út frá Stykkishólmi.

Meðfylgjandi er hér mynd af útreikningi á hlut áhafnarinnar á *Svani* veturinn 1934. Voru 12 manns sem reru á honum þann vetur, en reyndar virðist á útreiknuðum hlut að Björgvin Bjarnason hafi róið langminnst, líklega bara einn róður. Sést á þessu að þeir fengu greidda 20 aura fyrir kg af stórfiski en 18 aura fyrir kg af smáfiski. Hafði það verð orðið samkomulag milli Páls og Sigurðar Ágústssonar þá um vorið og var það sama verð og Sigurður hafði greitt fyrir aflann árið áður.⁴³ Páll segir svo frá veiðum þennan vetur að frá 20. nóvember til 31. desember hafi þeir farið 18 róðra með lúðulóðir og fengið 11.400 kg af lúðu.⁴⁴

1.4 Hrannarfélagið

Útgerðarfélagið Hrönn h.f. var stofnað í Grundarfirði árið 1940. Þetta útgerðarfélag er líklega merkilegast fyrir þær sakir að það verður að teljast fyrsta félagið sem formlega var stofnað af heimamönnum. Það verður að teljast til tíðinda að Sigurður Ágústsson, sem átti nánast hlut í öllum bátum í Grundarfirði á þessum tíma, kom hvergi við sögu.⁴⁵ Þetta félag keypti til Grundarfjarðar 16 tonna vélbát, *Sindra* SH 9, sem var smíðaður árið 1934 og varð Finnur Svein-

björnsson formaður á þeim báti. Einn stofnandi Hrannarfélagsins og aðalhvatamaður var Þorkell Jóhann Sigurðsson frá Suður-Bár. Þorkell fæddist 18. september 1908 í Ólafsvík, en foreldrar hans voru þau Sigurður Eggertsson og Ingibjörg Pétursdóttir. Auk þess að fást við útgerð varð Þorkell síðar útibússtjóri Kaupfélags Stykkishólms í Grundarfirði.

Félagið gerði út *Sindra* í nokkur ár, en sumarið 1945 var geysimikið síldarár og þá ákvað félagið að auka starfsemi sína. Héldu tveir menn úr félaginu norður á Akureyri og keyptu þar bát, *Jóhann Dagsson* SH 10, sem var talsvert stærri en *Sindri* eða 24 tonn. Hafði *Jóhann Dagsson*, sem hét áður *Baldur*, verið gerður út á síld á móti öðrum bát þetta mikla síldarsumar en þá var jafnan venjan að tveir bátar væru saman með eina nót. Ferðuðust áhafnarmeðlimir á milli bátanna á pramma t.d. á matmálstímum og aðstaðan var þannig að yfirleitt var borðað undir berum himni. Ásmundur Jóhannsson á Kverná tók við formennsku á *Jóhanni Dagssyni*, en báturinn hét í höfuðið á föður Ásmundar. Sama ár var Þorkell farinn að huga að frekari útgerð, sem leiddi af sér stofnun annars hlutafélags, *Sigríðar* h.f. og varð hann framkvæmdastjóri þess. Félagið keypti tæplega 150 tonna línuveiðara sem nefndur var *Sigríður* SH 97. *Sigríður* var talsvert gamall bátur, byggður árið 1919 í Noregi og var kolakyntur. Var hugmyndin að senda báða þessa nýju báta á síldveiðar á komandi ári. Það olli báðum þessum hlutafélögum talsverðum erfiðleikum að árið 1946 veiddist lítil síld.

Hrannarfélagið rak *Sindra* til ársins 1947. Hann var seinna seldur til Reykjavíkur og hét þar *Brandur* RE 97. *Jóhann Dagsson* var gerður út frá Grundarfirði til ársins 1949, en fór þaðan til Grindavíkur og var skírður *Búi* GK 266. Hrannarfélagið starfaði til ársins 1950.

1.5 Hlutur Sigurðar Ágústssonar í útgerð Grundfirðinga

Í upphafi þessa tímabils sem hér um ræðir var ekki mikið um fjármagn í Grundarfirði eins og svo víða annars staðar á Íslandi. Sjómennskan gat verið góð búbót fyrir bændurna í sveitinni, enda róið frá flestum þeim stöðum sem einhver kostur var á. Með komu vélbátanna jukust möguleikarnir í fiskveiðunum, hægt var að róa lengra út og vera lengur á veiðum, svo eitthvað sé nefnt. En að sama skapi jókst umfangið á útgerðinni, vélbátarnir voru dýrari og meiri kostnaður við rekstur þeirra. Þá fór að fjölga í þeirri stétt manna sem stunduðu fiskveiðar í

meira mæli en áður. En einhvers staðar urðu menn að verða sér úti um fjármagn til þess að kaupa sér báta, sérstaklega þegar bátarnir urðu stærri og dýrari. Ekki var auðvelt að verða sér úti um lán hjá lánastofnunum nema að hafa á bak við sig einhvern fjársterkan aðila sem að var reiðubúinn að gangast í ábyrgðir.

Einn maður gegndi stærra hlutverki í útgerðarmálum í Grundarfirði en aðrir, en það var Sigurður Ágústsson, útgerðar- og verslunarmaður úr Stykkishólmi, síðar alþingismaður. Sigurður var fæddur í Stykkishólmi 25. mars 1897, en foreldrar hans voru Ágúst Þórarinsson og Ásgerður Arnfinnsdóttir. Hann var fulltrúi við verslun Tang-Riis í Stykkishólmi á árunum 1917–1931, keypti síðan fasteignir þeirrar verslunar og hóf þar verslunarrekstur og útgerð. Hann reisti síðan hraðfrystihús sitt í Stykkishólmi árið 1941. Verslunina seldi hann 1966, en hélt áfram atvinnurekstri við fiskvinnslu til æviloka. Hann var með ýmis önnur umsvif, fékkst m.a. við loðdýrarækt í stórum stíl, rekstur brauðgerðar og áætlunarbifreiðar. Honum voru falin margs konar trúnaðarstörf á vegum sveitarfélags, sýslufélags og landssamtaka. Hann sat m.a. í hreppsnefnd Stykkishólms og var í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, svo fátt eitt sé nefnt.⁴⁶

Áhrif Sigurðar í Grundarfirði verða sennilega seint ofmetin. Hann aðstoðaði m.a. marga í trillukaupum. Eftirfarandi er frásögn Soffaníasar Cecilssonar:

Við Bæring keyptum fyrri trilluna, þegar ég var 12 ára, 1936. ... Okkur þótti báturinn svo fallegur að við föluðum hann. Gengið var frá sölunni og átti báturinn að kosta 2.500 krónur, en við áttum ekkert til nema viljann til þess arna. Sigurður Ágústsson frétti af þessu og bauðst til að lána okkur fyrir bátnum. Hann gekk í ábyrgð fyrir okkur...⁴⁷

Rétt er nú að taka fram að Sigurður var frændi þeirra bræðra, Soffaníasar og Bærings, og því má segja að Sigurði hafi eflaust runnið blóðið til skyldunnar. En hér hefur meira spilað inn í. Var nánast sama hver vildi stofna félag um útgerð, ef Sigurður sá einhvern möguleika á að það félag myndi ganga, þá var hann reiðubúinn að vera með í því félagi. Skipti þá ekki máli hvar í pólitíkinni menn stóðu.⁴⁸ Á tímabili átti hann hlut í langflestum þeirra stærri vélbáta sem gerðir voru út frá Grundarfirði og reyndar hafði hann víðar ítök á Snæfellsnesinu. Hann átti *Hamra-Svaninn* í félagi með Páli Þorleifssyni, átti hlut í *Fylki*, ásamt Páli,

sem kom 1944, í *Farsæl* Sigurjóns Halldórssonar árið 1946, *Runólfi* Guðmundar Runólfssonar 1947 og *Grundfirðing* sem Soffanías Cecilsson keypti 1949.⁴⁹

Lán Sigurðar til Grundfirðinga einskorðuðust ekki eingöngu við fjármagn til bátakaupa heldur voru margir sem leituðu til hans þegar þeir hinir sömu voru að ráðast í byggingu á íbúðarhúsnæði á uppbyggingarárum plássins.

Sigurður var einnig með verslun í Grundarfirði, byggði upp verslunarhús þar 1945–1947 og var Páll Þorleifsson verslunarstjóri hjá honum. Var versluninni þannig háttað að Grundfirðingar lögðu lömbin sín inn á haustin og síðan var tekið út í reikning á þau.⁵⁰ Umsvif Sigurðar minnkuðu þegar verslunarfélagið Grund h.f. var stofnað 1954 og keypti verslun og fiskverkun hans í Grundarfirði (sjá kafla 4.3). Það félag skiptist síðar upp í tvennt, Emil Magnússon varð aðaleigandi verslunarinnar, en Soffanías Cecilsson keypti fiskverkunina.⁵¹ Sigurður lést í Stykkishólmi 19. apríl 1976, 79 ára að aldri.

2. Hraðfrystihúsið

2.1 Hraðfrystihús á Íslandi

Íslendingar höfðu frá því á 19. öld verkað mest af þeim fiski sem þeir komu með að landi í salt. Þetta var sú geymsluaðferð sem tíðkast hafði og reynst hafði Íslendingum vel. Frá 1900 til 1930 var nánast allur botnfiskafli sem veiddist hér við land saltaður, en dálítill hluti hans var seldur úr landi sem ísfiskur. Þá var sú venjan að salta þann fisk sem kom að landi á vetrar- og vorvertíðinni og nota vorið og sumarið til þurrkunar, allajafna var saltfiskurinn fluttur út verkaður.⁵² En um 1930 varð breyting þar á. Fram að því hafði gríðarlegt vaxtarskeið átt sér stað, botnfiskafli landsmanna hafði áttfaldast á árunum 1905–1930 og síldaraflinn jókst enn meira. Heimskreppan leiddi síðan af sér mikla sölutregðu á íslenskum fiskafurðum og síðar kom borgarastyrjöldin á Spáni sem jók enn á erfiðleikana, en Spánn var stærsti kaupandi saltfisks frá Íslandi.⁵³ Það var því brýnt fyrir íslenskan sjávarútveg að skoða aðra möguleika í fiskverkun og leita nýrra markaða. Saltfiskverkunin dróst því saman, en á móti kom mikil aukning í hraðfrystingu. Sænsk-íslenska frystihúsið í Reykjavík var fyrsta frystihúsið sem var byggt með fiskfrystingu eingöngu fyrir augum. Það hóf starfsemi 1930 og var í rauninni eina starfandi frystihúsið á Íslandi fram til ársins 1935, en í árslok 1936 voru frystihúsin orðin sex að tölu. Á árinu 1940

fjölgaði hraðfrystihúsunum úr 22 í 31 og í árslok 1940 var verið að byggja 13 hús til viðbótar.⁵⁴

Þessar breyttu aðstæður kölluðu á samstarf á ýmsum sviðum sem leiddi af sér stofnun samtaka og stofnana ásamt þörf fyrir margs konar löggjöf og verklegar framkvæmdir af hálfu hins opinbera. Má þar nefna málaflokka eins og hafnarmál, menntamál, lánamál, tryggingar, fiskmat og skipaskoðun.⁵⁵ Opinber afskipti höfðu verið lítil fram að þessu. Framtak einstaklinganna réð ferðinni og framleiðslutækin voru nær undantekningarlaust í einkaeign. En erfiðleikar fjórða áratugarins leiddu til vaxandi afskipta ríkis og sveitarfélaga og má segja að þá hafi verið horfið frá óheftri markaðshyggju yfir í blandað hagkerfi. Ríkisstjórnir höfðu vaxandi frumkvæði á flestum sviðum atvinnulífsins og í stað frjálsra athafna einstaklinga kom nú skipulagshyggja og miðstýring ríkisvaldsins.⁵⁶ Segja má að Alþingi hafi hafið víðtæk opinber afskipti af málefnum sjávarútvegsins með því að setja lög um Fiskimálanefnd haustið 1934, en sú nefnd starfaði m.a. að framleiðslu- og útflutningsmálum á frystum fiski. Sölu- miðstöð hraðfrystihúsanna var síðan stofnuð 25. febrúar 1942 og tók svo að segja við því hlutverki. Ríkisafskiptin fóru með því yfir á sölusamtök einkaframtaksmanna.

2.2 Upphaf hraðfrystihúss í Grundarfirði

Með aukinni áherslu á hraðfrystingu á kostnað saltfiskverkunar, varð mikill áhugi hjá mörgum byggðarlögum um að innleiða þessa nýju fiskvinnslu hjá sér. Grundfirðingar virðast hafa verið nokkuð fljótir að átta sig á mikilvægi þess að fá starfrækt hraðfrystihús á staðinn. Fyrstu hugmyndir um hraðfrystihús í Grundarfirði virðast hafa komið fram strax árið 1934, en ekkert varð úr því á þeim tímapunkti. Ekki er ljóst hvers vegna hraðfrystihúsmálið komst svo snemma á skrið meðal manna, vélbátavæðingin virðist þó hafa gengið vel árin áður og íshúsið hefur ef til vill sýnt mönnum hvaða möguleika frystihús gat fært þeim.⁵⁷ Fjórum árum síðar eða í ársbyrjun 1938 var hraðfrystihúsmálið tekið upp á hreppsnefndarfundi. Var þar afgreitt erindi til Fiskimálanefndar, þar sem óskað var eftir að hún stæði fyrir ítarlegri rannsókn á skilyrðum fyrir byggingu slíks húss við Grundarfjörð.⁵⁸ Kristlaugur Bjarnason hafði haft milli- göngu um þau mál við Fiskimálanefnd og Axel Kristjánsson, sem þá var aðalráðunatur þeirrar stofnunar, hafði gert lauslega kostnaðaráætlun og teikn-

ingu af húsinu. Var þá miðað við að kaupa svokallaðan Svartaskála og nota hann ásamt dálítilli viðbyggingu. Kristlaugi leist ekki vel á þá hugmynd, hann vildi reisa nýtt hús frá grunni þótt ekki liti vel út með fjármögnun slíkrar framkvæmdar.⁵⁹ Svartiskáli eða Svartiskóli, eins og hann var líka nefndur, var stórt timburhús sem hafði verið flutt frá Kvíabryggju í Grafarnes en áður hafði það verið á Grundarkampi. Húsið átti sér talsverða sögu því það hafði m.a. verið „dómshús“ Jörundar hundadagakonungs, þegar hann tók hér völd og kvað upp sína dóma; húsið dró líklega nafn sitt af því hlutverki.⁶⁰

Þann 6. janúar 1940 var haldinn almennur borgarafundur í þinghúsi hreppsins að Grund þar sem rætt var um þann möguleika að byggja hraðfrystihús í Grundarfirði. Var helsta málið á þeim fundi ástand gamla íshússins og rætt um að selja vélbúnaðinn úr því. Kosnir voru 7 menn til að athuga þessi mál og voru kosnir: Kristlaugur Bjarnason, Þorkell Sigurðsson, Runólfur Jónatansson, Jósef Kjartansson, Finnur Sveinbjörnsson, Ásgeir Kristjánsson og Björn Lárusson.⁶¹ Tæpum fjórum mánuðum síðar var annar almennur hreppsnefndarfundur haldinn um þessi mál og þá voru línur farnar að skýrast. Urðu allmiklar umræður um það hvort, eða á hvaða hátt sveitarfélagið ætti að taka þátt í stofnun og framkvæmd á hraðfrystihúsinu. Var samþykkt að fela hreppsnefndinni að leita fyrir sér um lántöku til handa sveitarsjóði Eyrarsveitar að upphæð allt að 12.000 kr. sem yrðu lagðar fram sem lán til byggingar á hraðfrystihúsi í Grundarfirði. Yrði ekki mögulegt að fá slíkt lán yrði hreppsnefndinni heimilt að taka á sveitarsjóð Eyrarsveitar ábyrgð á sömu upphæð vegna þessarar byggingar. Var jafnframt ákveðið að stofna hlutafélag um rekstur hraðfrystihússins og var gerður sérstakur stofnsamningur vegna þess.⁶² Í septemberbyrjun 1941 var haldinn stofnfundur hlutafélags Hraðfrystihúss Grundarfjarðar. Í stjórn voru kosnir: Kristlaugur Bjarnason frá Grafarnesi sem jafnframt var kosinn formaður, Þorkell Sigurðsson frá Suður-Bár, Finnur Sveinbjörnsson frá Spjör, Páll Þorleifsson frá Hömrum og Bjarni Sigurðsson frá Berserkseyri. Á þessum tíma var búið að taka grunn að húsinu enda ákveðið að byggja nýtt hús frekar en að nota Svartaskála eins og hugmyndir Fiskimálanefndar höfðu miðast við.⁶³ Hlutafjáröfnun gekk vel að því leyttinu til að mikill áhugi var meðal manna í sveitinni um að koma þessu fyrirtæki af stað, en hins vegar hafði fólk ekki úr miklum fjármunum að spila. Hluturinn var seldur á 50 kr. og það fór svo að á annað hundrað manns skráðu sig fyrir hlut í hraðfrystihúsinu, en talsvert var

um það að menn greiddu fyrir með vinnu við byggingu hússins og öðrum tilfallandi verkefnum. Fyrsti framkvæmdastjóri félagsins var Oddur Kristjánsson en hann hafði í raun hafið störf áður en hraðfrystihúsið tók til starfa og tók mikinn þátt í undirbúningsvinnu við að koma húsinu upp. Hafði honum, ásamt Kristlaugi, tekist að safna talsverðum hlutafjárloforðum í Reykjavík. Þeir sem lögðu mest í það voru flestir úr Reykjavík, Hrímfaxi h.f. lagði m.a. fram 10.000 kr. og sömu upphæð lögðu fram þeir Hafsteinn Bergþórsson og Ingvar Vilhjálmsson.⁶⁴

Húsið var steipt á haustdögum 1941, en það fékkst ekkert þakefni og því var þak ekki sett á húsið fyrr en vorið 1942.⁶⁵ Steypan í húsið var keyrð í mótin í hjólbörum og var það nýjung í Grundarfirði. Yfirleitt var steipt í fötum, en þarna voru gerðir stillansar og síðan var steypan keyrð upp hæðirnar og sturtað í mótin. Hærivél var á svæðinu, þótt afkastalítil væri, en hún var stöðugt að bila. Veggirnir voru síðan einangraðir með torfi. Margt bar nýtt fyrir augu Grundfirðinga í þessari framkvæmd. Hurðirnar í frystiklefana vöktu t.d. talsverða athygli meðal þeirra sem að þessu stóðu í Grundarfirði, þær voru þykkar með sérstakri læsingu og var það mikill útbúnaður sem hafði ekki sést áður. Önnur nýjung sem kom með byggingu hraðfrystihússins var sturta. Í húsinu var sett upp salernisaðstaða og þar var örlítið skot sem ákveðið var að nýta fyrir eina sturtu, sem líklega var sú fyrsta í Grundarfirði. Þetta reyndist mikil bót fyrir fólkið því ekki var alltaf auðvelt að komast í hreinlætisaðstöðu.⁶⁶

Þéttbýlismyndunin í Grafarnesinu fór að hefjast fyrir alvöru um það leyti sem hraðfrystihúsið fór af stað. Eftir að bygging þess var hafin var farið að huga að íbúðarbyggingum og þeir sem byggðu sér íbúðarhús á þeim tíma voru m.a. Oddur Kristjánsson og síðar Hrólfur Árnason vélstjóri og Sigurjón Guðlaugsson bílstjóri. Fleiri fylgdu á eftir og má segja að nánast allir íbúar Kvíabryggju, sem voru 59 samkvæmt manntali 1940, hafi flust frá Kvíabryggju og í Grafarnesið á tveimur árum.⁶⁷ Árið 1943 var gerður skipulagsuppráttur af Grafarnesinu sem var staðfestur af félagsmálaráðuneytinu 12. desember 1944. „Athugun á staðnum haustið 1944 leiddi í ljós að þau 8 hús sem reist höfðu verið á árunum 1943 og 1944 höfðu verið staðsett eftir stikun og augnmáli, því hvorki var til málband né hornspegill í plássinu.“⁶⁸

2.3 Erfiður rekstur

Hraðfrystihúsið hóf vinnslu á árinu 1942, en það fór ekki á milli mála að reksturinn gekk í fyrstu erfiðlega, svo ekki sé meira sagt. Frekar illa gekk að innheimta allt hlutféð sem lofað hafði verið. Hafði það í för með sér að erfiðlega gekk að greiða vinnulaun og fleira í sambandi við húsbygginguna. Þurfti stjórn hraðfrystihússins fljótlega að samþykkja að taka víxillán að upphæð allt að 10.000 krónur.⁶⁹ Í árslok 1942 kom stjórn hraðfrystihússins saman ásamt stjórn Verkalýðsfélagsins Stjórnumnar úr Grundarfirði og var tilefni fundarins að reyna að komast að samkomulagi um kaup og kjör verkafólks við frystihúsið á komandi vertíð. Ljóst var þá að ekki myndi verða hægt að starfrækja húsið þennan vetur nema tækist að lækka rekstrarkostnað hjá því. Var þá hugmynd stjórnar hraðfrystihússins að lækka kaup auk annarra aðgerða.⁷⁰ Verkalýðsfélagið var áberandi á fyrstu árum hraðfrystihússins og hélt áfram að berjast fyrir herra kaup fyrir starfsmenn. Um áramótin 1943–1944 hótaði félagið að segja upp samningunum sem höfðu verið gerðir þá um vorið. Í umræðunum sem um það spunnust kom fram hver kjör verkamanna voru á Snæfellsnesi og í Reykjavík, en ljóst var að hvert verkalýðsfélag samdi í sinni sveit. Samkvæmt þeim samningum voru daglaun verkamanns í Stykkishólmi 41,44 kr. (5,18 kr. á tímann), í Ólafsvík 36,24 kr. (4,53 kr. á tímann) og í Reykjavík 42,72 kr. (5,34 kr. á tímann). Í Grundarfirði voru daglaunin 45,30 kr. (4,53 kr. á tímann), en þar var vinnudagurinn 10 klukkustundir á meðan hann var 8 klukkustundir á þremur fyrrnefndu stöðunum. Stjórn hraðfrystihússins biðlaði til verkafólks að stilla sínum kröfum í hof þannig að ekki þyrfti að koma til stöðvunar hússins.⁷¹ Lítið var rætt um ársreikninga eða uppgjör þeirra á þessum tíma í fundargerðabókum félagsins. Þó kemur fram að reikningar fyrir árið 1945 sýndu taprekstur upp á 20.000 kr.⁷²

Árið 1946 fékk stjórn hraðfrystihússins heimild frá Nýbyggingarráði Íslands til að fá allt að 400.000 kr. lán úr Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, lán sem Oddur hafði áður sótt um. Stjórnin var sammála um að nýta sér þessa heimild, í ljósi þess að mjög aðkallandi var að hefja framkvæmdir á húsinu, en teikningar lágu fyrir. Hraðfrystihúsið gat ekki tekið á móti öllum þeim afla sem barst á land, nema með því að auka bæði afköst og geymslurými.⁷³

Nokkuð var vegið að rekstrinum árið 1947, svo mikið að málefni hraðfrystihússins komu til umræðu hjá hreppsnefndinni. Voru m.a. vandræði með útvegum á húsakosti til fisksöltunar og útvegum á salti nefnd til sögunnar. Að

afloknum fundi hreppsnefndarinnar boðaði oddviti hreppsnefndarinnar stjórn hraðfrystihússins og framkvæmdastjóra, ásamt útgerðarmönnum úr Grundarfirði, á fund til að ræða sameiginlega lausn á þessu erfiða ástandi. Var þar tekin ákvörðun um að kaupa til Grundarfjarðar birgðaskemmu eða bragga til að salta fisk í. Jafnframt var ákveðið að kostnaði sem af þessu hlytist yrði skipt þannig: Útgerðarmenn greiddu 1/2, hraðfrystihúsið 1/4 og sveitarsjóður Eyrarsveitar 1/4.⁷⁴ Nú kann það að vekja furðu að stóra vandamálið í rekstri hússins hafi verið tengt saltfiskverkun, en ástæðan var sú að á yfirstandandi vertíð hafði aðeins lítið magn af frystum fiski verið flutt út frá frystihúsinu, en húsið hafði verið nærri fullt í ársbyrjun 1947. Þá var ekki annað hægt en að salta þann fisk sem óunninn var, en skilyrði fyrir því voru mjög erfið eins og fram hefur komið.⁷⁵ Oddur Kristjánsson sagði síðar frá því að ekki hafi verið fullkomin sátt um þessar framkvæmdir og óeining hafi verið hjá útgerðarmönnum og mönnum sem hraðfrystihúsið réð til verksins og var hann, sem framkvæmdastjóri hraðfrystihússins, óánægður með framlag útgerðarmannanna.⁷⁶ Þetta er dæmi um þá hagsmunaárekstra sem oft gætti á þessum upphafsárum hraðfrystihússins. Mennt sátu oft beggja vegna borðsins því í stjórn hraðfrystihússins sátu útgerðarmenn sem tóku þátt í að ákveða hversu mikið hraðfrystihúsið greiddi fyrir fiskinn sem kom að landi, fisk sem þeir sjálfir voru að fiska.

Þann 18. apríl 1947 kom stjórn hraðfrystihússins saman til að ræða bréf frá Oddi Kristjánssyni, þar sem fram kemur að hann, sem framkvæmdastjóri hraðfrystihússins, segi starfi sínu lausu.⁷⁷ Rúmum 5 mánuðum síðar ákveður stjórnin að ráða Karl Stefánsson, sem þá var búsettur að Ránargötu 10 í Reykjavík, í starf framkvæmdastjóra.⁷⁸ Karl gegndi síðan þessu starfi út það tímabil sem hér um ræðir. Brotthvarfi Odds fylgdi talsverður eftirmáli, en deilur voru m.a. um það hvort hann ætti fé inni hjá fyrirtækinu. Hins vegar var stjórnin ósátt við hvernig Oddur skilaði af sér reikningum fyrirtækisins.⁷⁹ Lauk þeim málum á aðalfundi í desember árið 1950 þar sem samþykkt var tillaga um að stöðva þá málshöfðun sem hafin var á hendur Oddi og reyna að leysa málin með samningum sem allir málsaðilar gætu verið sáttir við. Greinilegt var að stjórnin hafði ekki verið einhuga um þessa málshöfðun.⁸⁰

Áfram var barist við að halda rekstrinum gangandi. Haustið 1947 hafði framkvæmdastjórinn, Karl Stefánsson, farið til Reykjavíkur og reynt að fá lán hjá Útvegsbankanum, sem þá var aðalviðskiptabanki hússins. Lánið átti að

nota til að greiða áfallin vinnulaun en stjórn hraðfrystihússins hafði áhyggjur af því að þetta gæti leitt til þess að stöðva þurfti rekstur hússins. Ekki kom fram hversu stórri upphæð þeir sóttust eftir, en bankinn synjaði þeim á þeim forsendum að hann taldi sig vera búinn að lána allt sem hægt væri að lána út á framleiðsluna. Tók stjórnin þá ákvörðun að ná einhverju rekstrarfé út úr fasteignum félagsins, með öðrum veðrétti.⁸¹

Af þessu má sjá að rekstur hraðfrystihússins var enginn dans á rósum. Menn þurftu sífellt að hafa allar klær úti til að halda honum gangandi. Það lýsir sér vel í því að reynt var að sækja í alla þá sjóði og styrki sem hægt var. Ekki var heldur alltaf sátt um reksturinn. Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f. var eitt af fimmtán hraðfrystihúsum sem stóðu fyrir stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna þann 25. febrúar 1942.⁸² Miklar deilur urðu síðan þegar Samband íslenskra samvinnufélaga komst í meirihluta í stjórn hraðfrystihússins og það fluttist frá SH yfir til Sambandsins, en margir heimamenn voru ekki ánægðir með þá þróun. Gekk málið svo langt að yfirtakan var kærð til dómsmálaráðuneytisins. En ekkert þótti athugavert við þessa aðgerð Sambandsins.⁸³ Heimamönnum fannst þó gengið fram hjá sér og þeir útilokaðir frá öllu starfi í stjórn hraðfrystihússins. Þetta gerði það þó að verkum að þeir fóru að leita annarra leiða í fiskverkun.

2.4 Lífið í hraðfrystihúsinu

Hraðfrystihúsið hafði mikil áhrif á Grundarfjörð. Nú var hægt að fá dagvinnu í hraðfrystihúsinu sem var mikilvæg viðbót við þá atvinnumöguleika sem voru fyrir. Fólk hafði aðallega stundað sinn búskap og sjómennsku. Daglaunastörf höfðu ekki verið í boði í sveitinni svo neinu nam.

Það var ekki aðeins vinnan sem slík sem var ný, heldur breyttust vinnsluaðferðir á hráefninu í hraðfrystihúsinu. Áður hafði fiskurinn verið unninn í salt, en nú var hann að mestu leyti frystur og krafist var miklu meira hreinlætis og vinnubragða sem voru á vissan hátt óþekkt í saltfiskverkuninni. Í saltfiskverkuninni klæddust menn því sem hverjum og einum sýndist, en þarna varð breyting á. Strax á fyrstu árum hraðfrystihússins var starfsfólkið látið klæðast sloppum, svipuðum og þekkest í dag. Þurfti starfsfólkið að kaupa slíka sloppa sjálft og sjá sjálft um að þvo þá. Jafnframt þurfti að strauja þá því ekki þýddi að koma í vinnuna í óstraujuðum slopp. Ætlast var til að starfsfólkið væri ekki bert um höfuðið heldur bæri einhverja klúta eða eitthvað þvíumlíkt á höfðinu.

Þessi vinnubrögð voru tekin upp strax á fyrstu árum hraðfrystihússins í kringum 1943–44. Jafnframt var mikil áhersla lögð á að öll áhöld væru vel skrábuð og þrífín eftir notkun.⁸⁴

Á þessum tíma hófst vinnan klukkan 7 á morgnana á sumrin, en klukkan 8 á veturna. Ástæðan fyrir þessum mismun var einfaldlega sú að starfsfólkið gæti verið búið að vinna fyrr á sumrin, það þótti áriðandi í sveitasamfélaginu. Að jafnaði var reynt að klára þann fisk sem til var í húsinu, en oft var ekki hægt að anna öllum þeim fiski sem kom að landi og því var alltaf eitthvað sem var verkað í salt. Var gamla íshúsið á Gilósi oftast ekki notað sem geymsla fyrir þann saltfisk. Ef mikið fiskaðist var oft unnið langt fram á kvöld og komið svo aftur til vinnu snemma næsta morgun.

Vinnslan fór þannig fram að fiskurinn var flakaður, roðflettur og síðan var honum pakkað. Flökunum var pakkað í þykkann blaðabunka sem var líkastur því að vera vaxborinn. Þessum blöðum var komið fyrir í móti sem var trégrind til að hver pakkning væri af sömu stærð. Pakkningunni var síðan komið fyrir á pönnum sem voru síðan frystar. Að frýstingunni lokinni var pakkningunum slegið úr pönnunni og pakkað ofan í pappakassa.⁸⁵ Þessi blöð hétu pergamentblöð, öðru nafni smjörpappír. Pappakassarnir voru nýbúnir að ryðja sér til rúms, en áður hafði fiskurinn verið frystur og sendur erlendis í trékössum. Haustið 1942 var orðið ljóst að kostnaðurinn við þessa trékassa var orðinn of mikill hjá mörgum hraðfrystihúsum. Var það eitt fyrsta verk Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna að annast þá umleitun sem lyktaði með því að um áramótin 1942–1943 festi stjórn SH kaup á tuttugu og fimm þúsund pappakössum, en með þeirri aðgerð var reynt að fá kostnað niður. Þessi arftaki trékassanna, bylgjupappakassinn, hefur haldið velli allt fram á þennan dag.⁸⁶ Það verður því að teljast líklegt að hraðfrystihúsið í Grundarfirði hafi notast við trékassa í upphafi þótt það hafi ekki hafa verið í langan tíma.

Aðstæðurnar til vinnu voru að mörgu leyti erfiðar, sérstaklega vegna kulda. Oftast en ekki komu vélamennirnir með heitt vatn af vélunum sem starfsfólkið gat notað til að ná mesta kuldanum úr höndunum áður en haldið var áfram. Engar vélar sem unnu fiskinn voru komnar, allt var handflakað og handunnið. Frystivélar, sem frystu fiskinn, voru með dínamó og á fyrstu árunum var hægt að nýta til að knýja rafmagn í húsin í plássinu, þegar þær voru í gangi. Það var þó bara rétt til þess að hafa ljós í húsunum, ekki var hægt að nýta aflíð

t.d. til að elda. Síðan var slökkt á vélunum um klukkan hálf tólf eða tólf á kvöldin og þá urðu öll húsin rafmagnslaus.⁸⁷ Sett var upp vatnsveita fyrir hraðfrystihúsið þegar starfsemi þess hófst, ekki mátti nota sjó við vinnsluna, en þá var ekki búið að leggja vatnsveitu í íbúðarhúsin í Grundarfirði. Það kom hins vegar fljótlega og um haustið 1943 var vatn komið í flest hús í þorpinu.⁸⁸

Vísir að verbúð kom líka nokkuð snemma. Svartiskáli sem minnst hefur verið á áður gegndi því hlutverki. Hann var staðsettur u.þ.b. mitt á milli þar sem vigtarskúrin var við höfnina er og gamla kaupfélagshúsið stendur. Í upphafi var útbúin aðstaða fyrir beitningu í neðri hluta hússins en síðar var efri hluti hússins tekinn í gegn og útbúinn fyrir hraðfrystihúsið. Voru þar herbergi og mötuneyti ásamt nokkuð rúmgóðum sal þar sem hægt var að halda böll og aðrar skemmtanir. Verbúðin var hugsuð fyrir þá sveitunga sem ekki gátu komist heim til sín eftir vinnudaginn.⁸⁹ Svartiskáli brann árið 1952, en árið 1957 var lokið við að byggja nýja verbúð þar sem Hótel Framnes er nú til húsa. Á þeim tíma var orðið meira um aðkomufólk í hraðfrystihúsinu, þónokkrir komu t.d. norðan úr landi. Það fólk vann hins vegar fyrst og fremst á vetrarvertíðinni, kom eftir áramótin og var fram á vor. Ekkert mötuneyti var í hraðfrystihúsinu sjálfu heldur var það í verbúðunum og þá aðeins fyrir aðkomufólkið. Venjan var að heimamenn sem unnu í hraðfrystihúsinu færu heim í matar- og kaffitímum. Um og eftir 1950 varð oft að loka hraðfrystihúsinu á sumrin þegar flestallir bátarnir fóru norður á síld. Bátarnir reru frá Grundarfirði á veturna og útvegðu hráefni í hraðfrystihúsið og oft gat verið mikið að gera á þessum tíma. Hefðbundinn vinnutími var frá klukkan 8 á morgnana til 7 að kvöldi sem síðan breyttist á þessu tímabili yfir í 8 á morgnana til klukkan 5 síðdegis. Þá fékk starfsfólkið borgaða eftirvinnu frá klukkan 5 til klukkan 7, en næturvinnukaup eftir það. Gat það komið fyrir að unnið var fram yfir miðnætti, en byrjað síðan aftur daginn eftir klukkan 8 að morgni.⁹⁰

Um 1950 lá vinna við fisk niðri í hraðfrystihúsinu í tvær til þrjár vikur á haustin á meðan sláturtíðin stóð yfir. Voru þær verslanir sem voru í Grundarfirði á þessum tíma, annars vegar Verslun Sigurðar Ágústssonar og hins vegar útibú frá Kaupfélagi Stykkishólms, með sameiginlegt sláturhús. Slátrað var í Langaskúr sem var fiskmóttökuhús hraðfrystihússins.⁹¹ Enn var allt handflakað og engar vinnsluvélar komnar, sú fyrsta, roðflettivélin kom um 1960. Karlsmennirnir sáu allajafna um að flaka og um pönnurnar, en konur unnu við snyrtingu

og þökkun. Karlmennt höfðu hærra kaup en konur, en ef konur flökuðu fengu þær kaup á við karla. Það var mikil vinna að handflaka allan fiskinn sem kom að landi og voru oft mikil læti því þeir þurftu að hafa undan konunum sem snyrtu.⁹²

Með hraðfrystihúsinu færðist nýtt líf í sjávarútveginn í Grundarfirði. Árið 1943, ári eftir að það tók til starfa, var haldið upp á sjómannadaginn í fyrsta sinn. Sigríður Pálsdóttir sem þá var á 18. ári minnst þess:

Sunnudagur, 6. júní. Sjómannadagur. Slysavarnafélagið hélt skemmtun í þinghúsinu en veitingar voru heima á Grund. Þetta er í fyrsta skipti sem haldið er upp á sjómannadaginn hér. Sigurður Daðason skemmti með vísum eftir sjálfan sig. Runólfur Jónatansson og Oddur Kristjánsson fluttu ræður á skemmtuninni og svo báðu karlaskammirnar okkur stelpurnar að syngja (en létu okkur ekki vita um það fyrirfram). Við gerðum það nú fyrst fjórar, Imba, Gugga, Ása og ég. Við fórum bara nokkrum sinnum út af laginu, svo sungu allir og það var nú ólíkt skárra.⁹³

3. Hafnaraðstaðan

3.1 Upphaf hafnarframkvæmda

Á mörgum stöðum í sveitinni var ágæt aðstaða til lendingar fyrir bátana frá náttúrunnar hendi. Fyrstu framkvæmdir til að bæta aðstöðu báta í Grafarnesinu var svokallaður skans sem Jóhannes Jónsson byggði til að auðvelda fisklöndun (sjá kafla 1.1). Fyrsti vísir að bryggju í Grundarfirði var byggður árið 1932 og var það Sigurður Þorsteinsson sem stóð að því. Það var í raun aðeins lítill bryggjustúfur sem var gerður úr grjóti og steypu og var 8 x 14 metrar að flatarmáli. Ekki var hægt fyrir bátana að leggjast að þessum stúf nema á flóði.⁹⁴ Guðmundur Runólfsson minnst þess:

Var hér þá engin bryggja, en Sigurður Þorsteinsson var upphafsmaður að því að gera hér bryggju. Hann byrjar á því að gera hana fram af smá skansi, sem kallaður var, og var mjög fallega hlaðinn og notaði til þess fjörugrjótið eins og það kom fyrir, en það var vel lagað til hleðslu. Þetta var mjög fallett mannvirki, þó að ekki væri það stórt, en aukið var við

það smátt og smátt.⁹⁵

Þetta sama ár, 1932, voru gerðar frekari viðbætur. Bryggjustúfurinn var lengdur um 19 metra, en breidd framlengingarinnar var 5 metrar. Útveggirnir voru úr steinsteypu með grjótfyllingu á milli og steyptri þekju, en kostnaðurinn við það nam um 9 þúsund kr. Árið 1934 var bryggjan lengd um 10 metra á sama hátt og náði hún nokkuð fram fyrir stórstraumsfjöruborð. Kostnaður nam um 8 þúsund krónum.⁹⁶ Bryggjugerð á þessum árum var ekki auðveld vinna, en eitt af því sem þurfti að gera var að sækja grjót út fyrir Grafarnesið á árabát. Var þá hafður sá háttur á að þeir sem voru um borð í grjótbátum skiptust á að róa og þurftu aðeins að róa aðra leiðina, en gátu setið og hvílt sig hina.⁹⁷ Í fundargerðum hreppsnefndarinnar þessi fyrstu ár fjórða áratugarins voru hafnar- aðstaðan og bætur á henni ansi fyrirferðarmiklar. Mönnum var mikið í mun að koma hafnarmálunum í betra horf en eins og í mörgu öðru þá var þetta spurning um hvar ætti að fá fjármagn til framkvæmdanna.

Á hreppsnefndarfundi þann 14. mars 1934 var samþykkt gjaldskrá fyrir bátabryggjuna í Grafarnesi. Líklega er þetta fyrsta gjaldskrá sem gerð var í sveitinni. Eftir nokkrar umræður voru samþykkt eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Þeir mótorbátar sem stunda fiskróðra og nota bryggjuna til að kasta upp á hana fiski til aðgerðar eina vertíð eða lengur á ári hverju skulu greiða gjald í bryggju- sjóð Eyrarsveitar sem hér segir:

1. Bátar frá 20 til 40 rúmlestir	50 kr.
2. Bátar frá 10 til 20 rúmlestir	25 kr.
3. Bátar frá 5 til 10 rúmlestir	10 kr.
4. Opnir trillubátar	5 kr.

2. gr.

Af öllum vörum bæði innlendum og erlendum sem fluttar eru eftir bryggjunni skal greiða gjald sem hér segir:

1. Af kolum	50 aura af hverri smálest.
2. Af sementi	50 aura af hverri smálest.

3. Af salti	50 aura af hverri smálest.
4. Af saltfiski, verkuðum og óverkuðum	5 aura fyrir hvert kíló.
5. Af kjöt-, síldar-, olíu- og lýsistunnum	20 aura af hverri tunnu.
6. Af timbri	4 aura fyrir hvert lengdarfet að rúmmáli.
7. Af öllum öðrum vörum	20 aura af hverjum 100 kílóum.

3. gr.

Ekki skal taka gjald nema einu sinni af hverri vörutegund. Af innlendum vörum þegar þeim er skipað út, og af erlendum vörum þegar þeim er skipað í land.

4. gr.

Undanþegin eru þessu gjaldi, veiðarfæri, olíur og áhöld sem tilheyra bátum sem stunda veiðiskap frá Grafarnesi, ef bátarnir sjálfir hafa flutt það frá öðrum höfnum. Einnig er póst- og farþegaflutningur undanþeginn þessum gjöldum.

5. gr.

Afgreiðslumönnum strandferðaskipanna er skylt að innheimta þetta bryggju-gjald af öllum þeim vörum sem strandferðaskipin flytja til og frá Grafarnesi og skila oddvita hreppsnefndar því eftir hverja ferð sem skipin hafa haft viðkomu í Grafarnesi.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Undir þetta skrifa Bárður Þorsteinsson, Páll Þorleifsson og Ásmundur Jóhannsson.⁹⁸

Þess má geta að nokkuð var um að strandferðaskip, sem vísað er til í 5 grein, kæmu til Grundarfjarðar á þessum tíma. Vöruflutningar fóru að mestu leyti sjóleiðis með strandferðaskipunum og bryggjuleysið gerði það að verkum að flytja þurfti allar vörur á litlum bátum milli fjöru og skips.⁹⁹

3.2 Fjármagn til framkvæmda

Þann 5. janúar 1937 hélt hreppsnefndin í Grundarfirði fund og var þar m.a.

ákveðið að hreppsnefndin færi fram á það við Alþingi að á fjárlögum næsta árs yrði veitt allt að 4.000 kr. til lendingarbóta í Grundarfirði.¹⁰⁰ Á fjárlögum fyrir árið 1938 eru 2.000 kr. veittar til bryggjугerðar og lendingarbóta í Grafarnesi og var það tekið fram að það væri fyrri greiðsla.¹⁰¹ Á fjárlögum næsta árs, fyrir árið 1939, var síðari greiðslan sem veitt var til sveitarfélagsins, en hún nam 2.200 kr.¹⁰² Samkvæmt þessu var heildarupphæðin því 4.200 kr. Samkvæmt hreppsnefndarabókum var hins vegar alltaf talað um að þessi upphæð hefði verið 4.000 kr.¹⁰³ Það sem gerði hins vegar Grundfirðingum erfitt fyrir að nýta sér þessa peninga var að Alþingi hugsaði þetta framlag sem 1/3 af því fjármagni sem til verksins þurfti. Annars staðar frá þurftu að koma 2/3 hlutar, 8.400 kr. eða 8.000 kr., eftir því hvor talan var rétt. Það átti eftir að reynast þrautin þyngri að útvega þá peninga. Af þessum 2/3 hlutum reiknaði hreppsnefndin að u.þ.b. helming þurfti sveitarsjóður að greiða en hinn helminginn yrði að fá eftir öðrum leiðum, og var m.a. talað um að athuga framlagsgetu landeiganda Grafarness. Í byrjun árs 1939, þegar ljóst var að Alþingi legði fram þessa peninga, kom fram að hreppsnefndin sæi ekki fært fyrir sveitarfélagið að leggja fram sinn hluta að svo stöddu.¹⁰⁴ Tæpum fjórum mánuðum seinna var enn ekki komin niðurstaða um nýtingu á þessu fé frá Alþingi, aðeins talað um að fjárveitingin yrði geymd þangað til aðstæður væru fyrir hendi í sveitinni til að hefja verkið og að það yrði tímanlega á árinu 1940.¹⁰⁵ Framkvæmdir hófust á því ári en með þeim gátu bátar 10–15 tonn að stærð verið við bryggju, svona oftast nær.¹⁰⁶

3.3 Frekari hafnarframkvæmdir

Á árunum 1942–1943 var lokið við fyrsta áfanga hafskipabryggjunnar í Grafarnesi. Í ársbyrjun 1942 kemur fram hjá hreppsnefndinni að þá liggi fyrir uppdráttur af hafnarmannvirkjum fyrir Grafarnesið, sem gerður var af Vitamálastofnun og sótti hreppsnefndin síðan um fjárveitingu til Alþingis.¹⁰⁷ Var hafskipabryggjan byggð austar úr nesinu um 40 metra norðan við bátabryggjuna. Sá hluti var um 64 metrar á lengd og 7 metrar á breidd. Bryggjan var þannig gerð að hliðarveggirnir voru steyptir og með grjótfyllingu á milli og þekjan var steypt. Kostnaður nam um 255 þúsund kr. Árið 1946 var bryggjan lengd um 22 metra eða fram á 3 metra dýpi. Steinsteypukeri, 7 x 7 metrar að grunnflatarmáli, var sökkt 15 metrum framan við bryggjuendann og steyptir útveggir



Bryggjuframkvæmdir í Grundarfirði.

milli kers og bryggjuendans. Holrúm voru fyllt grjóti og þekja steyp t yfir. Sama ár var bátabryggjan lengd um 10 metra á sama hátt og áður og náði nú fram á 1 metra dýpi. Kostnaður við þessar framkvæmdir nam um 607 þúsund kr.

Tvær stórar framkvæmdir voru síðan á sjötta áratugnum. Árið 1953 var bryggjan lengd á sama hátt og áður um 15 metra og var fremsti hluti bryggjunnar breikkaður úr 7 metrum í 10 metra. Kostnaður nam um 645 þúsund kr. Árið 1959 var bryggjan enn lengd á sama hátt, en nú um 20 metra, og nokkur hluti bryggjunnar fyrir ofan breikkaður í 12 metra þannig að fremstu 40 metrar bryggjunnar yrðu 12 metrar á breidd. Kostnaður nam um 1.780 þúsund kr.¹⁰⁸ Það var loks með þessum framkvæmdum að hafnaraðstaðan var orðin viðunandi fyrir þá báta sem gerðu út frá Grundarfirði á þeim tíma.¹⁰⁹

4. Aukin útgerð á fimmta og sjötta áratugnum

4.1 Skipaflotinn stækkar

Bátafloti Grundfirðinga tók miklum stakkaskiptum eftir að hraðfrystihúsið tók til starfa. Þegar það gerðist voru stærstu bátarnir *Sindri*, sem var 16 tonn, og *Svanur* var 13 tonn. Um þetta leyti batnaði hafnaraðstaðan talsvert (sjá kafla 3.3) og öll aðstaða fyrir stóra báta varð mikið betri. Enda varð þróunin þannig að um miðjan fimmta áratuginn fór að fjölga stærri bátunum í Grundarfirði. Smærri bátar, árabátar, trillur og litlir mótorbátar, höfðu veitt á handfæri og

línu. Stærri bátarnir veiddu mikið á dragnot, stundum nefnd snurvoð, en ekki var almenn sátt um þá veiðiaðferð: „Krókaveiðimennirnir urðu strax uppi á móti voðinni og færðu rök fyrir skaðsemi hennar. Ekkert fengist á krókin þar sem ... snurvoðin færi yfir. Þeir töldu voðina róta upp leir og sandi. Þannig gengu árin til 1946”.¹¹⁰ Eftir það var reynt að gera út á síld með reknetum, snurpunót og hringnót. Um 1950 fóru stærri bátar að sækja til síldveiða norður í land yfir sumartímenn. Þessi veiði gekk ágætlega, enda var síld oft fryst og eitthvað var um að hún væri söltuð á árunum 1950 til 1960 eða lengur. Þegar nær dró 1960 breyttu menn um veiðarfæri á vetrarvertíð, en árið 1957 eða 1958 var almennt að þorskanet voru tekin.¹¹¹ Eitthvað var veitt af síld í firðinum um þetta leyti, en segja má að því hafi lokið haustið 1953. Það haust var mjög mikil síld og segja má að fjörðurinn hafi nánast fyllst. Segir annars frá síldveiðum í Grundarfirði árið 1953:

Í októbermánuði síðastliðnum töldu sjómenn í Grundarfirði sig verða vara við síld öðru hvoru. Hún óð ekki og fékkst heldur ekki í net, en hins vegar varð vart við hana á dýptarmæla. ... Um mánaðamótin okt.-nóv. ætlaði m/b Arnfinnur að reyna að fiska þorsk í herpinót. Áður en reynt væri við þá veiði, fann báturinn síld í Grundarfirði þann 3. nóvember og fékk þá á skömmum tíma 863 mál, sem voru lögð á land í Stykkishólmi daginn eftir.

Þegar þessar fregnir bárust, tóku útgerðarmenn þegar að búa skip til herpinótaveiða í Grundarfirði, einkum á verstöðvum við Faxaflóa og á Snæfellsnesi. Nokkur skip komu einnig til veiða frá Vestfjörðum og Norðurlandi. ... Um skeið var ágæt veiði í firðinum, en tregaðist fljótt, þá er veiðiskipum fjölgaði, enda var veiðisvæðið mjög lítið.

Talið er, að um 40 skip hafi farið til veiða í Grundarfjörð, en aflaskýrslur bárust frá 35 skipum, sem öfluðu 33713 mál... Verksmiðjurnar munu flestar hafa greitt kr. 60.00 fyrir málið, og hefur aflaverðmætið til útgerðarmanna því verið um tvær millj. króna.¹¹²

Um miðjan nóvember gerði aftakaveður og aðfaranótt mánudagsins 16. fórst síldveiðiskipið *Edda* frá Hafnarfirði, aðeins nokkur hundruð metra undan landi þar sem það lá við festar inni á Grundarfirði ásamt mörgum öðrum skipum. Af

Blíðfari SH 103 á leið í land með fullfermi árið 1960.

17 manna áhöfn skipsins fórust 9 skipverjar, flestir frá Hafnarfirði. Eftir þetta ofviðri var ekki frekari síldveiði í Grundarfirði það árið og í raun varð ekki vart við síld í firðinum eftir þetta, a.m.k. ekki í þeim mæli sem hafði verið.¹¹³

Heildarfiskafli Grundfirðinga jókst vitaskuld gríðarlega mikið á þessum árum. Árið 1942 var hann 860 tonn en var kominn í 1027 tonn árið 1950. Aflinn jókst enn frekar á sjötta áratugnum og árið 1960 er heildarfiskafli Grundfirðinga kominn í 3594 tonn.¹¹⁴



4.2 Útgerð hraðfrystihússins

Fyrstu heimildir um að hraðfrystihúsið fari að þreifa fyrir sér í eigin útgerð eru frá árslokum 1949. Þá lýsti stjórn þess yfir að þörf væri fyrir meira hráefni til vinnslu fyrir húsið og velti upp þeirri hugmynd um að fá leigðan bát yfir vetrarvertíðina sem yrði þá í félagi með *Páli Þorleifssyni*.¹¹⁵ Rúmlega ári síðar voru viðræður um að hraðfrystihúsið yrði meðeigandi að bát sem ráðgert var að þá nýstofnað hlutafélag í sveitinni keypti. Höfðu forráðamenn þess hlutafélags farið fram á það við hraðfrystihúsið að það legði fram 50.000 kr. af hlutabréfum til kaupa á þessum bát. Lýsti stjórn hraðfrystihússins sig reiðubúna að leggja fram 20.000 kr., þrátt fyrir erfiðan fjárhag. Fékk formaður stjórnarinnar umboð þess efnis og var falið að mæta fyrir hönd hraðfrystihússins á fund hjá hinu nýja hlutafélagi. Ekki kom fram hvað þetta hlutafélag hét né heldur hverjir voru í forsvari fyrir það.¹¹⁶ Á þessum árum var ekki mikill áhugi meðal stjórnar hraðfrystihússins, að leigja bát, t.d. yfir eina vetrarvertíð. Var almennt álitíð að það væri aðeins bráðabirgðaúræði sem hefði mikla fjárhagslega áhættu. Virtust menn horfa frekar í það að hraðfrystihúsið myndi kaupa bát, þá jafnvel í félagi með öðrum eins og fram hefur komið. Síðar fór hraðfrystihúsið að leigja

báta til lengri eða skemmri tíma.

Fyrsti báturinn sem hraðfrystihúsið keypti var *Sæfari* SH 104 í ársbyrjun 1956. Það var 44 tonna bátur sem hafði verið smíðaður árið 1928 og hét áður *Vébjörn* ÍS 45, gerður út frá Ísafirði. Hraðfrystihúsið var eini eigandi bátsins, en í stjórn félagsins á þessum tíma sátu Pétur Sigurðsson, Jóhann Ásmundsson, Gunnar Stefánsson, Karl Stefánsson, allir búsettir í Grundarfirði og loks Halldór E. Sigurðsson, búsettur í Borgarnesi.¹¹⁷ Þess má geta að Halldór var bróðir Þorkels sem var framkvæmdastjóri Hrannarfélagsins (sjá kafla 1.4) og ólust þeir upp á tímabili í Suður-Bár. Halldór varð síðar þingmaður og ráðherra fyrir Framsóknarflokkinn og var m.a. formaður flokksins í stuttan tíma. Það sem vekur athygli var er að Karl Stefánsson, framkvæmdastjóri hraðfrystihússins, og Hjálmar Gunnarsson frá Grundarfirði keyptu síðan annan bát, *Sigurfara* SH 105 og áttu þeir hvor sinn helming í bátnum. Sá bátur hét áður *Gunnbjörn* ÍS 45 og var 46 tonn, smíðaður árið 1929.¹¹⁸ Báðir þessir bátar voru keyptir af Samvinnufélagi Ísfirðinga á Ísafirði og voru stundum kallaðir Samvinnubátarnir. Afsal þeirra beggja var með sömu dagsetningu, 23. janúar 1956. Hvergi var minnst á þessi kaup í fundargerðum hraðfrystihússins og því litlu hægt að bæta við upplýsingarnar sem fengnar voru úr fiskiskipaskránni. Tveimur árum síðar keypti Hraðfrystihúsið 12 ára gamlan bát frá Fáskrúðsfirði, *Ingjald* SH 154, svipaðan að stærð og *Sæfari* og *Sigurfari* eða 47 tonn. Skráður eigandi var Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f og sömu aðilar sátu nú í stjórn og þegar *Sæfari* var keyptur nema Kristján Hallsson frá Stykkishólmi hafði leyst Halldór E. Sigurðsson af hólmi.¹¹⁹ Kaupverð hans var 900.000 kr. og skrifað var undir afsalið 28. janúar 1958. Báturinn var afhentur í því ástandi að hann gat hafið veiðar strax á vetrarvertíðinni.¹²⁰ Tveir síðustu bátarnir sem taldir verða upp hér voru báðir smíðaðir sérstaklega fyrir hraðfrystihúsið og voru því nýir þegar þeir komu til Grundarfjarðar. Sá fyrri var *Blíðfari* SH 103, tæplega 60 tonna bátur smíðaður árið 1958 af skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði. Hjálmar Gunnarsson eignaðist þennan bát síðan tíu árum síðar og var hann þá nefndur *Siglunes* SH 22.¹²¹ Björn Ásgeirsson var lengst af skipstjóri á *Blíðfara* meðan hraðfrystihúsið átti hann. Ekki kom fram í fundargerðum hver kostnaðurinn á þeim bát hefði verið. Síðari báturinn var *Gnýfari* SH 8, smíðaður í Neskaupstað árið 1960 og var hann 65 tonn að stærð.¹²² Hraðfrystihúsið átti aðeins hlut í þeim bát, á móti Hinriki Elbergssyni, og stofnað var sérstakt hlutafélag sem hét Gnýfari h.f. Í stjórn þess

við stofnun sátu Hinrik, sem var lengi skipstjóri á *Gnýfara*, Jóhann Ásmundsson frá Kverná og Karl Stefánsson, báðir fyrir hönd hraðfrystihússins.¹²³

Veiðarnar voru þannig að á veturna reru bátarnir frá Grundarfirði og lönduðu þar, túrarnir voru að jafnaði sólarhringslangir og var þá veitt í net eða línu. Frá miðjum júní og fram í miðjan september tóku síldveiðar við og þá var yfirleitt landað fyrir norðan eða austan. Bátarnir fóru ekkert til Grundarfjarðar á meðan þeir voru á síld og því var þetta löng fjarvera að heiman fyrir áhafnar-meðlimi, en yfirleitt voru u.þ.b. tíu manns í áhöfn. Reyndar reri *Sigurfari* flest sumrin frá Grundarfirði, á meðan hinir bátar hraðfrystihússins voru á síld, og sá hann hraðfrystihúsinu fyrir hráefni. Einnig útvegaði *Farsæll* hraðfrystihúsinu hráefni til vinnslu og svo minni bátar sem voru á svokölluðu skaki.¹²⁴

Það verður að teljast ótvíræður kostur að hraðfrystihúsið átti sína eigin báta sem það gat gert út eins og því þótti hentugast hverju sinni og var því ekki eins háð útgerð annarra aðila. Það þótti ljóst að hagkvæmara var að kaupa báta heldur en að leigja og var það sú leið sem hraðfrystihúsið þótti betra að fara. Þessir báta voru einnig talsvert atvinnuskapandi í ljósi þess að mikið af heima-mönnum var í áhöfn þeirra. Bátakaup hraðfrystihússins verður líka að skoða í víðara samhengi. Árið 1952 eða fjórum árum áður en hraðfrystihúsið kaupir sinn fyrsta bát er landhelgi Íslendinga stækkuð úr þremur í fjórar mílur. Fljótlega vaknar krafan um frekari útvíkkun landhelginnar og árið 1958 lýsa Íslendingar yfir tólf mílna fiskveiðilandhelgi, sama ár og hraðfrystihúsið lætur byggja *Blíðfara* og *Gnýfara*. Íslendingar voru að vakna til vitundar um möguleika á sjávarnyttjum við Íslandsstrendur, í miklu ríkara mæli en áður hafði verið.

4.3 Aukin útgerð heimamanna

Með komu hraðfrystihússins opnaðist frekari möguleiki fyrir heimamenn, að stunda útgerð og fjölgaði bátum talsvert á fyrstu árum þess.

Sigurjón Halldórsson frá Bár, fæddur þann 1. febrúar árið 1898, keypti bátinn *Sæbjörn* SH 91 árið 1943. *Sæbjörn* var 15 tonn að stærð, byggður á Ísafirði árið 1942 en hét áður *Cæsar* ÍS 47 og var þá gerður úr frá Flateyri. Hann seldi síðar *Sæbjörn* en árið 1946 keypti hann *Farsæl* SH 30 sem enn er gerður út frá Grundarfirði, þótt útgerðin hafi vitaskuld alltaf endurnýjað bátinn reglulega. Sigurjón keypti þennan fyrsta *Farsæl* 15. febrúar þetta ár í félagi með Hermanni




Slippurinn í lok 6. áratugarins. Þegar bátarnir þurftu eitthvað viðhald var þeim siglt upp í fjöru á flóði og skorðaðir af áður en féll út. Til vinstri er Hringur og hægra megin er Runólfur en fyrir aftan þá er Sigurfari.

syni sínum og Sigurði Ágústssyni. Þetta var 22 tonna bátur, smíðaður í Friðrikssundi árið 1930. Erfitt var að fá lán fyrir bátnum án þess að vera með fjársterkan aðila eins og Sigurð með í félaginu, en hann skipti sér annars lítið sem ekkert af daglegum rekstri útgerðinnar. Sigurður var síðan keyptur út úr rekstrinum árið 1968.¹²⁵ Þeir félagarnir keyptu svo nýjan bát þremur árum eftir að þeir keyptu þann fyrsta en sá var aðeins stærri, 28 tonn. Þriðji báturinn var rúmlega 52 tonn, smíðaður í Danmörku árið 1930. Var hann keyptur í janúar 1953.¹²⁶ Fjórði báturinn og sá síðasti sem tilgreindur verður hér var keyptur í júní árið 1957 og áttu þeir félagar hann til ársins 1965. Sá bátur var nýlegur, smíðaður í Svíþjóð árið 1954, tæplega 39 tonna bátur.¹²⁷

Annar aðili sem varð áberandi í útgerð í Grundarfirði var Soffanías Cecils-son. Hann er fæddur á Búðum fram undir Kirkjufelli við Grundarfjörð þann 3. maí árið 1924. Foreldrar hans voru þau Kristín Runólfsdóttir frá Spjör og Cecil Sigurbjarnarson frá Garðshorni.

Soffanías hafði röið frá Grundarfirði nánast frá 12 ára aldri, en þá eignuðust



Farsæll SH 30.

hann og Bæring bróðir hans 2,5 tonna trillu sem hét Óðinn (sjá kafla 1.5). Síðar eignuðust þeir annan bát, *Litla-Baldur* innan úr Stykkishólmi. Var Soffanías síðan mest á síld.¹²⁸ Skipstjórnarferill hans á þilfarsbát hófst síðan 1947 þegar hann, ásamt Oddi Kristjánssyni, tók á leigu 18 tonna bát frá Reykjavík sem hét *Dorsteinn*. Voru þeir með hann þann vetur. Þótti mönnum Oddur taka nokkra áhættu með því að treysta svo óreyndum manni fyrir bátnum því Soffanías hafði eingöngu verið á litlum trillum og ekki einu sinni háseti á stærri bát.¹²⁹ Næsta ár var hann síðan með *Jóhann Dagsson SH 10*.

Fyrsti þilfarsbáturinn sem Soffanías eignaðist var Grundfirðingur SH 123, 38 tonn, bátur sem hafði verið smíðaður á Siglufirði árið 1948 og hét áður *Gustur ST 42*. Hlutafélagið í kringum þennan bát hét Grundfirðingur h.f., en í stjórn voru skráðir Páll Þorleifsson framkvæmdastjóri, Sigurður Ágústsson alþingismaður og Soffanías Cecilsson skipstjóri.¹³⁰ Félagið eignaðist þennan bát um áramótin 1949–1950 og voru bræður Soffaníasar einnig hluthafar.¹³¹ Gekk vel á síldveiðum með þennan bát og fór svo að Soffanías lét smíða nýjan bát fyrir sig í Danmörku, 54 tonna eikarbát sem kom til Grundarfjarðar í mars árið 1956. Sá bátur var skírður *Grundfirðingur II SH 124*. Var Soffanías einn skráður eigandi



Runólfur SH 135.

að honum.¹³² Gamli *Grundfirðingurinn* var seldur á Skagaströnd. Um söluna á honum og kaupin á þeim nýja sagði Soffaníás: „Út úr því [sölnunni á gamla bátnum] höfðum við bræður nokkurn pening og ég lét mitt í nýjan Grundfirðing. Smíðasamningurinn var upp á eina milljón króna, en það stóðst þannig að endanlegt verð varð 40.000 krónum hærra.“¹³³

Frændi Soffaníasar, Guðmundur Runólfsson, fór einnig út í útgerð á þessum tíma. Guðmundur er fæddur 9. október árið 1920 í Stekkjartröð í Eyrarsveit. Foreldrar hans voru Runólfur Jónatansson og Sesselja Gísladóttir. Hann fór fyrst á sjó í kringum 1930 með föður sínum á skakskútu frá Stykkishólmi og var þar í tvö sumur. Þar náði hann í skottið á skútuöldinni. Síðan hvarf hann af sjónum og fór í sveit, hafði hug á því að gerast frekar bóndi.¹³⁴

Upphaf útgerðar hans í Grundarfirði var þegar hann keypti *Runólf* SH 135 árið 1947. Hlutafélagið *Runólfur h.f.* var annars skráð fyrir þeim kaupum. Stjórn félagsins var skipuð þeim Guðmundi Runólfssyni, Sigurði Ágústssyni og Kristbergi Elíassyni. *Runólfur* SH 135 var 39 tonna bátur, smíðaður á Norðfirði árið 1947.¹³⁵ Á þeim tíma var þetta langstærsti báturinn í Grundarfirði. Hann var gerður út frá Grundarfirði til ársins 1955. Var þá Guðmundur skipstjóri á *Hring* frá Siglufirði sem var gerður út frá Grundarfirði á veturnar en

Þann bát var Guðmundur með til ársins 1960. Það ár lét hann byggja fyrir sig nýjan *Runólf* SH 135 í Noregi og var hann 120 tonn. Hafnaraðstaðan var þá orðin slík að það þótti ekki eins mikið stökk að fá 120 tonna skip til byggðarlagsins eins og að fá 39 tonna bát árið 1947.¹³⁶

Áður var rætt um að Sambandið hafði náð meirihluta í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar h.f. Í framhaldi af því fóru heimamenn að huga að öðrum leiðum í fiskverkun, fóru að herða fisk og setja upp skreið ásamt því að byggja upp saltfiskverkun á staðnum. Ein afleiðing að því var Verslunarfélagið Grund sem var stofnað í Grundarfirði árið 1954 og keypti þetta félag eignir Sigurðar Ágústssonar í Grundarfirði. Fyrir stofnun þess var eftirfarandi bréfi dreift til hluta bæjarbúa og voru bréfin stíluð á viðkomandi. Ómögulegt er að segja hversu margir fengu það sent:

Að undanförnur hefur farið fram nokkur athugun á því, að koma á fót hér í Eyrarsveit félagsskap, samvinnufélagi eða hlutafélagi, í þeim tilgangi að festa kaup á eignum Sigurðar Ágústssonar hér í Grafarnesi og starfrækja þær í framtíðinni á svipaðan hátt og verið hefur til þessa. Undirritaður hefur nýlega átt ítarlegar viðræður við Sigurð Ágústsson um þetta, svo og þá lánastofnun, sem hér á hlut að máli. Mun ég ekki fara nánar út í einstök atriði þessa máls á þessum vettvangi, en vil hins vegar biðja þig, að koma á fund, sem haldinn verður í barnaskólanum í Grafarnesi mánudaginn 19. þ.m. kl. 4 e.h., þar sem ég mun skýra nánar frá öllum gangi þessa mála.

Ég heiti á þig að koma á þennan fund, án þess að koma þín þangað sé á nokkurn hátt bundin því skilyrði, að þú gerist félagsmaður eða aðili að væntanlegum félagsskap.¹³⁷

Bréfið var stílað þann 13. apríl árið 1954 og undir það skrifaði Emil Magnússon. En þeir sem stóðu fyrir stofnun félagsins voru þeir Emil, Guðmundur Runólfs-son og Soffanías Cecilsson. Emil varð verslunarstjóri og sá um verslunarhlutann, en Guðmundur og Soffanías um fiskverkunina. Var verkaskiptingin milli Guðmundar og Soffaníasar þannig að Soffanías sá um fiskverkunina, en Guðmundur átti að afla hráefnis til vinnslunnar.¹³⁸ Gekk sá rekstur ekki nógu vel og samstarfið var ekki alltaf eins og best var á kosið.¹³⁹ Það varð því að sam-

komulagi árið 1963 að félaginu væri skipt upp þannig að Emil keypti verslunina, Soffanías keypti fiskverkunina, en Guðmundur tók þann kost að fá útborg að það sem hann átti inni hjá fyrirtækinu svo hann gæti aukið útgerð sína. Jafnframt samdist svo um að hann útvegaði fiskverkuninni hráefni.¹⁴⁰ Eru þessi útgerðarfélög enn starfandi í dag í Grundarfirði.

5. Samanburður við aðra byggð á Snæfellsnesi

Í byrjun 20. aldarinnar var þéttari byggð bæði í Ólafsvík og í Stykkishólmi heldur en í Grundarfirði. Árið 1901 bjuggu 612 í Ólafsvík, 363 bjuggu í Stykkishólmi, en í Grundarfirði var aðeins um dreifða byggð í sveitunum að ræða.¹⁴¹ Lendingarskilyrði voru mjög góð víða í sveitunum í Grundarfirði og hafði það mikið að segja fyrir bændurnar, sem gátu róið frá bæjum sínum og dregið björg í bú. Aðstæður voru heldur erfiðari í Ólafsvík, víkin var talsvert óvarin frá náttúrunnar hendi og því var mikil þörf fyrir hafnarbætur þar. Við þær var hafist í Ólafsvík árið 1925.¹⁴²



Séð yfir Grundarfjarðarhöfn. Lengst til vinstri eru Neshús, en til hægri er húsið Lengja sem Björgvin Bjarnason byggði. Í fjörunni glittir í bát Björgvins, Þolinmóð SH 24, en fyrir miðri mynd sést spil sem var handsnúið og notað til að draga báta upp í fjöruna.

Talsverð róðrabátaútgærd var í Grundarfirði á árunum 1930–1940 og var hún sú mesta á Snæfellsnesinu þann áratug. Í upphafi tímabilsins, árið 1930, voru gerðir út 13 róðrabátar frá nesinu (sjá töflu 4), en árið 1941 var hins vegar enginn róðrabátur gerður út frá Snæfellsnesi, mótorbátarnir voru að taka yfir.¹⁴³

TAFLA 3
Dorskveiðar þilskipa 1941. Þyngd og verð aflans

	Botnvörpuskip		Önnur þilskip	
	Þyngd í kg	Verð í kr.	Þyngd í kg	Verð í kr.
Grundarfjörður	0	0	372.000	205.461
Ólafsvík	0	0	193.000	114.300

Heimild: *Fiskiskýrslur og hlunninda árið 1941*, 82.

Árið 1940 voru 59 manns sem bjuggu á Kvíabryggju og var það fjölmennasta byggðin í Grundarfirði. Á sama tíma bjuggu 473 í Ólafsvík og hafði því fækkað talsvert þar frá því um aldamótin á meðan Stykkishólmur hafði stækkað og íbúandatalan þar var komin í 646. Fyrsta hraðfrystihúsið á Snæfellsnesinu var byggt í Stykkishólmi af kaupfélaginu þar árið 1938, en hraðfrystihús hóf starfsemi í Ólafsvík árið 1939 og svo þremur árum síðar í Grundarfirði. Það vekur því athygli að árið 1941, ári áður en hraðfrystihús tekur til starfa í Grundarfirði, er mun meiri veiði þar en í Ólafsvík (sjá töflu 3). Afli Grundfirðinga á þessum tíma fór allur inn í Stykkishólm á þessum tíma, Sigurður Ágústsson var að byggja hraðfrystihús sitt í Stykkishólmi og voru þau því orðin tvö þar. Grundfirðingar sóttu m.a. talsvert verslun og viðskipti þangað, og höfðu gert það lengi.

TAFLA 4
Mótorbátar (minni en 12 tonn) og róðrabátar, sem stunduðu fiskveiðar árið 1930 í Snæfellsnessýslu

	Mótorbátar		Róðrabátar		Alls	
	Fjöldi báta	Fjöldi skipverja	Fjöldi báta	Fjöldi skipverja	Fjöldi báta	Fjöldi skipverja
Breiðavík	2	9	7	19	9	28
Nes utan Ennis	21	118	1	2	22	120
Ólafsvík	8	58	0	0	8	58
Fróðár	3	19	1	6	4	25

Grundarfjörður	16	65	4	9	20	74
Stykkishólmur	7	28	0	0	7	28
Alls	57	297	13	36	70	333

Heimild: *Fiskiskýrslur og hlunninda árið 1930*, 13.

10 árum síðar, árið 1951, var framleiðslan í hraðfrystihúsinu í Grundarfirði 20.175 kassar af flökum og um 1700 tunnur af beitusíld, en 27.685 kassar af flökum í hraðfrystihúsinu í Ólafsvík.¹⁴⁴

Fólksfjöldi óx jafnt og þétt í Stykkishólmi til ársins 1960, en þá voru 906 búsettir þar. Í Ólafsvík hafði hins vegar komið kippur á sjötta áratugnum og á bilinu 1950–1960 nær tvöfaldaðist íbúatalan og fór í 806. Fjöldinn var ekki farinn að aukast jafn umtalsvert í Grundarfirði, aðeins 391 bjuggu þar árið 1960.¹⁴⁵ Ef nefna ætti einhverjar ástæður fyrir þessum minni vexti í íbúafjölda Grundfirðinga, þá má segja að byggðarlagið er talsvert yngra en hin tvö. Þeir slíta sig ekki frá Stykkishólmi fyrir en á miðjum sjötta áratugnum með stofnun Verslunarfélagsins Grundar, þótt vitaskuld rofni tengslin aldrei alveg. Í framhaldi af því fara heimamenn að auka sína útgerð, sem viðbót við hraðfrystihúsið. Ekki skal lagður dómur á það hér hvar útgerð hefur gengið best á Snæfellsnesinu, þessi byggðarlög hafa gengið í gegnum bæði sigra og ósigra í þeim efnun. Helsti styrkur útgerðar í Grundarfirði verður líklegast að teljast sá hversu vel heimamönnum hefur tekist að koma sínum fiskvinnslufyrirtækjum áfram í þessari baráttu sem útgerð óneitanlega er.

Niðurstöður

Ásýnd Grundarfjarðar breyttist mikið á tímabilinu 1930–1960 sem hér hefur verið til umræðu. Undir lok þriðja áratugarins var nánast engin byggð þar sem bærinn Grundarfjörður er í dag, en talsverð byggð var í sveitunum í kring. Sjósókn á árabátum var stunduð frá mörgum bæjum, en þau aflabrogð og vinnsluaðferðir voru með svipuðum hætti og verið hafði kynslóðum saman.

Páll Þorleifsson frá Hömrum var leiðandi í útgerðarmálum í Grundarfirði. Baturinn hans, *Svanur*, var langstærsti baturinn í sveitinni lengi vel og líklega er ekki ofsagt þegar fullyrt er að oft reyndist útgerð Páls öðrum í sveitinni mikil búbot. Enn frekari breytingar urðu við komu Sigurðar Þorsteinssonar í Grundarfjörð. Virðist sem honum hafi fylgt drifkraftur og áræði því hann var mjög

áberandi í útgerðarmálum í firðinum á nokkurra ára tímabili. Hann virðist standa bak við stofnun Frystihúsfjelagsins, ásamt því að koma með báta sem hann gerði út. Hann átti stóran þátt í fyrstu hafnarframkvæmdunum og byggði eitt af fyrstu húsunum í Grundarfirði ásamt því að reka verslun meðan hann bjó þar. Hrannarfélagið sýndi síðan talsverða dirfsku með því að koma með stóran bát til Grundarfjarðar, áður en hraðfrystihúsið hóf starfsemi sína og á meðan hafnaraðstaðan var í raun gjörsamlega ófullnægjandi fyrir bát þess.

Hraðfrystihús Grundarfjarðar h.f. markaði stór spor í útgerðarsögu Grundfirðinga. Það gekk alls ekki þrautalaust að koma þeirri starfsemi af stað. Erfiðleikarnir voru fyrst og fremst fólgnir í fjárskorti í þessu litla sveitarfélagi. En Grundfirðingar virtust vera ákveðnir í að koma félaginu upp, ótrúlega margir skrifuðu sig fyrir hlut í félaginu, og ber það vott um mikinn samhug um þetta málefni. En ljóst er að erfiðlega gekk að reka fyrirtækið og láta reksturinn ganga. Þetta einkenndist af stöðugri leit að fjármunum frá hinu opinbera og öllum þeim sjóðum sem hægt var að sækja í, allt sem gæti létt undir með rekstrinum. En áhrifin á plássið voru mikil, á tveggja ára tímabili þegar hraðfrystihúsið var að hefja starfsemi flytja langflestir af þeim sem búsettir voru á Kviabryggju inn í Grundarfjörð, ásamt fólki annars staðar úr sveitinni. Með þessum breytingum gat fólk fengið daglaunastarf, nokkuð sem hafði ekki verið í boði svo hægt sé að nefna. Áhrifin voru líka þau að með hraðfrystihúsinu var komið stórt fyrirtæki með meira fjármagn í kringum sig en hafði þekkt áður þótt erfiðlega gengi. Þótt Sigurður Ágústsson hafi reynt Grundfirðingum mjög vel þá var nauðsynlegt að byggja upp eigið fjármagn í sveitarfélaginu, svo ekki þyrfti að sækja allt til Stykkishólms. Áður höfðu Grundfirðingar verslað út á lömbin sín í reikning í gegnum kaupfélagið, en með hraðfrystihúsinu fóru peningar að sjást í Grundarfirði.

Svipaða sögu má segja af hafnarúrbótum, það sem stóð þar helst í vegi fyrir framkvæmdum var fjármagnsskortur. Ótrúlega lengi voru aðstæður í þeim málum nánast óásættanlegar, menn þurftu að láta bátana liggja úti á firði því þeir voru of stórir fyrir bryggjuna, en um 1960 voru þau mál komin í ásættanlegt horf.

Á fyrstu árunum eftir að hraðfrystihúsið hóf starfsemi fór bátafloki Grundfirðinga stækkandi. Helstu ástæður þess voru m.a. fyrrnefndar hafnarúrbætur sem bættu alla aðkomu og vinnu við löndun o.s.frv. Hraðfrystihúsið átti sinn þátt í því, loksins voru Grundfirðingar búnir að eignast fyrirtæki sem gat unnið fiskinn sem þeir drógu að landi. Síðar komu aðrar víðtækari ástæður sem fól-

ust í því að Íslendingar voru farnir að sækja lengra út á miðin með stækkun landhelginnar árin 1952 og 1958. Það stækkaði fiskveiðisvæðið sem hægt var að veiða á og krafðist í raun stærri og öflugri báta.

Sagan um myndun Grundarfjarðar er útgerðarsaga sem segir frá því hvernig fólkid í sveitinni nýtti sér kosti þeirra breyttu fiskveiða sem voru að þróast og þá möguleika sem vinnslan á þeim buðu upp á. Hvernig stofnun hraðfrystihúss gat myndað kjarna byggðarlags og byggðarlagið vaxið út frá því.

Heimildaskrá

I. Óprentaðar heimildir

Þ.Í. = *Þjóðskjalasafn Íslands*

Þ.Í. Afrit af skráningargögnum vegna skráningar skipa á aðalskipaskrá úr Snæfellsnessýslu (fyrir 1930).

Þ.Í. Afsals- og veðmálabók fyrir Snæfells- og Hnappadalssýslu. Veðbók nr. 10.

Þ.Í. Ísafjarðarsýsla: Fiskiskipaskrá 1903–1934.

Þ.Í. Ísafjarðarsýsla: Fiskiskipaskrá 1934–1956.

Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá I–III.

Þ.Í. Sóknarmannatalsbók Setbergsprestakalls í Snæfellsprófastsdæmi 1915–1939.

Dagbækur Páls Þorleifssonar. Skjöl í vörslu Sigríðar Pálsdóttur, Kópavogi.

Dreifibréf um stofnun Verslunarfélagsins Grund. Skjal í vörslu Inga Hans Jónssonar, Grundarfirði. Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar 1942–1960. Skjöl í vörslu Fiskidju Skagfirðinga í Grundarfirði.

Grundarfjarðarbær: Fundargerðir sveitarstjórnar Grundarfjarðar 1928–1960. Skjöl í vörslu sveitarstjórnar Grundarfjarðarbæjar.

II. Munnlegar heimildir

Aðalheiður Magnúsdóttir (f. 1932). Viðtal við höfund, tekið í Grundarfirði í ágúst 2002.

Aðalsteinn Friðfinnsson (f. 1930). Viðtal við höfund, tekið í Kópavogi í janúar 2003.

Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926). Viðtal við höfund, tekið í Reykjavík í júlí 2002.

Ásdís Ásgeirsdóttir (f. 1927). Viðtal við höfund, tekið í Reykjavík í júlí 2002.

Guðmundur Runólfsson (f. 1920). Viðtal við höfund, tekið í Grundarfirði í júlí 2002.

Hermann Sigurjónsson (f. 1922). Viðtal við höfund, tekið í Grundarfirði í maí 2002.

Pétur Konráðsson (f. 1909). Frásagnir, upptaka í vörslu Guðjóns Elissonar, Grundarfirði.

Sigurður Lárusson (f. 1927). Viðtal við höfund, tekið í Kópavogi í maí 2002.

Valdimar Ásgeirsson (f. 1928). Viðtal við höfund, tekið í Grundarfirði í maí 2002.

Þorkell J. Sigurðsson (f. 1908). Viðtal við höfund, tekið í Reykjavík í júní 2002.

III. Prentaðar heimildir

Almanak hins íslenska þjóðvinafélags um árið 1959. Reykjavík 1958.

Alþingismannatal 1845–1995. Reykjavík 1996.

Alþingistiðindi 1937–38, 1975–76.

Arnór Sigurjónsson: *Fiskimálanefnd: skýrsla tíu ára 1935–1944*. Reykjavík. 1945.

Ásgeir Guðmundsson: „Viðtal við Guðmund Runólfsson“, *Fólkid, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyarsveitar II*. 2001, bls. 36–44.

- Einar Kristjánsson: „Pétur Konráðsson segir frá: Úr Grundarfirði“, *Breiðfirðingur. Tímarit Breiðfirðingafélagsins* 43. árg. 1985, bls. 29–37.
- Ester Þórhallsdóttir og Óskar Gísli Sveinbjarnarson: „Gamlar lendingar í Eyrarsveit“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* III. 2002, bls. 172–185.
- Fiskiskýrslur og hlunninda*. 1930–1941. Reykjavík 1932–1944.
- Gunnar Kristjánsson: „Höfnin í Grundarfirði“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* II. 2001, bls. 67–81.
- Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, *Byggðir Snæfellsness*. 1977, bls. 187–197.
- Halldór E. Sigurðsson: *Í föstri hjá Jónasi. Halldór E. Sigurðsson rekur minningar sínar*. [Reykjavík] 1985.
- Haukur Sigurðsson: „Upphaf íshúsa á Íslandi“, *Saga*. XXVIII. 1990, bls. 87–130.
- Hjalti Einarsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í 50 ár I. Frystihúsin*. [Reykjavík] 1996.
- Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu. Endurminningar Soffaníasar Cecilssonar í Grundarfirði*. [Reykjavík] 1996.
- Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátaútgerðar í Eyrarsveit“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* III. 2002, bls. 69–92.
- Íslenzkt Sjómannaalmanak 1932–1960*. Reykjavík 1931–1959.
- Jens Hermannsson: *Breiðfirzkir sjómenn I*. [Reykjavík] 1976.
- Jón Björnsson: *Íslensk skip 1–4*. Reykjavík 1990.
- Jón Hjaltason, Hjalti Einarsson og Ólafur Hannibalsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna III. Yfir lönd, yfir höf. Saga dótturfyrirtækja SH erlendis 1942–1996*. [Reykjavík] 1997.
- Kristján E. Guðmundsson: „Kristlaugur Bjarnason. Ævi og störf“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* II. 2001, bls. 100–108.
- Lúdvík Jósepsson: *Landhelgismálið í 40 ár. Það sem gerðist bak við tjöldin*. Reykjavík 1989.
- Morgunblaðið*. Reykjavík. 23. mars 1967.
- Njáll Gunnarsson: „Að lyfta lofti“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* I. 2000, bls. 85–89.
- Oddur Kristjánsson: „Landshafnir“, *Sjómannablaðið Víkingur* VIII. Janúar 1946, bls. 198–199.
- Ólafur Hannibalsson og Jón Hjaltason: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna II. Með spriklið í sporðinum. Saga SH 1942–1996*. [Reykjavík] 1997.
- Richard Björgvinsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna tíu ára*. Reykjavík 1953.
- Sigfús Jónsson: *Sjávarútvegur Íslendinga á tuttugustu öld*. Reykjavík 1984.
- Sigríður Pálsdóttir: „Dagbókarbrot frá 1943“, *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyrarsveitar* III. 2002, bls. 166–171.
- Skýrslur Atvinnutækjanefndar IV. Vita- og hafnarmálastofnun*. Reykjavík 1961.
- Tölfræðihandbók* 1984. Hagstofa Íslands. Reykjavík 1984.
- Þorleifur Óskarsson: *Íslensk togaraitgerð 1945–1970. Sagnfræðirannsóknir*; 11. Reykjavík 1991.
- Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, *Íslenskir athafnamenn. Þættir* II. 1982, 25–75.
- Þorsteinn Matthíasson: „Soffanías Cecilsson“, *Íslenskir athafnamenn. Þættir* I. 1980, 173–222.
- Zóphónías Pálsson: *Ágrip af sögu skipulagsmála í einstökum sveitarfélögum 1938–1988*. [Reykjavík] 1990.
- Ægir: mánaðarrit um fiskveiðar og farmennsku*. Reykjavík. 46. árgangur, nr. 11–12. 1953.

Tilvísanir

- ¹ Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 26.
- ² Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátaútgerðar í Eyrarsveit“, 72–75.
- ³ Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 188–190 og Einar Kristjánsson: „Pétur Konráðsson segir frá: Úr Grundarfirði“, 30.

- 4 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190.
- 5 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 193.
- 6 Valdimar Ásgeirsson (f. 1928). Viðtal við höfund.
- 7 Pétur Konráðsson (f. 1909). Frásagnir.
- 8 Guðmundur Runólfsson (f. 1920). Viðtal við höfund.
- 9 Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátautgerðar í Eyrarsveit“, 71 og 88.
- 10 Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátautgerðar í Eyrarsveit“, 83. Ber því ekki saman við skráningardaginn í Töflu 2.
- 11 Jens Hermannsson: *Breiðfirzkir sjómenn*, 309-310.
- 12 Pétur Konráðsson (f. 1909). Frásagnir.
- 13 Pétur Konráðsson (f. 1909). Frásagnir.
- 14 Valdimar Ásgeirsson (f. 1928). Viðtal við höfund.
- 15 Þorsteinn Matthíasson: „Soffanías Cecilsson“, 179.
- 16 Sjá t.d. Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190 og Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátautgerðar í Eyrarsveit“, 90. Reyndar telja sumir að Sigurður hafi ekki komið fyrr en árið 1928, sjá t.d. Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 28 og Kristján E. Guðmundsson: „Kristlaugur Bjarnason. Ævi og störf“, 102.
- 17 Þ.Í. Sóknarmannatalsbók Setbergsprestakalls, 214.
- 18 Einar Kristjánsson: „Pétur Konráðsson segir frá: Úr Grundarfirði“, 30.
- 19 Þ.Í. Sóknarmannatalsbók Setbergsprestakalls, 260.
- 20 Þ.Í. Sóknarmannatalsbók Setbergsprestakalls, 274 og 288.
- 21 Þ.Í. Afsals- og veðmálabók, 36-37.
- 22 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190.
- 23 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190.
- 24 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 28-29.
- 25 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190.
- 26 Þ.Í. Afsals- og veðmálabók, 206-207.
- 27 Þ.Í. Afsals- og veðmálabók, 208-209.
- 28 Þ.Í. Afsals- og veðmálabók, 209.
- 29 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190 og Guðmundur Runólfsson (f. 1920). Viðtal við höfund.
- 30 Þ.Í. Ísafjarðarsýsla: Fiskiskipaskrá 1903-1934, 70-71 og *Íslenzkt Sjómannaalmanak 1934*, 278.
- 31 Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátautgerðar í Eyrarsveit“, 90.
- 32 Þ.Í. Ísafjarðarsýsla: Fiskiskipaskrá 1903-1934, 143-144.
- 33 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190.
- 34 Ingi Hans Jónsson: „Frá örbirgð til bjargálna. Upphaf vélbátautgerðar í Eyrarsveit“, 90.
- 35 Þ.Í. Ísafjarðarsýsla: Fiskiskipaskrá 1903-1934, 143-144.
- 36 Jens Hermannsson: *Breiðfirzkir sjómenn*, 282.
- 37 Einar Kristjánsson: „Pétur Konráðsson segir frá: Úr Grundarfirði“, 31.
- 38 Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 141.
- 39 Dagbækur Páls Þorleifssonar: Dagbók 1934[-1935], 52. *Íslenzkt Sjómannaalmanak 1932*, 282 og 1936, 284 og 1947, 324.
- 40 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 26-27.
- 41 Sigurður Lárusson (f. 1927). Viðtal við höfund.
- 42 Guðmundur Runólfsson (f. 1920). Viðtal við höfund.
- 43 Dagbækur Páls Þorleifssonar: Dagbók 1934[-1935], 36-37.
- 44 Dagbækur Páls Þorleifssonar: Dagbók 1934[-1935], 51.
- 45 Þorkell J. Sigurðsson (f. 1908). Viðtal við höfund.
- 46 *Alþingistiðindi 1975-76 B*, 211.
- 47 Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 46.
- 48 Guðmundur Runólfsson: Viðtal við höfund.

- 49 Ásgeir Guðmundsson: "Viðtal við Guðmund Runólfsson", 42–43.
- 50 Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926). Viðtal við höfund.
- 51 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 196.
- 52 Sigfús Jónsson: *Sjávarútvegur Íslendinga*, 108.
- 53 Sigfús Jónsson: *Sjávarútvegur Íslendinga*, 102.
- 54 Richard Björgvinsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna*, 11.
- 55 Sigfús Jónsson: *Sjávarútvegur Íslendinga*, 119.
- 56 Þorleifur Óskarsson: *Íslensk togaraútgerð*, 15.
- 57 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 30–31.
- 58 *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 14. janúar 1938.
- 59 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 34.
- 60 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 190–191.
- 61 *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 6. janúar 1940.
- 62 *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 31. mars 1940.
- 63 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 37.
- 64 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 35.
- 65 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 38–43.
- 66 Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926). Viðtal við höfund.
- 67 Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 192 og *Tölfræðihandbók 1984*, 21.
- 68 Zóphónías Pálsson: *Ágrip af sögu skipulagsmála*, 76.
- 69 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 21. júní 1942.
- 70 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 28. desember 1942.
- 71 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 31. desember 1943.
- 72 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 14. desember 1946.
- 73 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 8. september 1946.
- 74 *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 11. mars 1947, 28–29.
- 75 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 27. maí 1947.
- 76 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 60.
- 77 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 18. apríl 1947.
- 78 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 27. september 1947.
- 79 T.d. Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 10. janúar 1950, 8. apríl 1950, 18. júní 1950 og Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 70–72.
- 80 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 9. desember 1950.
- 81 Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 1. nóvember 1947.
- 82 Hjalti Einarsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna í 50 ár I*, 9.
- 83 Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 76–77.
- 84 Ásdís Ásgeirsdóttir (f. 1927). Viðtal við höfund.
- 85 Ásdís Ásgeirsdóttir (f. 1927). Viðtal við höfund.
- 86 Ólafur Hannibalsson og Jón Hjaltason: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna II*, 423.
- 87 Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926) og Ásdís Ásgeirsdóttir (f. 1927). Viðtal við höfund.
- 88 Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 47.
- 89 Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926). Viðtal við höfund.
- 90 Aðalheiður Magnúsdóttir (f. 1932). Viðtal við höfund.
- 91 Njáll Gunnarsson: „Að lyfta lofti“, 85.
- 92 Aðalheiður Magnúsdóttir (f. 1932). Viðtal við höfund.
- 93 Sigríður Pálsdóttir: „Dagbókarbrot frá 1943“, 166.
- 94 *Skýrslur Atvinnutækjanefndar IV*, 27.
- 95 Ásgeir Guðmundsson: „Viðtal við Guðmund Runólfsson“, 37.
- 96 *Skýrslur Atvinnutækjanefndar IV*, 27.
- 97 Halldór E. Sigurðsson: *Í fóstri hjá Jónasi*, 41.

- ⁹⁸ *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 14. mars 1934.
- ⁹⁹ Kristján E. Guðmundsson: „Kristlaugur Bjarnason. Ævi og störf“, 102.
- ¹⁰⁰ *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 5. janúar 1937.
- ¹⁰¹ *Alþingistiðindi 1937 A*, 495.
- ¹⁰² *Alþingistiðindi 1938 A*, 23.
- ¹⁰³ Sjá t.d. *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 16. febrúar 1939 og 29. maí 1939 og Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 191.
- ¹⁰⁴ *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 16. febrúar 1939.
- ¹⁰⁵ *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 29. maí 1939.
- ¹⁰⁶ Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 191.
- ¹⁰⁷ *Grundarfjarðarbær*: Fundargerðir, 15. janúar 1942.
- ¹⁰⁸ *Skýrslur Atvinnutækjanefndar IV*, 27–28.
- ¹⁰⁹ Aðalsteinn Friðfinnsson (f. 1930). Viðtal við höfund.
- ¹¹⁰ Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 138–139.
- ¹¹¹ Halldór Finnsson: „Grundarfjörður“, 193.
- ¹¹² *Ægir: mánaðarrit um fiskveiðar og farmennsku*, 285.
- ¹¹³ Árni Jóhannes Hallgrímsson (f. 1926). Viðtal við höfund.
- ¹¹⁴ *Tölfræðihandbók 1984*, 85.
- ¹¹⁵ Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 28. desember 1949.
- ¹¹⁶ Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 3. janúar 1951.
- ¹¹⁷ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá I, 106.
- ¹¹⁸ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá I, 117.
- ¹¹⁹ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 181.
- ¹²⁰ Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar: 1. júlí 1958.
- ¹²¹ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 299.
- ¹²² Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá III, 64.
- ¹²³ Fundargerðir Hraðfrystihúss Grundarfjarðar, 15. febrúar 1960.
- ¹²⁴ Aðalsteinn Friðfinnsson (f. 1930). Viðtal við höfund.
- ¹²⁵ Hermann Sigurjónsson (f. 1922). Viðtal við höfund.
- ¹²⁶ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá I, 220.
- ¹²⁷ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 186.
- ¹²⁸ Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 46–49.
- ¹²⁹ Þorsteinn Matthíasson: „Oddur Kristjánsson“, 56–57.
- ¹³⁰ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 128.
- ¹³¹ Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 58.
- ¹³² Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 248.
- ¹³³ Hjörtur Gíslason: *Soffi í særoki söltu*, 58.
- ¹³⁴ Ásgeir Guðmundsson: „Viðtal við Guðmund Runólfsson“, 40.
- ¹³⁵ Þ.Í. Snæfells- og Hnappadalssýsla: Fiskiskipaskrá II, 61.
- ¹³⁶ Ásgeir Guðmundsson: „Viðtal við Guðmund Runólfsson“, 41–42.
- ¹³⁷ Dreifibréf um stofnun Verslunarfélagsins Grund.
- ¹³⁸ Þorsteinn Matthíasson: „Soffanías Cecilsson“, 201.
- ¹³⁹ Guðmundur Runólfsson (f. 1920). Viðtal við höfund.
- ¹⁴⁰ Þorsteinn Matthíasson: „Soffanías Cecilsson“, 200.
- ¹⁴¹ *Tölfræðihandbók 1984*, 21.
- ¹⁴² Jens Hermannsson: *Breiðfirzkir sjómenn*, 159–160.
- ¹⁴³ *Fiskiskýrslur og hlunninda árið 1930–1941*, 13–63.
- ¹⁴⁴ Richard Björgvinsson: *Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna*, 97 og 116.
- ¹⁴⁵ *Tölfræðihandbók 1984*, 21.

Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

Af sveitarstjórnarmálum

Annáll 2002

Að venju vill undirrituð í árlegum annál reyna að gera grein fyrir helstu viðburðum og framkvæmdum á vegum bæjarfélagsins, auk þess að gefa upplýsingar um niðurstöður og lykiltölur úr ársreikningi bæjarins.

Hér er ætlunin að draga fram helstu atriðin í starfsemi Grundarfjarðarbæjar á árinu 2002 en upptalningin getur aldrei orðið tæmandi.

Rekstur, framkvæmdir og helstu lykiltölur í ársreikningi

Ekki er hægt að hefja upptalningu lykiltalna úr ársreikningi án þess að gera stuttlega skil nýjum reglum um breytt reikningsskil sveitarfélaga sem tóku gildi á árinu. Breytingarnar gera það að verkum að mjög erfitt er að bera tölur ársins 2002 og uppsetningu bókhaldstalna saman við niðurstöður og uppsetningu fyrri ára. Árið 2002 lögðu íslensk sveitarfélög óhemju mikla vinnu – og fjármuni – í að koma þessum breytingum í gagnið og má segja að árið sé því nokkurs konar „upphafsár“ í þessu sambandi og í samanburði komandi ára.

Veigamesta breytingin fólst í því að bókhald sveitarfélaga er nú gert upp skv. almennum reikningsskilavenjum og horfið var frá þeim sérstöku reikningsskilum sem sveitarfélögin höfðu notað fram að því. Segja má að bókhald sveitarfélaga sé fært nær fyrirtækjaumhverfinu og uppgjörsreglum þess. Það skal tekið fram að sveitarfélög eru auðvitað ekki fyrirtæki heldur flokkast undir

opinbera stjórnýslu og þjónustu, þó hluti af starfseminni sé það ekki, s.s. rekstur áhaldahúss.

Áður skiptu sveitarfélögin útgjöldum sínum í þrennt, rekstur, gjaldfærða og eignfærða fjárfestingu og eignir sveitarfélaga voru ekki afskrifaðar skv. almennum afskriftareglum. Þeirri starfsemi sveitarfélaga sem fjármögnuð var með skatttekjum annarsvegar og þjónustugjöldum hinsvegar var ekki haldið aðskilinni nema að takmörkuðu leyti.

Þessu var breytt og skiptist starfsemin nú í A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst bæjarsjóður sem greinist í þrennt; aðalsjóð, eignasjóð og þjónustustöð, þ.e. sjóði eða stofnanir sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meira eru í eigu sveitarfélagsins, eru reknar sem sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimildir til að innheimta þjónustugjöld, þ.e. hafnarsjóður, vatnsveita, félagslegar íbúðir, fráveita og íbúðir eldri borgara, sem aftur skiptast í tvennt, Hrannarstíg 18 og nýju íbúðirnar. Vegna þessara og fleiri breytinga er samiburður milli ára mjög erfiður.

Sérstakur eignasjóður var stofnaður um allar fasteignir bæjarins. Sjóðurinn sér um viðhald og endurbætur eignanna og á að leigja stofnunum sveitarfélagsins það húsnæði sem þær nota. Þannig leigir grunnskólinn t.d. skólahúsnæðið og íþróttahús vegna íþróttakennslu á vegum skólans, af eignasjóði og greiðir fyrir það leigu. Í ársbyrjun 2002 voru einstakar fasteignir, veitukerfi og fleiri eignir færðar yfir í eignasjóð og þjónustustöð á sérstöku reiknuðu yfirfærsluverði, samtals að verðmæti 441,3 millj. kr. í eignasjóðinn og 1,5 millj. kr. í þjónustustöðina.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í ársreikningi Grundarfjarðarbæjar og fyrirtækja bæjarsjóðs fyrir árið 2002 og skýrslu endurskoðenda til bæjarstjórnar.

Heildartekjur: Skatttekjur bæjarsjóðs hækkuðu milli ára um ca. 13% og námu 283,3 millj. kr. alls eða 294 þús. kr. á íbúa. Raunhækkun á hvern íbúa var tæp 12,7% að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga. Tekjur vegna álagningar fasteignaskatts hækkuðu mest eða um nálægt 29%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hækkuðu um nálægt 15% umfram verðlagsbreytingar. Aðrar tekj-

ur eru 58,9 millj. kr. og heildartekjur eru því samtals 342,2 millj. kr. eða 355 þús. kr. pr. íbúa.

Afkoma rekstrarins og rekstur málaflokka: Rekstrarkostnaður A-hluta var 322,6 millj. kr. (með afskriftum) eða 334 þús. kr. á hvern íbúa. Samanburður á þessum lið við fyrri ár er ógerlegur, þar sem skilgreiningum hefur verið breytt með nýjum bókhaldsreglum.

Vextir og greiðslubyrði lána: Vaxtatekjur hækkuðu um 860 þús. kr. milli ára og vextir af skammtímalánum lækkuðu um 4,4 millj. kr. Greiðslubyrði lána aðal-sjóðs hækkaði í 29,0 millj. kr. á árinu úr 23,8 millj. kr. árið 2001.

Fjárhagsstaða bæjarsjóðs: Peningaleg staða A-hluta var neikvæð um 140 millj. kr., eða svipuð og árið áður. Hreint veltufé er í árslok neikvætt um 15,0 millj. kr. í stað 19,9 millj. kr. árið 2001.

Skuldir A-hluta bæjarsjóðs pr. íbúa voru í lok ársins 236 þús. kr. en voru 230 þús. kr. árið 2001.

Hafnarsjóður: Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 325 þús. kr. Framkvæmt var fyrir 53,6 millj. kr. á árinu (lenging stóru bryggju), en framlag ríkissjóðs á móti var 31,6 millj. kr. og féllu því 22 millj. kr. nettó á hafnarsjóð. Ónotað framkvæmdafé frá ríkissjóði nam í árslok 5,6 millj. kr. Heildarskuldir hafnarsjóðs voru 67 millj. kr. í árslok og höfðu aukist um 17,8 millj. kr. frá fyrra ári.

Vatnsveita: Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 1,4 millj. kr. Framkvæmt var fyrir 2,3 millj. kr. á árinu. Heildarskuldir vatnsveitu námu tæplega 26 millj. kr. í árslok.

Fráveita: Fráveitan er ný stofnun í bókum bæjarsjóðs og er verksvið hennar rekstur holræsakerfisins og sorphirða, tekjur eru því holræsagjald og sorpgjöld.

Rekstrarniðurstaða þessa fyrsta árs var neikvæð um 3,2 millj. kr. en framkvæmdir voru fyrir 2,1 millj. kr. á árinu. Heildarskuldir fráveitu voru 5,2 millj. kr. í árslok.

Félagslegar íbúðir: Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð (tap) um 7,9 millj. kr. samanborið við um 4 millj. kr. árið 2001 og 1,3 millj. kr. árið 2000. Þar eru að koma fram af fullum þunga áhrif aukinnar lántöku vegna endurbóta á Sæbóls-blokk sem fram fóru árið 2001. Einnig var á árinu keypt inn í kerfið nýleg íbúð að Grundargötu 67.

Heildarskuldir félagslegra íbúða voru 153,9 millj. kr. í árslok.

Íbúðir eldri borgara: Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 100 þús. kr. Íbúðir eldri borgara skulduðu bæjarsjóði 7,9 millj. kr. í árslok og hækkaði skuldin um 5,4 millj. kr. á árinu. Kom sú hækkun til vegna kröfu Íbúðalána-sjóðs um leiðréttingu uppgjörs vegna byggingaframkvæmda hússins, sem bæjarsjóði var ekki fært að hafna.

Viðskiptareikningar milli A- og B-hluta:

Samtals nema skuldir B-hluta stofnana við aðalsjóð 47,6 millj. kr. í árslok 2002 á móti 41,2 millj. kr. 2001.

Framkvæmdir samstæðunnar: Framkvæmdir voru með minna móti á árinu en samanlagt námu framkvæmdir A- og B-hluta bæjarsjóðs 57 millj. kr. að frá-dregnum millifærslum innan samstæðu.

Til samanburðar námu framkvæmdir árið 2001, bæði eignfærð og gjaldfærð fjárfesting, hjá bæjarsjóði og öllum stofnunum, samtals um 195 millj. kr. Þar af var eignfærð fjárfesting 120 millj. kr. og gjaldfærð 75 millj. kr.

Fjarhagsstaða samstæðunnar:

Rekstur var í jafnvægi og nam rekstrartap á árinu aðeins 2,1 millj. kr.

Peningaleg staða var neikvæð um rúmar 462 millj. kr. samanborið við 426 millj. kr. í ársbyrjun.

Heildarskuldir bæjarsjóðs voru um 600 þús. kr. á hvern íbúa í árslok 2002 en 504 þús. kr. árið áður. Auk þess voru lífeyrisskuldbindingar tæplega 21 þús. kr. á hvern íbúa í árslok 2002. Almennt er fjarhagsstaða bæjarsjóðs í jafnvægi.

Starfsemin á árinu og einstök verkefni

Sveitarstjórnarkosningar

Þann 25. maí fóru fram sveitarstjórnarkosningar. Fjórir listar voru í boði og varð niðurstaða kosninganna sem hér segir:

Listi Framsóknarfélags Grundarfjarðar (B) 154 atkvæði og 2 fulltrúar kjörnir.

Listi Sjálfstæðismanna í Grundarfirði (D) 207 atkvæði og 3 fulltrúar kjörnir.

Listi óháðra í Grundarfirði (J) 77 atkvæði og 1 fulltrúi kjörinn.

Listi Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs og óflokksbundinna í Grundarfirði (U) 83 atkvæði og 1 fulltrúi kjörinn.

Meirihlutasamstarf var endurnýjað með Framsóknarfélaginu og lista Sjálfstæðismanna. Kjörnir fulltrúar í hina nýju bæjarstjórn voru Sigríður Finsen, Dóra Haraldsdóttir og Ásgeir Valdimarsson af D-lista, Guðni E. Hallgrímsson og Gísli Ólafsson af B-lista, Emil Sigurðsson af U-lista og Garðar Svansson af J-lista. Gísli og Garðar komu nýir inn í bæjarstjórn, en Gunnar Jóhann Elísson og Ragnar Elbergsson kvöddu bæjarstjórn, sá síðarnefndi eftir 24 ára setu í sveitarstjórn.

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar var haldinn 12. júní 2002.

Sameining nefnda

Í upphafi árs 2002 staðfesti félagsmálaráðherra breytingar á samþykktum Grundarfjarðarbæjar, þar sem kveðið var á um breytingar á nefndaskipan bæjarins. Ákvörðun hafði verið tekin um að sameina nokkrar nefndir, breyta heitum þeirra og hlutverki. Breytingarnar tóku gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum, í júní 2002.

Veigamesta breytingin fólst í því að ein fræðslu- og menningarmálanefnd tók við hlutverki grunnskólanefndar, leikskólanefndar, tónlistarskólanefndar og bókasafnsnefndar, auk þess sem henni var falið að annast menningarmál, sem áður höfðu verið hálf-munaðarlaus í nefndakerfi sveitarfélagsins.

Umhverfisnefnd varð til og tók við hlutverki landbúnaðarnefndar sem lögð var af og skipulags- og bygginganefndar, sem áður hafði einnig farið með umferðarmál og umhverfismál.

Íþrótt- og tómstundanefnd tók við hlutverki íþrótt- og æskulýðsnefndar, með nánari skilgreiningum á hlutverki sínu og skerpt var á hlutverki húsnæðisnefndar. Öllum nefndunum var sett nýtt erindisbréf, þar sem kveðið var á um stjórnskipulega stöðu þeirra, hlutverk og starfshætti, m.a. var skýrt kveðið á um að hver nefnd hefði tiltekinn starfsmann. Þannig starfar bæjarstjóri með fræðslunefnd, byggingafulltrúi með umhverfisnefnd og skrifstofustjóri með húsnæðisnefnd og íþrótt- og tómstundanefnd.

Tilgangurinn með þessum breytingum var að gera starf nefnda og bæjarins skilvirkara og ná betri yfirsýn yfir mikilvæga málaflokka. Þegar þetta er ritað verður ekki annað sagt en að breytingarnar hafi gengið vel og starf nefnda með nýju sniði lofi góðu um framhaldið.

Sameining almannavarnanefnda á Snæfellsnesi

Fleiri nefndir voru sameinaðar á árinu, m.a. á snæfellska vísu. Þann 28. nóvember var undirritað í Stykkishólmi samkomulag um skipan sameiginlegrar almannavarnanefndar og aðgerðarstjórnar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og lögreglustjórans á Snæfellsnesi (sýslumanns). Þar með voru þrjár nefndir sameinaðar í eina nefnd með breyttu fyrirkomulagi, þ.e nefndirnar í Snæfellsbæ, Grundarfjarðarbæ og svo sameiginleg nefnd Kolbeinsstaðahrepps, Eyja- og Miklaholtshrepps, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar. Með sameiningunni tók skipulag almannavarna á Nesinu töluverðum breytingum.

Almannavarnanefndin er skipuð lögreglustjóranum (sýslumanni) sem jafnframt er formaður nefndarinnar og bæjarstjórum/oddvitum sveitarfélaganna. Nefndin er stjórnsýslunefnd og fer með stefnumótun og fjármál.

Aðgerðastjórn Snæfellsness er sameiginleg aðgerðastjórn viðbragðsaðila.

Í henni sitja yfirlögregluþjónn og einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila á Snæfellsnesi; slökkviliðum, heilbrigðisstofnunum (heilsugæslu), tæknideildum bæjarfélaga, svæðisstjórn björgunarveita og Rauða krossi Íslands.

Vettvangsstjórnir eru síðan þrjár, í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi. Í þeim sitja einn fulltrúi lögreglu, einn frá slökkviliði og einn frá björgunarveit. Vettvangsstjórn bregst við áföllum í heimabyggð, sem eru umfangsmeiri en svo að dagleg neyðarþjónusta anni þeim.

Íbúðir fyrir eldri borgara

Haustið 2001 var gerð könnun meðal 60 ára og eldri í bæjarfélaginu og spurt um ýmis atriði sem sneru að húsnæðismálum og óskum íbúanna. Könnunin var húsnæðisnefnd og bæjarstjórn til stuðnings við ákvörðun sem síðar var tekin um að hefja undirbúning að byggingu sjö íbúða raðhúss fyrir eldri borgara. Undirbúningur hófst að nokkru vorið 2002, en skipuð var sérstök bygginganefnd sem hélt sinn fyrsta fund í september. Í nefndinni sátu Guðni E. Hallgrímsson formaður, Dóra Haraldsdóttir, Emil Sigurðsson og Garðar Svansson, auk þess sem þeir Ívar Árnason og Tryggvi Gunnarsson sátu fundi nefndarinnar sem fulltrúar Félags eldri borgara í Eyrarsveit. Jökull Helgason byggingafulltrúi starfaði með nefndinni.

Skipuleggja þurfti lóðir undir íbúðirnar sem munu rísa efst við Hrannarstíg, ofan við Dvalarheimilið. Var það hluti af skipulagsvinnu við stærra svæði, svo nefnt Ölkeldudalssvæði, milli Borgarbrautar efst og Hjaltalínsholts.

Þemur aðilum var boðið að gera tillögur að útlitsteikningum raðhúsanna. Á grundvelli þeirra tillagna og kostnaðaráætlana um hönnun var ákveðið að ganga til samninga við Almennu verkfræðistofuna á Akranesi um fullnaðarhönnun húsanna.

Um er að ræða 7 fullbúin raðhús, alls 676 m² að stærð. Þrjár íbúðanna eru 81,5 m² og 4 íbúðir eru 65 m² að stærð, bílskúr fylgir öllum íbúðum og er hann um 24,5 m² að stærð.

Á árinu 2003 fór fram útböð á byggingarframkvæmdum og var samið við lægstbjóðanda, Trésmiðju Guðmundar Friðrikssonar í Grundarfirði, en fimm tilboð bárust. Áætlaður verktími er frá júní 2003 til júní 2004 og eiga íbúðirnar að afhendast í áföngum.

Reiðvegur

Sjö tilboð bárust í febrúar þegar boðinn var út fyrri verkhluti lagningar reiðvegjar, frá hesthúsabyggð að vatnstanki við Gilós, samtals um 750 m langur kafli ásamt ræsisrörum. Samið var við lægstbjóðanda, E.B vélar ehf. í Stykkishólmi en tilboð hans hljóðaði upp á rúmar 1300 þús. kr. sem var 70% af kostnaðaráætlun. Verkinu lauk í apríl.

Síðari hluti reiðvegarins, frá Kverná að skíðalyftu, samtals um 1200 m langur kafli ásamt ræsisrörum, var síðan boðinn út í maí. Fjögur tilboð bárust, samið

var við lægstbjóðanda, Dodds ehf. í Grundarfirði, en tilboð hans hljóðaði upp á 1750 þús. kr. eða 71% af kostnaðaráætlun. Þeim verkhluta lauk haustið 2002.

Skipulagsmál

Á árinu var unnin töluverð vinna við frágang tillagna um nýtt aðalskipulag þéttbýlisins, sem hlaut staðfestingu bæjarstjórnar og kynningu fyrir íbúum. Skipulagsstofnun gerði reyndar þær athugasemdir eftir á að leita skyldi aftur umsagna sex aðila, s.s. Náttúruverndar ríkisins, Veðurstofunnar, Vegagerðarinnar og fleiri, og var það gert.

Á fundi bæjarráðs í mars var staðfest val á tillögu að deiliskipulagi Ölkeldudals, eftir mikla vinnu sem þáverandi skipulags- og bygginganefnd hafði lagt í undirbúning tillagnanna. Það var Erla Bryndís Kristjánsdóttir landslagsarkitekt í Grundarfirði sem vann skipulagstillögurnar með nefndinni. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri götu milli Fellasneiðar og Borgarbrautar sem einnig mun tengjast við Hrannarstíg. Á svæðinu er gert ráð fyrir íbúðarlóðum bæði fyrir einbýlis- og raðhús, m.a. fyrir raðhúsaíbúðir eldri borgara, og loks er gert ráð fyrir lóðum í tengslum við skóla- og íþróttamannvirki. Deiliskipulagið tekur til 8,45 hektara svæðis og hlaut endanlega staðfestingu bæjarstjórnar í október, að loknu kynningar- og athugasemdaferli.

Bæjarstjórn samþykkti jafnframt í mars að hefja vinnu við gerð aðalskipulags fyrir bæjarfélagið í heild (dreifbýlið vantaði inn í) og hófst sú vinna á árinu. Teiknistofan Eik í Grundarfirði (Erla Bryndís) sér um þá skipulagsvinnu.

Bygginganefnd leikskólans

Í október skipaði bæjarstjórn þriggja manna bygginganefnd til að vinna hugmyndir um stækkun leikskólans. Fyrir hefur legið að leikskólinn þyrfti á auknu rými að halda, aðallega til að mæta kröfum um bætta aðstöðu við innangang, fatahengi og salerni barna, fyrir eldhús og fyrir skrifstofu- og vinnurými starfsmanna.

Í nefndina voru skipaðir bæjarfulltrúarnir Gísli Ólafsson og Garðar Svansson, auk þáverandi formanns fræðslu- og menningarmálanefndar Sveins G. Pálmasonar. Með nefndinni starfa Sigríður H. Pálsdóttir leikskólastjóri, Mattildur S. Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Jökull Helgason byggingafulltrúi. Nefndin hélt sinn fyrsta fund 23. október.

Nefndin gekk til samstarfs við Arkitektastofuna ehf., arkitektana Ormar Þór Guðmundsson og Örnólf Hall, en þeir eru hönnuðir eldri hluta leikskólabyggingarinnar. Hafist var handa við að gera tillögur um stækkun á grundvelli rýmisáætlunar sem leikskólastjórar höfðu sett fram. Endanlegar bygginga-nefndarteikningar frá arkitektum lágu fyrir í mars 2003.

Sorpmál – útboð

Sérstök vinnunefnd undir heitinu „sorpnefnd“ var skipuð af bæjarstjórn til að fjalla um breytingar í sorpmálum og rekstur málaflokksins. Nefndin vann með Erlu Bryndísi arkitekt að hönnun og fyrirkomulagi á sorpmóttökustöð og umhverfi hennar. Ennfremur vann nefndin við undirbúning útboðs í sorpmálum og tilhögun þeirra mála, þó ákvarðanir hafi síðar verið teknar um að fresta útboði til vorsins 2004.

Heitt og kalt vatn

Í landi Berserkseyrar er heit laug í Laugaskeri í Berserkseyrarodda 350 til 400 m fram undan Akrastöpum. Laugin kemur upp úr sjó aðeins á stórstraumsfjöru. Vitneskjan um heitt vatn í Laugaskeri er alls ekki ný af nálinni og til eru rannsóknir allt frá árinu 1974 á vatninu þar. Hiti í lauginni hefur yfirleitt mælst 42-44°C, en til eru upplýsingar um allt að 53°C hita í eða við skerið.



*Geirfinnur
verkstjóri
áhaldahúss við
rennslismælingar
í Haflíðagili.
Ljós.: Guðjón
Elisson*

Heldur lítil hreyfing hafði verið á jarðhitarannsóknunum í Berserkseyrarodda um nokkurt skeið. Aðallega var það sökum þess að beðið var eftir að starfsmenn Orkustofnunar kæmst í rannsóknir í Laugaskerinu, en aðeins var talið hægt að ráðast í þær á stórstraumsfjörum sem eru tvisvar á ári.

Á fund bæjarstjórnar í febrúar mætti dr. Kristján Sæmundsson jarðfræðingur og kynnti stöðu mála og niðurstöður um efnasamsetningu vatns og áætlaðan hita í jarðhitakerfi á svæðinu.

Eftirfarandi var þá bókað í fundargerð bæjarstjórnar;

Kristján sagði frá því að þrátt fyrir rannsóknir væri erfitt að meta hversu hátt hitastig gæti náðst úr borholu á þessu svæði. Kristján kynnti kostnaðarhugmyndir við borun og hvaða leiðir væru færar. Næstu skref væru að taka ákvörðun um framhald en nokkrar rannsóknir gætu enn farið fram til að reyna að fá frekari vissu um ástand vatns á borunarstað. Niðurstaða úr öðrum prófunum í nágrenni bæjarins er að sögn Kristjáns engin. Kristján sagði frá því að skilyrði myndu líklega skapast til að fara í könnunarferð 28. mars næstkomandi ...

Sú könnunarferð var reyndar ekki farin fyrr en í septemberbyrjun og fóru þá heimamenn með sérfræðing frá Orkustofnun út í skerið. Náð var í vatnssýni til frekari rannsókna á efnainnihaldi vatnsins. Niðurstöðurnar voru kynntar í skýrslu Orkustofnunar á nóvemberfundi bæjarstjórnar. Þar sagði m.a.:

Vatnið í lauginni er frekar salt og efnaríkt og sem slíkt er ekki unnt að nota það beint í hitaveitu (þarf því að nota varmaskiptaaðferð). Til samanburðar má geta þess að vatnið úr holu HO-01 á Hofsstöðum, sem Hitaveita Stykkishólms nýtir, er talsvert saltara og efnaríkara. Áætlaður hiti í jarðhitakerfinu er talinn vera 80-90°C.

Orkustofnun lagði til að boraðar yrðu fleiri grynri holur, nær landi, sem gætu gefið gleggri upplýsingar um legu sprungustefnunnar og líkindi fyrir jarðhitunum í Laugaskeri, áður en farið yrði í að bora dýpri rannsókna- og vinnsluholu úti í skerinu. Undir lok ársins var svo hafist handa um að undirbúa útboð þessara rannsókna.

Og þá að kalda vatninu. Þann 12. september fóru Jökull Helgason bygginga-fulltrúi og Geirfinnur Þórhallsson verkstjóri með Þórólfi H. Hafstað sérfræðingi frá Orkustofnun í könnunarferð upp í „efri byggðir“, nánar tiltekið í Hafliðagil fyrir ofan þéttbýlið og svæðin þar í kring. Skoðaðar voru lindir og lækir í því skyni að kanna hvort nýta megi þaðan kalt vatn til notkunar í þéttbýlinu. Þetta er liður í því að athuga hvernig hægt er að bregðast við þeim álagstímum hjá Vatnsveitunni þegar gengur um of á vatnsbirgðir eða vatnsskortur verður.

Eftir ferðina mættu þeir á fund bæjarstjórnar, þar sem Þórólfur gerði grein fyrir ferðinni og hugleiðingum sínum um kaldavatnsrannsóknir. Í fundargerð bæjarstjórnar er eftirfarandi bókað;

... skoðaðar voru lindir á svæðinu með tilliti til þess hvort þær gætu hentað sem viðbót inn á núverandi kerfi. Þórólfur sagði frá því að það væri í meginatriðum þrennt sem stæði til boða til úrlausnar; ná í nýtt sjálfrennandi vatn inn á kerfið, hvaðan sem er og bæta þar með við fáeinum sekúndulítrum; einnig væri mögulegt að halda áfram með svipað vatnsmagn frá Grundarbotni en það væri hægt að nýta það betur með því að stækka miðlunartankinn, þannig að hann tæmdist ekki fullkomlega á hverjum degi. Í þriðja lagi að athuga möguleika á því hvort ekki sé hægt að auka flutningsgetu æðarinnar sem liggur frá Grundarbotni með því að setja á hana dælu.

Ákveðið var að skoða betur möguleikann á því að bæta við lindum, sem gæti verið hagkvæmur kostur. Áður en hægt er að taka um það ákvörðun þarf að gera mælingar og sjá hvernig þessar lindir og lækir haga sér þegar minnst er í þeim, þ.e. yfir mestu þurrka- og frosttímuna, væntanlega í janúar og febrúar. Starfsmenn áhaldahúss sáu um rennismælingarnar yfir veturinn, með aðstoð GPS-staðsetningar tiltekinna mælistaða. Mælingar hófust um haustið og héldu áfram fram eftir vetri 2003.

Framhaldsskóli á Snæfellsnesi

Áfram var unnið að því að koma ákvörðun um framhaldsskóla í höfn. Framhaldsskólanefndin vann að málinu og naut m.a. liðsinnis Sölva Sveinssonar skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla. Ráðherraskipti urðu snemma árs þegar Tómas Ingi Orlích tók við af Birni Bjarnasyni sem menntamálaráðherra. Farið var á fund nýs ráðherra í apríl og málið reifað en á fundi með honum í

júní kom fram að ekki væri útlit fyrir fjármagn til að hleypa verkefninu af stað á árinu 2003. Ráðherra kynnti hins vegar viðræður við iðnaðar- og viðskiptaráðherra (sem er ráðherra byggðamála) um aðkomu þess ráðuneytis að framhaldsskólamálinu á forsendum sem lúta að byggðastefnu stjórnvalda. Á aðalfundi SSV í ágúst var framhaldsskólamálið aðalefni dagskrárinnar og í fram-söguerindi menntamálaráðherra kom fram mjög jákvæð afstaða til verkefnis-ins. Engu að síður hlaut málið ekki brautargengi í fjárlagagerð fyrir árið 2003, þrátt fyrir erindi sveitarfélaganna á Nesinu og harða eftirfylgni. Málið rataði einnig inn í umræður á Alþingi, m.a. þann 6. nóvember.

Þess er hins vegar rétt að geta að þann 6. febrúar 2003 hlaut málið farsæla afgreiðslu þegar menntamálaráðherra gaf út yfirlýsingu um að hafin yrði vinna við að setja á laggirnar nýjan framhaldsskóla á Snæfellsnesi. Og þá var flaggað á Nesinu ...

Grunnskólinn – heilsdagsskóli

Haustið 2002 var hrint í framkvæmd tillögum fræðslu- og menningarmála-nefndar skv. óskum foreldra, um starfrækslu heilsdagsskóla við grunnskólann. Í því felst að nemendum 1. til 3. bekkjar grunnskóla stendur til boða dvöl í svonefndu „skólasel“ frá því að skóla lýkur og fram eftir degi. Nokkuð minni þátttaka varð í verkefninu en lagt var af stað með í upphafi, auk þess sem kostnaður reyndist meiri en fyrir varð séður. Þetta er fyrsti veturinn sem slíki starfsemi er haldið úti og verður reynslan að koma í ljós.

Staðardagskrá 21

Vinnuhópur um Staðardagskrá 21 var skipaður og byrjaði hann á því að endurskoða stöðumat sem áður hafði verið unnið vegna Staðardagskrár 21. Hópurinn vann að því að setja fram markmið í ákveðnum málaflokkum og í framhaldinu á svo að setja niður framkvæmdaáætlanir.

Tvö þróunarverkefni

Bæjarstjórn Grundarfjarðar hafði forgöngu um vinnu við tvö atvinnuþróunarverkefni, í samvinnu við og með stuðningi Atvinnuráðgjafar Vesturlands. Samið var um verkefnið síðari hluta ársins 2001 en meginvinnan við þau fór fram á árinu 2002. Verkefnisstjórn beggja verkefna skipaðu Sigríður Finsen for-

maður og Þórður Magnússon tilnefnd af bæjarstjórn, og Ólafur Sveinsson frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Eyrbyggja – sögumiðstöð og sögugarður

Starfsmaður verkefnisstjórnar í þessu verkefni var Ingi Hans Jónsson, auk þess sem Ásthildur Sturludóttir starfsmaður Atvinnuráðgjafar aðstoðaði við verkefnið.

Settar voru fram tillögur og unnin viðskiptaáætlun um hvernig nýta mætti sögu svæðisins, gera hana sýnilega og „selja“ hana. Fella mætti verkefnið undir það sem gjarnan er nefnt „menningartengd ferðapjónusta“ þó það hugtak sé reyndar of þröngt fyrir þær heildarhugmyndir sem verkefnisstjórn setti fram í lokaskýrslu í kringum áramótin. Þar eru settar fram tvær meginhugmyndir, um sögumiðstöð og sögugarð.

Sögumiðstöð er ætlað það hlutverk að fræða almenning um sögustaði og þá afþreyingu sem í boði er og tengist menningu og sögu svæðisins. Þetta yrði miðlæg upplýsingapjónusta sem byggir upp samstarf þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á sögutengda ferðapjónustu hvort sem um er að ræða söfn, sýningar, sagnamenn eða söguleiðsögumenn. Í miðstöðinni er ennfremur hugsuð aðstaða til sýningahalds.

Tillögurnar fela einnig í sér að byggður verði upp *sögugarður* á Grundarkampi, en það er síðari tíma verkefni. Hugsunin að baki sögugarði er sú að gefa gestum kost á að ferðast um „söguslóð“ með því að skapa andrúmsloft liðins tíma með sviðssetningu; s.s. uppdráttum, ljósmyndum, skýringartextum og skoðunarferðum.

Helsti kosturinn við tillögur verkefnisstjórnar er að verkefnið felst í afmörkuðum áföngum sem auðvelt er að skipta upp og vinna á skemmri eða lengri tíma.

Tæknibærinn Grundarfjörður

Una Ýr Jörundsdóttir sjávarútvegsfræðingur vann að verkefni sem bar yfirskriftina „Tæknibærinn Grundarfjörður“. Verkefnið var byggt upp með því að gera ítarlega grein fyrir stöðu atvinnulífs og bæjarfélags í því skyni að nota mætti upplýsingarnar til að meta hvernig samfélagið okkar getur nýtt sér kosti upplýsingatækninnar til framtíðaruppbyggingar.

Verkefnið var síðan notað sem stökkpallur inn í annað verkefni sem bæjarstjórn ákvað að taka þátt í, en það er samkeppni á vegum Byggðastofnunar undir heitinu „Rafrænt samfélag“. Verkefninu var hleypt af stokkunum fyrir hluta árs 2003 og er liður í framkvæmd á byggðastefnu Alþingis 2002–2005.

Vinabæjarsamband við Paimpol í Frakklandi

Vinabæjartengsl við franska bæinn Paimpol á Bretagne-skaga voru eflað á árinu. Í febrúar bárust boð frá kunningjum þar ytra og var eftirfarandi bókað í fundargerð bæjarstjórnar 14. febrúar:

Næsta sumar er fyrirhuguð önnur siglingakeppni frá Paimpol til Íslands. Í tengslum við þann undirbúning hefur komið upp hugmynd þar ytra að Paimpol eignist vinabæ á Íslandi. Erindi þess efnis hefur borist frá skipuleggjanda keppinnar. Bæjarstjórn telur að það sé vel tilfallið að koma á formlegum tengslum á milli Grundarfjarðar og Paimpol með vísan til sögulegra tengsla, innan ákveðinna formerkja þó.

Í maíbyrjun fóru bæjarstóri, Björg Ágústsdóttir, og Ingi Hans Jónsson, söguáhugamaður, í „opinbera heimsókn“ til Paimpol. Viðurgjörningur af hálfu Frakkanna var hreint frábær og ljóst að mikill áhugi er á tengslum bæjarfélaganna.



Frakkar í heimsókn í Grunnskólanum. Bæjarstjórinn í Paimpol er fyrir miðju, aftast, við hlið Bjargar Ágústsdóttur bæjarstjóra. Ljósmynd; Sædís H. Guðmundsd.

Þann 20. nóvember gátum við Grundfirðingar svo endurgoldið gestrisni Frakkanna þegar bæjarstjórinn í Paimpol, hr. Jacques Saleun, kom í heimsókn til Grundarfjarðar, ásamt tveimur forsvarsmönnum siglingakeppninnar Skipppers d'Islande, en þeir komu til Íslands til undirbúnings vegna keppninnar (fyrir seglskútur), sem haldin verður í júní 2003 milli Paimpol og Reykjavíkur / Akureyrar.

Grundarfjarðarhöfn

Afli og rekstur

Á árinu 2002 var landaður afli í Grundarfjarðarhöfn samtals 14.844 tonn. Var það nokkur samdráttur í aflamagni frá árinu 2001 þegar 16.184 tonn bárust á land, sem var met.

Árið 2000 var landaður afli tæp 15.511 tonn, árið 1999 var aflinn 15.236 tonn, árið 1998 voru tonninn 11.981 og árið 1997 voru þau 11.300.



Lokahönd lögð á að steypa þekju á lengingu stóru bryggju, 29. október 2002. Ljós. Guðjón Elisson.



*Síðasti bíllinn –
steypt hafnarþekja
– og birtu farið að
bregða, 29. október
2002. Ljósmynd
Guðjón Elisson.*

Þrátt fyrir samdrátt í aflamagni jókst verðmæti aflans eitthvað milli ára. Þó er ljóst að tekjur hafnarinnar árið 2002 drógust saman um 1,9 millj. kr. frá árinu 2001. Þær voru um 26,4 millj. kr. árið 2001 en lágu í kringum 24,5 millj. kr. árið 2002.

Aflagjöld eru langstærsti tekjustofn hafnarsjóðs og gefa um 83% af hafnargjöldum eða 62% af heildartekjum (hafnargjöld og þjónustugjöld/seld þjónusta) hafnarinnar. Aflagjöldin voru um 16,2 millj. kr. árið 2001 en voru árið 2002 um 15,2 millj. kr.

Höfnin hefur staðið í miklum framkvæmdum í 2-3 ár við lengingu Norðurgarðs. Tekjusamdráttur á sama tíma er því mjög bagalegur.

Framkvæmdir

Í annál ársins 2001 var greint frá framkvæmdum við 100 metra lengingu stóru bryggju sem hófust um mitt það ár og lauk árið 2002. Það var verktakinn Ísar ehf. úr Hafnarfirði sem vann að framkvæmdum við kjarnafyllingu og byggingu grjóttvarnar utan á hana, rekstri stálpils, steypum kantbitum á þilið með pollum og stigum og byggingu ljósamasturs- og vatnshúss. Á árinu var einnig steyppt þekja á stóru bryggju, samtals um 4000 m² að flatarmáli (800 m³). Steyp var í 125 m² einingum eða plötum, auk þess sem endursteyp var lítillsháttar



Fyrsta löndunin við lengda stóru bryggju. Ljós. Guðjón Elisson.

viðbót í eldri þekju, við samskeyti. Að auki var lögnum komið fyrir undir þekju. Það var Almenna umhverfisþjónustan ehf. í Grundarfirði sem sá um verkið skv. útboði. Einnig voru boðnar út framkvæmdir við rafmagn og lýsingu og var það Kristmundur Harðarson rafverktaki sem vann verkið í ársbyrjun 2003. Tæknimenn Siglingastofnunar höfðu sem fyrr yfirumsjón og eftirlit með verkinu.

Fyrsta löndun við stækkaða bryggju

Þann 30. september fór svo fram fyrsta löndun við nýja löndunar- og viðlegukantinn.

Það var norskur rækjutogari, Langvin, sem verið hafði á veiðum á Flæmska hattinum og landaði 360 tonnum af iðnaðarrækju hjá Fiskiðjuni Skagfirðingi.

Kanturinn hafði reyndar verið notaður til viðlegu áður, m.a. fyrir djúprist skemmtiferðaskip fyrr um sumarið, en eins og áður segir var þetta í fyrsta sinn sem landað var við kantinn.

Sjávarútvegssýningin

Dagana 4. til 7. september 2002 tóku Grundarfjarðarhöfn og 6 fyrirtæki þátt í Íslensku sjávarútvegssýningunni í Smáranum í Kópavogi. Fyrirtækin voru Mareind, Netaverkstæði Guðmundar Runólfssonar, Vélsmiðjan Berg, Ragnar og Ásgeir, Djúpiklettur - löndunarþjónusta og Snæis - ísverksmiðja. Undirbúningur hófst á árinu 2001. Kynnt var hafnaraðstaða og þjónusta fyrirtækjanna og hafnar við fiskiskip og aðra viðskiptavini, auk þess sem þarna fékkst góð kynning á bæjarfélagi og mannlífi.

Þátttakan í sýningunni er í samræmi við stefnu hafnaryfirvalda um að fjölga skipakomum og löndunum í Grundarfjarðarhöfn.

Ýmislegt annað ...

Þverun Kolgrafarfjarðar

Þann 22. ágúst kvað umhverfisráðherra upp úrskurð vegna þriggja kæra sem fram komu á úrskurð Skipulagsstofnunar frá 16. janúar 2002 um mat á umhverfisáhrifum vegna þverunar Kolgrafarfjarðar. Ráðherra staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar sem hafði fallist á fyrirhugaða lagningu Snæfellsnesveggar um Kolgrafarfjörð skv. þremur valkostum, en bætti reyndar tveimur skilyrðum við um rannsóknir í 5 ár á þéttleika minks í nágrenni vegfyllingarinnar á leið 1 (brú) og um endurheimt votlendis. Vegagerðin fór í framhaldinu í vinnu við hönnun og undirbúning útboðs vegna framkvæmdanna, sem voru boðnar út á árinu 2003.

Málefni heilsugæslustöðvarinnar

Á fundi sínum í febrúar samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi ályktun:

Bæjarstjórn Grundarfjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjárhagsstöðu heilsugæslustöðvar Grundarfjarðar og tekur undir ályktun stjórnar heilsugæslustöðvarinnar frá 28. janúar 2002 um að nauðsyn beri til að auka framlag til stöðvarinnar þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu við íbúa.

Þann 26. ágúst fóru bæjarstjóri og formaður bæjarráðs ásamt hluta af stjórn heilsugæslustöðvarinnar á fund heilbrigðisráðherra til að ræða fjárhagsstöðu stöðvarinnar. Verulegir fjárhagsörðugleikar blöstu við stöðinni, yrði ekki bætt við fjárveitingu ársins, auk þess sem nauðsynlegt var orðið að fara í lagfæringar á læknisbústað. Heilsugæslustöðin fékk að nokkru úrlausn mála sinna.

Grundarfjörður kjarnorkuvopnalaus

Á árinu tók bæjarstjórn fyrir erindi frá Samtökum herstöðvaandstæðinga, ósk um þátttöku í afvopnarátaki með friðlýsingu svæðisins og samþykkti bæjarstjórn samhljóða eftirfarandi yfirlýsingu;

Grundarfjarðarbær lýsir yfir að það sé kjarnorkuvopnalaust svæði og krefst útrýmingar allra kjarnorkuvopna í heiminum.

Íbúafjöldi

Íbúar bæjarfélagsins voru 964 þann 1. desember 2002 skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Ári áður, eða þann 1. desember 2001 töldust 956 íbúar í Grundarfirði.

Okkur fylgjar því um 8 íbúa skv. þessum nýjustu tölum Hagstofu eða um tæpt 1%. Reyndar er fjölgunin um a.m.k. 11 íbúa því við vorum látin vita af því að 3 íbúar sem ekki náðu inn í þessar tölur (af óviðráðanlegum orsökum) færu örugglega inn í endanlegar tölu.

Fallegustu fjöllin á Snæfellsnesi

Það fer vel á því að enda yfirferð ársins 2002 með því að auka örlítið á bæjarstoltið, en í bæjardagbók þann 25. október var að finna eftirfarandi „frétt“ bæjarstjóra sem ég læt verða lokaorðin í ;

Nú er það opinberlega komið í ljós sem við Snæfellingar höfum alltaf vitað; að við eigum fallegustu fjöllin. Tróna þar Snæfellsjökull og Kirkjufell hæst, en önnur myndarleg fjöll fylgja auðvitað fast á eftir.

Náttúrufræðistofnun og Landvernd efndu til könnunar meðal þjóðarinnar (á Netinu) í tilefni þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað árið 2002 fjöllum.

Kosið var um þjóðarfjall og héraðsfjall. Herðubreið var valin þjóðarfjall númer eitt með 48% atkvæða, í öðru sæti var Hekla með 16%. Í þriðja sæti var Snæfellsjökullinn sjálfur og í fjórða sæti var Kirkjufellið.

Tilgangurinn með könnuninni var sagður að athuga hug þjóðarinnar til fjalla og stöðu þeirra í þjóðarsálinni. Þátttaka var góð, á bilinu 2000 til 3000 manns greiddu atkvæði sitt á netinu. 218 fjöll fengu tilnefningu sem héraðsfjöll og lenti Esjan í fyrsta sæti en Kirkjufellið varð þar í öðru sæti, hvorki meira né minna. Keilir varð í þriðja sæti og Snæfellsjökull í því fjórða.

Og áfram segir í bæjardagbók:

Niðurstaðan er því sú að Snæfellsnesið fær tvö sæti af topp-fjórum, í báðum flokkum í þessu framboði fjalla. Fegurð fjallanna er enda við brugðið eins og oft og víða hefur á verið bent. Bæði höfum við Snæfellingar reynt að halda þessu á lofti og eins hafa aðrir góðir menn tekið undir með okkur. Nægir þar að nefna Halldór Kiljan Laxness í Kristnihaldi undir Jökli, m.a. þegar hann talar um Helgrindur við Grundarfjörð og Snæfellsjökulinn (látum vera þetta með „bunguna“...)

Nú, sem sagt, þá veit þjóðin þetta og við Snæfellingar fögnum því. Hitt skal svo einnig áréttað, að eins og allir vita erum við Snæfellingar líka þeim kostum búnir að vera óvenju hógvært fólk og látum ekki hólið okkur til höfuðs stíga, grobbum okkur ekki af því sem þó eru staðreyndir og erum þess vegna vel í stakk búin að höndla frægð fjallanna okkar.

Myndir

Ljósmyndir á bls. 51, 61, 63, 79, 81, 84, 85, 86 og 88 eru af geisladiskinum Ískaldur veruleiki, útgefnuð af Sveini arnórssyni og Guðjóni Elíssyni.

Hildur Sæmundsdóttir

Urthvalafjörður

Kvöldblíðan lognværa kyssir hvern reit.
Komið er sumar, og fögur er sveit.
Sól er að kveðja við bláfjalla brún,
brosa við aftanskin fagurgræn tún.
Seg mér, hvað indælla auga þitt leit
íslenzka kvöldinu í fallegri sveit!

Guðmundur Guðmundsson skólaskáld

Í *Eyrbyggju* segir svo: „Vestar hét maður, sonur Þórólfs blöðruskalla. Hann kom til Íslands með föður sinn gamlan og nam land fyrir utan Urthvalafjörð og bjó á Öndverðri-Eyri.“ Samkvæmt sóknarlýsingum Setbergsprestakalls frá árinu 1873, rituðum af sr. Helga Sigurðarsyni presti á Setbergi, segir: „Fjörður þessi inn að nefndum Oddum hét þessu nafni eftir landnámstíð án efa en síðan hét hann Hvalafjörður eða Hvalfjörður, breiðasti hlutur hans nefnist nú bara Fjörður.“ Ekki er getið heimilda hvenær nafnið Kolgrafafjörður festist við fjörðinn eða hvort innri hluti fjarðarins hét því alltaf, en augljóst er að það er tilkomið vegna nafns bæjarins Kolgrafa, sem aftur á móti lýsir því að þar hafa verið gerð kol. Þykir sr. Helga það fullljóst að á Berserkseyrarodda norðan við Hópið hafi verið forn akuryrkja svo og við Hjarðarbólsoddann. Sr. Helgi ritar mikið um Hópið og hvort það hafi verið Salteyrarósinn í *Eyrbyggju*, þar sem Austmenn sigldu skipi sínu upp til vetursetu. *Eyrbyggja* segir að þangað hafi Snorri Goði á Helgafelli farið „út til Tröllaháls og brennt skipið þegar Austmenn hugðust láta úr vör og koma Þórarni Mávhliðing undan. Sr. Helga finnst líklegt að hann

hafi ekki farið Tröllahálsinn heldur farið Straumhlíð og fyrir Múlana og komið þannig að óvörum. Seint verður hægt að færa sönnur á, hvar Salteyrarós er, en vangaveltur um staðsetningu hans hafa þó fest tilvist Kolgrafafjarðar í *Eyrbyggju* í sessi, aðrir ósar sem til eru nefndir eru Grundarós, Kvíaós og Lárós. Víst er þó að Hópið er skipgengt grunnskreiðum skipum eins og tíðkuðust þá og veitir það gott skjól. Í kringum 1850 komu skip úr Breiðafjarðareyjum inn í Hópið til að kaupa mól, en þar var mjög góð mótaka. Þá er þess getið að írskir hafi komið í Hópið. Fjörðurinn er þrengstur milli Berserkseyrar- og Hjarðar-bólsodda. Mesta dýpi í firðinum er framan við Eiðisstapana 20-30 faðmar, kallað Eiðisdýpi, samkvæmt sjómælingum Frakka í kringum 1870.

Við fjörðinn voru áður eftirtaldir bæir: Hjarðarból, sem nú er í eyði, en talið er að það hafi fyrst verið sel fyrir Þórdísi landnámskonu á Þórdísarstöðum. Í sóknarlýsingunum frá 1873 er lýst verðmæti jarðanna í hundruðum. Hundrað var upphaflega stórt hundrað álna af vaðmáli (120 álnir, um 60 m löng og 1 m breið lengja af vaðmáli). Seinna varð hundrað verðeining, jöfn kúgildi (kú eða 6 ám). *Hjarðarból* er þar talið 11,5 hndr. að dýrleika. Eiði 15,6 hndr. að dýrleika, var talið tilheyra Setbergskirkju 1840. *Hrafnkelsstaðir* sem er nú í eyði, 7,3 hndr. að dýrleika. Er talið heyra undir Hallbjarnareyrar hospital 1840. *Kolgrafasel* var skráð nýbýli 1840 og vill ábúandi þá láta það heita Hlíðarenda, fer í eyði 1903. Varð síðan sel frá Kolgröfum vegna mikilla grasa í botninum. *Kolgrafir* 14,7 hndr. að dýrleika. Skráð bóndaegin 1840.

Í dag þekkjum við „stóra sunnan“ í Kolgrafafirði og innan fárra ára mun það heyra sögunni til að hafa áhyggjur af veðri og færð fyrir fjörðinn. Þangað til er ekki úr vegi að skoða þá staði sem eru í augsyn við þjóðveginn. Þegar komið er frá Grundarfirði er fyrst að nefna Hrafnafoss í Hrafnkelsstaðabotni, einstaklega tígulegan, grafinn inn í móbergið líkt og Stakkholtsgjá í Þórsmörk. Þegar fossarnir falla til jarðar rennur vatnið neðanjarðar á löngum kafla, en í árfarveginum er mikið safn fjölbreyttra steina af ýmsum tegundum. Í Eyrarbotni eða Kolgrafabotni er tilkomumikið að ganga upp að Axarhamri og skoða Hrauntungurnar og Hestadalina.

Að ógleymdri alfaraleiðinni yfir Tröllahálsinn, sem ætti að vera fastur liður í ferðamennsku grunnskólabarna til að gera sér í hugarlund forna lífshætti. Í Kolgrafamúlanum má finna bæði gabbró, granófýr, geislasteina, jaspis og hrafntinnu, auk þess sem líparítskriðurnar (Rauðuskriður) eru mjög litfagar.

Uppi á fjallinu eru mjög sérkennilegir steinar, langir og mjóir, sem áður voru notaðir m.a. í legsteina. *Árbók ferðafélagsins*, 86.

Fegurð fjarðarins fangaði okkar ágæti ljósmyndari og tölvumaður, Guðjón Elisson, náði hann þar óvenju góðri mynd af strandlengjuinni frá tveimur stöðum. Hann lauk við gerð langmyndar af Kolgrafafirði á haustmánuðum. Verður hún gefin út með Safni til sögu Eyrarsveitar árið 2003 og fylgir í fótspor myndarinnar af Grundarfirði / Kirkjufirði.

Enn er þó nokkru ólokið hjá örnefnanefnd þar sem langmyndir vantar af Berserkseyrardal, Eyrarfjallsenda og í útsveit Stöðinni og Höfðanum, en það eru verkefni næsta starfsárs.

Þegar Guðjón var tilbúinn með myndirnar fékk nefndin Arnór á Eiði til liðs við sig og settum við örnefnin á hana. Í framhaldi af því fengum við síðan Gunnar og Maríu á Kolgröfum, Hrein á Berserkseyri, Elís Guðjónsson og Kjartan í Nýjubúð til að yfirfara örnefnaskráninguna. Samhliða þessari vinnu hefur nefndin unnið með Þ. Gunnari á Akurtröðum, Gunnari og Pálínu á Spjör, Kristínu Páls frá Hjarðarbóli, Þránni í Vindási og Kjartani á Setbergi, Hanna, Fjalari, Rögnu og Elís á Vatnabúðum, Vigdís og Stjána á Skallabúðum, Péttri frá Norður-Bár, Njáli og Tryggva frá Suður-Bár, Salbjörgu, Kristínu og Svanborgu í Vindási, auk áðurnefndra bænda að því að færa örnefnaskrárnar inn á loftmyndir af bæjunum í Framsveitinni, Kolgrafafirði ásamt Berserkseyri. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki um leið og sauðburðinum, en áður höfðu Út - og Miðsveit verið skráðar. Er það von okkar að með því að kalla sem flesta til, verði örnefnin rétt skráð og á réttum stað. Ljóst er að menn eru ekki sammála um staðsetningu nokkurra örnefna og ber þar hæst Örninn.

Um staðsetningu hans segir sr. Einar S. Einarsen, prestur á Setbergi, í sóknarlýsingum frá 1840: „Upp frá Kvenná er reiðvegur, nefndur Arnardalsskarð. Liggur hann upp Arnardalshlíð, upp Arnarklif, upp Sóleyjardal, *upp vestan megin Arnar*, sem er höfði líkur hnúkur efst á fjallinu, hvaðan haldið er til út-suðurs niður eftir fjallinu að sunnanverðu.“ Þá segir Þorleifur Jóhannesson svo í örnefnaskrá Hellnafells: „Suður af Hrútaborg er skarð í tindana sem heitir Egilsskarð. Austan við Egilsskarð er hár tindur, sem heitir Tröllkarl“ (sbr. Bláfeld). Síðan segir um eyktarmörk: „Frá Hellnafelli er hádegi á litlum hnúk sem er austan við Arnardalsskarð og ÖRN heitir.“ Þarna er á prenti lýst fyrir 70 og 160 árum, höfða líkum hnúk, sem er inn í Arnardalsskarðinu. Svo er að sjá að

menn skiptist í tvo hópa, þá sem ólust upp við að sjá inn í Arnardalsskarðið og þá sem sáu ekki inn í skarðið.

Ef allt gengur að óskum munu Landmælingar ríkisins og Loftmyndir taka við og færa af loftmyndunum inn í tölvu og trúum við því að þá sé Eyrarsveit hin forna fyrsta sveitarfélagið til að koma örnefnum sínum bæði úr lofti og af láði í myndrænt form svo allir geti haft aðgang að þeim í tölvutæku formi. Þess er að vænta að Landmælingar gefi út kort með örnefnunum síðar.

Í Örnefnanefnd Eyrbyggja sitja Gísli Karel Halldórsson, Gunnar Magnússon frá Kirkjufelli og Hildur Sæmundsdóttir, ljósmyndari og tölvumaður er Guðjón Elisson.

Sveinn Arnórsson

Gamlar myndir úr Eyrarsveit



Kolgrafaffjörður 1958. Til gamans er þessi mynd birt í þessari bók en í ár hefjast framkvæmdir við gerð nýs vegar og brúar yfir Kolgrafaffjörð úr Hjarðarbólsodda sem hér sést til vinstri, en hann hefur greinilega verið stærri á þessum tíma en hann er í dag. Ljósmyndara hefur örugglega ekki órað fyrir því að þarna yrði ekið yfir 45 árum síðar. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir.



Grundarrétt 1966. Grundarrétt var gerð upp af hópi áhugafólks árið 2002 í þeim tilgangi að halda við minjum sem minna á handbragð fyrri tíma. Hætt var að rétta í Grundarrétt fyrir nokkrum árum. Á þessari mynd er greinilega búið að rétta og flytja eitthvað fé í burtu. Menn stinga saman nefjum undir réttarvegg og vafalítið gengur þar pytlan. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir.



Steinbjörg Elíasdóttir og Kristín Kristjánsdóttir á göngu á Grundargötunni. Myndin er tekin í kringum 1950. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir.



Runólfur Guðmundsson við Götuhús sem stóð við Grundargötu 12. Myndin er tekin í kringum 1950. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir.



Sr. Jósep við Setbergskirkju, líklega árið 1954, en séra Jósep flutti burt um haustið 1954. Til vinstri við sr. Jósep er Emil Magnússon og næstur honum Jón Hjartarson frá Mýrum. Aðra hafa ekki verið borin kennsl á. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir.



Vilborg Jónsdóttir, Elínborg Kristjánsdóttir sem á nokkrar af gömlu myndunum í þessari bók, Snorri Elísson, Jónína Kristjánsdóttir, Ásrún Jónsdóttir og Kristný Lóa dóttir Elínborgar. Ljósmynd: Elínborg Kristjánsdóttir. Ljósmyndari: Trausti Jónsson. Myndin er tekin í kringum 1959 á Vatnabúðum.




Vilborg Jónsdóttir Vatnabúðum ásamt barnabarnabörnum sínum á 85 ára afmæli sínu 6. mars 1962. Myndin er tekin í stofunni á Grundargötu 28, en þar bjuggu þá hjónin Sigríður Elísdóttir og Guðjón Elisson frá Skallabúðum. Aftari röð frá vinstri: Sunna Njálisdóttir, Gunnar Njálsson, Margrét Hjálmarsdóttir, Ólafía Hjálmarsdóttir og Lilja Njálisdóttir. Frenri röð frá vinstri: Halldór Páll Halldórsson, Jóhanna H. Halldórsdóttir, afnælisbarnið og ættmóðirin Vilborg, Jóhannes Finnur Halldórsson, Erna Njálisdóttir og Gunnar Hjálmarsson. Ljósmynd: Njáll Gunnarsson. Ljósmyndari: Bæring Cecilsson.

Gunnar Kristjánsson

Vatnabúðir

Í 3. hefti bókanna *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* var fjallað um lendingar í Eyrarsveit, þar á meðal um lendinguna á Vatnabúðum. Þar var svokallað „Altari“ í fjör-
unni merkt á röngum stað. Hér sést hið rétta Altari, en því tengjast sögur frá
gamalli tíð þegar börnin í Vatnabúðaplássinu settust á altarið með færin sín og
biðu síðan eftir að flyti í kringum það. Þar veiddu þau síðan síli og beittu hvít-
um maðki uns síli veiddist, en þá var sílið hlutað niður í beitu. Steinninn
vinstra megin við lendinguna var notaður sem viðmið um sjávarhæð, hvenær





Vatnabúðir.

Óhætt væri að renna inn í lendinguna. En lænan inn að lendingunni var nefnd lækurinn. Austar í Vatnabúðaskerjunum var svokallaður bryggjuhaus þar sem bátar biðu gjarnan eftir að nógu hátt væri í sjó til að komast inn lækinn að lendingunni. Byggt á frásögn frændanna Elísar Guðjónssonar frá Skallabúðum og Elísar Gunnarssonar á Vatnabúðum.

Njáll Gunnarsson

Eftirminnilegir einstaklingar:

**Rósa á Skallabúðum
og Gunnar á Eiði**


Gunnar á Eiði

Í sögu íslensku þjóðarinnar mun 20. öldin verða talin merkust fyrir þær miklu framfarir sem urðu í atvinnumálum þjóðarinnar. Margt konar tækniframfarir breyttu lífi og starfi fólksins í landinu, til hins betra. Það varð bylting í búskaparháttum og byggðakjarnar urðu til um allt land kringum sjávarútveginn sem varð aðalvatninnvegur þjóðarinnar. Fólk fluttist úr sveitum í bæina. Uppgötv-anir á öllum sviðum urðu svo örur að menn máttu hafa sig alla við til að til-einka sér þær. Almenn menntun fólksins varð útbreidd svo það gæti tileinkað sér tækniframfarirnar.

Sjálfsþurftarbúskapurinn laddi við fyrstu áratugi 20. aldarinnar. Fátækt var hlutskipti margra og var almenn og varð fólk að hafa sig allt við til að hafa í sig og á. En með dugnaði og framfaravilja vann fólk sig upp úr fátæktinni og varð þjargálna.

Með þessari grein vil ég minnst eins þeirra sem lifði það framfaraskeið sem að framan greinir og segja frá lífi og starfi tengdaföður míns, Gunnars Jóhanns Stefánssonar frá Eiði í Eyrarsveit.

Gunnar var fæddur 22. nóvember 1903 að Efri-Hlíð í Helgafellssveit, en árið 2003 eru eitt hundrað ár frá fæðingu hans. Gunnar var kvæntur Lilju Elísdóttur



Með Vigdísí forseta þegar hún var í framboðsferð 1980.

frá Vatnabúðum í Eyrarsveit og eignuðust þau tíu börn og varð yngsta dóttirin, Helga, eiginkona mín og bjuggum við í Suður-Bár.

Fyrst mun ég greina frá uppruna Gunnars, foreldrum og einkum móður hans sem var mörgum minnisstæð og að nokkru þjóðsagnapersóna. Síðan rek ég ungdóms- og sjómennskuár Gunnars eins og föng eru til en starfsævi hans skipti ég niður í þrjá kafla; „Bóndinn“, „Smiðurinn“ og „Fiskverkandinn“ auk þess sem ég fjalla um fórnfúst starf hans við byggingu Grundarfjarðarkirkju í sér kafla.

Rósa

Í kirkjubók er nafn hennar skráð Hjálmrós Ólafía Ólafsdóttir, en af sínum nánustu var hún alltaf nefnd Ólafía Hjálmrós, og til styttingar Rósa og mun ég halda mig við það nafn. Hún var fædd 14. janúar 1874 í Hrísdal í Miklaholts-hreppi. Faðir hennar var Ólafur Jónsson, fæddur 27. apríl 1851 á Götu á Búðum, Snæfellsnesi, en móðir hennar var Sveingerður Sveinbjörnsdóttir fædd 26. mars 1839 í Þórðarbúð í Eyrarsveit. Þau voru ógift. Rósa átti þrjú systkini og var eitt þeirra Kjartan á Þórdísarstöðum. Rósa ólst upp hjá móður sinni á Akurtröðum. Sveingerður giftist síðar Finni Jónssyni bónda þar. Hún var þá 58 ára, en hann 30 ára.

Innan við fermingu er Rósa komin að Setbergi til séra Jens Hjaltalín og konu hans. Þar fermdist hún og var þar vinnukona í nokkur ár. Árið 1895 er hún orðin ráðskona hjá Stefáni Jóhannessyni bónda að Neðri-Arnarstað í Helgafellssveit en hann var fæddur 25. nóvember 1841 í Efri-Hlíð. Faðir Stefáns var Jóhannes Jónsson fæddur í Efri-Hlíð og móðir hans Hólmsfríður Jónsdóttir.

1896 fæddist fyrsta barn þeirra og segir sagan að þá hafi Rósa verið neydd af sínu fólki til að giftast Stefáni, og 12. júní 1897 ganga þau í hjónaband og flytja að Efri-Hlíð í Helgafellssveit. Þegar Rósa kom til Stefáns var hún 21 árs en hann 54 ára.

Rósa var mikil kjarnakona, tápmikil og afburðadugleg og það mæddi mikið á henni að framfleyta heimilinu er heilsu Stefáns hrakaði og hann gerðist lasburða langt um aldur fram.

Það mun hafa verið árið 1901 sem Rósa kynnist Jóni Elíssyni pósti frá Bíldsey á Breiðafirði Bjarnasonar. Móðir Jóns var Gunnhildur Jónsdóttir. Munu þá fljótlega hafa tekist með þeim ástir sem héldust meðan bæði lifðu og eignuðust þau saman börn. Ekki mun öllum hafa líkað slíkt lífverni og alls ekki andlegar stéttar mönnum sem sáu bersynduga konu þar sem Rósa var. En hún var þeirrar gerðar að hún lét slíkt ekki á sig fá og fór sínu fram.

Árið 1915 skilja hjónin og fór Stefán að Þórdísarstöðum í Eyrarsveit til Kjartans bróður Rósu og þar deyr hann 11. nóvember 1918.

Á þeim tíma sem þau Rósa og Stefán voru samvistum, eða um 20 ár, eignaðist Rósa 16 börn. Af þeim dóu tvö á fyrsta ári. Þau hétu: Kristján Sveinn, Sigurður Valdimar, Halldór Óskar, Karólína Kristín, Samúel, Ágústa Stefanía, Gunnar Jóhann, Marta Ólöf, Ingibjörg, Hólmfríður Sigurást, Karl, Haraldur, Ingigerður, óskírd telpa, Alexander og Aðalheiður.


Norður-Bár

1915 byrjaði Rósa búskap í Norður-Bár í Eyrarsveit með Jóni Elíssyni. Höfðu þau smábúskap, en Jón var aðallega til sjós. Þann tíma sem þau bjuggu í Norður-Bár eignaðist Rósa tvö börn, Bjargmund í júlí 1915 og Torfhildi í júlí 1918. Þar með hafði Rósa eignast 18 börn 44 ára gömul.

Það var einmitt árið 1915 eða 1918 sem sú saga gerist sem ég nú greini frá: Um hásláttinn eignaðist Rósa barn og gekk það allt vel. Ljósmodirinn gat ekki komið til hennar fyrr en á þriðja degi, en þá var Rósa komin upp í flóa og stóð þar við slátt. Þótti það hraustlega gert. Þessa sögu hef ég heyrt frá fleirum en einum, og í hvert sinn sem Halldór E. Sigurðsson alþingismaður og ráðherra kom til okkar í Suður-Bár, en þar ólst hann upp, sagði hann þessa sögu, enda



Hjálmrós.



Forsíða á ættarskrá sem gefin var út 1997.

þarna fórust. Rósa missti þarna sambýlismann sinn og son. Nú er hún höfuð fjölskyldunnar og kemur ekki í hug að láta bugast enda ekki þeirrar gerðar.

Eftirfarandi frásögn er höfð eftir Ágústu dóttur Rósu sem þá var heima unglingsstúlka. Lét hún þess getið þegar hún rifjar upp þennan atburð að aldrei hafi hún orðið eins hrædd á æfinni.

Nokkru eftir slysið kemur hreppstjórinn í Eyrarsveit ásamt öðrum manni að Norður-Bár. Erindi þeirra er að bjóðast til að vera Rósu hjálplegir við að koma börnum hennar fyrir og þá hjá vandalausum. Ekki er ólíklegt að þá hafi börnin verið 10 heima. Svar Rósu var eftirfarandi: „Ef þið ætlið að skipta ykkur af mér og mínum og taka börnin frá mér, þá mun ég taka þau eitt og eitt í einu, fara

Helga húsfreyja sonardóttir Rósu.

Hinn 31. janúar árið 1919 rær til fiskjar á bátnum *Sunnlendingi*, Ásmundur Sigurðsson hreppsnefndaroddviti í Suður-Bár og með honum sex manns. Þennan dag hvolfir bátnum undir þeim og drukkna eftirtaldir: Ásmundur Sigurðsson 50 ára Suður-Bár, Jón Elisson 44 ára, Norður-Bár, Guðmundur Magnússon 62 ára, Jaðri, Páll Leo Kjartansson 18 ára, Þórdísarstöðum og Samúel Stefánsson 18 ára Norður-Bár, sonur Rósu. Tveir komust á kjöl og björguðust: Einar, sonur Ásmundar Sigurðssonar, seinna kenndur við *Sindra*, og Kristján elsti sonur Rósu í Norður-Bár.

Eins og geta má nærri hefir drukkun þessara manna tekið mjög á fjölskyldur þeirra sem

með þau niður í flæðamál og kæfa þau þar og svo sjálfa mig á eftir.“ Hreppstjórinn og fylgdarmaðurinn fóru og ónáðuðu Rósu ekki eftir það. Áður hefi ég minnst á afburða dugnað Rósu og alla tíð var hún orðská og kvað fast að orði og ekki allra að eiga við hana orðastað þegar henni þótti á sig hallað.

Skallabúðir

Vorið 1919 flytur Rósa ásamt börnum sínum að Skallabúðum í Framsveit.

Í manntali 1. des 1920 er Rósa húsmóðir ein fullorðin á Skallabúðum og 8 yngstu börnin á aldrinum 2-13 ára. Þá er Gunnar sagður fjarverandi við sjóróðra á Akurtröðum, 17 ára. Elstu börnin voru þá flutt að heiman og nokkrum af yngstu börnunum hefur hún seinna komið fyrir á bæjum í lengri eða skemmri tíma.

Árið 1922 dó ein dóttir hennar, Ingigerður, 12 ára. Og enn hafa illar örlaganornir ekki sleppt hendi af Rósu og fjölskyldu hennar. Eftirfarandi frásögn er höfð eftir Bjargmundi yngsta syni Rósu, og birtist hún í stuttu æfiágripi hennar, sem sett var saman fyrir ættarmót 1982.

Að kvöldi 28. jan. 1924 er Rósa heima með sjö börnum sínum, það elsta sonur innan við tvítugt. Úti geisar suðvestan ofsaveður með skörpum hviðum. Þau eru öll stödd í eldhúsinu, en þá gerist það í einni vindhviðunni, að eldhúsglugginn fýkur inn á þau og um leið slökknar ljósið. Ætlar nú Rósa að forða sér með börnin niður í kjallara undir húsinu, en í sömu svipan kemur næsta hviða og sviptir þakinu af húsinu og hrynur nú allt ofan á hana og börnin. Á þessari stundu kom best í ljós hvílíkan dugnað og kraft hún átti til. Í svartamyrkri og ofsaveðri tókst henni að ná börnunum undan grjóti og braki nema einni stúlku sem varð undir skorsteini sem hrundi niður og lést hún þar. Elsta barnið fann



Bjargmundur ásamt tveimur systur sínum á Mjósundabrú.



Farmallinn hans Gunnars.

hún ekki, það hafði fokið út þegar húsið hrundi. Sorgbitin og uppgefin lagði hún af stað með börnin inn með sjó til næsta bæjar. Komu þau að Nýjubúð og var þar tekið vel á móti þeim, og mikil var gleði hennar er hún sér að elsta barnið er komið þangað á undan henni. Stúlkan sem lést hét Hólmfríður Sigurást og var á sautjándra aldursári. Á Skallabúðum fuku þessa nótt öll skepnu-hús sem tilheyrðu jörðinni.

Vorið 1924 flytur Rósa til Stykkishólms með flest börnin, eignast hús og býr þar til dauðadags.

Árinu 1924 er ekki lokið og enn ber sorg að dyrum Rósu. Aðfaranótt 4. október 1924 drukknaði elsti sonur hennar, Kristján Sveinn, þegar mb. *Rask* frá Ísafirði fórst, en þar var hann búsettur. lét hann eftir sig eiginkonu og þrjú börn, tvær dætur og einn son.

Áður en ég skil við Rósu á Skallabúðum læt ég fylgja með eftirfarandi: Það mun hafa verið sumarið 1990 eða 1991 að gesti bar að garði í Suður-Bár. Eru þar komin hjónin Daði Guðbrandsson og Eygló Halldórsdóttir, sonardóttir Rósu, og systurnar Jónína og Áslaug, dætur Kristjáns sonar Rósu sem drukknaði 1924 þegar mb. *Rask* frá Ísafirði fórst. Vegna fjarlægðar og sam-

gönguleysis á uppvaxtarárum þeirra systra, var lítið samband á milli skyldmennanna hér og systkinanna á Ísafirði, en varð meira er frá leið. Við Helga tókum vel á móti þessum góðu gestum. Við minntumst á Rósu og líf hennar í Eyrarsveit, og þar sem fjórar sonardætur Rósu voru þarna samankomnar, var ákveðið að fara pílgrímsferð á slóðir ömmunnar á Skallabúðum. Kristján og Vigdís tóku vel á móti okkur. Við sögðum þeim erindi okkar. Þau höfðu nýverið lokið við byggingu viðbótar við eldra íbúðarhúsið. Þegar grafið var fyrir grunni þeirrar byggingar var komið niður á steypa vegg morknaða og ónýta og þar undir slétt, steyppt gólf. Þetta var kjallari hússins sem Rósa ætlaði að fara niður í þegar húsið fauk ofan af henni. Það hús mun Jens Hermannsson hafa byggt, en hann var um skeið kennari hér í sveit og höfundur bókarinnar „Breiðfirskir sjómenn“. Megnið af kjallaranum fór undir nýbygginguna, en 4–5 m² af kjallaragólfinu, steyppt og slétt, stóð þá út undan húsinu. Mér er það minnisstætt er þær stóðu á bakkanum, fjögur ömmubörn Rósu, og upplifðu að sjá gólf kjallarans sem amman komst ekki niður í forðum. Ég held að þarna hafi þær komist næst ömmu sinni, systurnar frá Ísafirði.



Után við nýbyggt húsið að Eyrarvegi. Lilja og Gunnar ásamt barnabarni sínu. Sigurjón Halldórsson skipstjóri stendur á milli þeirra.

Í Stykkishólmi

Eftir að Rósa kemur til Stykkishólms vinnur hún við fiskverkun og elur þar upp yngstu börnin sín og tvö barnabörn. Hún tók vel á móti gestum og þeir minnast með þakklæti, gamlir Eyrarsveitungar, móttaknanna sem þeir fengu hjá Rósu þegar þeir áttu erindi í Stykkishólmi, en um árabil var Stykkishólmur



Gunnar og gamli tíminn til sveita.

aðalverslunarstaður þeirra. Auk þess voru þar stjórnsýslan og sjúkrahúsið og á tímabili viðkomustaður rútuferða úr Reykjavík og var þá gist í Hólminum. Var oft þröng á þingi í litla húsinu hennar, matur á borðum, drukkið kaffi, hún spáði í bolla og reykti pípu af miklum móð svo oft var mökkur í húsinu af reyk. Hún var ræðin og berorð og lét margt fjúka af vörum sínum og sumt þá ekki prenthæft.

Hún kom oft að Eiði til Lilju og Gunnars og þau segja börnin þeirra að mikil hafi tilhlökkun þeirra verið þegar amman var væntanleg. Hún var hress og kát og ræðin og hugsaði ekki alltaf um hvort það væri börnum hollt að heyra það sem hún sagði.

Rósa var meðalmanneskja að hæð og bar sig vel. Hafði á unga aldri mikið svart hár, dökkleit í andliti, svipmikil og sviphrein. Hún var meira en meðal manneskja að burðum, þegar hún var upp á sitt besta. Hún talaði skýrt og skilmerkilega og kvað fast að orði. Hún var höfðingi í lund og mátti ekkert ammt sjá að hún reyndi ekki úr að bæta. Efalaust hefir hin erfiða lífsreynsla hennar sett mark sitt á hana, en hún stóð keik eftir.

Ég hitti Rósu einu sinni. Við Helga höfðum gengið í hjónaband og farið að búa saman í desember 1956. Sumarið 1957 heimsóttum við Rósu, en Helga var vel kunn ömmu sinni, og nú var ætlun hennar að ég kynntist gömlu konunni. Við fórum á Willysnum og var ég bílstjórinn. Rósa tók vel á móti okkur, hún var ræðin og reykti pípu sína af miklum móð. Hún bar fyrir okkur kaffi og meðlæti. Þegar hún hefir hellt kaffi í seinni bollann hjá mér, kemur hún með brennivínsflösku og ætlar að hella út í. Mér verður það á að segja að ég sé bílstjóri og megi ekki smakka vín. Þá sagði hún þessi orð, með miklum þjósti, sem lýsti henni svo vel, og ég mun aldrei gleyma. „Hvers konar andskotans aumingi ertu að geta ekki keyrt bíl þó þú fái brennivínslög út í kaffi!“ Ég tók mig fljótt á og sagði að þetta væri allt í lagi og hún hellti vel út í og tók gleði sína, og ég vona að með þeirri brennivínsdrykkju minni hafi hún trúað að ég væri verðugur eiginmaður sonardóttur hennar.

Ólafía Hjálmrós andaðist 23. júní 1958, 84 ára. Við Helga vorum við útför hennar. Mér er það minnistætt við athöfnina í kirkjunni að prófasturinn, séra Sigurður Ó. Lárusson, sagði að ekki yrðu rakin æfiatriði hinnar látnu. Ef til vill hefur honum ekki líkað lífsmáti Rósu og þá sá lífsmáti ekki verið Guði þóknanlegur.

Rósa hafði beðið Bjargmund son sinn, sem var smiður góður, að steypa utan um kistuna kassa, sem hún skyldi sett í. Þegar komið var með kistuna í kirkjugarðinn var hún sett í steypa kassann í gröfinni. Stutt frá gröfinni var steyp lokið. Þennan umbúnað vildi hún hafa um sig dána. Vildi ekki láta ormana éta sig upp, var haft eftir henni.

Ég hefi lokið við að rekja æfiferil þessarar mikilhæfu konu. Rósa er formóðir stórs ættboga og ekki ólíklegt að einhverjum kippi í kynið þar sem hún er. Börn Rósu voru öll myndarfólk. Dæturnar voru flestar dökkleitar og stórar til orða og æðis og synirnir myndarlegir á velli og hraustir líkamlega. Systkinin komust vel til manns. Systkinin höfðu mikil tengsl við Eyrarsveit og fjórir bræðranna kvæntust konum héðan. Tveir bræðranna, Sigurður sterki og Gunnar á Eiði áttu alla tíð heima í Eyrarsveit. Ég hef áður sagt frá orðkyngi Rósu. Þeir bræður Sigurður og Gunnar áttu slíkt til, þó ekki væri það í líkingu við Rósu móður þeirra. Um marga afkomendur Rósu er hægt að segja að þeir séu orðforir.

Gunnar, ungdómsár

Um fyrstu uppvaxtarár sín var Gunnar fáorður. Þegar lesin er saga móður hans er það auðskilið að erfitt hefir verið að framfleyta svo stórum barnahópi, einkum þegar fjölskyldan var búsett í Efri-Hlíð. Þegar elstu börnin stækka, og fara að vinna hjá öðrum, leggja þau til heimilisins allt sem þau geta. Var það alsíða á þeim tíma, og léttu þau þannig undir heima fyrir. Á heimili Rósu var lýsis neytt þegar það var til enda urðu systkinin sterk og heilsuhraust og meira var um fiskmeti þegar fjölskyldan flutti að Norður-Bár, en þá var Gunnar 12 eða 13 ára.

Það er til viðtal, á spólu, sem Jónas Jónasson útvarpsmaður á við Gunnar 1976. Þar er hann spurður hvaða framtíð hafi beðið hans þegar hann fluttist frá Efri-Hlíð og að Norður-Bár en það var 1915. Svar Gunnars var eftirfarandi: „Framtíðin var ekkert nema strit og erfiðleikar á ýmsum sviðum, og var það í þá daga, að menn urðu að púla, allt frá því þeir byrjuðu að ganga og alla leið til grafar,“ Þegar Gunnar þroskaðist stundaði hann sjómennsku. Hann reyndist snemma hraustur og vel að manni, og reri hjá nágrannabændum í sveitinni. Fyrstu árin og oft síðar reri hann með Kristjáni Jónssyni útvegsbónda í Móabúð sem kunnir vel að meta dugnað og atorku Gunnars, og af Kristjáni lærði hann að verka harðfisk, sem kom honum vel seinna á lífsleiðinni, eins og kemur fram í fyrrgreindu viðtali við Jónas Jónasson.

Á þessum árum fer Gunnar suður á vertíðir eins og fleiri Eyrsveitungar á þessum árum. Gengu menn suður yfir fjall og jafnvel allt á leiðarenda. Gunnar var á vertíðum á Suðurnesjum og einnig í Vestmannaeyjum. Þar leist honum vel á sig og þar langaði hann til að setjast að. Níu vertíðir var hann á togaranum *Gulltoppi* frá Reykjavík. Hann var seinna á bátum frá Grundarfirði og var kominn hátt á fimmtugsaldur þegar hann hætti sjómennsku. Alla tíð var hann eftirsóttur til vinnu vegna atorku og dugnaðar.

Bóndinn á Eiði


Þann 22. september 1928 kvæntist Gunnar Lilju Elísóttur frá Vatnabúðum, en hún var fædd í Oddsbúð í Vatnabúðaplássi 24. júní 1907. Það má segja að jafnræði hafi verið með þeim hjónum, en Lilja var afburðadugleg við verk bæði



Makar systkinanna frá Eiði. Framsta röð f.v.: Finnbjörg og Njáll. Miðröð f.v.: Ragnhildur, Helga Þóra, Svala og Ólöf. Aftast f.v.: Hallvarður, Theodór, Gunnar og Ingibjörg.

utanhúss og innan. Þau keyptu hálfu jörðina Eiði, en á hinum helmingnum bjó Guðrún systir Lilju og maður hennar Kristján Jónsson frá Vindási. Lilja og Gunnar eignuðust 10 börn á árunum 1929–1947 og komust 9 upp, en þau voru: Elís, Hjálmar, Sveinn Garðar, Sigrún, Sigurlín, Helga Soffía, Jóhann Leo, Snorri, og Þórarinn. Næstyngsta barnið var stúlka sem dó óskírð.

Á fyrstu búskaparárum Gunnars og Lilju skall hin alræmda kreppa á, sem mörgum var þung í skauti. Þau stóðu þá erfiðleika af sér, en á þessum árum fór Gunnar á hverjum vetri suður á vertíð allt til um 1940. Var Lilja þá heima með börn og bú og hafði þá vetrarmann. Á Eiði bygðu þau hjón rúmgott íbúðarhús og einnig öll skepnuhús. Á Eiði ræktaði Gunnar grasgefið tún og á Hrafnkelsstöðum braut hann land og ræktaði. Er það syðsti hluti túnsins þar. Gunnar sló tún sín alltaf snemma og gekk að heyskapnum og bústörfum með sömu atorkunni og hann sýndi við önnur verk. Fyrstu árin voru öll verk unnin með gamla laginu, orfið, ljárin, hrífan og hesturinn gegndu stóru hlutverki. Alla sína búskapartíð þegar hann sótti vinnu í Grafarnesi kom hann heim á kvöldin þegar



Bræðurnir Sigurður og Gunnar Stefánssynir í maí 1980.

hann gat komið því við. Langur var vinnudagurinn hjá þeim hjónum og mikið á sig lagt til að framfleyta fjölskyldunni og var starf Lilju við bústörfin mikið og hún oft bæði bóndinn og húsfreyjan og hún jafnvel meiri bóndi í sér en Gunnar. Þá er þáttur barnanna mikill, en þau unnu að búinu strax og orkan leyfði og voru heima eftir fermingu eitt eða tvö ár hvert á eftir öðru.

1947 keypti Gunnar dráttarvél af gerðinni Farmall A, en strax eftir stríð voru dráttarvélar fluttar til landsins. Einnig keypti hann við vélina sláttuvél og fleiri heyvinnutæki og svo plóg og herfi til jarðræktar. Vélvæðingin gjörbreytti búskaparháttunum og svo voru dráttarvélar notaðar til að ferðast á milli bæja.

Þegar ég og fjölskylda mín fluttum að Suður-Bár 1952 komumst við fljótt í kynni við Gunnar á Eiði, og m.a. keyptum við af honum lífgimbrar fyrsta haustið okkar hér. Þessi fyrstu ár og einnig síðar undraðist ég afkastagetu hans við störf, m.a. þegar hann á sumrin fór á milli bæja jafnt á nóttu sem degi og sló tún bænda, en þá voru óvída dráttarvélar á bæjum. Ég held að því hafi ekki ráðið að hann fékk borgað fyrir sláttinn heldur var þetta engu síður greiðvikni við nágrennana. Það var eins og hann þyrfti aldrei að sofa!

Eftirfarandi saga er sönn og margir hafa heyrt hana: Eitt þessara sumra um hásláttinn kemur hann að Hellnafelli, kl. fjögur um nótt, vekur Árna bónda og segist vera kominn til að slá túnið sem hann var búinn að lofa. Árna verður það fyrst fyrir að bjóða honum í bæinn, hvort hann vilji ekki leggja sig og sofna áður en hann byrji sláttinn. Svar Gunnars var eftirfarandi: „Nei, nei, það er alger óþarfi. Ég sef á milliferðunum.“ Gunnar gat verið gamansamur og þetta svar hans var þeirrar gerðar. Ég tel hins vegar að þarna hafi hann sagt satt. Hann átti til þann eiginleika að geta sofnað á stundinni ef tóm gafst til, og vaknað sjálfur, endurnærður eftir 5 eða 10 mínútur og gat á eftir unnið lengur án hvíldar. Í þessu tilviki þurfti hann ekki annað en að stöðva vélina úti í vegkantinum, halla sér fram á stýrið og sofna. Árið 1961 hættu þau hjón búskap á Eiði og fluttu út í Grafarnes. Lilja var þá orðin heilsuveil. Seldu þau jörðina Arnóri syni Kristjáns og Guðrúnar á Eiði.

Smíðurinn

Gunnar hafði byggt tveggja hæða hús að Eyrarvegi 3 og þangað fluttu þau á neðri hæðina og þar áttu þau heima til dauðadags. Ég tel að ríkjandi eiginleikar í fari Gunnars hafi verið samviskusemi, dugnaður og áraði, sem þurfti til, þegar hann tekur að sér smíði húsa eða umsjón með byggingu húsa, án þess að hafa til þess þann lærdóm sem til þurfti, en hann hafði tiltrú þeirra manna sem fólu honum verk. Mun ég nú nefna nokkrar byggingar í Grafarnesi, en hann kom að smíði þeirra meira og minna.

Hann vann við smíði fyrsta áfanga Hraðfrystihúss Grundarfjarðar og hafði umsjón með smíði næsta áfanga byggingarinnar. Margir muna stafnana tvo á frystihúsinu þ.e. fyrsta og annan áfanga. Gunnar var yfirmsíður við byggingu fiskimjölsverksmíðjunnar þegar hún var byggð og nokkrum árum seinna byggði hann salthúsið svokallaða við hlið fiskimjölsverksmíðjunnar. Hann vann við smíði steinsteyptra kara sem notuð voru við hafnargerð í Grundarfirði og seinna byggð og flutt á aðra staði til hafnargerðar. Á milli Stóru og Litlu-bryggju var á þeim tíma steinsteypt hallandi braut sem körin voru steyppt á og var það tilkomumikil sjón að sjá körunum hleypt af stokkunum. Hann var yfirmsíður við byggingu Samkomuhússins 1945–1950. Er það sterkleg bygging með 30 cm þykkum veggjum og var 14 mánuði í byggingu. Hann byggði íbúð-



Systkinin frá Eiði. Aftari röð f.v.: Elís, Hjálmar, Snorri og Þórarinn. Fremri röð f.v.: Jóhann, Helga, Sigurlín, Garðar og Sigrún.

arhús Hjálmars og Helgu að Hamrahlíð 1 og einnig hús Garðars og Ólafar að Grundargötu 47 og seinna hús þeirra að Grundargötu 64. Þá vann hann mikið að byggingum að Vatnabúðum þegar Elís og Ragnhildur byggðu þar upp. Vinna Gunnars við húsasmíðar nær yfir langt árabíll, og tímaset ég þær ekki, en á þessum árum var ekki unnið utanhúss við byggingu húsa á vetrum. Gunnar vann við heyskap eftir þörfum heima á Eiði á sumrin og á þessum árum var ekki unnið í fiskimjölsverksmiðjunni á sumrin, þá fóru flestir bátar norður á síld.

Verksmiðjustjórinn

Eftir að fiskimjölsverksmiðjan var byggð á sjötta áratugnum var hann verksmiðjustjórinn og einnig unnu þá fleiri í henni eftir þörfum. Þegar mest var að gera var unnið allan sólarhringinn. Það var mikið erfiði að vinna í verksmiðjunni þegar moka þurfti slóginu upp í matarann með gaffli eða sting og koma

mjölpokunum fyrir í háum stæðum, en til þess verks voru fengnir menn úr frystihúsinu. Það var mikil framför þegar farið var að nota vélar til þessara verka. Gunnar hætti vinnu í fiskimjölsverksmiðjunni 1975.

Fiskverkandinn

Um 1960 fór Gunnar að verka fisk jafnframt annarri vinnu. Hann byggði stóran hjall þar sem hann hengdi upp og herti fisk. Einnig byggði hann fiskverkunarhús þar sem hann slægði, flatti og saltaði fisk. Fiskverkunarhúsin kallaði hann Tanga og eru þau í sama horfi og þau voru þegar hann féll frá. Ýsu og lúðu fékk hann að mestu á vetrum þegar bátar reru með línu og eftir því sem hann minnkaði við sig önnur störf tók hann meiri fisk í herslu. Vann hann oftast einn við það nema þegar fiskurinn var metinn og pakkaður. Þá vann fólk hjá honum eins og til þurfti.

Mér eru minnisstæðar margar ferðir sem Gunnar kom fram í Bár eftir að hafa lokið við að flaka fisk. Færði hann þá Helgu dóttur sinni með mörgu börnin sín ung og smá, ágætis fisk í soðið, sagði að hann hentaði ekki í verkunina. Þessar fiskgjafir voru honum aldrei fullþakkaðar, en þetta var honum líkt. Oftast kom hann eftir miðjan dag um það leyti sem línubátarnir voru væntanlegir að landi. Hann settist við eldhúsbordið, spjallaði við okkur, drakk kaffi og borðaði meðlæti. En alltaf hafði hann auga með því út um eldhúsgluggann sem sneri út að firðinum, hvort bátarnir væru að koma inn og hverjir það væru. Hann fékk fisk af bátum Hjálmars sonar síns og ekki mátti hann koma of seint á bryggjuna með kerruna og fiskkarið þegar báturinn lagði að. Þau muna það vel elstu börnin í Bár að afi þeirra kom með fulla fiskkassa af hertum og völsuðum fiskflökum. Þau sátu við eldhúsbordið og pökkuðu fisknum eftir vigt, áminnt um að borða hann ekki, en fengu svo fisk að loknu verki. Þessi verktilhögun stóð yfir í nokkurn tíma. Herti fiskurinn var eftirsóttur og þótti góður, en eins og fyrr var frá sagt lærði hann verkunina af Kristjáni í Móabúð. Hann seldi fisk til kaupenda víða um land og komu margir þeirra til hans ár eftir ár. Varð af þessum viðskiptum góður kunningsskapur, en Gunnar var ræðinn og góður heim að sækja og gat talað við hvern sem var. Ein af þeim konum sem keypti af honum fisk var Sigrún Pétursdóttir sem var hóteltjóri Hótel Fells í nokkur ár. Fiskurinn hjá Gunnari var hennar uppáhaldsmatur. Hún var mat-



Harðfiskshjallur Gunnars úti á Nesi.

ráðskona hjá Kristjáni Eldjárn forseta á Bessastöðum eftir að hún fór héðan, en ekki gleymdi hún fiskinum hans Gunnars. Sagan segir að forsetinn hafi eitt sinn hringt í Gunnar, heilsað og kynnt sig og sagst vera að panta harðfisk fyrir Sigrúnu. „Já, komdu blessaður og sæll, Kristján minn, það er ekki nema sjálf-sagt að senda Sigrúnu fisk“ á Gunnar að hafa sagt og svo spölluðu þeir saman eins og þeir hefðu lengi þekkt enda kunnu þeir skil á sömu hlutum báðir tveir. Hún segir mér hún Anna okkar póstur sem stóð fyrir heimili hans síðasta árið að oft hafi hann komið með gesti heim, sem voru að kaupa af honum fisk og hann hafi þá spjallað við þá um heima og geima.

Grundarfjarðarkirkja

Eitt af áhugamálum Gunnars var bygging kirkju í Grafarnesi, en eftir því sem íbúum fjölgaði þar fór áhuginn vaxandi. Árið 1966 var fyrri hluti Grundarfjarðarkirkju tekinn í notkun, það er helmingur kirkjuskipsins sem fyrirhugað var að byggja, ásamt safnaðarheimili. Fljótlega eftir það vaknaði áhugi fyrir að byrja á stækkun kirkjunnar og var Gunnar einn af aðalhvátamönnum þess. Í nóvember 1970 lagði Gunnar fram tillögu á safnaðarfundum um að haldið yrði áfram byggingu Grundarfjarðarkirkju eins og fyrirhugað var í upphafi. Ákvörðun var frestað. Á þessum tíma var ég í sóknarnefnd og ritaði flestar fundargerðir og er mér málið minnisstætt.

Um þetta leyti varð séra Jón Þorsteinsson sóknarprestur í Grundarfirði og urðu hann og Gunnar strax í upphafi miklir mátar. Í október 1975 var Gunnar kosinn í sjö manna byggingar- og fjáröflunarnefnd vegna stækkunar Grundarfjarðarkirkju og síðan ráðinn umsjónarmaður af safnaðarins hálfu vegna kirkjubyggingarinnar. Sumarið 1976 var lokið við grunn kirkjuskipsins og turnsins. Fyrirhugað var að Sigurberg Árnason tæki að sér áframhaldandi uppbyggingu kirkjunnar, en hann gat ekki byrjað fyrr en á miðju sumri sem þótti of seint. Gunnar hafði talað við forráðamenn Trésmiðjunnar Aspar í Stykkishólmi um að þeir tækju að sér smíði hennar ásamt heimamönnum og varð svo og var byrjað á verkinu í maí 1977. Mér er ennþá minnisstæður áhugi Gunnars á að kirkjan yrði fullbyggð og enginn okkar í sóknarnefnd eða byggingarnefnd vissi að hann hafði talað við Hólmarana, sem varð svo til þess að hægt var að byrja verkið strax um vorið. Alla tíð var hann áhugasamur um fjárhag kirkjunnar, sem var ekki góður fyrst eftir byggingarlok.

Á þessum tíma gaf hann kirkjunni peninga, stundum svo skipti hundruðum þúsunda, og enginn veit upphæð þessara gjafa því nafn sitt lét hann ekki koma fram. Eina gjöfin sem hann gaf undir nafni var minningargjöf sem hann gaf árið 1965 til minningar um eiginkonu sína Lilju, sem lést árið áður. Á Þorláksmessu ár hvert eftir að Lilja dó gaf hann til kirkjunnar peningaupphæð „sem hann hefði annars varið til að gefa börnum og barnabörnum jólagjafir“ sagði hann. Öll börn Gunnars vissu um þessar gjafir til kirkjunnar, en aldrei heyrðist hjá þeim og heyrst ekki enn að þau hafi séð eftir þessum peningum.

Eitt og annað

Áhugi Gunnars á málefnum sem snertu hag Eyrsveitunga var mikill og var hann hlynntur framförum á mörgum sviðum. Hann sóttist ekki eftir setu í stjórnnum til að hafa áhrif, en lagði málefnum lið á sinn hátt. Auk áhuga á kirkjulegum málum var hann einn af aðalhvátamönnum að stofnun Sjúkrahúsamlags Eyrarsveitar og hluthafi í Samvinnubanka Íslands sem stofnaði útibú í Grundarfirði á sjöunda áratugnum. Síðast en ekki síst var hann hluthafi í Hraðfrystihúsi Grundarfjarðar í upphafi og vann að vexti þess og viðgangi alla tíð, og vann við það fyrirtæki um árabíl.

Upphaf byggðar kaupþúnsins og nú Grundarfjarðarbæjar má hiklaust rekja



Gunnar á Eiði og Guðjón á Skallabúðum að naglhreinsa timbur við Grundarfjarðarkirkju.

til stofnunar Hraðfrystihússins. Í tugi ára var það stærsti atvinnurekandinn og burðarásinn í atvinnulífi staðarins, og undirstaða aukinnar byggðar í Grundarfirði. Stofnun þess og sú vinna sem skapaðist með tilkomu þess breytti þessu fátæka sveitarfélagi í bjargálna samfélag sem þá með stækkun hafnarmannvirkja skapaði möguleika fyrir stærri fiskiskip og því að meiri afli var dreginn að landi sem skapaði aukna atvinnu fyrir fólkið sem byggði þennan stað. Sannorðar lýsingar af upphafinu á þessum fyrstu árum sýna að það var samtakamáttur fólksins sem skapaði þessi umskipti í atvinnumálum og að margir hafa lagt þar hönd á plóginn og enginn einn skarað fram úr öðrum fremur.

Gunnar varð fljótt efnalega sjálfstæður, hann vann langan vinnudag og var af mörgum samferðamönnum sínum talinn ríkur maður. Það skapaði öfund, og frá sumum óvild í hans garð og urðu börn hans vör við það, vissu af því og ég var ekki búinn að vera lengi í þessari byggð þegar ég heyrði þessar öfundaraddir. Gunnar vildi aldrei að menn ættu hjá sér pening og var fljótur að borga skuldir sínar.

Þau hjón áttu barnaláni að fagna og afkomendur þeirra hjóna eru nytsamt og duglegt fólk. Nokkrir sonanna voru skipstjórar í lengri og skemmri tíma og allir byrjuðu þeir starfsæfi sína á sjónum. Tvær dætranna urðu húsfreyjur í sveit og sú elsta átti stóra fjölskyldu í Reykjavík. Gunnar var stoltur af börnum sínum og fylgdist vel með þeim og barnabörnunum mitt í eigin annríki.

Í viðtalinu sem Jónas Jónasson átti við Gunnar og ég hefi áður vitnað í er hann spurður að því hvort hann hafi aldrei legið í leti. Hann sagðist alltaf hafa verið á einum spretti frá því hann fór að ganga og til þessa dags. „Þannig kann ég best við mig,“ sagði hann. Hann sagði að þessi staður (Grafarnes) væri ekki fyrir letingja, enda stöldrúðu þeir ekki lengi við og ættu hér erfitt uppdráttar. Gunnar á Eiði eins og hann var alltaf kallaður var meira en meðalmaður á hæð og bar sig vel, var háleitur og ákveðinn í framkomu og einarður í tali. Hann var stórskorinn í andliti en ekki ófríður og grannur vexti á yngri árum.

Ég hef hér að framan skrifað um æfi Gunnars og störf. Mér hefur fundist ég vera að skrifa um í það minnsta þrjá menn samtímis og yrði ekkert hissa þó þeir sem lesa skilji ekki alltaf samhengið í frásögninni. Hefi ég þó reynt að aðgreina störfin í tímabilum, en e.t.v. ekki tekist sem skyldi. Hlutur Lilju í lífsstarfi Gunnars var mikill. Hún var lífsakkeri hans og sá um börn og bú þegar hann var langdvölum að heiman. Börnin voru mörg og þau þurftu að fæða og klæða. Það hefur því verið ærið starf hjá ungri móður að sjá um útverk og umhirðu bús og barna, en á þessum tíma var mest af fatnaði unnið heima. Eftir að börnin komust upp og þau hættu búskap var meira um að þau gætu litið upp frá erfiði dagsins, ferðast um og farið á milli barnanna í heimsóknir. Gunnar hafði gaman af því að aka um og skoða landið, en hann eignaðist snemma bíl sem þau hjón notuðu til þessara ferðalaga. Eftir að Lilja dó bauð hann oft með sér kunningjum í bílinn, en oftast var mágur hans, Guðjón á Skallabúðum, með honum í ferðum og áttu þeir vel skap saman. Þessar ferðir voru hans hvíldartími, sagði hann.

Síðustu árin

Lilja Elísdóttir dó 1. júní 1964. Eftir það hafði Gunnar ráðskonur. Ágústa systir hans var hjá honum nokkur ár og seinna Ragna Erlendsdóttir, báðar góðar konur sem reyndust honum vel. Síðasta árið sem hann lifði leigði hann ungum



Gunnar Stefánsson og Lilja Elísdóttir með barnabörn sín á Eiði 1961. Aftari röð frá vinstri: Ejalar Elísson, Sunna Njálisdóttir, Þóra Oddsdóttir, Margrét Hjálmarsdóttir, Gunnar Hjálmarsson. Fremri röð frá vinstri: Bryndís Theodórsdóttir og Ólafía Hjálmarsdóttir í fangi afa síns Gunnars Stefánssonar, Þráinn Jökull Elísson, Gunnar Njálsson, Erna Njálisdóttir, Lilja Njálisdóttir og Hafsteinn Garðarsson í fangi ömmu sinnar Lilju Elísdóttur, Kristín María Halldórsdóttir og Hilmar Halldórsdóttir. Ljósmynd: Helga Þóra Árnadóttir. Ljósmyndari: Sennilega Helga Þóra.

hjónum, Önnu Aðalsteinsdóttur og Jósef Magnússyni, hluta af heimili sínu, en hann var hjá þeim í fæði og þau reyndust honum vel. Hann var góður í umgengni og sonur þeirra, Aðalsteinn, hændist að honum. Gunnar tók hann oft með sér í hjallinn og þar fékk strákur harðfisk í gogginn eins og hann hafði lyst á.

Gunnar komst fljótlega að því að of mikið logn bjó hér, þó stundum hvessti og til þess að fiskurinn þornaði fljótt og vel í hjallinum hafði hann blásara. Ekki þótti honum það nóg. Hann byggði hjall inni á Þingvöllum hjá Sillu dóttur sinni og Halla og herti í honum fisk. Hann hafði hafið smíði hjalls á stöpunum

á Akurtröðum því ekki var hann að hætta við fiskverkunina. Vann hann við smíði hans ásamt öðrum verkum á þessum tíma. Alla hans æfi biðu hans næg verkefni að morgni þegar hann lagðist til svefns að kvöldi.

Að morgni 23. júlí 1980 varð Anna vör við að Gunnar kom ekki fram eins og hann var vanur og Steini sonur hennar fer inn til afa eins og hann kallaði Gunnar og Anna á eftir. Hann hálfat uppi í rúminu og Anna leggur hann út af og breiðir ofan á hann sængina. Hún er nokkra stund að átta sig á að hann er dáinn. Hún hringir í Garðar son hans og segir honum hvað gerst hafi og fljótlega eru Helgu í Bár sögð tíðindin í síma. Hún brá skjótt við og fór út í Grundarfjörð og sameiginlega gerðu þau föður sínum það til góða sem þá var hægt, en þau voru þau einu af systkinunum sem þá voru heima. Mér er það minnstætt þegar Helga kona mín kom heim og segir mér nánar hvað hafi gerst og segir svo: „Hann pabbi, hann var öfundaður í lifanda lífi og hann er öfundaður dáinn. Ég hitti nokkra gamla menn sem sögðust öfunda hann af að fá að deyja á þennan hátt.“

Það eru snögg umskipti þegar maður með fulla orku fer á þann hátt, sem að framan greinir, en ég hefði ekki viljað sjá þennan sterka mann tærost upp af sjúkdómi eins og ég hefi þurft að sjá svo marga gera.

Ég er fullviss um að Gunnari hafi ekki fundist dauði sinn tímabær og hann borið of brátt að. Og þegar hann hafi haft tal af mönnum á framtíðarstaðnum hafi hann sagt styrkum rómi að það hefði nú ekkert legið á að kalla sig til annars lífs, hann væri ekki nema 77 ára og hafi átt margt ógert heima.

Þannig var Gunnar alla tíð, einarður og ófeiminn.

Heimildir

- Árni Helgason, Stykkishólmi. Skallabúða Rósa. Óbirt grein.
 Eygló Halldórsdóttir (1982). Niðjatal Ólafíu Hjálmrósar. Fjölrít.
 Fundargerðabók Setbergssóknar. Helga Þóra Árnadóttir (1997). Hjónin á Eiði. Ævi og afkomendur Gunnars og Lilju. Fjölrít.
 Jóhanna Jóhannsdóttir (1999). Ættir og afkomendur Kjartans og Salbjargar á Þórdísarstöðum. Fjölrít.
 Jónas Jónasson (1976). Útvarpsviðtal við Gunnar Stefánsson.
 Oddur Kristjánsson frá Hjarðarbóli. „Fáir njóta eldanna sem fyrstir kveikja þá.“. *Íslenskir athafnamenn*. Þættir 2. b. (1080-1982). Þorsteinn Matthíasson skráði. Reykjavík: Ægisútg., s. 25–75.
 Sunna Njálisdóttir hefur búið greinina til prentunar.

Kristján E. Guðmundsson

Eyrarsveit fyrir 300 árum

Manntalið 1703

Rannsóknir benda til þess að á landnámsöld hafi verið hlýindaskeið hér á norðurhveli jarðar, en þegar kom fram á síðari hluta miðalda hafi veðurfar farið versnandi. Þegar komið var fram 18. öld má telja að Ísland hafi nánast verið óbyggilegt orðið vegna harðinda og langvarandi kuldaskeiða. Annálar greina frá því að árum saman lá hafís við landið árið um kring og snjó tók ekki upp á láglendi fyrr en um miðjan júní. Kuldinn hefur vafalaust haft mikil áhrif á lífríkið í sjónum því oft greinir frá miklum aflagbresti. Við það bættust svo eldgos og pestir er stráfelldu landsmenn. Og þegar húsakynni landsmanna á þessum tíma eru höfð í huga má það heita kraftaverk að hér skuli fólk hafa lifað af.

Eftir mikið harðindaskeið í lok 17. aldar bárust stjórnvöldum í Kaupmannahöfn tíðindi af bágu ástandi hjá þessum afskekktu þegnum konungs. Ákveðið var í byrjun 18. aldar að gera úttekt á lífsskilyrðum fólks á þessu norðlæga landi. Þá var starfandi við Kaupmannahafnarháskóla íslenskur fræðimaður og prófessor, Árni Magnússon, og 1702 var honum falið, ásamt Páli Vídalín, varalögmanni, að gera almennt manntal á Íslandi og ítarlega úttekt á búskap þjóðarinnar. Þeir félagar hófust þegar handa við manntalið og var því lokið fyrir Alþingi 1703 og eru því nú er þessi bók kemur út liðin 300 ár frá gerð þess.

Manntal þetta telst einstakt í sinni röð þar sem ekki eru einungis taldir allir íbúarnir, karlar og konur, heldur einnig getið félagslegrar stöðu manna sem gefur einstakt innsæi í félagslega skiptingu þjóðarinnar á þessum tíma. Slíkt manntal hafði að vísu farið fram í Kanada um 60 árum áður, en það náði aðeins til örfárra hundruða manna.

Manntalið 1703 var ekki tekið á einum degi um land allt eins og nú tíðkast heldur á ýmsum tímum frá því í desember 1702 og fram í júní 1703, en á flestum stöðum fór það fram í mars og apríl. Þar sem hætta var á tví- eða margtalinngu ákveðinna einstaklinga, sem oft voru á flakki eða komið fyrir á bæjum, var ákveðið að ein aukaskýrsla skyldi gerð um alla utansveitarhúsgangsmenn og ómaga og miðuð við páskanóttina 1703. Í hreppunum önnuðust hreppstjórar manntalið, en í hverjum hreppi voru venjulega 5 hreppstjórar og hrepparnir voru um þetta leyti 160 á landinu öllu. Eitthvað var um að heppstjórar ofteldu ómaga því ekki vildu þeir láta sveitarþyngsln líta út minni en þau voru, fremur gera meira úr þeim. Síðar leiðréttu menn manntalið með tilliti til þeirra sem þar voru taldir oftar en einu sinni og reyndust það aðallega vera sveitarómagar.

Mannfjöldinn árið 1703 – mannfjöldapróun

Eftir leiðréttingar á manntalinu taldist mannfjöldinn á Íslandi vera árið 1703 50.358.

Mannfjöldinn á landinu öllu þetta ár hefur verið rétt um þriðjungur af mannfjöldanum 250 árum síðar, eða árið 1953, en þá var hann rúmlega 150.000. Í dag, árið 2003, er mannfjöldi á Íslandi tæp 290.000 og hefur þá tæplega sexfaldast á 300 árum, en sú fjölgun hefur aðallega átt sér stað á síðustu 50 árum.

Það segir hins vegar sína sögu um breytingar á búskaparháttum þjóðarinnar að 1953 var mannfjöldinn í sveitum landsins, að meðtöldum kaupþúnum með undir 800 íbúa, svipaður og hann var á landinu öllu 1703. Öll aukning mannfjöldans hefur því átt sér stað í kaupstöðum og stærri kaupþúnum og kemur sú aukning eingöngu til á síðara helmingi þessa tímabils. Vegna drepsóttar, eldgosa og harðinda fækkaði þjóðinni mikið á 18. öldinni og það var ekki fyrr en eftir 1820 að mannfjöldi á Íslandi fór aftur yfir 50 þúsund.

Aðeins 4 árum eftir umrætt manntal, eða árið 1707, gekk hér yfir ein mannskæðasta drepsótt sem hér hefur gengið yfir og kölluð hefur verið „stóra bóla“. Það er talið að úr henni hafi látist 18.000 manns, eða um þriðjungur þjóðarinnar. Þá var þjóðin komin niður í um 32.000. Eftir það fór þjóðinni fjölgandi á 18. öldinni, með nokkrum afturkippum vegna aflabrests, hafíss og eldgosa, og árið 1779 vantaði ekki nema um 500 manns til að ná mannfjöldanum 1703, en þá fór

TAFLA 1

Mannfjöldapróun á Íslandi 1703 - 1823

<i>Ár</i>	<i>Mannfjöldi</i>
1703	50.358
1734	43.377
1751	48.799
1755	48.298
1759	42.822
1778	49.862
1783	48.884
1786	38.363
1801	47.852
1805	46.197
1811	48.808
1816	47.691
1823	50.088

aftur að fækka. Eftir Skaftárelda og móðuharðindin 1783 hrundi þjóðin niður unnvörpum úr hungri og harðrétti og 1786 bættist svo bólusótt við sem drap þúsundir. Talið er að aðeins á árunum 1884–1886 hafi landsmönnum fækkað um tæp 11 þúsund.

Eftir það fór þjóðinni aftur að fjölga hægt og sígandi og náði fyrst mannfjöldanum 1703 eftir 1820 eins og fyrr segir (sjá töflu 1).

Mannfjöldi eftir sýslum 1703 – Atvinnuhættir

Sýslur landsins voru fleiri árið 1703 en nú eða 23. Til að auðvelda samanburð hafa sýslur verið færðar saman að nútíma sýsluskipan. Fjölmennasta sýsla landsins árið 1703 er Árnessýsla, með 5.216 íbúa, enda bauð Suðurlandsundirlendið með uppsveitum sínum upp á blómlegan landbúnað sem var á þessum tíma undirstaða atvinnuhátta landsmanna. En næst á eftir henni kemur svo Snæfellsnessýsla með 4.543 íbúa (Hnappadalssýsla þar með innifalin). Þar er ekki undirlendi til landbúnaðar fyrir að fara sem bendir til hversu mikilvæg sjósóknin var þá orðin til lífsbjargar þjóðinni. Í aldir var reynt að koma í veg fyrir sérhæfingu í atvinnuháttum með lögum um vistarbönd. Þau fólu í sér að allir urðu að hafa heimilisfesti þar sem voru grasnytjar, þ.e. hefðbundinn land-

búnaður. Þeir sem ekki áttu síkt land urðu að ráða sig í vist hjá þeim sem það áttu. Bændur stunduðu svo sjó með vinnumönnum sínum sem aukabúgrein. Útaf Snæfellsnesi eru ein gjöfulustu fiskimið landsins og þaðan var því mikið um útræði og einir stærstu útræðisstaðir landsins sem sögur fara af, s.s. í Dritvík. Því má búast við að yfir vertíðartímann hafi íbúatala Snæfellsnes verið margföld á við það sem manntalið greinir.

Þrátt fyrir að stórbændur reyndu að koma í veg fyrir myndun sjávarplássna með lögum um vistarbönd og þar með sérhæfingu í atvinnuháttum tókst það ekki með öllu. Sjávarútvegur þurfti mannafla og dró óhjákvæmilega að sér fólk sem þurfti að eiga heimili nálægt vinnustað og afkomumöguleikum. Fyrst í stað virðist þessi þróun hafa verið í þá átt að skipta upp jörðum, búa til hjáleigur og leigja með þeim hætti þeim sem aðallega stunduðu sjómennsku og fjölskyldum þeirra svolitla grasnyt. Þegar þetta dugði ekki lengur til var byrjað að heimila mönnum að setjast að á býlum sem ekki höfðu grasnyt og fengu nafnið „þurrabúðir“. Þeir höfðu engan landbúskap og lifðu eingöngu af sjósókn. Þeir voru kallaðir þurrabúðarmenn. (Þurrabúðir hafa einnig verið kallaðar „tómthús“ og þeir sem þar bjuggu „tómthúsmenn“. Svo er t.d. gert í manntalinu frá 1703. Þá hefur orðið „sæbýli“ stundum verið notað um sama fyrirbrigði). Þannig myndaðist stundum þyrping þurrabúða og má segja að með þeim hafi komið fyrsti vísir að sjávarplássum samtímans. Staðsetning þeirra tók þó mið af stærri skipum og öðrum kröfum en uppsátursaðstæðum fyrir báta.

Heimili

Eitt það merkilegasta við manntalið 1703 er án efa sú mikla fræðsla sem það veitir um heimilin á landinu. Þar má sjá allnákvæma skiptingu á allri þjóðinni eftir heimilisstöðu hvers manns. Þegar frá eru talin eins manns heimili (567) og tvö stór heimili á Hólum og í Skálholti (heimavistir, sjúkrahús o.þ.h.) eru fjölskylduheimili á landinu 7.622 og eru að **meðaltali 6,5 manns á hverju heimili** (sjá töflu 2).

Stærð heimila á landinu fór þó eftir því, hvers konar heimilishald eða búskap var að ræða. Í manntalinu var þeim skipt í fjóra flokka, bændabýli, hjáleigur, tómthús og húsmennsku. Tómthús voru, eins og áður er getið, býli sem ekki höfðu grasnyt. Húsmenn voru hins vegar til húsa hjá öðrum en höfðu

TAFLA 2

Meðalmannfjöldi á fjölskylduheimili 1703

Húsráðendur	1,00	
Húsmæður, giftar konur	0,75	
Börn innan 15 ára	1,39	
Börn, 15 ára og eldri	0,78	
Foreldrar og tengdforeldrar	0,11	
Systkin	0,15	
Aðrir ættingjar	0,15	
	Fjölskyldan sjálf, samt.	4,32
Vinnufólk og lausafólk	1,25	
	Samt.	5,57
Sveitarómagar	0,89	
Flakkarar	0,05	
	Alls	6,51

oftast eigin bústofn eða heimilisrekstur og var oft erfitt að aðgreina frá tómthúsfólki. Yfirgnæfandi meirihluti heimilanna, eða 72,2%, voru bændabýli, hjáleigur 14,4%, tómthús 4,2% og húsmennskuheimili töldust 9,2%.

Eins og sjá má í töflu 3 var meðalstærð heimila mismunandi eftir tegundum. Við meðalstærðina bætast svo sveitarómagar sem eru að meðaltali 0,9 manns af hverju heimili á landinu öllu, en ekki er vitað hvernig þeir skiptust á milli tegunda heimila þar sem um þá var gerð sérstök skýrsla. 77% heimila á landinu öllu eru heimili sjálfstæðra bænda. Hér er ekki gerður greinarmunur á því hvort bændur eru sjálfseignarbændur, þ.e. eiga jörðina sjálfir, eða hvort þeir hafa hana í ábúð. Um það liggja ekki fyrir óyggjandi tölur. Þó er talið að ólíkt bændum í mörgum öðrum löndum hafi meirihluti íslenskra bænda um 1700 verið sjálfseignarbændur. Þá eru 15% heimila á landinu heimili hjáleigubænda og aðeins 4% tómthúsanna (þurrabúðir).

Purftarmenn

Framfærsluskylda sveitarfélaga á Íslandi fyrir þá sem ekki geta framfleytt sér með eðlilegum hætti á sér langa sögu. Íslendingar voru með fyrstu þjóðum á

norðurhveli jarðar til að leggja slíkar skyldur á nánasta samfélagslega umhverfi manna, sveitarfélagið. Það var gert þegar á 14. öld. Framkvæmd þeirrar framfærsluskyldu var þó í gegnum aldir ákaflega umdeilanleg. Ef barn eða fjölskylda þess missti fyrirvinnuna var því komið fyrir hjá vandalausum með þeim hætti að láta bændur bjóða í barnið, væntanlega vinnukraft þess. Enda áttu þessir einstaklingar oft erfiða ævi.

Það sem hlýtur að vekja sérstaka athygli manna við skoðun manntalsins frá 1703 er sá mikli fjöldi þurftarmanna sem þar kemur fram. Samkvæmt manntalinu er tala sveitarómaga á landinu öllu 6.789 eða 13,5% af öllum mannfjöldanum. Við það bætist svo sá fjöldi einstaklinga, s.s. flakkarar sem átti tilkall til sveitarframfæris. Að þeim viðbættum var fjöldi þurftarmanna á Íslandi 1703, 7.800 manns og voru það **15,5% af landsbúum**. Til gamans má benda á það að sama hlutfall í dag samsvaraði því að nálægt 50 þúsund manns væru á opinberu framfæri. Við samanburð á sýslum landsins hvað þetta snertir kemur í ljós að Snæfellingar eru nálægt meðaltali landsins, þar eru 14,2% íbúanna þurftarmenn. Hæst er hlutfallið í Austur-Skaftafellssýslu með um 1/3 hluta íbúanna, eða 34,2%, sem þurftarmenn.

Manntalið frá 1703 ber ekki með sér að mikið hafi kveðið að því að fólki hafi verið haldið að búskap með sveitarstyrk. Þar skera Snæfellingar sig þó úr, ásamt tveim öðrum sýslum þar sem þeirri styrktaraðferð var beitt. Þegar aldursamsetning niðursetninga er skoðuð vekur það athygli hve mikill hluti

TAFLA 3
Meðalstærð fjölskylduheimila eftir tegundum

	Tala	Meðalstærð	Hlutfall
Bændabýli	5.895	6,0	77
Hjáleigur	1.175	4,3	15
Tómthús	308	3,3	4
Húsmennskuheimili	244	2,5	3
Samt.	7.622	5,6	100
Sveitarómagar		0,9	
Samt.		6,5	

TAFLA 4.
Heimili í Eyrarsveit 1703

<i>Heimili:</i>	<i>Tala</i>	<i>Hlutfall</i>
Bænda.....	39	30
Hjáleigubænda.....	55	42
Tómthúsanna.....	15	11
Húsfólks.....	22	17
Samt.	131	100

barna og unglinga frá 5 ára og til tvítugs, hefur verið niðursetningar. Eru það meira en 20% af öllum unglingum á aldrinum 10–19 ára og jafnvel 24% af unglingum 10–14 ára. Bendir þetta til þess að algengt hafi verið að barnmörg heimili hafi flosnað upp og börnin farið á sveitina. Orsakir þess eru eflaust margar á þessum harðindatímum. Þá var fiskiskipafloti landsmanna ekki uppá marga fiskana, hann samanstóð mestmegnis af smákænum. Útræði var því bæði erfitt og hættulegt í misjöfnum veðrum enda fórst mikið af skipum t.d. í lendingu. Margar barnmargar fjölskyldur byggðu afkomu sína á sjósókn og því þýddu slík sjóslys, að þegar fyrirvinnan fórst, fóru fjölskyldan og börnin á uppboð niðursetninga hjá sveitarfélaginu.

Eyrarsveit 1703

Árið 1703 eru skráðir til heimilis í Eyrarsveit **664 manns**, 324 karlar og 340 konur. Eins og fram kemur í töflu 4 eru 131 heimili í sveitinni og skiptast þannig: Bændaheimili eru 39, heimili hjáleigubænda eru 55, tómthús 15 og húsfólks 22. Í sveitinni eru 70 niðursetningar en það eru 10,5% af íbúunum og er það nokkuð fyrir neðan meðaltal landsins og sýslunnar. Engir flakkarar né lausafólk voru skráðir í sveitinni það ár í manntalinu.

Það er athyglisvert hve hjáleigur í sveitinni eru margar og teljast tæp 37% íbúanna til heimilis hjáleigubænda til samanburðar við 15% landsmeðaltal. Þá eru þurrabúðir 15% heimila á móti 4% í landsmeðaltali.

TAFLA 5.

Mannfjöldi í Eyrarsveit 1703 - heimili

<i>Talinn til heimilis:</i>	<i>Tala</i>	<i>Hlutfall</i>
Bænda	270	41
Hjáleigubænda	244	37
Tómthúsanna	45	7
Húsfólks	35	5
Samt.	594	
Niðursetningar	70	11
Íbúar samt	664	100

Þetta skýrist eflaust af því að undirlendi í Eyrarsveit er ekki mikið og jarðir tiltölulega fáar. Möguleikar fyrir hefðbundinn landbúskap þess tíma voru því mjög takmarkaðir. Sveitin þoldi því ekki svo mikinn íbúafjölda nema byggt væri að miklu leyti á sjósókn. Sú leið, að búa niður jarðir og stofna til hjáleigna, virðist því snemma hafa verið farin í Eyrarsveit, hver lófastór blettur virðist því hafa verið nýttur til heyskapar.

Þetta skýrir einnig að meðalstærð heimila í Eyrarsveit er nokkru minni en landsmeðaltalið eða rétt um 5 í heimili á móti 6,5 í landsmeðaltali. Heimili bænda hafa verið fjölmennari en önnur heimili, en 41% íbúanna teljast til þeirra heimila sem eru þó ekki nema 30% heimila í sveitinni.

Jarðir og hjáleigur

En við skulum nú fara boðleiðina bæ frá bæ í Eyrarsveit og sjá hvernig sveitin var byggð fyrir 300 árum og byrjum austast í sveitinni.

Berkserkseyri

1703 er jörðin tvíbýli og búa á öðru býlinu 5 manns, bóndi og kona hans ásamt vinnufólki. Á hinu býlinu búa 6 manns, bóndi og kona hans, dóttir þeirra, ein gömul kona, veik og lasin og ein vinnukona og einn vinnumaður. Á Berserkseyri búa því samtals 11 manns.

Kolgrafir

Þessi jörð er þá einnig tvíbýli. Á öðru býlinu búa 5 manns, ekkja með þremur uppkomnum börnum sínum ásamt einum vinnumanni. Á hinu býlinu býr einnig kona ásamt einni vinnukonu og tveimur vinnuönnum. Á Kolgröfum búa því samtals 9 manns.

Hrafnkelsstaðir

Á þessari jörð er einnig tvíbýli á þessum árum. Á öðru býlinu búa hjón ásamt einni vinnukonu. Á hinu býlinu býr bóndi ásamt systur sinni sem skráð er bústýra og einni vinnukonu. Samtals búa á Hrafnkelsstöðum 6 manns.

Eiði

Þar býr prestsekkja ásamt manni sem skráður er hennar fyrirvinna. Þar eru einnig skráðar þrjár vinnukonur og þrír vinnumenn, tveir piltar, rúmlega tvítugir sem sagðir eru dimmiteraðir úr skóla, en hafa væntanlega unnið sem vinnumenn og einn 10 ára gamall piltur sem settur er til bóknáms. Þykir það nokkuð óvenjulegt. Alls eru til heimilis á Eiði 11 manns.

Hjarðarból

Á þessari jörð er tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi ásamt konu sinni og þremur börnum, einum syni og tveim dætrum, og á hinu býlinu býr ábúandi ásamt konu tveim og sonum. Á Hjarðarbóli búa því alls 9 manns á tveim heimilum.

Hospitalseyri (Hallbjarnareyri)

Jörð þessi var þegar hér er komið sögu lögð undir eitt af örfáum holdsveikrasjúkrahúsum landsins. Ábúendur jarðarinnar tóku að sér rekstur sjúkrahússins og hefur sú saga verið rakin annars staðar í þessari ritröð. Jörðin var tvíbýli. Ábúandi á þeim hluta jarðarinnar sem rak sjúkrahúsið var þetta ár ekkja, Þórdís Hannesdóttir, sem þar bjó ásamt 4 vinnukonum og 3 vinnuönnum. Þá bjó þar kona sem sérstaklega þjónaði sjúkrahúsinu ásamt 9 ára gömlum syni sínum. Til heimilis voru svo skráðir 4 sjúklingar („hospitalslimir“). Þar voru því 14 manns til heimilis.

Á hinum hluta jarðarinnar bjó örfátæk ekkja ásamt tveimur dætrum sínum og syni og segir svo í manntalinu um þetta heimilisfólk: „Þessar örfátæku

skepnur lifa á hlut Þorgeirs (24 ára sonur ekkjunnar) og góðgjörðum Þórdísar.“ Auk þeirra býr þar einn húsmaður, sjúkur af steinsótt. Á þessu heimili búa því 5 manneskjur. Samtals eru til heimilis á aðaljörðinni 19 manns. En jörðin var stór á þeirra tíma mælikvarða og á henni voru 8 hjáleigur:

1. Tóttir (*grashjáleiga*)

Þar bjó hjáleigubóndi ásamt konu sinni og 7 börnum (3–18 ára). Voru því 9 manns þar í heimili

2. Eyraroddi (*grashjáleiga*)

Þar bjó hjáleigubóndi ásamt konu sinni, tveimur börnum, einni vinnukonu, einum vinnumanni og einum húsmanni („lasburða öreiga“). Til heimilis þar voru því 7 manns.

3. Tröð (*grashjáleiga*)

Þar bjó hjáleigubóndi („öreigi“) ásamt konu sinni og barnungum syni þeirra, einum vinnumanni og einni vinnukonu. Þá bjó þar einn húsmaður. Til heimilis voru því 6 manns.

4. Innri Garðsendi (*grashjáleiga*)

Þar bjó hjáleigubóndi ásamt konu sinni, aldraðri móður hennar, einu 8 ára tókubarni („uppá guðs sakir“) og einum lausamanni. Þar eru því til heimilis 5 manneskjur.

5. Ytri Garðsendi (*grashjáleiga*)

Þar bjó einn hjáleigumaður („mjög félfíll“) ásamt konu sinni.

6. Þórðarbúð (*grashjáleiga*)

Þar bjó hjáleigumaður („öreigi“) ásamt konu sinni og dóttur og tveim sonum (12–25 ára). Sem sagt 5 í heimili.

7. Litla Naust (*grashjáleiga*)

Þar bjó ekkja („örfátæk“) ásamt 6 börnum sínum (ein dóttir og 5 synir, 7–24 ára) Til heimilis þar voru því 7 manns.

8. *Stóru Naust (grashjáleiga)*

Þar bjó hjáleigumaður ásamt 3 dætrum sínum (12–24 ára)

Skallabúðir

Þar bjó ábúandi ásamt konu sinni og þremur börnum, aldraðri móður húsfreyju, tveim vinnukonum, einum ómaga, einni húskonu og einum húsmanni. Þar var einnig til heimilis um stund einn lausgangari. Til heimilis voru þar 12 manns.

Á jörðinni voru einnig ein grashjáleiga og 5 graslausar búðir (þurrabúðir).

1. *Bakkabúð (grashjáleiga)*

Þar bjó hjáleigumaður („öreigi“) ásamt konu sinni og 4 börnum (1–11 ára). Þar til heimilis voru því 6 manns.

2. *Graslaus búð 1 (nafnlaus)*

Þar bjó búðarmaður („fátækur öreigi, bjargast af sjó“) ásamt konu sinni og tveimur börnum (4 og 7 ára). Til heimilis því 4.

3. *Graslaus búð 2 (nafnlaus)*

Þar bjó einn búðarmaður („bjargast við sjóróður“) ásamt konu sinni.

4. *Graslaus búð 3 (nafnlaus)*

Þar bjó búðarmaður („öreigi, bjargast af við sjóvinnu“) ásamt konu sinni, tveimur dætrum og einum vinnupilti. Samtals í heimili 5 manns.

5. *Graslaus búð 4 (nafnlaus)*

Þar bjó búðarmaður („öreigi, lifir af sjóvinnu“) ásamt systurbarni sínu, 13 ára, sem þiggur sveitarstyrk.

6. *Graslaus búð 5 (nafnlaus)*

Þar bjuggu tvær aldraðar búðarkonur sem þáðu sveitarstyrk ásamt sonum sínum, 21 og 24 ára.

Graslausum búðum, þ.e. þurrabúðum, tómthúsum, var ekki gefið nafn manntali þeirra Árna og Páls, en eflaust hafa þær gengið undir einhverjum

nöfnum manna á meðal í sveitinni. Húsakynni hafa eflaust ekki verið merkileg, þetta hafa verið litlir torfkofar.

Á heimajörðinni Skallabúðum, með hjáleigu og graslausum búðum, hafa verið til heimilis 35 manns.

Vatnabúðir

Þar býr einn hreppstjóra sveitarinnar („knjáliðaveikur“) ásamt konu sinni, þremur börnum þeirra, þremur vinnumönnum, tveimur vinnukonum og einum húsmanni og eiginkonu hans. Þar til heimilis á aðaljörðinni eru því 12 manns.

Á jörðinni voru einnig 7 grashjáleigur og 3 graslausar búðir. Þessum hjáleigum og búðum er ekki gefið nafn í manntalinu heldur númer.

1. Grashjáleiga 1

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og dóttur, einni húskonu og syni hennar („Við sjómennsku“). Þar til heimilis 5 manneskjur.

2. Grashjáleiga 2

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og 3 börnum. Þar til heimilis 5 manns.

3. Grashjáleiga 3

Þar býr hjáleigumaður („öreigi, þiggur sveitastyrk“) ásamt konu sinni og 13 ára gömlum syni þeirra.

4. Grashjáleiga 4.

Þar býr aldraður hjáleigumaður („mjög veikur“) ásamt konu sinni og tveimur börnum, 19 og 21 árs, og einum lausamanni. Þar eru því 5 í heimili.

5. Grashjáleiga 5

Þar býr einn hjáleigumaður („öreigi“) ásamt konu sinni og 2 ára gömlum syni.

6. Grashjáleiga 6

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni („mjög þjáð af óþekkjanlegum veikleika“), einu tókubarni og tveim vinnukonum. Þar til heimilis eru því 5 manns.

7. Grashjáleiga 7

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, einni vinnustúlku og einum sveitarómaga. Þar eru því 4 í heimili.

8. Graslaus búð 1

Þar býr búðarmaður („bjargast af sjóvinnu“) ásamt konu sinni og 2 börnum, 6 og 7 ára.

9. Graslaus búð 2

Þar býr búðarmaður („öreigi“) ásamt gamalli konu, sveitarómaga.

10. Graslaus búð 3

Þar býr búðarmaður („öreigi, þiggur styrk sveitarinnar með sínu hyski“) ásamt konu sinni og tveimur sonum, 2 og 6 ára. Þar í heimili 4.

Á Vatnabúðum, á aðaljörð ásamt hjáleigum og graslausum búðum, bjuggu því árið 1703 52 manneskjur.

Þórdísarstaðir

Á Þórdísarstöðum er ábúandi einn hreppstjóra sveitarinnar sem býr þar ásamt konu sinni, dóttur þeirra, einum vinnumanni, tveim vinnukonum, einni fósturdóttur og einni húskonu („lifir þar af sínum kindum og ullarvinnu“). Þar eru því til heimilis 8 manns.

Á jörðinni eru einnig 6 grashjáleigur og 2 graslausar búðir (þurrabúðir):

1. Hallsbúð (grashjáleiga)

Þar býr einn hjáleigumaður ásamt einni vinnukonu.

2. Naustáll (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, tveimur börnum, vinnukonu og vinnumanni. Þar til heimilis 6 manns.

3. Akurtraðir (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, tveimur börnum þeirra, 20 og 21 árs, og bróðurbarni. Til heimilis þar því 5 manns.

4. Grashjáleiga 4 (nafnlaus)

Þar býr ein hjáleigukona ásamt einni þjónustustúlku og einum öldruðum ómaga.

5. Grashjáleiga 5 (nafnlaus)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni.

6. Grashjáleiga 6 (nafnlaus)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og 3 sonum hennar af fyrra hjónabandi.

7. Graslaus búð 1

Þar býr búðarkona ásamt tveimur börnum sínum 10 og 18 ára („þessi bjargast við sjóvinnu“).

8. Graslaus búð 2

Þar býr búðarmaður ásamt konu sinni („þiggja bæði sveitastyrk“).

Á Þórdísarstöðum, með hjáleigum og þurrabúðum, bjuggu árið 1703, 36 manns.

Arnarhóll

Þar er árið 1703 tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi („öreigi, góður smiður“), ásamt konu sinni og tveimur börnum, 4 og 8 ára, og einni hús konu og dóttur hennar. Þar eru því í heimili 6 manns.

Á hinu býlinu býr ábúandi ásamt konu sinni, 2 ára gömlum syni og einni vinnustúlku. Þar eru því til heimilis 4. Á báðum býlunum búa því 10 manns.

Bár

Þar er einnig tvíbýli. Þar býr ábúandi ásamt einum vinnumanni og tveim vinnukonum. Þar til heimilis 4.

Á hinu býlinu býr kona ásamt 5 börnum sínum, 2–16 ára og einum vinnumanni. Þar til heimilis eru 7 manns.

Á jörðinni eru 6 grashjáleigur:

1. Tjarnarbúð (grashjáleiga)

Þar býr aldraður hjáleigumaður ásamt tveimur uppkomnum sonum sínum.

2. Litla Tröð (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður („öreigi, þiggur styrk af sveit“) samt konu sinni og 12 ára syni.

3. Móabúð (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður („öreigi“) ásamt einum vinnupilti, tveimur vinnustúlkum og lausamanni. Þar til heimilis því 5 manns.

4. Melagerði (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður („fótaveikur öreigi“) ásamt konu sinni og 12 ára syni.

5. Hjallabúð (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður („skipasmiður“) ásamt konu sinni og fjórum börnum á aldrinum 4–19 ára. Þar til heimilis 6 manns.

6. Arnbjargarbúð (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, 17 ára dóttur þeirra og einni „fátækri ölmusukonu“. Þar til heimilis 4.

Í Bár bjuggu því 1703, með hjáleigum, 35 manns.

Spjör

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi („skólagenginn“) ásamt konu sinni, einum syni og þremur dætrum, tveimur vinnupiltum og þremur vinnustúlkum. Þar eru því til heimilis 11 manns.

Á hinu býlinu bjó ábúandi ásamt konu sinni og þremur börnum og einni vinnukonu. Þar eru því til heimilis 6 manns.

Setberg

Þar er prestssetur og staðarhaldari prestur sveitarinnar, síra Steinn Jónsson. Hann býr þar ásamt konu sinni, tveimur sonum, dóttur og föðursystur húsfreyjunnar. Þar eru einnig til heimilis ein gömul kona, fjórar vinnukonur og fimm vinnumenn. Þar eru því til heimilis 16 manns.

Á jörðinni eru einnig þrjár hjáleigur:

1. Garðshorn (grashjáleiga)

Þar býr einn hjáleigumaður ásamt konu sinni („örvasa“) og einum vinnumanni.

2. Stekkjartröð (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, 4 ára syni hennar, einum sveitarómaga og einni húskonu. Til heimilis þar því 5 manns.

3. Vindás (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni.

Á Setbergi, með hjáleigum, bjuggu því 26 manns.

Hamrar

Þar býr ábúandi ásamt konu sinni og 4 börnum þeirra, 9–14 ára. Þar til heimilis 6 manns.

Grund

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi ásamt 4 börnum sínum á aldrinum 14-26 ára og einni vinnukonu. Þar til heimilis 6 manns.

Á hinu býlinu býr einn hreppstjóra sveitarinnar ásamt veikri móður sinni, einni gamalli konu, tveim vinnustúlkum, tveim vinnupiltum og einu tókubarni („uppá guðs vegna“). Til heimilis 8 manns.

Á Grund voru því til heimilis samtals 14.

Kverná

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu bjó ábúandi ásamt systur sinni, einum vinnupilti, einni vinnukonu og einu tókubarni. Þar til heimilis 5 manns.

Á hinu býlinu bjó ábúandi ásamt konu sinni, einum vinnumanni og einni vinnukonu. Til heimilis þar 4. Á Kverná bjuggu því samtals 9 manns.

Gröf

Þar býr einn hreppstjóra sveitarinnar („veikur innvortis“) ásamt konu sinni og 6 ára dóttur þeirra, einnig þrír vinnumenn, ein vinnukona, einn 16 ára piltur („veikur af stórflugum“) og eitt tókubarn („uppá guðs vegna.“). Þar til heimilis 9 manns.

Hellnafell

Þar býr ábúandi ásamt konu sinni, 5 ára dóttur þeirra, einum vinnupilti og einni vinnukonu. Þar til heimilis 5 manns.

Kirkjufell

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr einn hreppstjóra sveitarinnar, ásamt konu sinni, tveimur dóttursonum hennar, tveimur vinnustúlkum, einum vinnumanni, gamalli konu örvasa og einum lausamanni. Þar til heimilis 9 manns.

Á hinu býlinu býr ábúandi Kirkjufells, ásamt konu sinni, einum vinnumanni, einni vinnukonu og einum sveitarómaga. Samtals á því heimili 5 manns.

Á jörðinni Kirkjufelli voru 5 hjáleigur:

1. Kirkjufellskot

Þar býr hjáleigumaður ásamt örvasa móður sinni og einum sveitarómaga.

2. Hnausar

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og 5 börnum, 7–16 ára og einni gamalli konu („örvasa, þjáð af stórflugum“).

3. Hlein (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt einni vinnukonu og tveimur börnum hennar.

4. Búðir (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, uppkomnum syni og einni vinnukonu.

5. Bakkabúð

Þar býr hjáleigumaður („óvenjuveikur í læri“) ásamt konu sinni, tveimur börnum og einum lausamanni. Þar til heimilis því 5 manns.

Á jörðinni Kirkjufelli, með hjáleigum, bjuggu því 38 manns.

Háls

Þar býr ábúandi („ófær af fótaveiki“) ásamt konu sinni og þremur uppkomnum börnum. Til heimilis þar 5 manns.

Mýrar

Þar býr ábúandi ásamt konu sinni og tveim dætrum. Til heimilis þar 4 manns.

Krossnes

Þar býr ábúandi ásamt móður sinni sem skráð er sem bústýra. Með þeim búa sex uppkomin börn hennar, systkini ábúanda, ásamt dóttur og bróðurdóttur ábúanda, einum vinnumanni og tveim vinnustúlkum. Til heimilis þar eru því 13 manns.

Á jörðinni Krossnesi voru 6 hjáleigur og 4 graslausar búðir (þurrabúðir):

1. Gálutröð (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, einum vinnumanni og einni örvasa gamalli konu og einni stúlku („mjög veik af innvortis stöðublóði“). Til heimilis þar 5 manns.

2. Kallshús (*grashjáleiga*)

Þar býr hjáleigumaður („þiggur sveitastyrk“) ásamt konu sinni og tveimur börnum, 1 og 2 ára.

3. Fornunaust

Þar býr hjáleigumaður („þiggur sveitastyrk“) ásamt konu sinni og tveimur börnum, 11 og 14 ára.

4. Bryggjustaðir

Þar býr hjáleigumaður („fátækur“) ásamt konu sinni, 6 börnum, 6–15 ára og einum vinnupilti. Þar til heimilis 9 manns.

5. Hávarðskvíar

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og fjórum börnum, tvö þeirra mállaus, og einum lausamanni.

Á hinu býlinu býr hjáleigumaður ásamt móður sinni og syni hennar („veikur af fylli“). Á þessari hjáleigu búa því samtals 10 manns.

6. Rimakvíar

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi, ein vinnukona og einn vinnumaður.

Á hinu býlinu býr ábúandi ásamt konu sinni og 4 börnum, 1–14 ára. Til heimilis á þessari hjáleigu eru samtals 9 manns.

7. Graslaus búð 1

Þar býr búðarmaður („félítill mjög“) ásamt bróður sínum, einum vinnumanni og einni vinnukonu.

8. Graslaus búð 2

Þar býr búðarmaður ásamt systur sinni, 7 ára syni hennar og einum húsmanni.

9. Graslaus búð 3

Þar býr búðarkona ásamt tveimur uppkomnum börnum sínum og einum húsmanni.

10. Graslaus búð 4

Þar eru tvö heimili. Á öðru býr húskona ásamt tveimur uppkomnum sonum sínum, en á hinu heimilinu býr húsmáður á Rimakvíum ásamt konu sinni og eins árs gömlum syni. Í þessari búð eru því til heimilis 6 manns.

Á jörðinni Krossnesi, með hjáleigum og þurrabúðum, bjuggu árið 1703 72 manneskjur.

Efri Lá

Þar býr ábúandi ásamt konu sinni, tveimur vinnumönnum, fjórum vinnukonum og einum húsmanni („bjargast við sjóvinnu“). Þar eru því til heimilis 9 manns.

Á jörðinni Efri Lá voru tvær hjáleigur.

1. Efri Lárkot (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og einum vinnupilti.

2. Geiravöllur (grashjáleiga)

Þar eru tvö heimili. Á öðru býr hjáleigumaður ásamt tveimur dætrum sínum og einni vinnukonu. Á hinu heimilinu býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og

tveimur börnum, 8 og 10 ára. Á þessari hjáleigu eru því til heimilis samtals 8 manns.

Í Efri Lá, ásamt hjáleigum, eru því til heimilis 20 manns.

Neðri Lá

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu er kona ábúandi („veik af spítelsku“) ásamt tveimur uppkomnum sonum sínum og einni dóttur. Þá eru á heimilinu einn vinnumaður, tvær vinnustúlkur og tvö tökubörn. Þar eru því til heimilis 9 manns.

Á hinu býlinu er ábúandi ásamt konu sinni, uppkomnum syni þeirra og einni vinnukonu. Á aðaljörðinni búa því samtals 13 manns.

Á jörðinni Neðri Lá voru tvær hjáleigur:

1. Krókur (grashjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, tveimur börnum, 2 og 5 ára og einum vinnupilti og einni vinnustúlku. Til heimilis þar 6 manns.

2. Mýrarhús (hjáleiga)

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, 10 ára dóttur, einum húsmanni („lifir við sjóvinnu“) og einni húskonu („lifir við ölmusu mikinn part“).

Á jörðinni Neðri Lá, ásamt hjáleigum, bjuggu 1703 samtals 42 manneskjur.

Skerðingsstaðir

Þar býr ábúandi ásamt bróður sínum og tveimur systur. Þá eru á heimilinu 3 systurbörn ábúandans, 10–17 ára, ein vinnustúlka, húsmáður ásamt tveimur börnum sínum og einn lausamaður. Samtals á heimilinu eru 12 manns.

Á jörðinni Skerðingstöðum eru þrjár hjáleigur:

1. Bakki

Þar býr hjáleigukona („hýrist þar, örfátæk, styrkist af sveit“) ásamt 11 ára gömlum syni sínum.

2. Fornakot

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, tveimur sonum, 1 og 4 ára og einum vinnumanni. Til heimilis þar 5 manns.

3. *Tröð*

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og tveimur börnum þeirra 3 og 7 ára.

Á jörðinni Skerðingstöðum bjuggu með hjáleigum því 23 manns.

Vík

Þar er tvíbýli. Á öðru býlinu býr ábúandi ásamt konu sinni og þremur börnum, 8-12 ára, tveimur vinnupiltum, einni vinnustúlku og einum húsmanni. Á því heimili eru því 9 manns. Á hinu býlinu býr ábúandi ásamt konu sinni og 5 börnum þeirra. Þar eru til heimilis 7 manns. Á báðum býlunum búa því samtals 16 manns.

Á jörðinni Vík er ein hjáleiga.

1. *Hólbúð*

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni og tveim tókubörnum.

Höfði

Þar býr ábúandi ásamt konu sinni, fjórum sonum, tveim vinnukonum, einum vinnumanni, tókubarni af sveit og einum húsmanni ásamt 4 ára syni hans. Á heimilinu eru því 12 manns.

Á jörðinni Höfða eru tvær hjáleigur:

1. *Höfðakot*

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, fjórum börnum, 5–11 ára, móður hans, einni vinnukonu og einum vinnumanni. Til heimilis þar 9 manns.

2. *Hjallatunga*

Þar býr hjáleigumaður ásamt konu sinni, 13 ára syni og einum vinnupilti.

Á jörðinni Höfða bjuggu því 1703 samtals 25 manneskjur.

Útræði úr Eyrarsveit

Árið 1703 er getið um þrjá útræðisstaði frá Eyrarsveit, Vatnabúðapláss í fram-sveit, Krossnes (væntanlega núverandi Kvíabryggja) og Lá (þ.e. út Lárós) í út-sveit. Eflaust hafa verið einhver uppsátur frá flestum jörðum við sjávarsíðuna. Líklegt má þó telja að róid hafi verið frá ystu stöðum þar sem uppsátur var gott

og stutt á miðin en þau hafa eflaust verið best út frá Eyri í framsveit og Stöðinni í útsveit. Bátar voru mjög litlir á þessum tíma eins og fyrr er getið fóru því ekki langt á mið.

Eins og sjá má af yfirferð yfir búsetu sveitarinnar eins og hún birtist í manntalinu 1703 er búseta aðallega á tveimur stöðum, Vatnbúðum og Eyri og svo á Krossnesi. Það er að mörgu leyti fróðlegt að sjá hve mjög fólk var samanþjappað á litlu undirlendi og sýnir okkur hve mjög fólk var háð sjósókn um afkomu sína. Eyrarsveit sker sig úr að því leyti að þar er hlutfallslega mikið af hjáleigum og þurrabúðum. Sem dæmi má benda á að þar sem seinna var kallað „Lárpláss“ í útsveit, þ.e. jarðirnar Neðri Lá og Efri Lá með hjáleigum, þjuggu á þessum tíma 44 manneskjur.

Mikil fátækt hefur verið í þessum búðum og margir upp á sveitina komnir. Hins vegar má telja víst að í Eyrarsveit hafi fátækt ekki verið meiri en var á flestum stöðum á Íslandi á þessum tíma.

Heimildir

Manntalið 1703, Hagskýrslur ríkisins 1960

Jón Þ. Þór: *Saga sjávarútvegs á Íslandi*, Bókaútgáfan Hólar 2002

Lúðvík Kristjánsson: *Íslenskir Sjávarhættir*.

Elínbjörg Kristjánsdóttir

Áætlunarferðir í Eyrarsveit



Elínbjörg Kristjánsdóttir.

Þegar sú hugmynd kom upp á fundi hjá Eyrbyggjum, Hollvinasamtökum Grundarfjarðar að skrifa um upphaf áætlunarferða í Eyrarsveit var leitað til mín. Faðir minn Kristján Jónasson var samstarfsmaður Þórðar Pálssonar sérleyfishafa. Áætlunarferðirnar voru hluti af lífi mínu þegar ég var að alast upp í Grafarnesi. Ég tók þátt í einstökum atriðum eins og að skrá niður hvað faðir minn átti að útrétta í höfuðstaðnum fyrir sveitungana eða afhenda sendingar þegar hann var kominn með þær heim. Ég var ekki há í loftinu þegar ég fór að aðstoða við þrif á rútunum og hafði í kaup þær tómu öflöskur sem farþegar skildu eftir. Það var sérlega eftirsóknarvert að þrifa rúturnar eftir ballferðir því þá voru flöskurnar flestar. Einnig lét faðir minn mig aðstoða sig við að handlanga ýmis verkfæri á bifreiðaverkstæðinu sem hann og Þórður voru með.

Áætlunarferðir í Eyrarsveit 1942-1966

Í upphafi fimmta áratugarins voru bílar ekki algengir í Eyrarsveit, en Kristlaugur Bjarnason kom með fyrsta bílinn í sveitina árið 1936. Bifreiðin fékk skrásetningarnúmerið SH 36, en í þá daga fengu bifreiðar sömu umdæmisbókstafi

*P 122, Chevrolet,
22 manna árg. 1946.
Eigendur: Bifreiðastöð
Grundarfjarðar, Þórður
Pálsson og Sigurður
Daðason. Við hlið
rútunnar standa
Þórður Pálsson og
Elímar Tómasson
skólastjóri. Ljósmynd úr
dánarbúi Þórðar
Pálssonar.*



og skip og bátar. Í reglugerð sem gefin var út 1937 voru sett ný lög um skráningu ökutækja. Þá var hvert lögsagnarumdæmi einkennt með bókstaf og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu var úthlutað bókstafnum P. Þessi lög voru í gildi þar til 1. janúar 1989 er núverandi reglugerð um skráningu ökutækja tók gildi.

Segja má að fyrstu áætlunarferðirnar til Grafarness hafi byrjað þegar Kaupfélag Stykkishólms hóf ferðir á milli Stykkishólms og Grafarness einu sinni í viku í kringum 1942, en Kaupfélagið var með útibú í Grafarnesi.

Byrjað var að flytja vörur til útíbús Kaupfélagsins í bíl sem nefndur var hálfkassi og tók bæði farþega og vörur. Jón og Magnús Ísleifssynir úr Stykkishólmi sáu um þessar ferðir milli Stykkishólms og Grafarness. Bændurnir í Eyrarsveit fóru með ullina til Stykkishólms í hálfkassanum á vorin til að leggja hana inn í verslanirnar þar og tóku síðan út vörur í staðinn.

Farþegar sem leið áttu til Reykjavíkur gátu farið með hálfkassanum til Stykkishólms í veg fyrir áætlunarbílinn sem var í ferðum á milli Stykkishólms og Borgarness, en þá þurftu farþegar að sigla frá Borgarnesi til Reykjavíkur með ms. *Laxfossi* sem var í ferðum þar á milli.

Vegur kom fyrir Hvalfjörð 1932, en hann var lokaður í stríðinu og ekki hægt að fara hann nema með sérstöku leyfi. Á stríðsárunum voru hlið við mynni fjarðarins með vörðum sem sáu um að hleypa bifreiðum í gegn. Leyfin sem gefin voru út voru sýnd við þessi hlið. Verðirnir sem voru farnir að kannast við bílstjórana innheimtu þau ekki alltaf, nema ef um nýja bílstjóra var að ræða sem þeir þekktu ekki.



P 122 Chevrolet, hálfkassi. Fyrir framan bílinn er Þórður Pálsson. Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.

Vegir og brýr

Brýr voru ekki komnar í Eyrarsveit á þessum fyrstu árum bílsins. Fyrsta brúin kom yfir Kverná 1952 og því næst var Grundaráin brúuð, þar á eftir Slýáin. Byrjað var að undirbúa brú yfir

Mjósund 1959 og var hún vígð 1961, og var hún mikil samgöngubót.

Guðmundur Gunnarsson fyrrverandi rútabílstjóri í Stykkishólmi segir svo frá, að erfitt hafi verið að fara á milli Stykkishólms og Grafarness á þessum árum, en ferðin gat tekið marga klukkutíma því þá þurfti að fara inn fyrir Hraunsfjörð því engin brú var þá komin yfir Mjósund. Sums staðar varð að sæta sjávarföllum eins og við Fjarðarhornsa í Hraunfirði, Slýa í Kolgrafafirði og yfir Hlöðuvoginn, við Eiðisstapana, Grund og Gilós. Vondur kafli var í Hlöðuvoginum í Kolgrafafirði, en þar áttu bílar á hættu að festast í sandi og aur. Á nokkrum stöðum var keyrt eftir fjörunni á útfallinu.

Fjarðarhornsa var erfiður farartálmi og einnig Straumhlöðin í Hraunfirði sem var oft illfær, sérstaklega þegar ringdi.

Að sögn Guðmundar á fólk erfitt með að trúá, þegar sagt er að ferðin á milli Grafarness og Stykkishólms hafi tekið marga klukkutíma. Fólk var klætt í sam-



P 44, Ford, 22 manna, árg. 1939. Eigendur Þórður Pálsson, Sigurður Daðason og Kristlaugur Bjarnason. Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.

ræmi við að ferðin gæti tekið langan tíma og jafnvel þyrfti að moka eða ýta bílnum upp úr aur eða snjó. Skóflur voru stundum ekki nógu margar því allir vildu leggja til hjálparhönd. Yfirleitt voru aukavettlingar og sokkar í bílunum til að nota við þessar aðstæður.

Kona í Grundarfirði minnst þess að eitt sinn þegar komið var að Fjarðarhornsa hafi rútan ekki komist yfir og þá hafi bílstjórinn borið alla farþegana á bakinu yfir ána, síðan var beðið á bænum í Hraunfirði eftir útfallinu svo rútan kæmist yfir.

Fastar ferðir á milli Grafarness og Reykjavíkur

Þórður Pálsson kom til Grafarness 1946 með vörubíl P 42. Hann kom sunnan úr Staðarsveit, en hafði verið með bílinn í vinnu þar. Þegar dansleikir voru í sveitinni setti hann boddí á bílinn og bekkir á pallinn til að keyra unga fólkið í Staðarsveit á dansleiki. Hann byrjaði með bílinn í bryggjuvinnu í Grafarnesi, en lét síðar byggja yfir hann og breyta í hálfkassa hjá Gesti Bjarnasyni í Stykkishólmi. Síðan sækir hann um sérleyfið Reykjavík – Grafarnes.

Í fyrstu var hann með hálfkassann eingöngu í ferðum og flutti vörur og fólk, en sótti um innflutningsleyfi til Fjárlaga- og atvinnuáráðuneytisins, ásamt Sigurði Daðasyni fyrir grind á 22ja manna rútabíl, Chevrolet árg. 1946. Snemma árs 1947 sóttu þeir um til hreppsnefndar að sveitarsjóður Eyrarsveitar ábyrgðist lán að upphæð allt að 25.000 kr. sem þeir ætluðu að taka til kaupa á nýrri bifreið. Skilyrði fyrir ábyrgðinni var að þeir héldu uppi áætlunarferðum, ekki sjaldnar en einu sinni í viku, milli Grafarness og Reykjavíkur og Grafarness og Stykkishólms, eða eins og



P 222. Chevrolet, 26. manna. Árgerð 1946. Eigandi Þórður Pálsson. Ljósmynd úr dánarbúi Kristján's Jónssonar.

kemur fram í fundargerðabók hreppsnefndar frá laugardeginum 19. apríl 1947: „Þegar yfirferðarfært er fyrir bifreiðar á milli þessara staða“. Einnig áskilur hreppsnefndin sér rétt til að fylgjast með starfsemi, rekstri og afkomu bifreiðarinnar. Ekki var sátt um þessa ábyrgð í sveitarfélaginu og var boðað til almenns hreppsfundar vegna þessa föstudaginn 9. maí 1947.

Bifreiðagrindin kom frá Ameríku og var byggt yfir hana hjá Kristni Jónssyni vagnsmið í Reykjavík. Þegar bifreiðin kom vestur fékk hún númerið P-122.

Árið 1952 kom Kristján Jónasson til vinnu hjá Þórði, en þeir voru frændur og sveitungar úr Staðarsveitinni.

Bifreiðaverkstæði

Þórður og Kristján voru með bragga fyrir ofan hús Óskars Sæmundssonar. Þar sáu þeir um viðgerðir á rútunum. Oft voru þeir með varahluti með sér í bílunum til að geta gert við þá þar sem þeir biluðu því ekki var alltaf hægt að komast heim til að nota aðstöðuna sem þeir höfðu í bragganum. Slit á bifreiðum var mikið því malarvegirnir sem lagðir voru á fyrstu árum bílsins voru margir hverjir illfærir, holóttir og vondir yfirferðar, erfiðar brekkur og margar voru beygjurnar, sérstaklega í Berserkjahrauni. Sums staðar var ekki vegur heldur eingöngu slóði og einnig var keyrt í flæðarmálinu þar sem það var hægt. Þegar rigndi kom fyrir að aurbleytan var svo mikil á vegunum að bifreiðarnar festust í henni því víða var vegurinn niðurgrafinn. Brýrnar höfðu ekki undan vatnsflaumnum og vatn flæddi yfir vegina á erfiðustu köflunum. Öxlar og augablöð á fjöðrunum brotnuðu við þau átök sem bílarnir áttu í við vegina. Kúplingar biluðu og bremsurnar fóru vegna vatnsflaumsins sem bílarnir lentu oft í. Dekkahallæri var mikið á tímabili og voru dekkinn



Á bifreiðaverkstæðinu.

*Haraldur Magnússon og Þórður Pálsson.
Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.*

Kristján Jónsson framan við Hótel Borgarnes, en þar var ávallt stoppað. Ljósmynd úr dánarbúi Kristjáns Jónssonar.



skömmtuð. Bílstjórarnir björguðu sér þá þannig að þeir settu kapp inn í dekkinn og boltuðu fasta með borðaboltum til að geta haldið akstrinum áfram, einnig var í sumum tilfellum skorinn af harði kanturinn á lélegum dekkjum og þau notuð inn í önnur dekk, þessi viðgerð var kölluð draugur. Segja má að vinna bifreiðastjóranna á þeim árum hafi verið hörð og erfið og þeir komið þreyttir úr ferðunum á milli Reykjavíkur og Grafarness eftir margra tíma barning við illfæra vegi og náttúruöflin og ekki hefur verið auðvelt að brjótast yfir Kerlingarskarðið þegar mikill snjór var á veturna. Oft gat verið erfitt að fara upp Efri-sneiðina á leið upp Kerlingarskarð, en þar var vondur farartálmi ef snjór var mikill.

Arnór Kristjánsson á Eiði minnst þess að eitt sinn þegar Þórður var að koma frá Reykjavík var ófært milli Eiðis og Vindáss. Aurbleyta var mikil á veginum svo Þórður reyndi að fara fram fyrir Eyrarfjall til að komast til Grafarness. Ekki vildi betur til en svo að drifið bilaði þegar hann var kominn undir Eyrarhryrnu. Kristján tók drifið undan og Arnór keyrði hann með drifið inn í Stykkishólm til að láta gera við það, og biðu þeir þar á meðan. Þegar búið var að gera við, var keyrt til baka og Kristján setti drifið í. Segja má að handtökin hafi verið snör en eflaust hefur mesti tíminn farið í að keyra á milli því þá var ekki komin brú yfir Mjósund.

Stundum var talað um álagabletti þar sem bílarnir áttu það til að bila oftar í nánd við þá staði.

Kristján Eyfjörð orti þessa vísu til Þórðar eftir að rúta hans hafði bilað hvað eftir annað í Kjósinni.

*Þig ég kannski þreyti á því,
en þú skalt þetta muna,
að komirðu aftur Kjósina í,
þá krossaðu hásinguna.*


Reimleikar

Margar sögur fara af reimleikum á Kerlingarskarði sem eflaust eru sprotnar af sögum af því fólki sem varð úti á skarðinu á liðnum öldum. Ég hef heyrt margar sögur af Kristjáni þar sem hann sagðist aldrei hafa keyrt einn yfir skarðið því hann hafi alltaf orðið var við fólk sem sat í rútusætunum hluta af leiðinni.

Eina sögu heyrði ég af Þórði er hann var að keyra yfir Kerlingarskarð og lítur í baksýnispegilinn og sér að rútan er svo til full af fólki. Þegar hann kemur að Vegamótum, þá eru aðeins fáeinir farþegar með í för.

Kannski eru þessar frásagnir af Kristjáni og Þórði sprotnar af sögu sem ég heyrði fyrir mörgum árum. Rútubílstjóri var að fara yfir Kerlingarskarð ásamt bónda sunnan úr hreppum. Þegar þeir voru komnir vel upp á skarðið fóru þeir að finna fyrir ónotum, þeim fannst eins og þeir væru ekki lengur tveir í bílnum. Þeir líta við og sýnist þeim að fólk sitji í öllum sætum og bregður þeim mjög við þessa sýn, bílstjórinn herðir hraðann uns bóndanum er ekki farið að standa á sama og segir við bílstjóran: „Þú verður að fara að draga úr hraðanum áður en þú drepur okkur, nær væri að rukka þá um fargjaldið.“ Bílstjórinn dregur úr hraðanum, en þá eru þeir að verða komnir yfir skarðið og hann lítur í baksýnispegilinn og sér að öll sætin eru auð, þeir fundu ekki fyrir ónotum það sem eftir var ferðarinnar.

Eftirfarandi frásögn er að finna í *Árbók Ferðafélags Íslands 1986*: Fúsaskurðir á Kerlingarskarði draga nafn sitt af föru-



*Vegamót á Snæfellsnesi,
einn af áningarstöðum rútabifreiða.
Úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.
Ljósm.: Guðmunda Hjartardóttir.*

karli sem Vigfús hét og varð úti á fjallinu. Þar eru taldir vera mestu reimleikarnir á skarðinu.

Vigfús var óreiðumaður hinn mesti og illa þokkaður. Var hann dæmdur til þess fyrir afbrot nokkurt að skriða ávallt á fjórum fótum, að minnsta kosti í annarra manna viðurvist, og var því kallaður Skriðu-Fúsi. Stundum var hann hafður til ýmissa snattferða, ef hann nennti því. Einu sinni var hann á ferð yfir Kerlingarskarð um vetur. Gérði þá á hann byl og varð hann úti. En hina sömu nótt og Fúsi varð úti, var komið á baðstofuglugga á Hjarðarfelli, sem er næsti bær við fjallið að sunnan, og vísa þessi kveðin við raust:

*Skriðu-Fúsi hreppti hel,
hálfu fyrr en varði.
Úti dó, það ei fór vel,
á Kerlingarskarði.*

Fyrsta sæluhúsið lét sýslunefndin reisa þarna eftir að sunnanpósturinn varð úti við annan mann í janúar árið 1906. Var það hlaðið grjóti og af miklum vanefnum gert, veggir óþéttir og hurð léleg, svo veður og vindar léku um þá, sem þar leituðu hælis. Þótti húsið ill vistarvera, oft hálf fullt af snjó og auk þess fór af því reimleikaorð. Því kvað Elías Kristjánsson, sem lengi bjó á Elliða í Staðarsveit, eitt sinn er hann kom í húsið:

*Hér er djöfla og draugahöll
dimmum fjalls í ranni.
Þakin snjó og ísi öll,
ekki boðleg manni.¹*

Útgáfa leiðabóka

Póst- og símamálastjórnin gaf út leiðabækur á hverju ári þar sem kom fram fargjald, fjöldi ferða, kílómetrafjöldi hverrar sérleyfisleiðar ásamt reglugerðum sem tilheyrðu sérleyfisakstri.

¹ Árbók Ferðafélags Íslands 1986, bls. 96–97.



*Leiðabók póst- og sínamála-
stjórnar tímabilið
1957-1958.*

Í ferðaáætlun frá 1943 kemur fram að ein ferð var hálfsmánaðarlega yfir sumartímamann milli Borgarness og Grafarness. Þá kostaði fargjaldið 27 kr. á mann en 1/2 gjald fyrir börn að 8 ára aldri og 1/2 gjald fyrir börn að 12 ára aldri. Yfir vetrartímamann var leiðin ekki ekin nema í samráði við póststjórnina.

Á sjötta áratugnum var ein ferð í viku milli Reykjavíkur og Grafarness á vorin og haustin en tvær yfir sumartímamann. Yfir veturinn var reynt að fara einu sinni í viku ef færð leyfði.

Reglur um úthlutun sérleyfa

Í lögum um útgáfu sérleyfa til sérleyfishafa, 3 gr. laga nr. 22 frá 1945, kemur meðal annars fram

- að sérleyfið gildi fyrir 3 ár og sé óframseljanlegt.
- að sérleyfishafi noti þær tegundir og gerðir bifreiða og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð um búnað bifreiða til öryggis og þæginda farþegum.
- að sérleyfishafi skuli skuldbundinn til þess að láta bifreiðar sínar vera í förum samkvæmt áætlunum, reglum og flutningagjaldskrá, er ráðherra setur.
- að sérleyfishafi sé skyldur að flytja ákveðið magn póstflutnings ókeypiss eftir reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum póststjórnarinnar.

Bífreisaleiðir

78

☉ 66. Reykjavík—Grundarfjörður, 260 km
Fargjöld: 44 aurar pr. sætiskm.

Sérleyfishafi:
Þórður Pálsson.
Afgreiðsla í Grundarfirði:
Útibú Kaupfélags Stykkishólms,
Grafarnesi.
Afgreiðsla í Reykjavík:
Bífreisastöð Íslands, sími 81911.

Póstáætlun:
Almennur póstur og ábyrgðar-
póstur er fluttur í hverri ferð í
báðum leiðum til og frá eftir-
töldum pósthöfnum:
Reykjavík, Grafarnes.

Ferðadætlun:

½—¾ 1956: Leiðin ekki starfrækt nema í samráði við
póststjórnina.
½—¾ 1956: Ein ferð í viku.
Frá Reykjavík: Laugardaga kl. 10.
— Grafarnesi: Fimmtudaga kl. 9.
¾—¾ 1956: Tvær ferðir í viku.
Frá Reykjavík: Miðvikudaga kl. 9 og laugardaga
kl. 10.
— Grafarnesi: Mánudaga kl. 9 og föstudaga kl. 8.
¾—¾ 1956: Ein ferð í viku.
Frá Reykjavík: Laugardaga kl. 9.
— Grafarnesi: Fimmtudaga kl. 8.
¾ 1956 til ¾ 1957: Leiðin ekki starfrækt nema í sam-
ráði við pósthöfnina.

Sætisverð

Rvík—Borgarnes vm.	60.00
— Borgarnes	60.00
— Vegamót	95.00
— Hraunsfjörður ..	105.00
— Berserkseyri	110.00
— Eiði	115.00
— Eyri	125.00
— Grafarnes	125.00

Sérleyfsgjald innifalið

¾ gjald	¾ gjald
til 12 ára	til 8 ára

Akstursáætlun á sérleyfisleiðinni Reykjavík – Grundarfjörður samkvæmt leiðabók 1957–1958.

Tekið á móti rúttunni

Þegar rúttan kom var oft margt um manninn við póst- og símstöðvarhúsið því margir áttu leið þangað til að sækja bréf og böggla.

Halldór Páll Halldórsson, Finnssonar, minnst þess þegar hann var strákur í Grafarnesi er rúttan sást við Vindás. Þá hlupu krakkarnir eftir Grundargötunni og létu vita að rúttan væri að koma og voru mættir við póst- og símstöðvarhúsið til að taka á móti henni og fólkinu. Ef til vill leyndust langþráðir pakkar innan um sem búíð var að bíða lengi eftir.

Hreiðar Þórðarson, Pálssonar, minnst þess að flestir strákar í Grafarnesi áttu feður sem stunduðu sjóinn. Þeir gerðu það stundum að leik sínum þegar bátarnir voru að koma inn fjörðinn í rökkrunu að reyna að þekkja þá af ljósunum. Hreiðar reyndi hins vegar að þekkja ljósin á rúttunum þegar þær sáu við Vindás.



Tekið á móti rúttunni við póst- og símstöðvarhúsið. Ljós.: Elínbjörg Kristjánsdóttir.

Helstu áningarstaðir rútabifreiðanna voru á Vegamótum á Snæfellsnesi, í Borgarnesi, við Hvítárbrú í Borgarfirði, á Ferstiklu og í Botnskálanum í Hvalfirði.

Önnur störf

Þar sem ferðir voru oft stopular, sérstaklega yfir vetrartímann, stunduðu bæði Þórður og Kristján aðra vinnu jafnhliða rútabílaakstrinum.

Fljótlega eftir að Kristján kom til Grafarness keypti hann vörubíl sem hann var með í vegavinnu yfir sumartímann hjá Ásgeiri Kristmundssyni vegavinnuverkstjóra, en á veturna var hann með bílinn í vinnu við að keyra fisk uppúr bátunum.

Þórður var með umboð fyrir Shell og seldi bensín og olíur ásamt því að reka litla búð sem í daglegu tali var nefnd sjoppan. Þar var hann með ýmsan varning, eins og sælgæti, gos, gjafavörur, fatnað og fleira, að ógleymdu jukeboxi (glymskratta) og heitum pylsum. Hann var með þeim fyrstu sem seldi ný brauð úr bakaríi sem var mikið nýnæmi.

Margar skemmtilegar sögur eru til frá þessum árum um Þórð og viðskiptavinina sem komu við í búðinni hjá honum til að skiptast á sögum og segja og afla fréttu.

Það var oft gaman fyrir börnin í þorpinu að fylgjast með þegar Þórður stillti upp leikföngunum sem hann var með til sölu í búðinni fyrir jólin og man ég



sérstaklega eftir járnbrautarlest sem hann lét í búðargluggann. Hann hafði komið fyrir líkani af jarðgöngum þar sem lestin fór inn og svo kom

Sjoppan. Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.

Guðrún Árnadóttir og Þórður Pálsson. Ljósmynd Elínbjörg Kristjánsdóttir.

hún út á öðrum stað í glugga-kistunni. Það var hægt að gleyma sér við að horfa á þessa dýrð, enda var úrvalið af leikföngum ekki eins fjölbreytt og það er í dag.


Hreiðar sonur Þórðar minnst þess að faðir hans hafi sett upp sölutjald eitt sumar á fögrum stað við Búlandshöfða. Þar var hann með sælgæti, gos, heitar pylsur og smurt brauð til sölu, ásamt einhverjum varningi fyrir ferðamenn. Hugmynd hans var sú að þegar ferðalangar kæmu við í sölutjaldinu, þá gætu þeir notið útsýnisins sem var sérlega gott á þessum stað.

Ég fór snemma að aðstoða Þórð í búðinni. Eitt sinn er Þórður var vant við látinn var von á ferðamannarútu. Kristján hafði hringt í hann frá Vegamótum og sagt honum að rúta væri að leggja af stað upp Kerlingarskarð. Þórður bað mig að fylla á goskælinn og hita upp pylsupottinn og byrja að afgreiða ef þyrfti, hann kæmi síðar. Ég átti nokkurrá mánaða systur sem ég var að passa og það var ekki um annað að ræða en að svæfa hana í vagninum og láta hana sofa fyrir framan búðina á



P 557, Faka. Eigendur Kristján Jónasson og Þórður Pálsson. Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.





Sjöppan. Ljósmynd úr dánarbúi Þórðar Pálssonar.

meðan ég afgreiddi ferðamennina. Þetta gekk vel í fyrstu en svo vaknaði hún og grét úti í vagninum, ferðamennirnir sem allir voru útlendingar, fyrir utan fararstjóra og bílstjóra, sáu um

að rugga vagninum og gefa henni pela á meðan ég afgreiddi pylsur, gos og sælgæti. Þetta var um sumar og um jólin fékk ég send nokkur jólakort frá farþegunum og þrjár fallegar blýantsteikningar frá einum þeirra. Ég held þeim hafi fundist þetta mjög merkilegt, eflaust gerðist svona ekki í útlöndum að barn, sem þeim fannst ég eflaust vera, væri eitt að afgreiða í búð og passandi annað barn. Þeir spurðu mig hvort ég ætti ekki foreldra, héldu eflaust að ég væri munaðarlaus að vinna fyrir mér og systur minni. Þórður kom svo þegar allt var um garð gengið, farþegarnir farnir, ánægðir og saddir.

Hópfærðir

Þórður og Kristján fóru í margar hópfærðir yfir sumartímamann. Farið var með kvenfélagið, saumaklúbbinn, ungmennafélagið og skólabörn í hópfærðir um landið. Í dagbókum Elimars Tómassonar skólastjóra er minnst á nokkur skólaferðalög og ferðir í Reykholt, en þangað voru skólabörn send í sundkennslu. Útdráttur úr dagbókunum var birtur í bók nr. 3, *Fólkið, Fjöllin, Fjörðurinn*, 2002. Skólabörn sem fóru í tjaldferðalag sumarið 1963 minnst þess hversu kalt var á nóttunum, en þá var farið í ferðalag um sveitir Borgarfjarðar og sofið í tjöldum. Sum tjöldin sem börnin höfðu með sér voru ekki með botni svo það gat verið kalt í þeim, en sólin hitaði fljótlega upp er líða tók á morguninn og þá gleymdist kuldinn við morgunmat og leik.

Skólaferðalag 1963, Soffía Jóhannesdóttir kennari og Kristján Jónasson bílstjóri. Ljós.: Elinbjörg Kristjánsdóttir.



Minnisstæðar ferðir

Árni Hallgrímsson frá Vík fór oft með í fyrstu ferð á vorin, en ferðir lágu oft niðri yfir háveturinn, oftast vegna snjóa og ófærðar.

Ferðir til Reykjavíkur tóku langan tíma þegar keyra þurfti innfyri Hraunfjörð, Borgarfjörð og Hvalfjörð. Stundum var gíst á Ferstiklu í Hvalfirði á suðurleiðinni.

Árni minnst þess að Þórður og Kristján rúkkðu ekki alltaf Eyrsvaitunga um fargjald er þeir voru að koma heim í sveitina og man ekki eftir því að hafa greitt fyrir þær ferðir sem hann fór með þeim. Stundum keyrðu þeir sendingar til viðtakenda í Reykjavík til að spara þeim ferðir á B.S.Í., Bifreiðastöð Íslands, til að sækja þær. Oft voru þeir að útrétta fyrir fólkið fyrir vestan, ná í ýmsan varning allt frá saumavélarnálum til traktors-



Saumaklúbbsferð til Akureyrar. Kristín Friðfinnsdóttir og Kristján Jónasson bílstjóri. Ljós.: Guðmunda Hjartardóttir.



*Hópferð að Búðum í Staðarsveit.
Ljós-: Guðmunda Hjartardóttir.*

dekkja og þá þurftu þeir að fara á marga staði í Reykjavík í þessar útréttingar. Segja má að stoppið í Reykjavík á milli ferða hafi oft verið erilsamt hjá þeim.

Árni man að eitt sinn var rútan föst í ófærð á milli Stykkishólms og Grafarness og boð komu um aðstoð. Þá var farið af stað á vörubíl frá Grafarnesi, nokkrir menn fóru með Kristjáni á vörubíl sem hann átti og sátu sumir á vörubílsþallinum vel búnir því kalt var í veðri. Síðan var lagt af stað, en ófærðin var svo mikil að moka þurfti vörubílinn áfram. Þegar búíð var að sækja farþegana, þá komust ferðalangarnir ekki lengra en að Kolgröfum og gist var þar yfir nóttina. Lagt var af stað morguninn eftir, en ekki tókst betur til en svo að vél vörubílsins gaf upp öndina hjá Vindási.

Ásdís Ásgeirsdóttir, Kristjánssonar á Kampinum, segir svo frá er hún var eitt sinn að koma frá Stykkishólmi með hálfkassanum. Þórður var bílstjóri í þeirri ferð. Þegar komið var að Slýánni í Kolgrafafirði, þá festist bíllinn í ánni, mikið af varningnum var timbur og afferma þurfti timbrið á árbakkanum til að létta bílinn áður, hann var losaður og reynt að komast yfir ána sem tókst að lokum. Við þetta aðstoðuðu farþegarnir. Þegar bíllinn var kominn yfir ána báru bílstjóri og farþegar timbrið yfir hana til að ferma bílinn aftur.



Önnur ferð sem Ásdís var með í og er henni minnisstæð var á Þorláksmessu á sjötta áratugnum. Lagt var af stað frá Reykjavík um níu að morgni. Á leiðinni

*Tjöld tekin saman á ferðalagi.
Úr dánarbúi Kristjáns Jónassonar.*

var mikill snjór og ófærð svo moka þurfti oft á leiðinni. Þegar komið var að Berserkseyri um kvöldmatarleytið festist bíllinn einu sinni enn. Á meðan verið var að moka frá honum var ákveðið að farþegarnir sem voru orðnir slæptir og þreyttir færu heim að bænum til Guðna og Guðrúnar konu hans, sem þar bjuggu til að komast á salerni. Guðrún hafði nýlokið við að þrifa gólfín því jólahátíðin var að ganga í garð. Farþegarnir voru boðnir velkomnir og hún mátti ekki heyra á það minnst að þeir færu úr snjóugum yfirhöfnunum, en þeir höfðu gengið frá veginum að bænum. Ábúendur á sveitabæjum hafa oft reynst þreyttum ferðalöngum vel eins og í þetta sinn.

Tæknin kemur til sögunnar

Eins og minnst hefur verið á hér að ofan voru erfiðir vegarkaflar víða á leiðinni. Eftir að talstöðvar komu í bílana notuðu bílstjórnarnir þær til að tala sín á milli, sérstaklega ef færð var erfið og vond veður því oft voru rútubíllarnir sem keyrðu á Snæfellsnesið í samfloti. Ég minnst þess að bílarásin var alltaf opin á útvarpinu þegar rútan var í ferðum og man ég eftir að þabbi kallaði í talstöðina: „Ef einhver heyrir í mér heima væri gott að fá aðstoð inni Kolgrafafjörð því þar sit ég fastur með farþegana“ og þá var sendur bíll með mönnum og skóflum til að aðstoða við moksturinn.

Messuferðir

Kirkja var ekki í Grafarnesi fyrr en 1966. Fram að þeim tíma sótti fólk messu að Setbergi. Fastar ferðir



*Kvenfélagsferðalag 1965,
Áslaug Sigurbjörnsdóttir,
Guðrún Arnadóttir og Sig-
rður Elísadóttir.*



P 22, Ford. Eigandi: kristján Jónasson. Ljós: Elínbjörg Kristjánsdóttir.

voru í messu að Setbergi á messudögum sem sérleyfisbílnir sáu um.

Ragnheiður Sigurðardóttir, Lárussonar í Gröf, segir að sér sé minnisstætt

þegar hún var eitt sinn að koma með rútnni frá messu að Setbergi og rútan fór að rása á veginum í Hamrahlíðinni. Þá sáu farþegarnir að annað framhjólíð hafði farið undan rútnni og skoppaði niður hlíðina. Rútan fór út af, sem betur fer fjallsmegin því þar var ekki eins bratt eins og sjávarmegin í hlíðinni. Segja má að eitthvert lán hafi verið yfir farþegunum því hún minnst þess ekki að þeir hafi slasast við þessa byltu.

Eftirsóknarvert að fara í bíltúr

Fyrsti bíllinn kom til landsins 1904, en 1945 voru 2300 fólksbílar og 2000 vörubílar í landinu. Þá voru 138 íbúar um hvern fólksbíl. Þessi tala átti eftir breytast og árið 1960 voru 12 íbúar um hvern þeirra 20 þúsund bíla sem þá voru í landinu. Bílaeign var ekki algeng á heimilum í Grafarnesi um 1960 og því þótti það eftirsóknarvert hjá krökkunum að fá að fara í bíltúr.


Í fyrstu var ekki bílaþvottaplan í Grafarnesi og var farið með rúturnar og keyrt út í Grundarána eða Kvern-



P 480, Zetra, 22 manna, árgerð 1957. Eigandi Kristján Jónasson. Við hlið rútnunnar standa Sigurbjörg Pétursdóttir og Kristján Jónasson. Ljós: Dóra Haraldsdóttir.

*Skólaferðalag. Svavar Jónsson skólustjóri,
Jóhanna Halldórsdóttir og Ósk Jósefsdóttir.
Ljós.: Elínbjörg Kristjánsdóttir.*

ána til að þvo. Stundum fengu krakkarnir að fara með Kristjáni í þessa ferð. Eitt sinn þegar greinarhöfundur fór í þessa þvottaferð með rúttunni ásamt nokkrum krökkum var farið í Grundarána að þvo og fengum við krakkarnir að leika okkur á Kampinum á meðan. Kríuvarp var þá í fullum blóma og margar kríur lágu á eggjum. Sum okkar fóru inn í varplandið og egginn voru svo freistandi að við hnupluðum nokkrum þeirra sem var ekki auðvelt með kríuhópin yfir sér. Þegar lagt var af stað heim eftir að rútan hafði verið þvegin að utan og innan fórum við að skoða egginn, en ekki vildi betur til en að nokkur þeirra dattu á nýþvegið rútgólfið og brotnuðu. Þegar heim var komið fórum við niðurlút út úr rúttunni því við vissum að bannað var að ræna eggjum og rútgólfið leit ekki út sem nýþvegið. Ég var viss um að þetta væri síðasta þvottaferðin sem ég fengi að bjóða krökkum með mér í. Eftir ferðina tók faðir minn mig á eintal og gerði mér grein fyrir því að eggjastuldur væri stranglega bannaður og ef ég ætlaði að fá að bjóða krökkum með mér oftari í þvottaferðirnar, þá skyldi ég taka það til greina. Þetta varð ekki síðasta ferðin, en egginn voru látin í friði eftir leiðis.



*Sundferðalag að
Lýsuhóli í Staðarsveit.
Ljós.: Elínbjörg Kristjánsdóttir.*

Utanferð

Í apríl árið 1963 fóru þeir Þórður og Kristján til Þýskalands til að kaupa tvær 25 manna rútur af gerðinni Faka árg. 1959. Þeir ferðuðust í gegnum Danmörku á heimleiðinni, en einhverra hluta vegna þá misstu þeir af fluginu heim. Það má segja að það hafi orðið þeim til lífs vegna þess að flugvélin fórst við Ósló á páskadag 1963. Aðalheiður Pálsdóttir, systir Þórðar, minnst þess að það hafi verið erfitt að bíða eftir fréttum af flugslysini, en hún var þá stödd á heimili foreldra sinna í Grafarnesi. Það var mikill léttir þegar fregnir bárust um að þeir hefðu ekki verið um borð. Aðra rútuna sem þeir keyptu ætluðu þeir Þórður og Kristján að nota í hópferðir, en bæta hinni við áætlunarleiðina. Þessar rútur reyndust ekki eins vel og þeir höfðu vonast til, bilanatíðni þeirra var há og íslensku malarvegirnir hentuðu þeim ekki. Árið 1965 keypti Kristján 22ja manna rútu af gerðinni Zetra árg. 1957 og var með hana í áætlunarferðum og hópferðum yfir sumarið. Í byrjun árs 1966 hættu þeir áætlunarakstrinum sem byrjaði hjá Þórði 20 árum fyrr.

Bifreiðastöð Stykkishólms tók við sérleyfinu í Grundarfjörð árið 1966.

Lengd leiða og hámarkshraði

Fyrstu bifreiðalögin voru sett 1914 og þá var hámarkshraði 15 km/klst, í þéttbýli og 35 km/klst, utan þéttbýlis. Árið 1940 var hann kominn í 30 km/klst, í þéttbýli og 60 km/klst, utan þéttbýlis.

1958 er hámarkshraði kominn í 45 km/klst, í þéttbýli og 70 km/klst, utan þéttbýlis en almenningsvagnar fyrir 10 farþega eða fleiri máttu aðeins keyra á 60 km/klst.

Í dag er leiðin á milli Grundarfjarðar og Reykjavíkur heldur styttri, hámarks- hraðinn hærrí og vegirnir betri en þegar áætlunarferðir hófust á milli þessara staða á fimmta áratugnum. Þá var leiðin 262 km löng. Með tilkomu brúa yfir Mjósund og Borgarfjörð, ganga undir Hvalfjörð og nýlegs vegar yfir Vatnaheiðina hefur leiðin styst töluvert og er í dag 183 km. Síðan er væntanleg brú yfir Kolgrafafjörð og þá mun leiðin verða 176 km.

Lokaorð

Þessi grein byggir að mestu á samtölum við samtíðarmenn Þórðar og Kristjáns ásamt mínum minningum frá þessum tíma. Það kom oft í ljós þegar ég var að tala við það fólk sem þekkti þá félagu hversu léttu lund þeir höfðu og áttu auðvelt með að umgangast fólk. Margir hafa haft orð á því hversu greiðvirkir þeir voru með að útrétta fyrir sveitungana og ná í ýmsan varning úr höfuðstaðnum. Þeir borðuðu lengi vel í Alþýðuhúskjallaranum við Hverfisgötu og þangað komu stundum burtfluttir sveitungar til að finna þá og biðja þá fyrir sendingar vestur.

Þó nokkrir bílstjórar keyrðu hjá Þórði og Kristjáni á þeim árum er þeir sinntu rútubílaakstrinum. Síðustu æviárin starfrækti Þórður fiskbúð í Borgarnesi, en Kristján gerði út hestaflutningabíl. Kristján Ágúst Jónasson lést 21. desember 1995. Þórður Steinar Pálsson lést 23. ágúst 1996.

Heimildir

Reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937.

Reglugerð um skráningu ökutækja nr. 523/1988.

Fólkið, Fjöllin, Fjörðurinn 2000. „Samgöngur í Eyrarsveit á tuttugustu öldinni“ , Halldór Finnsson.

Fundargerðir hreppsnefndar Eyrarsveitar 1947.

Árbók Ferðafélags Íslands 1986. „Snæfellsnes norðan fjalla,“ Einar Haukur Kristjánsson.

Leiðabækur Póst- og símamálastjórnar.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, nr. 22/1945, 3. gr.

Fornbílaklúbbur Íslands. Ágrip af bílasögu Íslendinga.

Ásgeir Guðmundsson

Þjóðhátíð í Eyrarsveit árið 1874

Þegar ákveðið var á Alþingi árið 1867 að halda skyldi 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar hátíðlegt með þjóðhátíð árið 1874, lagði þingnefndin, sem fjallaði um málið, til að prédikað skyldi í öllum kirkjum landsins ákveðinn sunnudag sumarið 1874. Haustið 1873 var birt auglýsing frá kirkju- og kennslumála-stjórninni dönsku, dagsett 10. september, byggð á konungsráðgjörð 8. s.m., „að halda skuli opinbera guðsþjónustugjörð á Íslandi í minningu þess, að landið hefir byggt verið í þúsund ár“. Samkvæmt áður nefndum konungsráðgjörð frá 8. september 1873 ákvað biskup í umburðarbréfi til allra héraðsprófasta á Íslandi, að guðsþjónustugjörð þessi skyldi fara fram í öllum kirkjum landsins 9. sunnudag eftir trinitatis, en það var 2. ágúst. Biskup tiltók fyrir ræðutexta 90. Davíðssálm, 1.–4. og 12.–17. vers að báðum meðtöldum (Brynleifur Tobiasson: *Þjóðhátíðin 1874*. Rvík 1958, bls. 21–22).

Hinn 2. júlí 1874 var haldin sameiginleg þjóðhátíð fyrir alla Snæfellsness-og Hnappadalssýslu, og þótti hún mjög tilkomumikil. Daginn eftir héldu nokkrir framámenn í sýslunni fund með sér í Stykkishólmi, og stofnuðu þeir m.a. til samtaka um það, að þjóðhátíðarhaldið í sveitum sýslunnar 2. ágúst yrði svo tilkomumikið sem frekast væri unnt og að því yrði samfara áhugi á að glæða samtök og félagsskap til þarflegra fyrirtækja í sveitunum, þeim til gagns og landinu til sóma. Þjóðhátíðinni í Eyrarsveit var lýst svo:

„Að Setbergi í Eyrarsveit var haldin þjóðhátíð 2. ágúst, að lokinni messugerð. Forsögn alla um hátíðarhald þetta höfðu þeir sr. *Helgi Sigurðsson* á Set-

bergi og *Stefán Daníelsson* hreppstjóri og verzlunarstjóri í Grundarfirði. Veizla mikil og góð var þar haldin, sungin kvæði og flutt minni. Fór þjóðhátíðarminning þessi fram undir beru lofti, því að gott veður var, og skemmtu sér allir vel, er þar voru“ (*Brynleifur Tobiasson: Þjóðhátíðin 1874*, bls. 144–45).

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir tvímenningum, sem stóðu fyrir þjóðhátíðarhaldinu í Eyrarsveit 2. ágúst 1874.

Séra Helgi Sigurðsson var fæddur 2. ágúst 1815 á Ísleifsstöðum á Mýrum, og voru foreldrar hans Sigurður Helgason danne-brogsmáður og skáld á Jörfa og fyrri kona hans Guðrún Þorkelsdóttir. Helgi varð stúdent frá Bessastaðaskóla árið 1840 og tók 1. og 2. lærdómspróf í háskólanum í Kaupmannahöfn 1840–1841. Hann las fyrst lögfræði við Kaupmannahafnarháskóla, síðan læknisfræði um hríð, en nam jafnframt dráttlist við Listaháskólann (Kunstakademiet). Helgi varð fyrstur Íslendinga til að nema ljósmyndagerð. Hann hætti háskólanámi, hvarf heim og bjó á föðurleifð sinni, Jörfa, frá 1846–1866. Hann fékk Setbergsprestakall 1866 og Melaprestakall í Borgarfirði 1875, en lausn frá prestskap árið 1883. Séra Helgi fluttist að Marbakka á Akranesi 1885 og lést þar 13. ágúst 1888. Hann hafði fjölbreyttar gáfur og áhuga á fróðleik og listum. Hann tók fyrstur Íslendinga ljósmyndir, hafði forgöngu um stofnun Forngripasafnsins og safnaði forngrípum. Eftir hann liggja nokkur rit og Lýsing Setbergssóknar 1873, sem var birt í riti Hins íslenska bókmenntafélags, *Snæfellsnes: Sýslu- og sóknalýsingar*, sem kom út árið 1970. Kona séra Helga var Valgerður Pálsdóttir. Þau skildu. Þau áttu þrjú börn, og komst eitt þeirra til fullorðinsára, dóttir sem fluttist til Vesturheims. Með ráðskonu sinni, Jóhönnu Guðmundsdóttur, eignaðist séra Helgi tvo syni, sem fluttust til Vesturheims með móður sinni (Bjarni Jónsson frá Unnarholti: *Íslenzkir Hafnarstúdentar*. Akureyri 1949, bls. 184–85; Matthías Þórðason: *Íslenzkir listamenn*. Rvík 1920, bls. 48–60).

Stefán Daníelsson var fæddur 15. maí 1835 á Grund í Eyrarsveit, og voru foreldrar hans Jón Daníelsson og kona hans Guðrún Jónsdóttir Hjaltalín. Stefán tók við búi á Grund af föður sínum og bjó þar 50 ár. Hann rak einnig framan af verslun, einkum við Frakka, en þá var Grundarfjörður ein helsta höfn hér á landi, sem frönsk fiskiskip leituðu til. Stefán hafði í umboði sýslumanns lögregluftirlit með frönskum fiskiskipum og var kvaddur af amtmanni til að taka af þeim tolla og rita á skipsskjöl. Hann gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum í sveit sinni og var m.a. hreppstjóri um langt skeið og einnig oddviti. Hann átti

Stjórsla

um fjóðrháttarhaldid í Selbærgi sáti, 2. d. ágúst. 1874.

Eftir að kirkjuþjálkumum tráfði lengi varð hringt um kvöld-
te, á undan hálfárhaldinu (samkv. bók. biskups vord), var lúta
2. d. ágústin tekið til messu á Selbærgi, hl. 10. Var svo na
sveinma þingad í þri skinni, að nægja þinni vði til hálfvör-
haldins, sem fjfrhúad var od ávar bódad, þar á eftir, vama
daginn, þegar áleio. Hlafi skenagresturinn, með um-
búðarþingum um alla sóknina (meðan 2. einur seipid fró þun-
um, lagir á Selbærgi og í Grandarfíði), þóð sem flöskum (þið-
um, kemum, og bennim. fyrir 10 ára) að taka sem bestann þótt
á nægdu hálfárhaldi, og ofla þóð, og gjöra þóð um hálfvör-
ast og minnisstöðast, í sem flösku fjögur, góðu og nyltömu
felli, og nána, og var bndt á. Og jafnframt, þar þu, með að-
stöð þrappstjórnar, fyrir vög vör, minnum til þóflarar
smáveiklu. — Einnsumni lagir presturinn til gróndavallar.
tinnu fyrirskipáða véculesta (Lac. salm. 90, v. 4 og 12-17. inclus.),
og hring vécar þri vintum að þvannu: 1. endurminningu um
gúðs handlæslu á oss, sívar landid byggist. 2. lofgjört og
þakblat við himnuþóðurinn fyrir þissu hamu fjóðrháttar-
handlæslu. 3. Örnugri vor og trausti á hamu aðstöð og
handlæslu á oss, Íslands þóðurinn, í felli til altra sóðar-
og lókam-þvannara og fullþóðurinn þrappstjórnar, og á öllum
ókommum áleum. — Litlu eftir að ríki var, þóflu menn
samsetti ríki á grónu flöt, við ábrúð þóð, með þóðurinn
umþóðis, þri vécar var þvann dag híd þóðar. Hét þá prest-
urinn, og þjórnar var til að vera samsetti sjón, tva upp

sæti í sýslunefnd Snæfellsnes-og Hnappadalssýslu um 20 ára skeið. Eftir Stefán komu út á prenti þrjár sögur og skráltusafn. Hann mun einnig hafa látið eftir sig æviminningar sínar í handriti. Eftir að Stefán brá búi, dvaldist hann hjá

skrifætur reglur, hvatir og uppáslingur, er hann hafði búið
 síð, áður en hann átti fundarhaldið, og hljóma þess. Allan mun
 híflegar, og smátt og smátt, glæddu sig á mat og drökk, von
 hildnaðar fjávarn ræður af ymsum; og var sú línast, er
 presturinn hélt, (sum öll þau framfarasmót, sem voru egum
 í hinum tíuna tíma, samkv. sögu landsins). Þvírást var
 mælt fyrir ymsum skálum, og þar á meðal fyrir skál Ey-
 arsvátar, og singin, sem Íslands og sveitar minni, 3. ný
 hótin, (1. eptir prestinn, 1. eptir kaupstjórann og 1. eptir Baldur
 bónda í Hríla); og 4-5. önnur, er minna þóleik í spunnin, voru
 þá og lesin upp. Síðan var á fláru vegu rætt um endr-
 bet á ymsu í landinu, einkum landi og sveitarhöf-
 um í Sönnunni. Og gefu allir ólíku góður vör. Þá var
 og strax skilið samara fjárstyrke handla félökum manni
 á sveitinni, er nýlega hafði mist, fyrir óhöpp, sína una
 bjargargrip. Þá var og ákveðið, að fara að halda tíu-
 eptir sveitarfundu, til að efla félagslíf og framfarir sveit-
 arinnar. Að öðru leiti var kvöldinu eytt í gletti og
 skemtanir, eins allir fóru gládir og ánægdir, það munu
 frekast vita, hinn til dæ. Í samkvæmi þessu voru
 fullir 70 manns. Voru margir þeirra svo fatlaðir, að tóku
 vöru til láns hið litla (SO. d. fyrir karlmann, og 33-43. f. þrum-
 fólk), er greidda þessu, og mislu flíri völdu taka þátt
 í samkvæmi, enn vegur var að lána, þó allir skömuðu
 þennan dag, sem samari glæddag, einu sinni á öfi
 þeirra.

Með skýrleik þessari fylgjja 2. af hinum hérnefndu
 bréðum.

Stefni S. d. ágúst. 1874.
 (Stefni S. d. ágúst. 1874.)

sonum sínum í Danmörku og á Ísafirði, og þar lést hann 23. janúar 1929. Kona
 Stefáns var Jakobína Árnadóttir Thorsteinson sýslumanns í Krossnesi. Þau
 eignuðust þrjá syni og tvær dætur, og Stefán átti einnig son fram hjá. Allir synir

Auglýsing

um

að halda skuli opinbera guðspjónustugjörð á Íslandi í minningu þess,
að landið hefir verið byggt í þúsund ár.

Bekjendtgjærelse

om

Afholdelsen af en offentlig Gudstjeneste paa Island til Erindring om
Landets tusendaarige Bedyggelse.

Kjøbenhavn, den 10de September 1873.

Printet hos S. P. Schultz.

Stefáns luku háskóla-
námi. Kunnastur þeirra
eru dr. Jón Stefánsson.
(Páll Eggert Ólason:
Íslenzkar æviskrár IV. Rvík
1951, bls. 315-16; *Óðinn*
XX., 7.-12. tbl., júlí-des.
1924; *Vísir*, 28. 1. 1929).

Skýrsla sú um þjóðhá-
tíðarhaldið í Setbergs-
sókn, sem fer hér á eftir,
er varðveitt í Þjóðskjala-
safni í skjalasafni próf-
asta, BB/7, áður X.1.F.3.
Séra Helgi Sigurðsson
sendi hana Eiríki Kúld
prófasti í Snæfellsnesp-
rófastsdæmi. Af skýrsl-
unni og kvæðunum
tveimur, sem henni fylgja,
má m.a. ráða, hvernig hag
Eyrsvaitunga var komið
árið 1874, og að ýmsum
Íslendingum fannst hag

landsins hafa farið mikið aftur frá landnámsöld. Þá fá Vesturheimsfarar einnig
á baukinn.

Skýrsla um þjóðhátíðarhaldið í Setbergssók[n], 2. d. ágústm. 1874

Eftir að kirkjuklukkunum hafði lengi verið hríngt um kvöldið, á undan hátíð-
arhaldinu (samkv. boði biskups vors), var hinn 2. d. ágústm. tekið til messu á
Setbergi, kl. 10. Var svona snemma byrjað í því skyni, að nægur tími yrði til
hátíðarhaldsins, sem fyrirhugað var og áður boðað, þar á eftir, sama daginn,

þegar á leið. Hafði sóknarpresturinn, með umburðarbréfum um alla sóknina, (meðan 2. önnur svipuð frá honum, lágu á Setbergi og í Grundarfirði), boðið sem flestum (körlum, konum, og börnum yfir 10 ára) að taka sem bestann þátt í nefndu hátíðarhaldi, og efla það, og gjöra það sem hátíðlegast og minnisstæðast, í sem flestu fögru, góðu og nytsömu tilliti, er nánar var bændt á. Og jafnframt bauð hann, með aðstoð hreppstjórans, fyrir vægt verð, mönnum til hóflegar smáveislu. – Í messunni lagði presturinn til grundvallar hinn fyrirskipaða ræðutexta (Dav. sálm. 90, v. 1-4 og 12-17 incl.), og hneig ræðan því einkum að þrennu: 1. endurminningu um guðs handleiðslu á oss, síðan landið byggðist. 2. lofgjörð og þakklæti við himnaföðurinn fyrir þessa hans föðurlegu handleiðslu. 3. öruggri von og trausti á hans aðstoð og handleiðslu á oss, Íslands börnum, í tilliti til allra sálar- og líkams-framfara og fullkomnunar héreptir, og á öllum ókomnum öldum. – Litlu eptir að úti var, hófu menn samsæti úti á grænni flöt, við útbreidd borð, með bekkjum umhverfis; því veður var þann dag hið bezta. Lét þá presturinn, er kjörinn var til að vera samsætisstjóri, lesa upp skrifaðar reglur, hvatir og uppá-stúngur, er hann hafði búið til, áhrærandi allt fundarhaldið, og tilgáng þess. Meðan menn hóflega, og smátt og smátt, glöddu sig á mat og drykk, voru haldnar fáein- ar ræður af ýmsum; og var sú lengst, er presturinn hélt, (um öll þau framfaramedöl, sem vér egum í hinum liðna tíma, samkv. sögu landsins). Þvínæst var mælt fyrir ýmsum skálum, og þar á meðal fyrir skál

•Þaa þerom af Ministeriet for Kirke- og Undervisningsvæsenet nedlagt allerunderdantigt Børefilling har det behaget Hans Majestet Kongen under 8de B. M. alternaahigt at befale: at der, til Grindring om Islandts tuftindaarige Besøgelse, i Aaret 1874 afholdes en offentlig Gudstjeneste over hele Island, at benittede Gudstjeneste bør finde Sted i famillige Andetstier i Statutningen af Sult eller i Begyndelsen af August Maaned paa en af Hjøfpen over Island nærmere bestemt Søndag og i Aarshæfterne paa den eller de nærmest derafter følgende Søndage, samt at det overdrages til Hjøfpen at bestemme Tørtten til Prædiktene ved denne Gudstjeneste og at træffe de øvrige i den omhandlede Anledning fornødne Foranstaltninger.

Hvørefter alle Bedkommende sig have at rette.

Ministeriet for Kirke- og Undervisningsvæsenet, den 10de September 1873.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.

Samkvæmt uppátungu kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konungurinn 8. p. m. allramildlegast fallizt á, að haldin verði opinber guðspjónustugjörð á öllu Íslandi árid 1874 í minningu þess, að Ísland þá hefir verið byggt í þúsund ár, að guðspjónustugjörð þessi skali fram fara í öllum aðalkirkjum landsins í lok júlí mánaðar eða í byrjun ágúst mánaðar á þeim sunnudegi, sem biskupinn yfir Íslandi nákvæmar tiltekur, en í aukakirkjum næsta sunnudag eða næstu sunnudaga eptir, og að biskupnum sje fallið á hendur að ákveða texta þann, sem leggja skali út af við tjóða guðspjónustugjörð, og að gjöra þær ráðstafanir, sem að öðru leyti með þarf í tilefni af þessu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Kirkju- og kennslustjórnin, 10. dag september 1873.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.

Eyrarsveitar, og súngin, sem Íslands og sveitar minni, 3. ný kvæði (1. eptir prestinn, 1. eptir hreppstjórnann og 1. eptir Baldvin í Efrilá), og 4-5 önnur, er minna þókti í spunnið, voru þá og lesin upp. Síðan var á fleiri vegu rædt um endurbót á ýmsu í landinu, einkum búnaðar- og sveitarháttum í sókninni. Og gáfu allir slíku góðan róm. Þá var og strax skotið saman fjárstyrk handa fátækum manni í sveitinni, er nýlega hafði mist, fyrir óhöpp, sinn eina bjargargrip. Þá var og ákveðið, að fara að halda héreptir sveitarfundi, til að efla félagslíf og framfarir sveitarinnar. Að öðru leyti var kvöldinu eydt í gleði og skemtanir, uns allir fóru glaðir og ánægðir, það menn frekast vita, heim til sín. Í samkvæmi þessu voru fullir 70 manns. Voru margir þeirra svo fátækir, að taka urðu til láns hið litla (80 s. fyrir karlmann, og 32-48 s. f. kvennfólk), er greiða þurfti, og miklu fleiri vildu taka þátt í samkvæminu, enn vegur var að lána, því allir skoðuðu þennan dag, sem sannan gleðidag, einusinni á æfi þeirra.

*Með skýrslu þessari fylgja 2. af hinum hérnefndu kvæðum.
Setbergi 18. d. ágústm. 1874
H. Sigurðsson.*

Eyrarsveitar-minni

flutt á þjóðhátíð sveitarinnar, 2. ágúst 1874.

1. Er, sem nú heyrir hauðri á
hetjurödd mörg frá þylum fjalla;
landvætta raustir líka kalla,
landnáma hörgum liðnar frá.
Aldið fer magn og andinn nýji
að oss á morgun-þrumskýji.
:/:Áfram! Við þúsund-aldamót
ymur; sem tímans brimrót.:/:
2. Er, sem vors héraðs hraustu nú
heyrum og lítum kappa fyrstu,
beittri með raust, og brandi hristum,
að oss hér feðra orðum snú',

Herjólf, með skyggðum hreystigeiri,
 hetjuna Vestarr, sem nam Eyri,
 :/:Borðeyrar-hól, og kappa fjöld,
 er kynstafir voru' á landnáms öld.:/:¹

3. Mér heyrir þeir mæla hispurslaust –
 heyrir yður slíkt hið sama?
 „veikta skal niðja vekja' að frama
 vor, þeirra feðra, völdug raust;
 ætlið þér svona út af deyjja,
 og ekki betur stríðið heyja?
 :/:Í bjargstuddum haugum blöskrar oss
 böls og sjálfsvíta yðar kross.:/:
4. Hefjist þér á vort hetju-stig –
 hefð er oss æ að góðum sonum –
 eflist að menta vild og vonum,
 hver einn að drengskap sýni sig!
 höggvið þér eynda hörðu böndin;
 hefjið fljótt menta sigurvöndinn!
 :/:Þér egið þó manndóms afl oss frá,
 ættlera mark ei viljum sjá.:/:
5. Sjáið! vér börðumst þúngri þraut, -
 þrautirnar gerðu dáðir herða -,
 allt vér gerðum, sem átti verða,²
 yður þá glæsta ruddum braut.
 Grass- korns- og merkja-girðingarnar
 gerðum, er náðu skorti varna;
 :/:með kaupskap og hjörvi fé og frægð
 fengum, allra allra hluta nægð.:/:
6. Í ómensku láum ei né deyfð,

¹ Herjólfur, sonur Sigurðar svínhöfða, nam Útsveit frá Búlandshöfða til Grundarfjarðar ár (Kirkju-fjarðar). Þegar hann var 12 vetra, vann hann skógarbjörn í einvígi, og síðan hefndi hann föður síns. Vestarr, sonur Þórólfs blöðruskalla, nam þaðan frá, Öndverðareyri og Eyrarbotn, inn að Slýá (= Fjarðarhorni). Þaðan nam Kolar Borðeyri, er seinna nefndist Berserkseyri, inn að Straumhlíð; auk annarra ótaldra landnámsmanna.

² Sjá *Eddu*, og *Goðafræði norðurlanda*, áhrærandi nornirnar Urð, Verðandi og Skuld, sem hér er bent til (*Nordens Mythologi* af K. F. Viborg. Kbh. 1843, bls. 81–83. afl.).

ípróttum flestum gjörðumst tamir,
að andans og líkams afli ramir;
optast var hönd til happa hreyfð.
Vér fleyttum um höf, sem freyddu stríðum,
vér flugum um mjöll á ólmum skíðum,
:/:velgengni öll í voru stóð
valdi, oss hræddist útlend þjóð.:/:

7. Þér, sem í flestu meira megn
menta og kristindómsins egið,
meiri oss verðið, meira heyjið,
máttum, er hindra, brjótist gegn!
Eyrarsveit líkt vel og vér byggðið,
yðar að sæmd og drengskap hyggið!
:/:En þá má lifa í Eyrarsveit
ef eðalsinnis er lindin heit.“:/:

8. Haugbúa þetta heyrum mál,
hamra sem bergmál til vor senda;
látum ei eynd við aldna lenda;
hefjum til frama hug og sál!
Nóg eru faung, ef nýtja viljum,
nóg eru ráð, ef vilja ei, dyljum.
:/:Seint brestur aldið Ísaland
í aflinu fólgið nægta band.:/:

9. Sé og veri vor sveitar-skál
samtökin hraust um lífsins brautir;
andans þrek gegnum allar þrautir;
eðallyndis og orku bál;
heitstrenging sú, að sigra dauða,
og svölunarlindin guðdóms auða.
:/:Uppá þá skál og æru þor,
ölið og feðra snertum spor.:/:

(H.S.)

Minni Íslands

flutt á Þjóðhátíð í Eyrarsveit, 2. ág. 1874.

1. Lofum nú þann, sem land vort ól,
með líkn í þrautum aldir tíu,
og aptur byrjum aðrar nýu,
miskunar hans und sömu sól.
Til Ameríku þó ættlerar
yfirgefi nú landið frera,
:/:látum þá flana í feigðar mold,
sem fyrirlíta nú móður fold.:/:
2. Þó snjó vér lítum hinns snjófga tinds
á Snæfellsjökulls breiðum skalla,
og Helgrindur gjöri hrím á falla,
sveipaður skýum sunnanvinds,
þá hugsum til fornra frægðar daga,
er feðranna skýrir hreystisaga,
:/: og gugnum ekki, né gefum tapt,
en gamlan uppvekjum hetjukrapt.:/:
3. Þú eyland vort við unnar djúp!
vér alltaf skulum hjá þér búa,
með holdið veikt, en hjartað trúa
og una við jökuls aldinn hjúp.
Elskaða, gamla æskufoldin!
ástkæra blessuð fósturmoldin!
:/:meðan að gjálfur girðir lönd,
þig geymi drottins máttarhönd.:/:

(St. Daníelsson.)

Ásgeir Guðmundsson

Nokkrar þjóðsögur úr Eyrarsveit

Hér fara á eftir nokkrar þjóðsögur og sagnir úr Eyrarsveit, sem birtust annars vegar í þjóðsagna- og ævintýrasafni Jóns Árnasonar, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, og er þá stuðst við útgáfuna frá 1954–1956, og hins vegar í bókinni *Íslenskir sagnaþættir og þjóðsögur*, sem Guðni Jónsson prófessor tók saman og út kom á árunum 1940–1942. Skýringar og athugasemdir fylgja sögnunum, eftir því sem þurfa þykir.

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Lúpa og Skröggur

Þá átti Leppalúði holukrakka einn; það var Skröggur karl sem í fáu var föðurbetringur. Svo bar að einu sinni að Grýla varð sjúk, lagðist í rekkju, lá heilt ár og mátti sig ekki hreyfa. Leppalúði gat þá ekki einn stundað hana, börnin og heimilið, og þó síst börnin, „sem bæði voru þybbin, þverlynd og körg“ og varð því að fá sér aðstoð og fékk til þess stúlku sem Lúpa hét.

Svo segir í Skröggskvæði að hún hafi verið „dáfögur, dyggðug og fín“. Og með því hún var framsýn og þjónaði vel börnum Leppalúða varð hún honum svo geðþekkt að hann gekk í sæng með henni og gat með henni Skrögg. Skömmu síðar komst Grýla á fætur aftur; varð hún þá æf er hún sá hvernig komið var svo hún rak Lúpu burtu og son hennar og vildi þeim einskis góðs unna né augum líta þó það væri Leppalúða bónda hennar mjög á móti. Þá gaf Leppalúði þeim mæðginum eyland eitt til uppeldis og bátskip til að leita sér þjargræðis.

Skröggur ólst upp hjá móður sinni þangað til hann var tólf vetra, þá missti hann hana. Var hann eftir það þrjá vetur einn á eyggi uns þar bar að Hang herkóng úr Álíheimum. Fór þá Skröggur í fylgd með honum og nam af honum kunnáttu og listir. Hangur var kvæntur og átti konu þá sem Gnýpa hét; þeirra dóttir var Skjóða. Skröggur lagði ástarhug á hana enda var hún „dávæn, dygg og trú“. En er hann bar upp bónorðið við Hang varð hann svo reiður að hann réð sér ekki. En af því Skjóða unni ekki síður Skrögg en hann henni nam hann hana burtu frá Hang kóngi með „dimmrúnum“ og hafði hana með sér til Eyrarhyrnu. Þau Skröggur áttu saman 22 börn alls; af þeim dóu fyrst fimmtán, en hin sjö sem eftir voru dóu seinna úr bólunni. Þá lagðist og Skjóða svo þungt að hún gat ekki fötum fylgt og af því Skröggur var þá og orðinn uppgefinn fór hann að beiðast beininga, en í því kippti honum í kynið og hann beiddi um keipótt börn, en lét sér þó lynda eins og þau Grýla og Leppalúði ef honum bauðst annað sem honum þótti hnossæti í.

Frá afdrifum þeirra Grýlu og Leppalúða, jólasveina, Skröggs og Skjóðu kunnnum vér ekkert að segja enda er það líkast að þau lifi enn ef til vill, en afreksverkum þeirra er lýst í kvæðunum sem um þau hafa verið ort.

I. bindi, Rvík 1954, bls. 209–10. Aths. Eyrarhyrna er fjall hjá Hallbjarnareyri í Eyrarsveit, og bendir það til þess, að einhver þar vestra hafi kveðið Skröggskvæði.

Huldumaðurinn úr Miðstapa

Þórunn hét mærl ein gjafvaxta; hún var Magnúsdóttir. Hún ólst upp hjá foreldrum sínum í Vatnabúðum í Eyrarsveit. Þórunn þessi sagði Guðrúnu svo sjálf frá að eitt kvöld þegar bærinn var lokaður, en Þórunn sat uppi á rúmi sínu og var að þrjóna, sér hún að maður einn tígulegur gengur inn til sín með hatt á höfði og silfurhringju á; heilsar hann henni blíðlega og sezt niður hjá henni. Henni varð hverft við, því hún vissi að bærinn var lokaður, og spyr hver lauk upp fyrir honum. Hann svarar: „Ekki þarf ég né mínir líkar þess við, en það er erindi mitt að biðja þín til konu eða hverju viltu svara til þess?“ Hún mælti: „Hvernig á ég að svara því þar sem ég veit ekki hvert þú ert kristinn eða þekki nokkur deili á þér?“ Því svarar hann: „Ég er fullt eins vel kristinn eins og þú og ef við bindum hjúskap okkar skaltu mega fara til hveírrar kirkju sem þú vilt, vera til altaris og njóta annarrar prestlegrar þjónustu að vild þinni og venju; en svo þú vitir þig ei

vargefna – því ást á þér knýr mig einungis til – þá vil ég segja þér að ég er sýslumannsson, heiti Guðvarður og bý hér í Miðstapanum fyrir ofan Vatnabúðir,“ – og kveður hann henni engan ósóma mundi að verða þó hún færi með sér þar hann leiti þess með þvílíkri alúð; vildi hann þá leggja hönd um háls henni, en hún kvaðst hafa reigst við og tekið um hönd hans og beðið hann góðlátlega að fara þess ekki á leit; væri það gagnstætt eðli sínu að unna huldumanni. Þá mælti hann: „Ástar minnar á þér nýtur þú að ég hefni ekki þverlyndis þessa og óvirðu við mig á þér, en ekki verður í allt séð; en ekki skaltu bregðast ókunnuglega við þó lítill fagnaður verði þér að hjónabandi þínu, og læt ég það um mælt.“ Hvarf hann síðan frá henni og var að sjá í döprum hug. Kvaðst Þórunn hafa verið rúmlega tuttugu ára þegar þetta bar við. Síðan giftist hún manni þeim er Bjarni hét; hann var Jónsson, bróðir Jóns sem kallaður var þénari, því um hríð hafði hann verið skrifari kaupmanna undir Jökli. Bjarni maður Þórunnar var vel látinn og kallaður hugljúfi hvers manns, en það sagði Þórunn Guðrúnu og öðrum fáum vinkonum sínum að ekki gæti hann sýnt sér ástúð neina og sífellt væri hann sér ónotalegur; þó áttu þau börn saman. Kenndi hún um það álögum huldumannsins. Þórunn dó sjötug nú (1860) fyrir fjórum eða fimm árum.

III. bindi, Rvík 1955, bls. 104–04. Aths. Um þessa sögu er það að segja, að Þórunn Magnúsdóttir ólst ekki upp hjá foreldrum sínum í Vatnabúðum í Eyrarsveit. Þórunn fæddist árið 1781 á Dröngum á Skógarströnd, og samkvæmt manntalinu 1801 var hún ekki búsett þá í Eyrarsveit. Árið 1808 gekk Þórunn að eiga Bjarna Jónsson, sem var fæddur og uppalinn í Eyrarsveit, og bjuggu þau þá á Þórdísarstöðum. Þar fæddust börn þeirra þrjú, tveir synir og dóttir. Bjarni, maður Þórunnar, lést árið 1834, þegar hann var við sjóróðra á Hjallasandi (Hellissandi), og voru þau hjón þá búsett í Vatnabúðum. Þórunn lést þar árið 1853, 72 ára að aldri.

Tjörnin á Klakki

Margir eru þeir staðir sem gott og fengsamt hefir þókt að dvelja á á Jónsmessunótt, og einn af stöðum þessum er kringum tjörn þá sem er upp á fjallinu Klakk (milli Kolgrafa- og Grundarfjarða). Á öllum öðrum tímum en á Jónsmessunótt sér enginn maður annað en að grjótið kringum tjörnina sé blágrýti og urð, en á Jónsmessunótt glóir það allt af gimsteinum og af þeim getur þá hver sem vill fengið slíkt er hann getur borið.

Um tjörn þessa gengur og önnur saga allólík þessari. Mun hún fullt eins gömul og ef til vill áreiðanlegri þjóðsaga, og er hún svona:

Upp á Klakki er tjörn ein og er hún tvíbytna; er þar flóð og fjara eins og í sjónum. Er í henni og enda kringum hana mikið af náttúrusteinum og eru steinar þessir bæði góðir og illir, heillasteinar og óheilla. Þarf mikinn lærdóm og kunnáttu til að þekkja þá hvern frá öðrum og er það á fárra færi; líka er mesti vandi að geyma þá og nota. En hver sem er fær um þetta getur á Jónsmessunótt fengið hverja þá náttúrusteina sem hann vill, svo sem lausnarstein, óskastein, varnarstein mót öllu illu o.s.frv. Hoppa þeir þá upp á móti manni, einkum hinir góðu steinarnir, og er þá hægt að höndla þá. Fást þaðan einir hinir beztu óskasteinar (því ekki eru þeir allir jafnkröftugir). Til marks um það er saga þessi:

Einu sinni fékk bóndinn á Hömrum í Eyrarsveit óskastein þaðan og fór strax að reyna kraft hans. Óskaði hann sér þá að hann ætti hey eins hátt og Mönin sem er fjall ofan Hamra. Að orðinu slepptu stóð svona hátt hey hjá honum. Af undrum þessum varð hann svo hræddur að nærri lá að hann gengi frá vitinu. Óskaði hann sér þá að hey þetta stæði í björtu báli, og kastaði óskasteininum út í sjóinn. Jafnskjótt stóð þetta nýja hey í ljósum loga.

IV. bindi, Rvík 1956, bls. 23.

Þórdísarstaðir

Norður með hlíðinni skammt frá Þórdísarstöðum í Eyrarsveit eru að sögn seinni manna rústir bæjar þessa og niðurfalnar girðingar túnsins þar. Hefir bærinn Þórdísarstaðir verið þar að öllum líkindum fyrst reistur í landnámstíð, en sökum grjótárennslis úr hlíðinni, snjóþunga og aðfennis seinna fluttur á hól suður með hlíðinni þar sem hann stendur nú. En frá þessu segir hin gamla sögusögn (traditio) allt á aðra leið og það þannig:

Þar sem rústirnar enn sjást norður með greindri hlíð byggði kona ein er Þórdís hét bæinn Þórdísarstaði og hefir hann síðan verið við hana kenndur. Hún var auðug af gangandi pening og lét smala sinn halda sauðfé sínu hinum megin fjallsins við Kolgrafa- og Hvalafjörð í austur frá bæ sínum og hafði þar fjárhúsin á þeim stað austan fjallið (Klakk og Bárarháls) er nefndist Hjarðarból. Var þar þá enginn bær, en seinna þegar hann var reistur þar nefndist hann þessu nafni og heitir svo nú. Smali Þórdísar gætti þar lengi vel fjár hennar, en

loksins vildi það óhapp til að allt féð flæddi austanvert við Eyrarodda á skerjum þar sem Klumbur eru nefndar. Við skaða þennan gjörðist Þórdís svo styggt við smalann að honum þókti sér ekki við vært. Varð honum þá það eina til úrræða að hann hengdi sig í fjárhúsunum á Hjarðarbóli. En jafnskjótt sem þetta varð gerðust miklir reimleikar á Þórdísarstöðum af völdum smalans; gekk hann þar um öll hús og gerði alla menn hrædda. En dag og nótt ásókti hann Þórdísi svo nærri lá að hún missti vitið. Til þess að umflýja þennan ófögnuð stökk Þórdís og allir heimamenn af bænum. Var bærinn síðan settur í eyði og fluttur á hól þann er nú stendur hann á. Við þetta létti af öllum reimleikunum á Þórdísarstöðum.

IV. bindi, Rvík 1956, bls. 113.

Íslenzkir sagnabættir og þjóðsögur I.–III. Sagnir úr Eyrarsveit

Bárður á Skerðingsstöðum

Um 1830 bjó bóndi sá á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit, er Bárður hét. Hann átti þrjá sonu uppkomna, og stunduðu þeir feðgar sjóróðra þaðan um stórstrauma. En um smástrauma höfðu þeir uppsátur við Kró, sem kölluð er, frammi í Stöð, og liggur sú landeign undir jörð, sem heitir Neðri-Lág. Var Bárður formaður á bátnum og hafði sonu sína fyrir háseta. Í Neðri-Lág bjó þá bóndi sá, er Brandur hét, og stundaði hann sjó þaðan. Gengu þessir tveir bátar út svonefndan Lárós.

Eitt sinn um haust reru þeir Bárður og Brandur út á mið það, sem kallað er Leir; er það hér um bil beint fram af Melrakkaey. Norðanátt var á, en þegar þeir höfðu legið á miðum úti nokkra hríð, snerist vindurinn til vesturáttar og dró upp sortaél í hafið. Kallar Brandur þá til Bárðar og spyr, hvort hann vilji ekki verða sér samferða í land, því að sér líftist illa á veðrið. Bárður svarar: „Ég held, að þetta verði ekki nema meinleysisél“, og leggst aftur. Heldur Brandur þá af stað heimleiðis. Hreppti hann sémilegt veður, en þegar hann var kominn inn í Lárós og úr allri hættu, skall á áhlaupaveður á vestan, en Brandur náði landi heilu og höldnu. Um ferðir Bárðar vita menn ekki með vissu, en það var hald manna, að hann hefði ætlað að sigla upp á Grundarfjörð fyrir austan Melrakkaey, því að fyrir vestan hana eru tvö sker, svo að sú leið er ekki farandi nema í

björту, þar eð miða verður fyrir þau. Hitt er víst, að Bárður hefir orðið of austarlega, sem von var, þar sem hann gat ekki séð neitt frá sér, og lent á Bárarskerjum, því að hann fannst örendur fyrir ofan flæðarmál í Bárarlendingunni. Lá hann þar á grúfu með vettlinga á höndum og hendurnar undir enninu. En þessa sömu nótt sneri vindurinn sér aftur í norður. Morguninn eftir fór stúlka, sem Agnes Pálsdóttir hét, frá Grund út í Gröf til sjóróðra þar. Var þá komið gott veður. Fann hún þá bát Bárðar rekinn á Grundarkampi, fyrir neðan svo kallað Kvernárnaust. Báturinn lá á hliðinni á þurru og einn maður í honum. Var hann með andlitið undir síðu bátsins, mittið um hástokkinn, en fætarnir voru bundnir við þóftu. Ekki fundust hinir tveir synir Bárðar, sem á bátnum voru.

Fljótt þótti á því bera, að þeir Bárður og synir hans lægju ekki kyrrir. Voru þó eigi mikil brögð að því fyrst í stað, en oft sáust þeir fara á sjó sem áður í báti sínum, og vissi það æfinlega á gott veður. Varð engum mein að þeim um sinn.

Vorið eftir drukknun Bárðar fluttist bóndi sá, er Páll hét, frá Vindási í Eyrarsveit að Skerðingsstöðum. Páll var maður rammskyggn og forn í skapi. Hann átti uppkomin börn, og voru sum þeirra farin að heiman. Jón hét sonur hans, er heima var með foreldrum sínum, mikill maður og sterkur, en dóttir Agnes, sú er fann rekinn bát Bárðar. Þann bát keypti Páll, er hann fluttist að Skerðingsstöðum, reif hann sundur, því að hann var lítt sjófær, og notaði sprekið úr honum í árefti á skemmu, er hann gerði upp þá um vorið.

Þegar dimma tók um haustið, tóku þeir Bárður að ganga ljósum logum á Skerðingsstöðum. Héldu þeir sig þó einkum í skemmumni, sem sprekið úr bátnum var notað í, og heyrðist þangað oft þrusk og ólæti. Tók Páll konu sinni vara fyrir því að fara sjálf eða senda neinn af heimilisfólkinu þangað, eftir að halla tæki degi, og gæta lykilsins vel, en ef fara þyrfti í skemmuna, skyldi senda eftir sér eða biða unz hann kæmi heim, því að jafnan flýðu draugarnir undan Páli, þótt þeir gerðu öðrum glettingar.

Að áliðnu hausti bar svo við sem oftast, að Páll var að láta í úti í heygardi um kvöld. Þegar því var lokið, var orðið fulldimmt og búið að kveikja ljós í bænum. Þegar Páll kemur inn í baðstofu, verður honum litið yfir fólkið. Sér hann ekki Jón, son sinn, og spyr, hvar hann sé. Húsfreyja segir, að hann hafi skroppið út í skemmu fyrir dálítilli stundu. Páll sprettur upp og fer út, en biður konu sína að koma á eftir sér með ljós og tvo menn til, sem þar voru inni. Þegar Páll lýkur upp skemmumni, skjótast feðgarnir fjórir út hjá honum. Kallar Páll

nú í Jón, en hann fær ekkert svar. Að vörmu spori koma þau innan úr bæ með ljósið, og bregður þeim heldur í brún, er þau sjá Jón hvergi. Fara þau nú að leita í skemmumni. Innst inni við gaflinn var hola inn í vegginn fyrir ofan kistu eina, er þar stóð; höfðu hrútar verið hafðir þar áður. Þar fundu þau Jón saman hnipraðan fyrir ofan kistuna. Hann var meðvitundarlaus, blár af klípum og víða marinn. Var hann nú borinn inn í bæ, strokinn og nuddaður, og raknaði hann við fram af því. Lá hann rúmfastur eftir þessar misþyrmingar í hálfan mánuð.

Jóni sagðist svo frá viðureigninni, að þeir feðgar, Bárður og synir hans, hefðu verið fyrir í skemmumni, þegar hann kom inn, og ráðizt á sig þegar í stað og allir í senn. Þar sem hann náði til þeirra hefði sér fundizt eins og hann tæki á marglyttu, svo að ekki var hægt að festa hendur á þeim, en þar sem þeir tóku á honum, hefði sér fundist eins og hann væri í skrufstykki, svo handfastir voru þeir. Hefði hann því litla stund getað varizt þeim, við slíkt ofurefli sem var að etja. Og það taldi hann, að þeir myndu hafa gengið af sér dauðum, ef sér hefði ekki komið hjálp. Jón var hraustmenni eitthvert hið mesta, og vissu fáir afl hans. Myndu fáir þeir tveir verið hafa, sem af honum hefðu borið að jöfnum leik. Eftir þennan atburð gekk enginn um skemmuna nema Páll einn, því að aldrei þorðu feðgarnir að ganga í berhögg við hann. Hélzt þó undirgangur og ólæti einatt við í skemmumni allt til vors.

Oft varð þeirra feðga og vart úti í heygarði og víðar. Stundum sá Páll þá vera að mæla heyin í garðinum. Þá léku þeir og þann leik að láta sýnast dyr á húsum, þar sem engar voru, og komst Páll stundum í vandræði að átta sig á því. Einu sinni sem oftár var hann staddur úti í lambhúsi á túninu, eftir að dimmt var orðið. Þegar hann ætlaði út aftur, sá hann opnar dyr, þar sem hann átti ekki von á þeim. Þreif hann þá af sér húfuna og kastaði í dyrnar. Hurfu þær þá samstundis, en húfan fannst ekki aftur.

Næsta vor tók Páll sig til og reif þakið af skemmumni. Tók hann burtu allar þær spýtur, sem hann hafði notað úr báti Bárðar, og gerði skemmuna upp af nýjum viðum. Brá þá svo við, að eftir það varð mjög lítið vart við þá feðga. Þó gerði Bárður gamli stundum vart við sig á undan veðrabrigðum. Væri tvísýnt sjóveður snemma að morgni og vomur í mönnum, heyrðist Bárður annaðhvort segja: „Sjóveður í dag“, og var þá óhætt að róa, eða: „Garraveður í dag, ekkert ræði“. Var þá ekki til neins að fara á sjó, því að aldrei brugðust veðurspár hans.

II. bindi, Rvík 1941, bls. 101–05. Aths. Að því er segir í prestsþjónustubók Setbergs, drukknaði Bárður Árnason, bóndi á Skerðingsstöðum, 67 ára að aldri, af skipi í sjóróðri fyrir Hvammssveit 7. desember 1840 ásamt syni sínum, Bjarna Bárðarsyni, sem var 33 ára. Þeir voru jarðsettir 13. sama mánaðar að Setbergi. Það er því ekki rétt, að Bárður hafi drukknað ásamt þremur sonum sínum, og sjóslysið varð á öðrum stað en segir í Þjóðsögunni. Brandur Þorsteinnsson, bóndi í Neðri-Lág, lést á sóttarsæng 23. janúar 1843, 45 ára að aldri. Páll Jónsson bjó í Vindási árið 1840 samkvæmt manntali, en árið 1845 er hann kominn að Skerðingsstöðum ásamt konu sinni og Jóni, syni sínum. Agnes, dóttir Páls, var vinnukona að Grund árið 1840.

Svipurinn hjá Nesvogi

Þegar faðir minn, Hannes Pálsson, er síðar bjó í Höfðakoti í Eyrarsveit, var um tvítugt, fór hann í fyrsta skipti inn í Stykkishólm með móður sinni, Kristínu, konu Páls bónda í Ytri-Látravík, sem áður er nefndur. Hún var þá hnigin á efra aldur. Þetta er æði löng leið, en þau voru bæði ókunnug og urðu að spyrja sig áfram til vegar. Þegar þau eru að fara ofan með Nesvogi, kemur á móti þeim maður á brúnum hesti; ber hann fljótt yfir og kemur beint í flasið á þeim, stanzar fyrir framan þau og réttir upp aðra höndina. Kristínu fannst maðurinn einkennilegur og spyr hann að nafni, en hann kvaðst heita Sveinn. Þá spyr hún hann, hvar hann eigi heima. „Hér í plássinu“, segir hann og dregur orðin við sig. Kristín spyr hann þá, hvort þau séu á réttri leið. Hann svarar engu, en keyrir hestinn sporum og ríður geyst og beint á kaf í voginn. Sýndist þeim eldglæringar sindra út frá honum. En veturinn áður hafði maður, er Sveinn hét, drukknað í Nesvogi.

II. bindi, Rvík 1941, bls. 105-06. Aths. Samkvæmt manntali var Hannes Pálsson búsettur í Höfðakoti árið 1860.

Hákon skáld í Brokey og Írafells-Móri

Eins og kunnugt er, fylgdi Írafells-Móri síra Jóni Benediktssyni, sem var á Setbergi, og þurfti Móri mat, því að hann var vakinn upp, áður en hann varð viðskila. Presti þótti leitt að hafa þennan ómaga og fékk því Hákon skáld í Brokey til þess að kveða draugsa niður. Hákon kemur að Setbergi að orðsendingu prests og er þar í þrjá daga og átti tal við Móra. En þá segir Hákon presti, að hann reyni ekki til að kveða Móra niður, þótt sér væri boðin í laun öll veröldin, því að sálin væri kyrr í skroknum á honum og mundi hún þá líka fyrir-

farast. Sagðist Hákon þá fyrirfara sinni sálu um leið, úr því að hann vissi, hvernig á stæði. Varð prestur því að sitja uppi með Móra.

II. bindi, Rvík 1941, bls. 106-07

Verzlunin í Grundarfirði

Heimildir um Eyrarsveit og Grundarfjörð eru heldur fáskrúðugar allar götur fram á fyrri hluta 16. aldar, og þess vegna fer fáum sögum af verslun í Grundarfirði frá upphafi Íslandsbyggðar og fram yfir 1500. Í *Eyrbyggju* segir frá skipakomu í Eyrarsveit, og er líklegt, að þar hafi verið um að ræða kaupskip. Þar segir svo: „Þetta sumar kom út skip í Salteyrarós og áttu hálftr norrænir menn. Hét Björn stýrimaður þeirra. Hann fór til vistar á Eyri [þ.e. Öndverðareyri] til Steinþórs [Þorlákssonar].“ Steinþór er talinn hafa verið uppi á síðari hluta 10. aldar og fyrri hluta 11. aldar.¹

Í kringum 1412 tóku Englendingar að venja komur sínar hingað til lands, og stunduðu þeir bæði fiskveiðar og verslun. Þá varð gjörbreyting til batnaðar á verslunarháttum, og fyrir vikið versluðu Íslendingar mikið við þá, en Danakonungur reyndi hins vegar að halda versluninni við Ísland í sama horfi og áður, þ.e. að einskorða hana við Björgvin í Noregi. Forsendur fyrir þeirri tilhögun voru að vísu brostnar, því að Norðmenn höfðu ekki lengur bolmagn til að stunda verslun á Íslandi. Samt sem áður reyndi konungur að koma í veg fyrir verslun Englendinga hér á landi, og urðu oft og einatt róstur milli þeirra og hirðstjóra konungs. Þegar fram í sótti, voru Englendingar ekki sérlega vel þokkaðir meðal Íslendinga, því að þeir þóttu yfirgangssamir og áttu það til að ræna skreið landsmanna.²

Í kringum 1470 hófu þýskir Hansakaupmenn siglingar hingað til lands. Í fyrstu komu skip þeirra frá Björgvin í Noregi, en fljótlega tóku þeir að sigla frá ýmsum höfnum í Norður-Þýskalandi, svo sem Lýbiku (Lübeck), Hamborg og Brimum. Eins og að líkum lætur, varð strax hörð samkeppni milli Englendinga og Þjóðverja um bestu verslunarhafnirnar. Einskis var svifist í þeirri baráttu, og var hart barist um bestu verslunarstaðina og vopnin látin tala, ef því var að


skipta. Að lokum fór svo, að Þjóðverjar urðu hlutskarpari og flæmdu Engendinga burt í kringum 1530. Þýsku kaupmennirnir voru mun vinsælli en hinir ensku, og olli þar mestu um, að Þjóðverjar fóru með friði og gátu boðið ódýrari og fjölbreyttari varning en Engendingar. Auk þess líkaði Íslendingum stórilla, að Engendingar stunduðu fiskveiðar á skútum hér við land, en Þjóðverjar fengust eingöngu við verslun fyrst í stað. Engendingar og Þjóðverjar komu ekki hingað til lands til þess eins að selja landsmönnum útlendan varning, heldur fyrst og fremst til að kaupa íslenska skreið, sem var mjög eftirsótt erlendis. Baráttan um yfirráðin yfir íslensku versluninni var fyrst og síðast barátta um það, hvor skyldi hafa töglin og hagldirnar á hinum alþjóðlega skreiðarmarkaði.³

Aðalverslunarstaður Engendinga á Snæfellsnesi var í Rifi út alla 15. öld. Þó að beinar heimildir skorti, bendir ýmislegt til þess, að þeir hafi verslað á öðrum höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi á síðari hluta aldarinnar, þar á meðal í Grundarfirði. Hins vegar er ljóst, að Engendingar versluðu a.m.k. með köflum í Grundarfirði á fyrstu þremur áratugum 16. aldar. Til þess bendir saga sú af Eyjólf Gíslasyni mókolti, sem bjó í Haga á Barðaströnd í upphafi 16. aldar og segir frá í ritgerð Jóns Guðmundssonar lærða um ættir og slekti. Segir þar, að Eyjólfur hafi ekki viljað láta lausa enska duggu fyrir nokkurt kaup, sem sleit upp frá eigendum í Grundarfirði mannlausa og rak vestur til hans í Haga. Að þremur árum liðnum gat Engendingur einn, sem var klæddur að hætti Þjóðverja, svikið Eyjólf með banvænu eitri á Bíldudalseyri, og varð það hans bani, þar eð Eyjólfur taldi manninn vera þýskan. Hugsanlegt er, að frásögn þessi um dauðdaga Eyjólf mókolls eigi við þrætu þá, sem hann lenti í árið 1519 við þýskan mann, Gert Molen, sem lá með skip sitt í Hagavaðli. Hvað sem því líður, má þó gera ráð fyrir, að einhver sannleikskjarni leynist í sögunni og að Engendingar hafi verið í Grundarfirði í upphafi 16. aldar.⁴

Þýskir kaupmenn virðast hafa tekið sér bólfestu snemma í Grundarfirði. Elsta heimild um kaup-skap þeirra þar er frá árinu 1516. Í skjali, sem varðveitt er í Ríkisskjalasafninu í Hamborg og dagsett er miðvikudaginn fyrir kyndilmessu það ár, þ.e. 20. janúar, kæra sjö skipstjórar og kaupmenn, þegnar Hamborgarríkis, yfir því til borgarstjóra og ráðs þar, að Hans Tappe, sem virðist hafa verið Þjóðverji, en ekki Hamborgari, og þó búsettur þar, hafi hindrað þá í að reisa búðir sínar í Grundarfirði vorið 1515 og hafa þar kaupskap, þrátt fyrir að einn

þeirra, Heinrich Sasse, hafi í kirkjugarðinum á Setbergi sýnt Tappe siglingaleyfi á Grundarfjörð sér til handa frá Danakonungi. Þegar þeir félagar ætluðu svo að ganga á land með vörur sínar, gekk Tappe á móti þeim með vopnaða menn og hótaði þeim lemstrum. Urðu þeir því að snúa frá landi. Sasse og félagar hans höfðu enn tal af Tappe á Setbergi og beiddust þess að mega leggja vörur sínar á land, meðan þeir gerðu við skip sitt, og leyfði Tappe það með því skilyrði, að þeir flyttu varninginn á skip aftur. Hamborgarkaupmenn kröfðust þess að fá 527 lýbsk mörk í skaðabætur að viðbættum 120 mörkum, síðari upphæðina fyrir það, að Tappe sat eftir í Grundarfirði, en til handa skipi og áhöfn kröfðust þeir 135 marka. Hans Tappe svaraði með bréfi til borgarstjóra og ráðs í Hamborg, sem er ódagsett og óstaðsett. Sagði hann kærur kaupmannanna markleysu eina, en sig hafa farið eftir gömlum landsins vana, að sá kaupmaður, sem fyrir væri í höfn, mætti meina þeim, sem síðar kæmu, að hafast þar við. Bætti hann því við, að hann hefði orðið fyrir sams konar búsisfjum á Básendum af hálfu Hamborgarmanna.⁵

Þessi bréfaskipti og upplýsingar þær, sem þar koma fram, eru athyglisverðar fyrir ýmsar sakir. Eftir að Þjóðverjar höfðu flæmt Englendinga burt frá íslensku verslunarstöðunum, urðu töluverð brögð að því, að Þjóðverjar ættust við illt innbyrðis í samkeppni um bestu verslunarhafnirnar. Eru atburðir þeir, sem gerðust í Grundarfirði sumarið 1515, og hliðstætt atvik, sem kom fyrir Hans Tappe á Básendum, til marks um það. Um þessar mundir var venjan sú, að hinir útlendu kaupmenn háðu kapphlaup um bestu hafnirnar, og þeir, sem fyrstir urðu, gátu oftast nær verslað þar óáreittir. Þó kom það fyrir, að þeir, sem seinna komu, neyttu liðsmunar og ráku í burtu þá, sem fyrstir höfðu komið. Samkvæmt þeirri venju, sem þá gildi, þóttist Hans Tappe vera í fullum rétti að meina þeim, sem síðar komu, að stunda kaupskap í Grundarfirði. Það var hins vegar nýlunda, að kaupmennirnir frá Hamborg, sem hann flæmdi í burtu, höfðu siglingaleyfi á Grundarfjörð frá Danakonungi. Um þessar mundir var konungsvaldið í Danmörku veikt, og af því leiddi, að vald konungs hér á landi var harla lítið, m.a. vegna fjarlægðar. Vitanlega líkaði Kristjáni 2. konungi þetta illa, og hafði hann fullan hug á að efla völd sín á Íslandi. Hann vildi ráða því, hverjir stunduðu verslun hér á landi, og að þeir hinir sömu greiddu leyfisgjald fyrir að fá að stunda kaupskap hér. Leyfisveitingin til Hamborgarkaupmanna árið 1515 er, að því er næst verður komist, hin fyrsta sinnar tegundar hér á



Dýskum kaupskipum á borð við þetta varð tíðfórlt til Grundarfjarðar á 16. öld.

landi. En það stóðaði lítið fyrir Hamborgarmenn að veifa slíku plaggi framan í Hans Tappe. Í hans augum var leyfið eins og hvert annað pappírsgagn og að engu hafandi, enda urðu leyfishafarnir að hrökklast burt, þegar Tappe hótaði þeim lemstrum. Þeir gátu ekki leitað ásjár umboðsmanns konungs hér á landi, og eina úrræði þeirra var að kæra meðferðina á sér til yfirvalda í Hamborg, en hætt er við, að það hafi borið lítinn árangur. Hans Tappe hafði hins vegar lært sína lexíu, þegar Hamborgarkaupmenn hröktu hann frá Básendum forðum, og haft með sér hóp vopnaðra manna til Grundarfjarðar sér til halds og trausts. Gegn slíku ofurefli máttu þeir sín lítils, sem höfðu fengið verslunarleyfi hjá konungi.⁶

Þær fáu heimildir, sem varðveist hafa um verslun Þjóðverja, þ.e. Hamborg-armanna, í Grundarfirði á fyrri hluta 16. aldar, eru því marki brenndar, að þær fjalla nær eingöngu um innbyrðis átök Þjóðverja vegna verslunarinnar þar eða um útistöður þeirra við Englendinga. Ef allt hefði verið með friði og spekt í Grundarfirði, er hugsanlegt, að engar heimildir hefðu varðveist um verslun Þjóðverja þar á þessu tímabili. Næst fer sögum af verslun í Grundarfirði árið 1523. Þá um vorið fór Heinrich Hanemann, skipherra frá Brimum, til Íslands og hélt skipi sínu á Kumbaravog, en varð fyrir árás af hálfu Kersthens Junge, skipherra frá Hamborg, þegar Hanemann hugðist sigla til Grundarfjarðar og versla þar. Kvað Hanemann Kersthen Junge hafa beitt sig margvíslegu ofbeldi. Borgarstjóri og borgarráð í Brimum kærðu þetta til borgarstjóra og ráðs í Hamborg þá um haustið með bréfi dagsettu 3. nóvember 1523, en ekki hafa komið í leitirnar frekari heimildir um þetta mál. Virðist kæra Brimara engan árangur hafa borið.⁷

Um hvítasunnuna árið 1531 bar það til tíðinda á Grundarfirði, að enskur kaupmaður, sem hét Hinrik af Forfichte, keypti upp og náði undir sig öllum fiski, sem átti að fara til kaupmanns frá Hamborg, er hét Hans Hughe og var staddur í Malarrífi, þegar þetta gerðist. Hughe var ekki á þeim buxunum að láta enska kaupmanninn eiga neitt inni hjá sér, að því er kemur fram í skýrslu frá árinu 1533, sem varðveitt er í Ríkisskjalasafninu í Hamborg. Þar eru taldir upp þeir peningar, sem Hans Hughe tók af enskum í Grundarfirði. Árið 1532 náðu Þjóðverjar höfnunum á Rífi og í Grundarfirði af Englendingum, og sama ár var veldi Englendinga hér við land hnekk. Þjóðverjar unnu endanlegan sigur í átökunum um Íslandsverslunina, og landið tengdist dansk-þýsku hagsvæði.⁸

Í Ríkisskjalasafninu í Hamborg er einnig varðveitt bréf Péturs Einarssonar, konunglegs sýslumanns í Þórsnesþingi, sem er dagsett í Grundarfirði 13. júní 1546. Það er skrifað á lágþýsku og er kaupsetning í Grundarfirði, þ.e. þeir skilmálar, sem sýslumaður setti kaupmönnum þeim, sem höfðu leyfi til að versla þar. Var tekið fram í kaupsetningunni, að verðlag og skilmálar skyldu vera hinir sömu og í Hafnarfirði. Skipstjóri sá, sem var fyrir þýsku kaupmönnum í Grundarfirði árið 1546, hét Hans Mauler. Pétur Einarsson var bróðir Marteins Einarssonar biskups í Skálholti. Hann hafði kynnst kenningum Marteins Lúthers í Þýskalandi skömmu eftir 1530. Samkvæmt skipun Kristófers Hvítfelds tók

og aðrar eignir. Jafnframt tók Danakonungur tók upp á því að selja verslunarleyfi, sem giltu almennt til verslunar hér á landi en voru ekki bundin við ákveðnar hafnir. Sem dæmi um slíkar leyfisveitingar má nefna, að í fógetareikningi Eggerts Hannessonar hirðstjóra Jónsmessna á milli 1552 og 1553, sem er dagsettur á Bessastöðum 24. júní 1553, kemur fram, að árið 1552 rak Jürgen Meer frá Hamborg verslun í Grundarfirði, og greiddi hann 30 lýbsk mörk í leyfisgjald.¹⁰

Kristján 3. Danakonungur undi því illa, að Þjóðverjar höfðu alla verslun hér á landi með höndum. Þess vegna stóð hugur hans til þess, að danskir kaupmenn tækju verslunina í sínar hendur, en að því var ekki hlaupið, þar eð danska borgarastéttin var þess ekki megnug að ráðast í slíkt stórvirki, enda hafði hún vart slitið barnskónum, þegar hér var komið sögu, um og eftir miðbik 16. aldar. En konungur vildi flest til vinna til að reyna að hnekkja ofurveldi hinna þýsku kaupmanna, og fyrsta skref hans í þessa átt var að veita borgarstjórn Kaupmannahafnar verslunarleyfi á Íslandi árið 1547. Sú ráðstöfun bar ekki tilætlaðan árangur, en árið 1564 hófu Danir á nýjan leik þátttöku í íslensku versluninni. Undanfari þess var sá, að hinn 5. febrúar 1563 tilkynnti Friðrik 2. Danakonungur Hamborgarráði, að þegar þess skyldu hætta að versla á þremur höfnum, Stapa, Rifi og Grundarfirði, því að hann ætlaði að taka þessar hafnir að sér sjálfur. Árið 1565 hóf konungur að selja einstaklingum siglingaleyfi á ákveðnar hafnir, en áður höfðu leyfin verið óbundin, eins og áður hefur komið fram. Með þessum hætti sló konungur tvær flugur í einu höggi. Hann gat stutt við bakið á dönsku kaupmönnum, meðan þeir voru að ná fótfestu í íslensku versluninni, og um leið þrengt að Hamborgurum, sem voru umsvifamestir þar. Eins og við var að búast, byrjuðu Danir smátt og tóku á leigu hjá konungi nokkrar hafnir, ýmist einir sér eða í félagi við þýska kaupmenn. Sem dæmi um það má nefna, að árið 1578 fékk Markús Hess, borgarstjóri í Kaupmannahöfn, áður nefndar þrjár hafnir, Stapa, Rif og Grundarfjörð, á leigu. Markús Hess rak í kringum 1570 umsvifamikla verslun í Danmörku og við Eystrasalt með salt og vín, sem hann keypti á Spáni, í Portúgal og Frakklandi. Frá 1566 veitti konungur Hess oft sérleyfi til þess að reka verslun á íslenskum höfnum, og sóttist hann einkum eftir brennisteini og lýsi. Árið 1576 fékk Hess verslunarleyfi í Hafnarfirði og á Vopnafirði til þriggja ára, en strax á fyrsta ári bárust kvartanir frá Hafnarfirðingum um lélegar vörur og illa verslun í Hafnarfirði. Upp úr 1580

fór að halla undan fæti hjá Hess, enda mun hann ekki hafa hagnast á Íslandsversluninni, og eins varð hann fyrir áföllum vegna verslunar sinnar í Danmörku og við Eystrasalt. Var samkeppni við Hollendinga kennt um. Verslun Markúsar Hess í Grundarfirði lauk árið 1583, og fer engum sögum af því, hvort hún var með svipuðu sniði og verslun hans í Hafnarfirði. Ekki varð þátttaka hinna dönsku kaupmanna í versluninni hér á landi langvinn, enda höfðu þeir ekki bolmagn til að reka hana, svo að vel væri, en þetta var fyrirboði þess, sem koma skyldi.¹¹

Af þeim heimildum, sem eru til um verslun í Grundarfirði á 16. öld, er ljóst, að Englendingar ráku þar verslun með köflum á fyrstu þremur áratugum 16. aldar og sennilega einnig á síðustu áratugum 15. aldar, og Hamborgarkaupmenn stunduðu þar kaupskap a.m.k. frá 1515 og ef til vill fyrr og til 1564. Frá 1564-1583 ráku danskir kaupmenn verslunina í Grundarfirði, en á níunda tug aldarinnar komu til sögunnar kaupmenn frá tveimur borgum í Norður-Þýskalandi. Sumarið 1583 ritaði Hinrik erkibiskup í Bremen og hertogi í Saxlandi Friðrik 2. Danakonungi bréf og kvartaði þar undan því, að útgjöld til hirðar sinnar vegna herts fisks keyrðu úr hófi fram og væri sér því nauðsynlegt að gera út skip þangað, þar sem fiskurinn veiddist, svo að hann gæti keypt hann við réttu verði. Þess vegna bað erkibiskup Danakonung að veita sér leyfi til að versla í Rifi á Snæfellsnesi. Friðrik 2. gat ekki orðið við beiðni erkibiskups að svo stöddu, því að allar hafnir á Íslandi höfðu verið veittar, en konungur hafði góð orð um að veita Hinrik erkibiskupi einhverja höfn, sem kynni að losna síðar. Erkibiskup ítrekaði beiðni sína vorið 1584 og kvað sér vera kunnugt um, að hafnirnar Rif og Grundarfjörður, sem hann hefði áður borið sig eftir, væru lausar. Bað hann konung að veita sér þessar hafnir, svo að hann gæti komist yfir harðfisk til hirðar sinnar með réttu verði. Þegar til átti að taka lá Rif ekki á lausu, heldur Grundarfjörður og Nesvogur, og veitti Danakonungur Hinriki erkibiskupi þessar hafnir 3. maí 1584. Hinn 10. maí sama ár gaf erkibiskup út bréf, þar sem hann skipaði Brunning Nagell skipherra á skipi sínu, sem átti að sigla til Grundarfjarðar og Nesvogs. Var þetta um leið umboðs- og verndarbréf handa Nagell.¹²

Nokkrum sögum fór af verslun erkibiskupsins í Brimum og manna hans í Grundarfirði og Nesvogi sumarið 1584, því að þeir fengu ekki að versla þar óáreittir. Fulltrúar erkibiskups, þeir Christoffer Meiger og Johann Koster,

kvörtuðu undan því, að þeir hefðu sætt yfiringangi og ofbeldi í Grundarfirði og Nesvogi af hálfu Hamborgarmanna. Nefndu þeir sérstaklega til Hamborgarmanninn Clawes Luders og báðust verndar gegn yfiringangi hans. Brimarrar kærðu mál þetta til Johanns Bockholt höfuðsmanns, Friðriks 2. Danakonungs og til borgarstjóra og ráðs í Brimum, en ekki er að sjá, að það hafi borið nokkurn árangur, enda varð verslun Brimara í Grundarfirði og Nesvogi ekki langvinn. Svo er að sjá sem Hinrik erkibiskup hafi látist seint á árinu 1584 eða snemma árs 1585. Þetta má ráða af bréfi, sem Friðrik 2. Danakonungur skrifaði borgarstjóra og ráði í Brimum 17. desember 1585. Þar kom fram, að þessir aðilar höfðu sótt um það fyrir hönd nokkurra Brimaborgara, að konungur veitti þeim þær hafnir, sem Hinrik sálugi erkibiskup hafði haft á leigu á Íslandi. Konungur gat ekki orðið við þessari beiðni, því að umræddar hafnir höfðu verið veittar greifanum af Oldenburg. Af þessu má ráða, að hafnirnar Grundarfjörður og Nesvogur höfðu verið veittar erkibiskupnum persónulega, en ekki erkibiskupsembættinu. Brimurum þótti illt að verða af þessum höfnum, og í ársbyrjun 1586 fólu borgarstjóri og ráðið í Brimum sendiherra sínum hjá Danakonungi, Henrik Bredelohennes, að koma þeim boðskap á framfæri við konung, að þeim þyki hart að vera sviptir öllum höfnum sínum á Íslandi, og fara þess á leit, að fái einhverjar hafnir að nýju.¹³

Upphaf verslunar Oldenborgarmanna á Íslandi má rekja til Joachim Kolling, sem búsettur var í Hoecksiel. Hann kom fyrstur Oldenborgarmanna til Íslands, en var þá í þjónustu annarra og seldi setuliðinu í Jever fisk. Árið 1579 fékk Kolling sjálfur leyfi hjá Danakonungi að versla í Kumbaravogi að beiðni Oldenborgargreifa, og þessa verslun rak hann til 1585. Síðan fékk greifinn því framgengt, að leyfið næði til allra þegna hans, og var þá bætt við höfnunum Grundarfirði og Nesvogi. Aðdragandi þess var sá, að í febrúar 1585 fór Jóhann greifi af Oldenburg þess á leit við Friðrik 2. Danakonung, að leyfi það, sem Joachim Kolling hafði haft fram að því til að versla í Kumbaravogi, yrði framvegis látið ná til sín og allra Oldenborgarmanna og að bætt yrði við höfnunum Grundarfirði og Nesvogi, sem konungur hefði þegar veitt sér munnlega í Kolding. Greifinn tók fram, að hann hefði þegar beiðið Johann Bockholt höfuðsmann um leyfi til þess að versla í Nesvogi. Friðrik 2. staðfesti siglingaleyfið til Kumbaravogs, bæði fyrir Joachim Kolling og aðra Oldenborgarmenn, en synjaði um leyfi fyrir Grundarfirði og Nesvogi. Í júní sama ár var komið annað hljóð í

strokinn, því að hinn 17. þess mánaðar gaf Friðrik 2. út opið bréf, þar sem hann veitti Jóhanni greifa af Oldenburg leyfi til þess að sigla upp Grundarfjörð og Nesvog auk Kumbaravogs með einu skipi árlega, uns önnur skipan yrði á gerð, eins og áður sagði.¹⁴

Í Bæjarskjalasafninu í Oldenburg er varðveitt verslunarbók Oldenborgarmanna frá Nesvogi árið 1585, en þar var aðalbækistöð kaupmannanna frá Oldenburg. Flest bendir til þess, að skip þeirra hafi siglt á milli verslunarstaðanna þriggja um sumarið. Verslunarbók þessi er hin athyglisverðasta fyrir ýmissa hluta sakir, ekki síst vegna þess, að hún er önnur af tveimur verslunarbókum, sem varðveist hafa frá versluninni hér á landi frá þessum tíma. Hin er frá konungsversluninni í Vestmannaeyjum. Í bók þessa eru skráðar úttektir viðskiptamanna, og verða nú rakin nokkur dæmi um úttektir Eyrarsveitunga.

Úttekt stórbóndans Jóns Þorvarðarsonar í Eyrarsveit (þess er ekki getið í verslunarbókinni, hvar hann bjó) var 40 vættir. Þar var um að ræða átta ólar, einn kamb, 11 tunnur af mjöli, eina tunnu af bjór, sex skyrtur, fimm pör af skóm, 1/8 brennivínskútur, fjögur greniborð, átta álnir af klæði, línklæði, klæði, fjórar álnir af þýsku klæði, tvo hatta, tjöru, einn ketil, skeifujárn, tvær fiskilínur, ásmundarjárn og netgarn. Jón Þorvarðarson borgaði þessa úttekt með 40 vættum af skreið.

Séra Skafti Loftsson á Setbergi tók út vörur fyrir 38 1/2 vætt, og var úttekt hans mjög áþekk úttekt Jóns Þorvarðarsonar. Það voru 10 tunnur af mjöli, þrjár tunnur af bjór, hálf tunna af miði, 1/8 brennivínskútur, eitt vínkvartel, sex ólar, einn kambur, fjórar fiskilínur, fjögur pör af skóm, fjögur eikarpanelborð, tjara, ásmundarjárn, kjalviður, tvær tunnur, línklæði, klæði, ísaumað klæði og hunang. Séra Skafti greiddi úttektina með skreið.

Ólafur Þórðarson í Kirkjufelli hefur verið miðlungsbóndi, því að úttekt hans nam 14 vættum. Hann keypti 3 1/2 tunnu af mjöli, hálf tunnu af bjór, einn hatt, þrjár skyrtur, eitt par af skóm, línklæði, klæði, skeifujárn og tvær fiskilínur.

Gunnar Ásbjarnarson í Eyrarsveit keypti vörur fyrir 11 vættir. Það voru þrjár tunnur af mjöli, fimm eikarborð, þrjár ólar, einn kambur, tvöfalt klæði, tvær skyrtur, tveir hattar, bátsstefni, tjara, ein fiskilína, ásmundarjárn, skeifujárn, eitt par af skóm, skipssaumur, klæði og línklæði.

Árni Jónsson bóndi á Skallabúðum keypti varning fyrir 6 1/2 vætt. Þar var ein tunna af mjöli, 1/2 tunna af bjór, þrjár ólar, einn kambur, átta eikarborð, klæði, ein fiskilína, eitt par af skóm, skipssaumur og einn hattur.

Konur virðast hafa staðið fyrir búi í Eyrarsveit árið 1585, því að Sigríður Þorvarðardóttir á Höfða tók út vörur fyrir eina vætt og sjö fjórðunga. Það voru tvær fiskilínur, tjara, salt, varningsklæði og línklæði. Fyrir þetta borgaði Sigríður eina vætt af lýsi, þrjár fjórðunga af smjöri og hálfu vætt af fiski.

Af úttekt viðskiptamanna Oldenborgarkaupmanna má fá nokkra vitneskju um daglegt líf íbúa í Eyrarsveit og víðar á Snæfellsnesi árið 1585, sem væri að öðrum kosti ekki fyrir hendi. Eina aðkeypta matvaran var mjöl, en að öðru leyti hafa menn búið að sínu í þeim efnum. Til munaðarvarnings teljast bjór, brennivín, vín, mjöður og hunang. Kaffi og tóbak voru ekki komin til sögunnar um þetta leyti. Eyrarsveitungar keyptu bæði tilbúinn fatnað og fataefni. Þar var um að ræða tískuvarning þess tíma, hatta, skyrtur og skó, klæði, varningsklæði, tvöfalt klæði, línklæði og ísaumað klæði. Þá má nefna ólar og kamba. Efnamenn á borð við séra Skapta þiljuðu húsakynni sín með panel. Greinilegt er, að margir Eyrarsveitungar hafa stundað járnsmíðar, því að langflestir kaupa þeir ásmundarjárn (smíðajárn) og skeifujárn. Þá hafa þeir einnig stundað bátasmíðar, eins og marka má af kaupum á kjalviði, efni í bátsstefni, eikarborðum og skipssaum. Þeir, sem stunduðu sjóinn, keyptu fiskilínur og netgarn. Einnig keyptu menn tjöru til að bika báta og salt. Innflutti varningurinn var eingöngu borgaður með skreið, ef undan er skilið, að Sigríður Þorvarðardóttir greiddi úttekt sína að hluta með lýsi og smjöri.

Verslunarstaðurinn Nesvogur var í samnefndum vogi í Helgafellssveit, sem skerst inn í landið á milli Grunnasundsness og Þórsness, en Stykkishólmur er nyrst á Grunnasundsnesi. Eins og að líkum lætur, voru flestir viðskiptamenn Oldenborgarmanna úr Eyrarsveit og Helgafellssveit, en þeir komu þó víðar að, m.a. úr Breiðafjarðareyjum (Bjarneyjum, Hergilsey og Hafnareyjum), Miklaholtshreppi, Kolbeinsstaðahreppi og Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi, af Skógarströnd og úr Laxárdal og Búðardal í Dalasýslu.¹⁵

Oldenborgargreifi og þegnar hans versluðu í Nesvogi og Grundarfirði samfleytt til 1596, en árið 1593 veitti Kristján 4. Danakonungur Carsten Backe frá Brimum Kumbaravog til þriggja ára, því að Oldenborgargreifi hafði verið of seinn til að sækja um framlengingu á leyfi sínu til að versla þar. Hinn 29. mars 1596 veitti Kristján 4. Jóhanni greifa af Oldenborg leyfi til að versla á Kumbaravogi og Nesvogi næstu þrjú ár. Að sögn konungs barst beiðni greifans um verslunarleyfi í Grundarfirði of seint, svo að hann gat ekki sinnt henni. Þess vegna var Jóhanni Adolf, erkibiskupi í Brimum og biskupi í Lübeck, veitt versl-

unarleyfi í Grundarfirði sama dag. Greinilegt er, að Jóhanni greifa hefur verið eftirsjá í Grundarfirði, því að hann fór þess á leit við Kristján 4., að hann veitti sér frekar Grundarfjörð en Brimum, eins og faðir hans hefði gert fyrir hans dag. En hér varð engu um þokað, og Jóhann Adolf erkibiskup í Brimum og menn hans stunduðu verslun í Grundarfirði 1596–1602.¹⁶

Eins og áður hefur komið fram, var algengt, að þýsku kaupmennirnir áttu í innbyrðis deilum um verslunarstaðina. Ekki varð breyting á þessu, þegar Jóhann Adolf erkibiskup hóf verslun í Grundarfirði. Frá árinu 1597 hefur varðveist bréf ónafngreinds manns til Jóhanns greifa af Oldenburg, þar sem bréfitari, sem var greinilega þegn greifans, kvartaði undan því, að hann gæti ekki innheimt skuldir sínar í Nesvogi, Kumbaravogi, Grundarfirði og Flatey vegna yfiringangs Brimara. Bar hann þá þeim sökum, að þeir hefðu með tilstyrk Carstens Backe fógeta, sem sjálfur væri Brimari (hann hafði nokkrum árum fyrr rekið verslun í Kumbaravogi), neytt allra bragða til að rægja Oldenburgara frá þessum höfnum, m.a. með því að skíra þær upp og kalla t.d. Nesvog Stykkishólm. Hefði þeim með því móti tekist að ná undir sig Nesvogi og Grundarfirði. Bað bréfitari greifann að sjá einhver ráð við þessu í framtíðinni. Frá sama ári, 1597, er til skýrsla Hermanns Kloppenburg til greifans af Oldenburg, dagsett 3. september, um þann yfiringang, sem Oldenburgarmenn höfðu orðið fyrir í Grundarfirði af hálfu Brimara, og um aðgerðarleysi Jóhanns Bockholt höfuðsmanns að vernda þá. Íslandskaupmenn í Oldenburg tóku upp hanskan fyrir starfsbróður sinn og kvörtuðu í ársbyrjun 1598 til borgarstjóra og ráðs í Brimum undan framferði Brimaborgaranna Heinrichs Albertsson og Alberts Radt við Hermann Kloppenburg í Grundarfirði og báðu þá að vernda Oldenburgara fyrir slíku. Í sama streng var tekið í bréfi Íslandskaupmanna í Oldenburg til ráðherra og greifans í Oldenburg vorið 1598, þar sem þeir báðu greifann að taka röggssamlega svari Hermanns Kloppenburg gegn Brimaborgurum og yfiringangi þeirra. Varðveist hefur um mál þetta réttarskýrsla skipstjórans Diricks Wallemanns frá Brimum, dagsett 19. ágúst 1598, um það, sem Brimaborgurum og Hermanni Kloppenburg hafði farið á milli í Grundarfirði, og taldi hann Brimaborgara ekki eiga sök á neinu.¹⁷

Ljóst er af heimildum, að Jóhann Oldenburgargreifi og þegnar hans undu því illa að missa verslunina í Grundarfirði. Í bréfi dagsettu 10. nóvember 1599 bað greifinn konung að endurnýja siglingaleyfi sitt til Nesvogs og Kumbaravogs og þá helst um lengri tíma en til þriggja ára. Einnig beiddist hann þess, að

leyfið næði til Grundarfjarðar, eins og verið hafði í tíð Friðriks 2. Kristján 4. framlengdi verslunarleyfi Oldenborgargreifa í Nesvogi og Kumbaravogi um þrjú ár, en synjaði honum um Grundarfjörð. Greifinn endurnýjaði beiðni sína í bréfi til danska ríkisráðsins tæpu ári síðar. Hann bað ráðið að styðja að því, að sér yrði veittur Grundarfjörður, þar eð leyfi Brimaborgara fyrir honum væri nú útrunnið, svo og að hann fengi Stykkishólm. Nú leið hins vegar að því, að tími hinna þýsku kaupmanna væri liðinn hér á landi, því að hinn 24. júlí 1601 tilkynnti Kristján 4. Oldenborgargreifa, að þaðan í frá mættu engir versla á Íslandi nema Kaupmannahafnarbúar. Yrði þetta tilkynnt útlendum kaupmönnum á Íslandi og skyldu þeir nota stuttan frest, sem þeim yrði gefinn, til þess að innheimta skuldir sínar þar og verða síðan á brott. Greifinn fór fram á það við Kristján 4., að verslunarbannið á Íslandi yrði ekki látið ná til sín, heldur yrði honum veitt verslunarleyfi þar ævilangt. Konungur neitaði að undanþiggja Oldenborgargreifa banninu, og var sjálfstæðri verslun Oldenborgarmanna og annarra Þjóðverja hér á landi þar með lokið. Það er hins vegar til marks um það, hve hagnaður Oldenborgarmanna af versluninni í Grundarfirði og á öðrum verslunarstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi hafði verið mikill og hve mikil eftirsjá þeim var að versluninni þar, að árið 1674 rituðu stjórnvöld í Oldenburg Danakonungi bréf og báðu um leyfi til að mega versla á þeim höfnum á Íslandi, sem þegar Oldenborgar höfðu haft forðum. Að sjálfsögðu bar þessi bón engan árangur.¹⁸

Fáum sögum fer af samskiptum Eyrsvaitunga við hina ensku og þýsku kaupmenn, sem ráku verslun í Grundarfirði á 16. öld. Telja verður líklegt, að alla jafna hafi vel farið á með heimamönnum og hinum erlendu kaupmönnum, en þó fara sögur af því, að stundum hafi slegið í brýnu. Þannig er hermt, að séra Jón Ásmundsson, sem var prestur á Öndverðareyri í Eyrarsveit í kringum 1520 og var rammur að afli, hafi flogist á við þýskan mann á Grundarmöl, þegar þá greindi á um eitthvað, og hrakið hann langt og víða og drepíð, en skipstjórinn þýski hafi þá forðað sér og synt út til skips síns.¹⁹

Önnur saga um átök milli Eyrsvaitunga og erlendra kaupmanna er á þá leið, að kaupmaður einn (þjóðernis hans er ekki getið) hafi búið í Grundarfirði. Til hans kom á hverju ári útlendur kaupmaður og færði honum margs konar varning. Einhverju sinni varð það að ráði, að sonur þessa manns yrði eftir vetrarlangt hjá Grundarfjarðarkaupmanni. Um veturinn átti kaupmaður erindi út að

Öndverðareyri, og fór drengurinn með honum. Þar voru þeim bornar flautir, og neytti drengurinn þeirra, þar til hann stóð á blístri. Fékk hann brátt af þessu innantökur miklar og komst með naumindum heim. Drengurinn taldi, að honum hefði verið byrjað eitur og sagði föður sínum það, þegar hann kom næsta sumar til að sækja son sinn. Varð faðirinn fár við þessar fréttir og sagðist skyldu launa kaupmanni og Eysrveitungum eiturbyrlunina, næst þegar hann kæmi. Þeir áttu ekki á góðu von og bjuggu sig þess vegna út með bareflum og söfnuðu saman miklum fjölda trippa, sem þeir höfðu til taks, þegar kaupmaðurinn kom. Þá ráku þeir trippin á undan sér fram á Grundarkamp, þar sem verslunarstaðurinn var, en sjálfir stóðu þeir á bak við trippin. Þegar kaupmaðurinn sá þennan viðbúnað, hélt hann strax í land með allt lið sitt. Það var búið hlöðnum byssum og tók þegar að skjóta á Eysrveitunga. Skotin lentu hins vegar í trippunum, en sökuðu engan mann. Áður en útlendingarnir gátu hlaðið byssur sínar aftur, óðu Eysrveitungar að þeim og börðu með bareflunum. Drápu þeir suma þar á Kampinum, en aðrir flýðu upp eftir Grundarbotni. Eysrveitungar eltu þá þangað, drápu þá þar sem til þeirra náðist og seinast fáeina þeirra uppi undir Fossunum (þ.e. fossi Grundarár, þar sem hún steypist af fjallinu ofan í Grundarbotn). Þar drógu þeir þá saman og dysjuðu, en þá sem höfðu fallið á Grundarkampi dysjuðu þeir þar við Grundará. Þegar þeir, sem eftir voru úti á skipinu, sáu ófarir landa sinna, urðu þeir hræddir og héldu sem skjótast á haf út. Varð síðan ekki vart við þá hér við land. Ekki er gott að segja til um, á hve miklum sannindum saga þessi er byggð, enda er hér um að ræða alþekkt þjóðsagnaminni. Þá ber þess að geta, að kaupmenn höfðu ekki vetursetu í Grundarfirði fyrir en á ofanverðri 18. öld á tímum Almenna verslunarfélagsins og konungsverslunarinnar síðari. Sögn þessi er sprottin af því, að menn töldu sig sjá litla dys á Grundarkampi og aðra upp undir Fossunum. Sagt var, að Oddur Hjaltalín læknir hefði grafið í fyrrnefndu dysina, þegar hann var læknir í Grundarfirði, og hafi hann fundið þar leifar af fötum og fáeinum hnöppum. Virðist saga þessi vera tilraun til að útskýra, hvernig á dysjum þessum stóð. Þó er ekki loku fyrir það skotið, að einhvern sannleikskjarna sé að finna í sögunni. Vert er að hafa í huga, að erlendir kaupmenn höfðu ekki vetursetu hér á landi fyrir en á seinni hluta 18. aldar.²⁰

Einokunarverslunin 1602-1787

Hinn 20. apríl 1602 gaf Kristján 4. út tilskipun þess efnis, að borgirnar Kaupmannahöfn, Helsingjaeyri og Málmey skyldu fá einkaleyfi til að stunda verslun á Íslandi til ársins 1614. Ekki var það einber tilviljun, að einokunarversluninni var komið á árið 1602, því að konungur hafði hagað því svo til, að siglingaleyfi flestra Þjóðverja var útrunnið eða því sem næst, og gátu þeir þá ekki kvartað undan samningsrofi. Þeim höfnum, sem samkvæmt samningum voru ekki lausar, fengu Þjóðverjar að halda út leigutímamann, en þær voru fáar og þess skammt að bíða að leigutíminn rynni út. Sem dæmi um þetta má nefna, að árið 1601 losnuðu níu hafnir og fjórar fyrir lok marsmánaðar 1602. Grundarfjörður og Kumbaravogur losnuðu haustið 1602 og Rif og Flatey fyrir kauptíð 1603.²¹

Einokunarverslunin var í anda stefnu þeirrar, sem var kölluð kaupauðgi-stefna (merkantílsmi) og átti miklu fylgi að fagna hjá stjórnarherrum Evrópuríkja á 16. öld og langt fram á þá 18. Hún birtist m.a. í einkaleyfum og verndaraðgerðum, sem áttu að efla verslun og iðnað í hlutaðeigandi ríkjum. Þó að Danakonungur teldi þegna sína vera þess umkomna að taka að fullu við íslensku versluninni árið 1602, fór því þó fjarri, að svo væri. Þegar á reyndi, þurfti hann að fela þremur helstu borgunum í ríki sínu verslunarreksturinn, en í bréfi til Jóhanns Oldenborgargreifa 24. júlí 1601 hafði hann sagt, að Kaupmannahafnarbúar skyldu framvegis hafa með höndum alla verslun á Íslandi. Þeim var hins vegar um megn að taka að sér alla verslun hér á landi, og því komu Helsingjaeyri og Málmey á Skáni, sem laut yfirráðum Dana um þessar mundir, einnig til sögunnar. Sem dæmi um það, hve skammt á veg danska kaupmannastéttin var komin, má nefna, að einkaleyfishafarnir voru margir í samlögum um verslunina á hverri höfn. Til dæmis var útgerð Málmeyjarkaupmanna þannig háttáð, að átta voru um verslunina í Stykkishólmi, níu um verslunina á Berufirði, 10 um verslunina á Patreksfirði og 10 um verslunina í Rifi og Grundarfirði. Ekki bætti úr skák, að dönsku kaupmennirnir voru algerlega reynslulausir og ókunnugir íslenskum verslunarháttum. Þess vegna urðu þeir að leita á náðir þýskra kaupmanna, enda höfðu þeir nægan skipastól og bjuggu yfir reynslu og þekkingu á verslun við Íslendinga og voru þaukunnugir öllum siglingaleiðum við landið. Dönsku einokunarkaupmennirnir gerðu því samninga við kaupmenn í Hamborg og öðrum þýskum borgum um skipaútgerð til Íslands, og héldust siglingar frá Þýskalandi beint til Íslands fram undir 1620.

Til dæmis um það má nefna, að árið 1611 sigldu Lýbikumenn á Rifshöfn, Grundarfjörð og Hólminn (þ.e. Reykjavík) og Eyrarbakka á vegum Málmeyjar-kaupmanna. Hinn 28. apríl 1614 var áðurnefndum þremur borgum, Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri, veitt einkaleyfi á verslun hér á landi næstu 11 ár til viðbótar. Sú breyting varð á, að kaupmenn frá Kaupmannahöfn tóku við versluninni í Grundarfirði í stað Málmeyjarkaupmanna. Í árslok 1619 stofnuðu Íslandskaupmennirnir frá þessum þremur borgum Íslenska verslunarfélagið (Det islandske Compagnie), sem fékk einkaleyfi á versluninni á Íslandi 16. desember sama ár. Enn var einkaleyfi verslunarfélagsins endurnýjað hinn 16. júní 1634 til 20 ára.²²

Gera má ráð fyrir, að landsmönnum hafi þótt sem verslunarkjörin hafi versnað, eftir að einokunarkaupmennirnir höfðu fest sig í sessi, og bendir ýmislegt til þess, að þeir hafi ekki verið vel þokkaðir meðal almennings. Þá ályktun má m.a. draga af því, að á manntalsþingi á Grund í Eyrarsveit 5. maí 1655 bauðst Halldór Guðmundsson, fulltrúi Matthíasar Guðmundssonar sýslumanns í Snæfellsnessýslu, til að hlýða á kvartanir bænda vegna dönsku kaupmannanna og hvatti þá til að setja saman bænarskrá, þar sem kæmi fram, hvað þeir höfðu út á framferði kaupmanna að setja. Kvað Halldór Matthías sýslumann hafa lofað að koma bænarskránni á framfæri við konung. Tilboð Halldórs Guðmundssonar, sem var einnig lesið upp á Staðarbakkaþingi í Helgafellssveit 17. maí, hljóðar svo (stafsetning hefur verið færð til nútímahorfs):

Tilboð upp á danskra kauphandling.

Að settu manntalsþingi á Grund í Eyrarsveit þann 5. dag maí 1655 þingmönnum áheyrandi til bauð sá frámi manni Halldór Guðmundsson sig að gegna þeirra manna áklögun, ef þeir nokkrir vera kynni af bændum eða öðrum ærligum mönnum sem nokkra lögliga áklögun hefði á þeim dönsku kaupmönnum sem hingað sigla, svo og þeir menn sem ekki fá sína nauðsyn keypta af þeim nær þeir betala kunna. Nær bændur eður aðrir góðir menn hafa þetta saman tekið og supliserað bjóður og lofar æruverðugur Matthías Guðmundsson þá sömu suplicatiu** fyrir landsherrann almúgans vegna að færa og þeim til réttar að hjálpa....*

* supliserá = beiðast einhvers

** suplicatia = bænarskrá

Skjal þetta er til marks um óánægju með dönsku einokunarkaupmennina, og má m.a. ráða af því, að þeir höfðu ekki á boðstólum þann nauðsynjavarning, sem landsmenn þörfnuðust. Hins vegar var nóg framboð af brennivíni hjá kaupmönnum og álagning á það há. Þetta varð Halldóri Guðmundssyni tilefni til að leggja bann við því á almennri hreppastefnu á Ingjaldshóli 14. október 1653 að selja brennivín með hærri álagningu en sem nam einum þriðja. Matthías Guðmundsson leit greinilega á sig sem málsvara landsmanna gegn dönsku kaupmönnum, en engum sögum fer af því, hvort bændur á norðanverðu Snæfellsnesi sömdu bænarskrá þá, sem Matthías sýslumaður bauðst til að koma á framfæri við konung.²³

Árið 1659 urðu nokkur þáttaskil í versluninni hér á landi, og mátti rekja þau til þess, að um þær mundir áttu Danir í styrjöld við Svía. Hún olli því, að vöruverð hækkaði upp úr öllu valdi og Íslenska verslunarfélaginu reyndist ókleift að halda uppi siglingum hingað til lands og sjá landsmönnum fyrir varningi. Úr þeim vanda var leyst þannig árið 1659, að hollenskir kaupmenn sigldu hingað til lands og ráku verslun á flestum höfnum nema í Norðlendingafjórðungi. Kom ekkert danskt skip hingað það ár. Fyrir Hollendingunum fór maður, sem átti eftir að koma nokkuð við sögu Grundarfjarðar og víðar á Snæfellsnesi á næstu árum. Hann hét Jónas Trelund, danskur að þjóðerni, en hafði verið búsettur allengi í Amsterdam og auðgast þar á viðskiptum við Danmörku og Portúgal. Hann kom sjálfur hingað til lands sumarið 1659, og voru flest skip hans á höfnum við Breiðafjörð. Næsta ár greip Friðrik 3. konungur til þess ráðs að veita einstökum dönskum kaupmönnum, sem treystu sér til að sigla með vörur hingað til lands fyrir eigin reikning og upp á von og óvon, leyfi til að sigla á einstakar hafnir. Fyrsta leyfið í þessa veru var veitt Henrik Jensen 21. mars 1660 til að sigla á fjórar hafnir á Vesturlandi, sem voru þó ekki nafngreindar í leyfisbréfinu. Í því sagði, að verslunarfélagið myndi ekki senda skip á þessar hafnir vegna stríðsins. Auk Jensens fengu þrír aðrir kaupmenn leyfi til að versla með sama hætti hér á landi árið 1660. Hollendingar komu sem fyrr til nokkurra Breiðafjarðarhafna sumarið 1660, og hinn 18. júlí það ár veitti Danakonungur fyrir milligöngu hollenska sendiherrans í Kaupmannahöfn Jónasi Trelund leyfi til að stunda hvalveiðar og aðrar fiskveiðar hér við land næstu 20 árin. Honum var einnig heimilt að leita hafnar hvar sem var á landinu vegna óveðurs og annarra atvika. Hann mátti enn fremur láta reisa hús á einhverri

höfn, t.d. í Grundarfirði eða Hafnarfirði eða annars staðar, þar sem honum þætti henta, til að geyma þar fisk, lýsi, hvalskíði, veiðarfæri og annað og einnig geyma þar fiskibáta sína og skip. Sömuleiðis var honum heimilt að kaupa hrogn, en honum var óheimilt að stunda almenna verslun hér á land án leyfis höfuðsmanns og einkaleyfishafa.²⁴

Vorið 1661 heimilaði konungur nokkrum kaupmönnum að reka verslun á flestum verslunarstöðum landsins. Þeirra á meðal voru Hans Nansen borgarstjóri í Kaupmannahöfn og félagar hans. Í þeirra hlut komu verslunarstaðirnir Kumberavogur með Grundarfirði og Stykkishólmi, Eyrarbakki, Keflavík, Vopnafjörður, Húsavík og Eyjafjörður (þ.e. Akureyri). Síðar sama ár heimilaði Friðrik 3. Hans Nansen að láta skip hans sigla frá Íslandi og losa vörur sínar, þar sem honum og félögum hans þætti best og gagnlegast, annaðhvort í Hollandi, Hamborg eða annars staðar. Í leyfisbréfinu var greint frá því, að vegna yfirstandandi erfiðleika (þ.e. stríðsins við Svía), hefði ekki reynst unnt að láta skip sigla til Íslands með nauðsynjar eins og venjulega, og því varð konungur við umsókn Hans Nansens að mega losa vörur skipanna, þar sem honum og félögum hans þótti best henta. Með vísan til hinna erfiðu tíma varð Friðrik 3. við umsókn Íslenska verslunarfélagsins og heimilaði því 29. janúar 1662 að verða sér úti um vörur til Íslands, hvar sem því sýndist, og hinn 19. febrúar sama ár endurnýjaði konungur leyfi Hans Nansens og félaga til að versla á sömu stöðum og áður. Nansen var enginn nýgræðingur í versluninni hér við land. Hann réðst árið 1621 í þjónustu stórkaupmannsins og borgarstjórans í Kaupmannahöfn, Mikkel Vibe, sem var einn af forsprökkum Íslenska verslunarfélagsins, og sigldi hingað til lands á hverju sumri frá 1621-39. Hann gerðist hluthafi í verslunarfélaginu og var forstjóri þess 1639-1649. Hans Nansen átti drjúgan þátt í því, að Friðrik 3. gerðist einvaldur árið 1660.²⁵

Jónas Trelund sigldi á nokkrar Breiðafjarðarhafnir árið 1661 eins og áður. Af því tilefni kvartaði Íslenska verslunarfélagið til konungs undan þeim leyfum, sem hann og félagi hans, Hans Petersen Bladt, höfðu fengið á Íslandi, og taldi félagið, að félagsmenn þess yrðu fyrir tjóni af völdum þeirra Trelunds og Bladt. Varð nokkur rekistefna út af þessu klögumáli félagsins á hendur þeim félögum, og fól konungur nokkrum háttsettum embættismönnum að rannsaka kvartanir verslunarfélagsins og reyna að sætta það og Trelund. Jónas Trelund virðist hafa verið í miklum metum hjá Friðriki 3. Danakonungi. Í mars 1662 fól

konungur nokkrum háttsettum embættismönnum, þeirra á meðal Rantzau greifa, Hannibal Sehested skattameistara og Peder Ratz kanslara, að láta í ljós álit á tillögum Trelunds um fyrirkomulag verslunarinnar á Íslandi. Niðurstaða nefndarinnar, sem rannsakaði kvartanir verslunarfélagsins á hendur Trellund, leiddi til þess, að konungur felldi úr gildi einkaleyfi Trelunds og félagsins. Síðar í sama mánuði fól konungur Jónasi Trellund og Hans Nansen að gera tillögur um nýtt félag, sem skyldi stunda verslun á Íslandi. Í apríl sama ár fól konungur Trellund að gera tillögur um skiptingu Íslands í verslunarsvæði, þannig að jafnmargar fiski- og sláturhafnir kæmu í hlut hvers kaupmanns. Hinn 3. maí 1662 gaf konungur út opið bréf um verslun Trelunds hér á landi, og var efni þess á þá leið, að þar sem Trellund hefði í hyggju að reka verslun á Íslandi þá um sumarið „paa eget Eventyr“ skyldi enginn hindra á nokkurn hátt verslun hans á Íslandi eða leggja stein í götu hans, enda væri verslun hans í samræmi við leyfisbréf, sem konungur hefði gefið honum. Í lok sama mánaðar gaf konungur Henrik Bjelke höfuðsmanni fyrirmæli um að vernda verslun Trelunds hér á landi, ef Íslenska verslunarfélagið reyndi að leggja stein í götu hans. Athyglisvert er, hve mikillar velvildar konungs Jónas Trellund naut. Í áður nefndum bréfum konungs var hann yfirleitt nefndur „os elskelig Jonas Trellund af Amsterdam“.²⁶

Sumarið 1662 var stofnað í Kaupmannahöfn félag til að hafa með höndum verslunina á Íslandi, og hlaut það nafnið Félag aðalhlutdeildarmanna (De fire Hovedparticipanter). Var landinu skipt í fjögur svæði, sem komu í hlut félagsmanna, en þeir voru sjö talsins, og var Jónas Trellund einn þeirra. Í hlut hans komu eftirtaldar hafnir: Rif, Kumbaravogur, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Skagaströnd, Reykjafjörður og Hrutafjörður. Trellund var áhrifamestur þeirra kaupmanna, sem stóðu að hinu nýja verslunarfélagi. Þegar hann gerðist aðili að því, varð hann að skuldbinda sig til að setjast að í Kaupmannahöfn, og þar með urðu að engu áform Hollendinga um að ná fótfestu í Íslandsversluninni. Jónas Trellund hóf verslunarrekstur sinn á þeim höfnum, sem komu í hans hlut árið 1663. Þá reisti hann hús í Grundarfirði, eins og segir í *Ballarárannál*: „Þá smíðuðu Hollenskir hús í Grundarfirði.“ Í *Reisubók* þeirra Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar kemur fram, að hús þessi stóðu enn um miðja 18. öld. Að sögn *Ballarárannáls* sigldi Trellund á allar hafnir á Breiðafirði árið 1663. Hann rak verslun sína til ársins 1669, en þá varð hann gjaldþrota og flúði land. Næst

spurðist til hans ellefu árum síðar, árið 1680, í Husum í Norður-Þýskalandi, þar sem hann læknaði fólk með fyrirbænum og handayfirlagningu. Trellund lést ári síðar fimmtugur að aldri. Verslunarumsvif hans hér á landi og í Danmörku höfðu verið geysimikil, og uxu þau honum yfir höfuð með framangreindum afleiðingum. Í júní 1669 veitti Friðrik 3. Ewart Trellund, bróður Jónasar Trellund, einkaleyfi það til verslunar á Íslandi, sem bróðir hans hafði haft áður með sömu skilmálum. En ekki stóð verslun Ewarts Trellund lengi, því að árið eftir, 26. mars 1670, veitti Kristján 5. Cort Adeler sjóliðsforingja einkaleyfi það, sem Jonas Trellund hafði haft til verslunar hér á landi frá 1662 og afnam um leið einkaleyfi Ewarts Trellund frá og með árinu 1671. Verslun þeirra Trellund-bræðra í Grundarfirði lauk það ár, og skildu menn Ewarts Trellund eftir gamla jakt á lóð Setbergskirkju. Hún stóð þar í sex ár án heimildar og var presti og sóknarfólki til óþæginda. Á Alþingi árið 1677 var auglýstur í lögréttu dómur, sem kveðinn hafði verið upp á Grund í Eyrarsveit um jaktina, og komust lögmennt og lögréttumenn að þeirri niðurstöðu, að séra Illuga Vigfússyni væri heimilt að láta sex menn virða jaktina til peninga og láta andvirði hennar renna til kirkjunnar að Setbergi.²⁷

Cort Adeler sjóliðsforingi átti að baki langan og óvenju viðburðaríkan feril. Hann var Norðmaður og komst til metorða í hollenska flotanum, en síðar gekk hann í þjónustu Feneyinga sem skipherra á orustuskipti og háði margar sjóorustur við Tyrki á Miðjarðarhafi. Þótti Adeler hafa staðið sig með miklum ágætum í þeirri orrahríð. Eftir að hann gerðist sjóliðsforingi í danska flotanum, fékkst hann einnig við ýmis viðskipti, m.a. í félagi við Jónas Trellund. Til marks um það má nefna, að vorið 1668 varð Friðrik 3. við umsókn Adeler og heimilaði honum þá um sumarið og aðeins í þetta eina skipti að ferma þrjú hollensk skip til Íslands með vörur, sem hann hafði selt Jónasi Trellund. Cort Adeler fékk verslunareinkaleyfið árið 1670 til tryggingar verulegri fjárhæð, sem Jónas Trellund skuldaði honum, konu hans Önnu Pelt og syni hennar, Arnold Pelt. Adeler tók sem sé við verslunarleyfi Trellunds til að reyna að bjarga því, sem bjargað yrði af því, sem Trellund skuldaði honum og fjölskyldu hans.²⁸

Ástæða þess, að konungur heimilaði Adeler árið 1668 að lesta þrjú skip til Íslands þá um sumarið með vörur fyrir Jónas Trellund, var sú, að á árunum 1665–1667 áttu Hollendingar og Englendingar í ófriði, og drógust Danir inn í hann nauðugir viljugir. Siglingar þeirra hingað til lands trufluðust af völdum

ófriðarins, enda sátu Englendingar fyrir dönsku Íslandsförunum, tóku sum herfangi en rændu önnur. Rýrnaði þá skipastóll útgerðarmanna, og urðu kaupmenn hvað eftir annað að fá konungsleyfi til að hafa erlend skip í förum, svo sem dæmið um Cort Adeler sýnir. Þessir erfiðleikar urðu nokkrum útgerðarmönnum að fótakefli og þá fyrst og fremst Jónasi Trellund. Hann hafði færst mest í fang af þeim öllum og var viðriðinn margs konar gróðabrall. Hann gat ekki staðið í skilum við skuldheimtumennina, sem gerðust brátt mjög aðgangsharðir. Svo er að sjá sem Cort Adeler hafi verið stærsti lánardrottinn Trellunds, því að í desember 1667 fékk hann konungsbréf fyrir því, að engan fisk mætti flytja frá höfnum Trellunds á Íslandi, fyrr en Adeler hefði fengið 1800 skip-pund sem hann ætti kröfu til hjá honum. Í mars 1668 gaf konungur út annað bréf þess efnis, að Jónas Trellund hefði skuldbundið sig til að flytja ekkert lýsi eða þrjónles af höfnum sínum, fyrr en Adeler hefði fengið 1600 þör af sokkum, sem ættu að koma upp í skuldaskipti þeirra, og ætlaði Adeler sjálfur að senda skip til Íslands eftir þessum vörum. Í desember 1668 gaf konungur enn út bréf og kyrrsetti fisk Trellunds hér á landi, þangað til Adeler hafði fengið 770 skip-pund, sem hann átti kröfu til. Árið eftir varð Trellund gjaldþrota, eins og áður sagði. Cort Adeler virðist hafa verið þvert um geð að taka við verslunarrekstri Trellunds, en hann gerði það í þeirri von, að hann gæti bjargað því, sem bjargað yrði, af útistandandi skuldum sínum hjá Trellund. Adeler rak verslun á höfnum sínum, þar á meðal Grundarfirði, til dauðadags 1675. Þá tók hin hollenska ekkja hans, Anna Pelt, við verslunarrekstrinum og hélt honum áfram næstu árin. Í maí 1683 heimilaði Kristján 5. frú Pelt að ferma erlend skip til Íslands, þó ekki ensk. Um þessar mundir voru mikil brögð að því, að dönsku Íslandskaupmennirnir réðu ekki yfir eigin skipum, og því fengu þeir hvað eftir annað leyfi konungs til að ferma erlend skip til Íslands. Konungur var ekki ánægður með þetta, og ákvað hann því að reyna að stofna nýtt félag um verslunina á Íslandi. Þeir, sem voru kunnugir íslensku versluninni, léðu ekki máls á því að taka þátt í félagsstofnuninni nema með því skilyrði, að þeir fengju sérstakt skattfrelsi og að afgangið yrði ekki hækkað frá því, sem það var (það var 4000 ríkisdalir samtals fyrir alla verslunarstaðina). Konungur greip þá til þess ráðs að láta fara fram opinbert uppboð á íslensku höfnunum. Voru þær boðnar upp ýmist tvær eða þrjár saman til sex ára með þeim árangri, sem enginn hafði búist við, að kaupmenn buðu nær tvöfalt herra afgangi en áður, eða 7380 ríkis-

dali fyrir allar hafnirnar. Þetta var samþykkt með konungsúrskurði 26. janúar 1684 og málinu þar með ráðið til lykta.²⁹

Meðal þeirra, sem buðu í íslensku verslunarhafnirnar, var frú Anna Pelt. Í hlut hennar komu Stapi, Búðir, Kumbaravogur, Grundarfjörður, Stykkishólmur, Eyjafjörður og Reyðarfjörður. Hún verslaði á þessum höfnum í sex ár, til ársloka 1689. Hinn 5. febrúar 1687 gaf Kristján 5. út fyrirmæli um fiskverkun í verslunarstöðunum á Snæfellsnesi. Frú Anna Pelt og Henrik Høyer, sem verslaði í Rífi, höfðu kvartað undan því, að íbúar á Snæfellsnesi verkuðu fisk öðruvísi en aðrir landsmenn. Þeir hnakkafloöttu fiskinn í stað þess að kviðfletja hann, eins og tíðkaðist annars staðar á landinu. Mun lægra verð fékkst á mörkuðum erlendis fyrir fisk Snæfellinga, og urðu frú Pelt og Henrik Høyer fyrir töluverðu tjóni að eigin sögn. Þess vegna lagði konungur fyrir íbúa á Snæfellsnesi að verka fiskinn að hætti annarra landsmanna. Var opið bréf þar að lútandi lesið upp á öllum þingstöðum í Snæfellsnessýslu og birt á Alþingi árið 1687. Eins og fyrr segir, rann verslunarleyfi Önnu Pelt út í árslok 1689, og hætti hún þá verslunarrekstri, enda orðin hnigin að aldri. Það ár voru íslensku hafnirnar boðnar út á ný, og komu flestar hafnir þær, sem frú Pelt hafði verslað á, í hlut Peters Wielandt. Það voru Grundarfjörður, Kumbaravogur, Stykkishólmur, Eyjafjörður og Reyðarfjörður. Peter Wielandt var einn af helstu skipaútgerðarmönnum í Kaupmannahöfn um þetta leyti. Verslunarleyfi hans var endurnýjað til 10 ára 29. desember 1694 frá 1. janúar 1696 og staðfest 19. október 1700 í til efni af valdatöku Friðriks 4.³⁰

Verslunarfyrrikomulag það, sem var tekið upp árið 1684, nefndist umdæmaverslun (separathandel). Það var fólgið í því, að verslunarumdæmin voru töluvert smærri en áður, því að hafnirnar komu í fleiri staði, og enn strangari bönn og refsingar voru lagðar við öllum brotum. Hver kaupmaður var skyldugur að halda sér eingöngu við þær hafnir, sem komu í hans hlut, og mátti alls ekki reka verslun á öðrum höfnum. Landsmönnum var sömuleiðis stranglega bannað að versla utan þess umdæmis, sem þeir voru búsettir í, og varðaði aleigumissi og ævilangri þrælkun í járnum á Brimarhólmi, ef út af var brugðið. Hins vegar láðist stjórninni að greina takmörk umdæmanna, og var það þó óhjákvæmilegt, þar sem refsingar lágu við, ef brotið var gegn svæðaskiptingunni. Víða hagaði svo til, að héruð eða bæir lágu svo á takmörkum tveggja sýslna eða kaupsvæða, að ekki mátti á milli sjá, til hvaða hafnar sókn átti að ligga, enda

höfðu bændur verslað sitt á hvað öldum saman og enginn skipt sér af, en nú fóru kaupmenn að halda betur utan um sitt. Þá var einnig svo háttað á sumum stöðum, að bændur áttu miklu skemmri sókn til verslunar í því umdæminu, sem þeir voru ekki búsettir í.³¹

Afleiðing þessa varð sú, að kaupmenn reyndu eftir megni að skara eld að sinni köku, og var ekki laust við, að sumir reyndu að draga viðskiptamenn frá nágrrannanum, ef þess var nokkur kostur. Mest bar á þessu á Snæfellsnesi, þar sem kaupsvæðin voru mörg og smá og aðalvarningurinn fiskur og lýsi, sem kaupmenn voru sólg्नir í, enda var kappið mikið með þeim innbyrðis þar og tortrygginn eftir því. Má sem dæmi nefna, að Peter Nicolai Winge, kaupmaður í Rífi, grunaði keppinauta sína í Grundarfirði og á Búðum, þá Jens Lassen og Vitus Mathisen Biering, um græsku, og gekk það svo langt, að hann kærði þá fyrir stjórnvöldum. Var Oddi Sigurðssyni lögmanni falið vorið 1718 að rannsaka þessar misfellur og sjá til þess, að kaupmaðurinn í Rífi yrði ekki fyrir slíkum óskunda framvegis.³²

Svæðaskiptingin hafði m.a. í för með sér, að útróðrarmönnum ofan úr sveitum og norðan úr landi var bannað að flytja aflann heim til sín, og undu menn þessu að vonum illa. Urðu mikil brögð að þessu á Snæfellsnesi. Engin tilslökun fékkst á þessu, og brýndu sýslumenn þetta ár eftir ár fyrir sýslubúum og útróðrarmönnum á manntalsþingum á vorin. Þegar kaupmönnum þótti þessu banni slælega framfylgt, gerðu þeir sjálfir út njósarmenn í verstöðvunum til að skrásetja nöfn allra útróðrarmanna og grennslast eftir hlut hvers og eins, svo að ekki væri hægt að lauma neinu undan. Christian Müller amtmaður, sem var við brugðið fyrir hlutdrægni, ekki síst í verslunarmálum, gerði þó undantekningu í þágu vinar síns og mágs, Peters Wielandt kaupmanns í Grundarfirði og Stykkishólmi, því að hann leyfði þvert ofan í fyrri úrskurði sína útróðrarmönnum úr Eyrarsveit og Helgafellssveit, sem lágu við undir Jökli, að flytja afla sinn heim og leggja hann inn hjá Wielandt. Rífs- og Ólafsvíkurkaupmaður, sem þóttist eftir eldri úrskurðum eiga rétt til þessa afla, fór sínu fram allt að einu og lét taka fisk úr hjöllum vermannna á kaupsvæði sínu. Einnig vildi hann láta banna öllum utansveitarmönnum útgerð og verstöður undir Jökli þvert ofan í lög og landsvenju.³³

Kaupmenn þeir, sem fengu verslunarhafnir á leigu hér á landi, voru búsettir í Kaupmannahöfn, og þess vegna sáu verslunarstjórar um að reka verslanirnar,

og voru þeir af almúga kallaðir kaupmenn. Verslunarstjóri Peters Wielandt í Grundarfirði og Kumbaravogi á árunum upp úr 1700 var Benedix Bastiansson, eins og ráða má af Dóma- og þingbók Snæfellsnessýslu. Hinn 29. ágúst 1701 hélt Magnús Björnsson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, héraðsþing á Grund í Eyrarsveit og innti þingsóknarmenn eftir því, hvornig væri háttað hag almúga í verslunarumdæmi Kumbaravogs og Grundarfjarðar í hinum miklu harðindum og aflabresti, sem þeir hefðu orðið fyrir undanfarin ár frammar gamalli venju. Svar þingsóknarmanna var á þá leið, að þeir hefðu hvorki vitað um sína tíð né heyrt af gömlum mönnum um annað eins bjargræðisleysi vegna stórfelldra harðinda bæði til lands og sjávar, og fyrir bragðið væru þeir komnir í miklar verslunarskuldir. Þessu næst lagði Benedix Bastiansson kaupmaður fram skjal, þar sem hann kvartaði yfir því, hve illa hag manna í verslunarumdæmi Kumbaravogs og Grundarfjarðar væri komið. Þess vegna sá hann fram á, að langflestir íbúar í verslunarumdæminu gætu ekki greitt lán þau, sem hann hafði veitt þeim í þrengingum þeirra þau ár, sem hann hafði verið kaupmaður í Kumbaravogi og Grundarfirði. Óskaði Benedix eftir því við sýslumann, að hann innti þingsóknarmenn eftir höndlun sinni við almúgann og hvort menn í verslunarumdæminu kæmust af á þessu ári án hjálpar frá honum. Svar þingsóknarmanna var á þá leið, að Benedix Bastiansson hefði á allan hátt komið vel fram við íbúa í verslunarumdæminu og lánað þeim nauðsynjar þeirra. Ef hann lánaði almúganum ekki af góðvilja sínum á ný á þessu ári, væri ekki annað sýnna en að margir íbúar í verslunarumdæminu yrðu að búa við mikinn armóð.³⁴

Þegar einkaleyfistíminn rann út í árslok 1705, voru verslunarstaðirnir boðnir upp enn á ný. Hinn 13. apríl 1706 veitti konungur Jörgen Klog, Peder Kaysen, Niels Terchelsen, Peder Fjeldrup og Jens Lassen verslunina í Kumbaravogi og Grundarfirði gegn 950 ríkisdala afgangi frá 1. janúar 1706 til næstu sex ára. Þegar hér var komið sögu, var Peter Wielandt dáiinn, en ekkja hans, Margarete Wielandt, rak áfram verslun á Básendum, í Stykkishólmi og á Reyðarfirði. Jens Lassen virðist hafa verið atkvæðamestur þeirra félaganna fimm. Þeir versluðu einnig á Eyrarbakka og í Hólminum (þ.e. Reykjavík).³⁵

Eins og greint var frá hér að framan, voru mörkin á milli kaupsvæða oft óglögg, og átti það einnig við um mörkin milli kaupsvæðis Grundarfjarðar og Kumbaravogs annars vegar og Stykkishólms hins vegar. Í júní 1706 óskuðu

kaupmennirnir í Grundarfirði og Kumbaravogi eftir því við rentukammerið, að það hlutaðist til um, að mörkin á milli þessara verslunarumdæma yrðu ákveðin. Rentukammerið fól kommissörunum Árna Magnússyni og Páli Vídalín að annast skiptinguna, og tóku þeir verkið að sér. Að beiðni þeirra sendi Magnús Björnsson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, þeim afrit af sjö spurningum um mörkin á milli verslunarumdæmanna, sem Jens Lassen hafði óskað eftir, að yrðu lagðar fyrir þingin á Staðarbakka í Helgafellssveit og Grund í Eyrarsveit ásamt svari frá Staðarbakkaþingi dagsettu 27. ágúst 1706. Í bréfi Jens Lassens til Árna Magnússonar 19. mars 1707 kom fram, að vegna þess hve seint Árni kom til landsins haustið 1706, reyndist ekki unnt að ákveða mörkin milli verslunarumdæmanna það ár. Kvaðst Lassen hafa orðið fyrir miklu tjóni ásamt félögum sínum, þar eð Stykkishólmskaupmaður hefði lagt undir sig allt Staðarbakkaþing, en nauðsynlegt væri, að það lægi undir Kumbaravog, svo að unnt væri að sigla á þá höfn. Hann minnti einnig á, að rentukammerið hefði mælt svo fyrir um, að kommissararnir skyldu ákveða mörkin þannig, að báðir aðilar gætu vel við unað. Að auki væri verslunarumdæmi Stykkishólms mjög hagkvæmt. Bað Lassen Árna Magnússon að taka þetta allt til greina.³⁶

Hinn 9. júní 1707 kváðu kommissararnir upp úrskurð sinn, og varð niðurstaða þeirra sú, að mörkin milli verslunarumdæmanna skyldu liggja um Berserkjahraun, en það skildi að Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir. Samkvæmt þessu töldust bærinn Berserkjahraun ásamt Hraunhálsi, Kóngsbakka, Kljá og öllum þeim bæjum, sem voru þar fyrir innan í Helgafellssveit, til Stykkishólmsverslunarumdæmis og þeir, sem þar bjuggu, áttu að versla í Stykkishólmi. Hins vegar skyldu allir þeir bæir, sem voru fyrir utan Berserkjahraun í Bjarnarhafnarsókn, teljast til verslunarumdæmis Kumbaravogs og Grundarfjarðar og ábúendur þar versla á þessum höfnum, en ekki í Stykkishólmi. Að því er varðaði eyjarnar fyrir landi, úrskurðuðu kommissararnir, að einungis Akureyjar og Hafnareyjar skyldu teljast til umdæmis Kumbaravogs og Grundarfjarðar, en íbúar í Höskuldsey, Þormóðsey og öðrum eyjum þar fyrir innan skyldu versla í Stykkishólmi.³⁷

Jens Lassen var mjög óánægður með þessa skiptingu og þóttist hafa misst spón úr aski sínum. Áður fyrr höfðu íbúar í Helgafellssókn verslað bæði í Kumbaravogi og Stykkishólmi, en með úrskurði kommissaranna var öll Helgafellssókn lögð til umdæmis Stykkishólms. Í bréfi, sem Lassen skrifaði kom-

missörunum og dagsett er í Grundarfirði 4. júlí 1707, kom fram, að honum þótti það með ólíkindum, að þeir skyldu ákveða mörkin með þeim hætti, sem þeir gerðu. Mótmælti hann skiptingunni eindregið og kvaðst myndu bera fram kvartanir á æðri stöðum, ef þessu yrði ekki breytt. Lassen lét ekki sitja við orðin tóm og kærði skiptinguna til yfirvalda, en ekki verður séð, að tillit hafi verið tekið til mótmæla hans.³⁸

Hinn 6. júní 1715 var verslunarleyfi Lassens í Grundarfirði og Kumbaravogi endurnýjað til sex ára frá 1. janúar 1715, og frá sama tíma fékk hann einnig verslunarleyfi í Stykkishólmi. Lassen hafði þá sagt skilið við féлага sína og var nú einn um verslunina á þessum stöðum. Nú skipti það hann engu máli, hvernig mörkin á milli áðurnefndra verslunarumdæma voru. Verslunarleyfi Lassens á þessum þremur stöðum voru endurnýjuð 5. maí 1721 fyrir árin 1721–1723. Hinn 23. ágúst 1723 fékk Lassen enn á ný verslunina í Grundarfirði, Kumbaravogi og Stykkishólmi til næstu sex ára frá 1. janúar 1724 gegn 1200 ríkisdala afgjaldi. Verslun Jens Lassens á þessum þremur verslunarstöðum lauk árið 1730, og hafði hann þá verslað á tveimur fyrstnefndu stöðunum í 24 ár, en í Stykkishólmi í 15 ár.³⁹

Hinn 17. maí 1730 fékk Peder Balle verslunina í Grundarfirði og Kumbaravogi til næstu sex ára frá 1. janúar 1730 gegn 700 ríkisdala afgjaldi. Hann var einnig í félagi með 12 öðrum kaupmönnum um verslunina í Stykkishólmi árin 1730–1732, án þess að þurfa að greiða afgjald fyrir. Áður en Peder Balle gerðist kaupmaður í Grundarfirði, var hann lengi undirkaupmaður í Stykkishólmi. Árið 1711 strandaði Stykkishólmskipið við Hjaltrand í framsiglingu og komst enginn af nema Balle. Flaut hann til lands á dúnþoka nær dauða en lífi. Þar drukknaði kaupmaðurinn í Stykkishólmi, Benedix Bastiansson, og allir skipverjar og farþegar.⁴⁰

Hinn 15. desember 1732 stofnaði Kristján 6. Danakonungur nýtt verslunarfélag, Det Islandske-Finmarske Kompagni, sem starfaði frá 1733–1744. Ástæðan til þessarar félagsstofnunar var sú, að umdæmaverslunin hafði verið rekin með halla nokkur ár á undan, og urðu nokkrir kaupmenn, sem áttu aðild að henni, gjaldþrota. Félag þetta var kallað á íslensku Félag lausakaupmanna. Nafnið lausakaupmenn var hér ekki haft í þeirri merkingu, sem síðar tíðkaðist hér á landi, heldur merkti það aðeins þá kaupmenn, sem áður höfðu rekið verslun hver í sínu lagi á einstökum höfnum, en gengu nú í félag saman. Með stofnun Félags lausakaupmanna var félagsverslun hafin að nýju og hafnirnar seldar á

leigu til 10 ára gegn 8000 ríkisdala afgangi árlega. Verslunarskilmálar félagsins eru dagsettir 3. apríl 1733, og voru þeir að flestu leyti svipaðir hinum fyrri, en þó var nokkrum atriðum bætt við til hagsbóta fyrir Íslendinga. M.a. var landsmönnum heimilað að ráða því sjálfir, hvar þeir versluðu. Samkvæmt skilmálunum bar íbúum í hverju verslunarumdæmi að tilkynna yfirvöldum og kaupmönnum, hvar þeir ætluðu að versla framvegis. Í samræmi við þetta ákvæði spurði Guðmundur Sigurðsson, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, þingsóknarmenn í Eyrarsveit að því á manntalsþingi á Grund 17. maí 1735, í hvaða kaupstað þeir kysu að versla næstu átta ár, og svöruðu þeir einum rómi, að þeir vildu versla á Grundarfirði. Þýðingarmest var þó ákvæði um vöruskoðun á höfnunum. Skyldu sýslumenn ásamt tveimur eiðsvörnum mönnum skoða gaumgæfilega vörubirgðir kaupmanna á hverri höfn, jafnskjótt og þeir kæmu til hafnar, og lækka verð á þeim vörum, sem reyndust ekki fullgildar. Var kaupmönnum stranglega bannað að viðlagðri refsingu að selja nokkuð af vörum sínum, áður en skoðun hafði farið fram. Að öðru leyti var sýslumönnum falin umsjón og eftirlit með versluninni, þannig að allt færi fram lögum samkvæmt, og var höfnunum skipt á milli þeirra. Var sýslumanni Snæfellinga falin umsjón með versluninni í Grundarfirði og á Kumbaravogi. Fyrsta árið, sem þessi tilhögun var gildi, bárust kærur úr flestum sýslum landsins um misfellur á versluninni. Stjórnin vandaði um við verslunarfélagið, og bar það þann árangur, að allt féll í ljúfa löð með kaupmönnum og landsmönnum. Talið er, að engin félagsverslun hafi verið landsmönnum hagstæðari en þessi. Hagur félagsins stóð með miklum blóma, og stjórnin iðraðist þess að hafa selt félaginu verslunina á leigu með jafngóðum kjörum og raun bar vitni. Þess vegna gaf hún félaginu kost á íslensku versluninni til næstu 10 ára gegn 16000 ríkisdala afgangi. Jafnframt gerði stjórnin ráð fyrir að láta vöruskoðun fara fram í Kaupmannahöfn, um leið og skipin væru fermd, til að koma með öllu í veg fyrir, að skemmdur eða ónýtur varningur væri fluttur til Íslands. Gerði hún þetta að skilyrði af sinni hálfu fyrir leigunni. Félag lausakaupmanna vildi ekki hlíta þessum skilmálum, og voru hafnirnar þá boðnar upp í apríl 1742. Hæstbjóðendur voru Hörmangarar (Hørkræmmerlauget) í Kaupmannahöfn, sem buðu 16100 ríkisdali í hafnirnar, og hlutu þeir verslunina hér á landi til næstu 10 ára.⁴¹

Hörmangarafélagið fór með verslunina hér á landi á árunum 1743–1758. Verslunarskilmálar félagsins eru dagsettir 13. júlí 1742, og voru þeir að öllu

leyti samhljóða hinum eldri frá 13. apríl 1733, nema hvað kveðið var á um ítarlega vöruskoðun í Kaupmannahöfn. Átti hún að tryggja, að einungis væru fluttar til Íslands óskemmdar vörur. Þessi vöruskoðun var afnumin fjórum árum síðar. Engin verslun var illræmdari hér á landi en verslun Hörmangara. Því olli m.a., að þeir voru með öllu ókunnugir íslenskum verslunarháttum. Þar við bættist, að Hörmangarar voru mjög harðdrægir í viðskiptum og hirtu lítt um skuldbindingar sínar, ef svo bar undir. Þeir sigldu ekki á sumar hafnir, nema þegar þeim sjálfum sýndist, þótt þeir væru skuldbundnir til að birgja þær allar á hverju ári. Verst var þó, að Hörmangarar fluttu yfirleitt lélega og oft og einatt skemmda vöru til landsins. Linnti ekki kvörtunum vegna þessa allan tímann, sem félagið hafði verslunina hér á landi með höndum. Árið 1756 skipaði stjórnin nefnd til að rannsaka gaumgæfilega allan verslunarferil Hörmangarafélagsins hér á landi, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að félagið hefði í flestum greinum rofið verslunarskilmálana, þannig að stjórnin ætti fulla kröfu til sekta og skaðabóta og gæti vafalaust fengið dóm fyrir því, að Hörmangarar hefðu fyrirgert einkarétti sínum, ef henni sýndist svo. Stjórnin vildi forðast málarekstur og gaf félaginu kost á uppgjöf saka og eftirgjöf á hálfri leigu fyrir árin 1756–1758 (samtals 24150 ríkisdalir), ef félagsstjórnin vildi lýsa yfir því, að hún afsalaði sér góðfúslega versluninni í árslok 1758 og héti því að birgja landið sómasamlega þangað til. Stjórn Hörmangarafélagsins tók þessu boði feginnsamlega, og þótti mörgum, að félagið hefði sloppið betur en það átti skilið.⁴²

Vorið 1758 var verslunin á Íslandi boðin út, en ekkert boð barst. Aftur var verslunin boðin út haustið 1758, en það fór á sömu leið, því að ekki fékkst boð í nema örfáar hafnir, og var það óaðgengilegt. Var þá ekki um annað að ræða en að konungur tæki sjálfur að sér verslunina og léti reka hana á sinn kostnað, og var það úrskurðað með konungsbréfi 9. janúar 1759. Miklar breytingar urðu á versluninni, þegar konungur fór að reka hana fyrir eigin reikning. Danska stjórnin tók til greina margar af tillögum Skúla Magnússonar fógeta, fyrst og fremst þær, sem lutu að sparnaði og einfaldari tilhögun á versluninni. Skyldu árlega gerð út sex skip til Íslands í stað 20 áður og landinu skipt í sex verslunarumdæmi og starfsfólki fækkað að sama skapi. Meðal verslunarumdæmanna var Snæfellsnesið allt, þ.e. Búðir, Stapi, Ólafsvík, Grundarfjörður og Stykkishólmi. Samkvæmt þeim breytingum, sem voru gerðar á hafnaskipuninni eftir tillögum Skúla fógeta og fleiri Íslendinga, skyldu kaupmenn hafa aðalverslun-

arstöð sína á einni eða tveimur höfnum í hverjum landsfjórðungi og stefna mönnum þangað til kaupa, en senda vinnufólk og vikapilta á úthafnir til fiskverkunar og annarra starfa. Þannig var Jens Christian Lassen kaupmanni á Snæfellsnesi falið að sigla fyrst á Stapahöfn, og skyldu bændur allir úr Búðakaupsveit sækja þangað. Kaupmaður átti þegar í stað að senda erindreka sína til Ólafsvíkur og Grundarfjarðar til fiskverkunar og halda síðan skipi sínu í Stykkishólm til sláturtöku. Þessi skipan mála gildi aðeins í eitt ár. Árið 1760 var sigling til landsins aukin og starfsfólki fjölgað á ný. Íslendingar voru óánægðir með frammistöðu konungsverslunarinnar, og mikið tap varð á henni. Þess vegna sætti stjórnin færi að koma versluninni af sér sem fyrst, og tókst henni það árið 1763.⁴³

Félag það, sem tók við íslensku versluninni árið 1764, nefndist Almenna verslunarfélagið. Það fékk einkaleyfi til 20 ára, og var það bundið ýmsum skilyrðum. Reynt var að stemma stigu við óhófi og eyðslusemi með því að banna félaginu að flytja til landsins annan varning en þann, sem var talinn upp í kaupsetningunni, nema landsmenn bæðu sérstaklega um hann og stjórnin gæfi samþykki sitt til, og takmarka sem mest innflutning á brennivíni. Einnig áskildi stjórnin sér rétt til að hafa eftirlit með aðflutningum yfirleitt, og skyldi félagsstjórnin leggja árlega fram skrá yfir allar þær vörur, sem ákveðið væri að flytja til landsins. Félaginu var heimilað að hafa framvegis vetrarsetumenn á þeim höfnum, sem hentugast þætti, til þess að selja mönnum nauðsynjar á öllum tímum árs, en þó voru jafnframt reistar skorður við brennivínssölu á vetrum og sveitarprangi af þeirra hálfu. Einnig var félaginu gert að skyldu að efla fiskveiðar landsmanna eftir föngum og leggja kapp á að bæta fiskverkun. Í fyrstu líkaði Íslendingum vel að eiga viðskipti við Almenna verslunarfélagið. Verslunin þótti hagstæð og að auki gerði félagið sér allmikið far um að efla sjávarútveginn með því að sjá mönnum fyrir nægu timbri og góðum veiðarfærum og kenna þeim netaveiðar og saltfisverkun. Þegar frá leið, fór að bera á vöruskorti, verðhækkunum og stirðleika í viðskiptum af hálfu sumra kaupmanna. Þó tók steininn úr, þegar félagið sendi hingað til lands árið 1768 mjölbirgðir, sem voru óhæfar til manndis og jafnvel heilsuspillandi. Var félaginu gert að greiða landsmönnum 4400 ríkisdali í skaðabætur, og voru peningarnir lagðir í sjóð og ákveðið að verja vöxtunum til nytsamlegra fyrirtækja. Eftir þetta hrakaði versluninni ár frá ári, og árið 1774 leysti konungur Almenna

félaginu 5000 ríkisdali, sem voru greiddir næstu þrjú árin. Ekki fer miklum sögum af þessum norsku skipasmiðum og sjómönnum nema einum þeirra, áðurnefndum Peter Lindal, og er hún rakin í bréfi séra Björns Þorgrímssonar, sóknarprests á Setbergi, til Hannesar Finnssonar biskups, sem dagsett er 9. október 1788. Þar kemur fram, að 15 árum áður var búsett í sókninni kona að nafni Margrét Þórðardóttir. Hún var gift „einum af þeim hingað til landsins sendu norsku fiskurum, er þá lágu í Grundarfjarðarkaupstað, nefnilega Pétri Línal“. Þau bjuggu saman í fimm ár og eignuðust þrjú börn, „sem öll enn þá lifa hjá móðurinni, og (eins og hún sjálf) við mestu örbirgð og fátækdóm. Því síðan árið 1780, þá ofanefndur Pétur Línal sigldi sem matrós, passalaus af landi burt, hefur Margrét verið fyrirvinnu- og aðstoðarlaus, inn til þess nú fyrir tveimur árum, að ærlegur ungur maður Nikulás Þorsteinsson léðist henni til vinnu- umennsku og aðstoðar.“

Margréti bárust aldrei neinar fréttir af manni sínum, en hún hélt uppi spurnum um hann meðal sjómanna, sem voru í siglingum milli Íslands og Danmerkur, en þær fyrirspurnir voru jafnan árangurslausar, þar til sumarið 1787, að henni bárust þau tíðindi, að hann hefði andast í Kaupmannahöfn tveimur árum áður. Þessar fréttir áttu sinn þátt í því, að Margrét féll í saurlífisbrot með forverksmanni sínum, Nikulási Þorsteinssyni. Hann var fús að ganga að eiga hana og með þeim eina hætti mætti hann framvegis aðstoða hana til ærlegs uppihalds hennar sjálfrar og barnanna, að sögn séra Björns. En þar eð ekki var fengin óyggjandi víska um andlát eiginmannsins, treysti presturinn sér ekki til að gefa Margréti og Nikulás saman í hjónaband, án þess að ráðfæra sig við biskup, enda var héraðið prófastslaust. Af bréfum séra Björns Þorgrímssonar er ljóst, að hann hafði fullan hug á, að þau Margrét og Nikulás yrðu gefin saman sem fyrst, bæði vegna þess að þá væri Margréti og börnum hennar þremur tryggð framfærsla og ekki síður, að ef þeim Margréti og Nikulási yrði stíað í sundur, gæti svo farið, að hún og börn hennar færu á sveitina og hún tæki sér annan sambylísmann, eða eins og séra Björn orðaði það: „Verða má og, að Margrét hafi ei meiri bindindisgáfu en svo, að þá Nikulás væri frá henni skilinn, og undir eins börnum hennar öllum og sjálfri henni hleypt upp á sveit, yrði hún ekki hraust til mótvagnar, ef önnur viðlík freistni fyrirfélli.“ Ekki er kunnugt, hvernig Hannes Finnsson biskup svaraði málaleitan séra Björns Þorgrímssonar, en í prestsþjónustubók Setbergsprestakalls árið 1789 segir á þessa

leið: „Júní 7. trúlofað með vinnumanni Nikulási Þorsteinssyni 27 ára og hús-móður hans Margrėti Þórðardóttur á Móabúð Bárarplássi 42 ára. Bæði eru les-andi öreigar. Samangefin upp á hreppstjóra samþykki.“ Hinn 7. júlí sama ár voru þau Nikulás og Margrét „að 3 lýsingum gengnum opinberlega saman-vígð“.⁴⁵

Konungsverslunin síðari (1774–1787) var landsmönnum að mörgu leyti hag-stæð, enda gerði danska stjórnin sér far um að bæta verslunarkjörin og greiða fyrir atvinnuvegum landsmanna og horfði ekki í kostnaðinn, þegar um það var að ræða. M.a. skyldu kaupmenn framvegis hafa vetursetu á öllum höfnum og versla bæði sumar og vetur. Til eru í Kaupmannahöfn verslunarbækur úr Grundarfirði frá árunum 1759 og 1784, frá tímum konungsverslunarinnar fyrri og síðari. Árið 1759 stóð kaup tíð frá því í júlí og fram í september, þ.e. u.þ.b. tvo mánuði, en árið 1784 var verslunin opin allt árið, og gátu Eysrveitungar verslað eftir þörfum hverju sinni. Var að því mikið hagræði, eins og að líkum lætur. Í tíð konungsverslunarinnar síðari var lögð sérstök áhersla á að ýta undir atvinnuvegi landsmanna og verðlaunum heitið úr verslunarsjóði fyrir ýmislegt þar að lútandi, því að nú var sú stefna tekin upp að hvetja menn til alls konar framkvæmda með fyrirheitum um verðlaun. Bæði af þessu og ýmsu öðru, svo sem nýjum húsbyggingum á flestum höfnum og auknum aðflutningum á mat-vöru og nauðsynjum, en minni aðflutningum á krami og munaðarvöru, sem löngum höfðu þótt arðvænlegri, fór kostnaðurinn af versluninni langt fram úr áætlun, og stórtapaði konungur á henni. Tíð stafaði með fram af því, að er-lendar vörur höfðu hækkað mjög í verði síðan kaupsetningin var gerð árið 1776, svo að ekki svaraði kostnaði að flytja þær og selja við lögmæltu verði, en hins vegar var ekkert viðlit að hækka verð á útlendum nauðsynjum eins og þá áraði á Íslandi. Jafnframt þessu lækkuðu sumar íslenskar afurðir svo í verði um þetta leyti, að verslunarstjórnin varð að setta sig við að selja þær undir inn-kaupsverði, svo sem þrjónles. Þó tók út yfir, þegar Skaftáreldar geisðu sum-arið 1783 og afleiðingar þeirra tóku að gera vart við sig, því að stjórnin taldi það skyldu sína að hlaupa undir bagga með landsmönnum í nauðum þeirra og gerði það mjög drengilega, án þess að horfa nokkuð í kostnaðinn. Sendi hún aukafarma af matvöru til Íslands sumarið 1784 til útbytingar í þeim héruðum landsins, sem verst voru stödd, og lét fiskiduggur verslunarinnar annast flutninga á nauðsynjum milli hafna í stað þess að láta þær ganga á fiskveiðar. Sum-

arið eftir voru sendir aukafarmar af trjáviði til landsins til viðreisnar híbýlum manna eftir jarðskjálftana. Varð svo mikill halli af þessu öllu saman, að verslunarstjórnin sá sér ekki annað fært en að nota lántökuheimild þá, sem veitt hafði verið með reglugerð árið 1781, og stofnaði á rúmum tveimur árum til 267000 ríkisdala skuldar. Þótti einsætt, að þetta gæti ekki haldið áfram, án þess að konungssjóður biði stórtjón og að eitthvað yrði til bragðs að taka. Var því fráðið að skipa nefnd til þess að íhuga rækilega hagi lands og þjóðar og koma fram með tillögur þar að lútandi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að best myndi fara á því að losa svo um einokunarfjötrana á íslensku versluninni, að öllum þegnum Danakonungs yrði heimilað að reka verslun á Íslandi með ákveðnum skilyrðum. Var gert ráð fyrir því, að konungur héldi versluninni áfram óbreyttri til ársloka 1787 og skipuð yrði sérstök nefnd til þess að annast hana, þar til aðrir tækju við, og koma þessum breytingum í framkvæmd.⁴⁶

Frá upphafi einokunarverslunar og fram undir miðja 18. öld voru hafnirnar Grundarfjörður og Kumbaravogur oftast leigðar saman, en þó var Kumbaravogur stundum lagður til Stykkishólms, og var það í rauninni eðlilegra, því að annars áttu ekki nema örfáir bæir verslunarsókn til Kumbaravogs, og þeir voru allir í Helgafellssveit eins og Stykkishólmur. Kaupsvið það, sem fylgdi Grundarfirði og Kumbaravogi í sameiningu, var fremur lítið um sig og strjálbyggt. Náði það yfir Eyrarsveit og litla sneið af Helgafellssveit (þ.e. Bjarnarhafnar-sókn), og skildi Berserkjahraun að kaupsvæði Grundarfjarðar og Kumbaravogs annars vegar og Stykkishólms hins vegar, eins og áður sagði. Í meðalári gerði ekki betur en að farmur fengist í eitt skip af báðum höfnunum. Kumbaravogur er á nesi fram af bænum í Bjarnarhöfn, og var þar fyrr á öldum rekin allmikil verslun. Höfnin þar var stundum kölluð Landoch, þ.e. Landey, eftir samnefndri eyju, sem þar er. Öðru hverju lá verslun niðri í Kumbaravogi. Þannig var þess getið í annálum, að verslun þar hefði verið lögð niður sumarið 1662 og verslunarstaðurinn verið fluttur til Grundarfjarðar. Ekki stóð það lengi, því að Kumbaravogs er getið oft eftir það í sambandi við Grundarfjörð, síðast árið 1733, þegar Félag lausakaupmanna tók við versluninni hér á landi, en þá var sýslumanninum í Snæfellsnessýslu falið að hafa eftirlit með versluninni í Grundarfirði og Kumbaravogi, eins og áður hefur komið fram. Bendir það til þess, að verslun hafi verið í Kumbaravogi þau ár, sem Félag lausakaupmanna rak verslun hér á landi, 1733–1743, en eftir að Hörmangarafélagið tók við versl-

Verzlunin gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs

Þegar leið á 18. öld, urðu ýmsir til að fjalla um breytingar á versluninni hér á landi og koma með tillögur í þá veru. Meðal þeirra var Hans Becker lögmaður, sem lagði til árið 1736, að stofnaðir yrðu fimm kaupstaðir í landinu, en öll önnur kauptún lögð niður. Hann byggði tillögur sínar á uppkasti að áætlun, sem þeir Árni Magnússon og Páll Vídalín höfðu gert í byrjun 18. aldar um framtíðarskipan íslensku verslunarinnar. Becker taldi Hafnarfjörð best fallinn til að vera höfuðstaður landsins, en hina kaupstaðina vildi hann láta vera í Grundarfirði, á Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði. Alla aðra verslunarstaði vildi hann láta afnema. Skúli Magnússon landfógeti kom fram með tillögur í svipuðum dúr sumarið 1757. Hann vildi draga verslunina hér á landi sem mest undir ákveðnar hafnir, sem lægu best við, svo sem Reykjavík sunnanlands, Grundarfjörð við Breiðafjörð, einhverja eina höfn á Vestfjörðum, Akureyri norðanlands og Eskifjörð eystra, en leggja þó upp nauðsynjavörur á hinum höfnunum og taka þar fisk, lýsi og kjöt eftir þörfum og hentugleikum.⁴⁸

Ástæða þess, að bæði Hans Becker og Skúli Magnússon nefndu báðir Grundarfjörð sem hugsanlegan kaupstað, var vafalaust sú, að Grundarfjörður er miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi. Þess vegna var Grundarfjörður ofarlega í huga þeirra, sem fjölluðu um breytingar á versluninni á 18. öld. Þegar verslunin hér á landi var gefin frjáls öllum þegnum Danakonungs árið 1786, jókst vegur Grundarfjarðar að mun frá því sem verið hafði á einokunartímanum. Þá var ákveðið, að þar skyldi vera einn þeirra sex kaupstaða, sem stofnaðir voru um leið og verslunin var gefin frjáls. Hinir voru Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar. Grundarfjörður þótti vel í sveit settur sem kaupstaður miðsvæðis á Vesturlandi. Þar var ágæt höfn frá náttúrunnar hendi. Að vísu var Grundarós ekki nothæfur sem vetrarlægi fyrir hafskip, heldur aðeins fyrir stóra báta. Ágætt vetrarlægi var hins vegar í Kolgrafafirði og auðvelt að notast við það vegna nálægðarinnar við Grundarfjörð.⁴⁹

Með úrskurði konungs hinn 18. ágúst 1786 og auglýsingu sama dag voru kaupstaðarréttindi kaupstaðanna sex ákveðin og verslunin gefin frjáls öllum þegnum konungs frá 1. maí 1787. Hinn 17. nóvember 1786 gaf konungur út nánari tilskipun um kaupstaðina sex: „Tilskipun um fríheit kaupstaðanna á Íslandi.“ Helstu ákvæði tilskipunarinnar voru þessi:

- 1) Öllum þeim, sem meðkenna kristilega trú, skal í þessum kaupstöðum veitast fullkomið umburðarlyndi, og leyfast frjáls og óhindruð guðsþjónustugjörð, til hværrar jafnvel þeir Reformeðu, eptir ásigkomulagi, vænta megu leyfis til kirkjubyggingar.
- 2) Borgarar kaupstaðanna megu í 20 ár fríteknir vera fyrir manntalsskatti, tolli og öðrum útlátum til ríkisins þjónustu, og skulu því einúngis bera almenn nauðsynja-þýngsli, sjálfum býnum til nota.
- 3) Borgarar kaupstaðanna megu og ásamt öðrum innbyggendum landsins fríteknir vera fyrir þann 1/2, sem borgast í skatt fyrir hvert hundrað af þeim peningasummum, er þeir setja kunna út uppá rentu; líka og fyrir því, að brúka stimplaðan pappír.
- 4) Þann part af landslóðinni, sem við þarf til sérhvers kaupstaðar, og aðrir eigu, má á Vorn kostnað kaupa af eigendunum, og hinn, er Vér eigum, má allranáðarsamlegast gefast til sömu þarfa, þegar fyrst er búið að mæla plázið og ákvarða með gjörð einni þar um, er síðan skal hingað senda; og má bæði norskt timbur og annað byggingarefni til fyrsta tilbúnaðar kaupstaðanna á Íslandi frítekið vera fyrir útfærslutolli frá Danmörku, Norvegi og furstadæmunum, og eins innfærslutolli á Íslandi. Líka megu þeir, sem vilja taka sér bólfestu og byggja hús í enum íslenzku kaupstöðum, auk þess vænta sér frekari hjálpar eptir kringumstæðunum.
- 5) Byggíngastæðum skal gefins útskipta, á þann hátt, að þau séu eigi of náið hvert öðru, og að pláz nokkurt til lítills jurtagarðs geti, ef mögulegt er, fylgt sérhverju húsi.
- 6) Hverjum þeim, sem beiðist af staðarins yfirvaldi, skal gefins veita borgararétt; þó skal hann láta nafn sitt skrifa í borgarabókina og sverji síðan borgaræið, og skal yfirvald staðarins til merkis hérum veita honum borgarabréf, er engu borgist, nema einúngis með venjulegum skrifaralaunum.
- 7) Hið sama skal eins gilda um hvern þann framanda, er koma kynni til landsins til þess að taka sér bólfestu í stöðunum. Þó skulu þeir, undireins og þeir koma til landsins, gefa það til kynna, og sverja oss hollustu-eið, séu þeir eigi áður þegnar Vorir; og skal slíka framandi úr því álíta sem þá, er með borgarabréfinu öðlazzt hafi jafnan rétt með innfæddum þegnum Vorum. ...
- 10) Ásampt borgara-réttinum öðlazzt sérhver borgari fullan rétt til að stunda allsháttar kaupstaða-næringu; þó megu handverksmenn eigi hafa kaupverzlun aðra í

frammi, en tilgreint verður í eptirfylgjanda 16. pósti; sömuleiðis skal brennivíns-brennsla öldungis bönnuð vera, og eins gesta-veitingar, nema með sérlegu amtmanns leyfi.

- 11) *Sérhver borgari í stöðunum má hafa rétt til að kaupa sér svo mikið jarðagóz á Íslandi, sem hann vill og getur, hver helzt trúarbrögð hann hafa kynni.*
- 12) *Þarfir handsverksmenn megu vænta sér hæfilegra náðarveitinga, vili þeir setjast að í stöðunum og eins megu þeir vænta hér um frekari skýrslu hjá hlutaðeigandi collegio.*
- 13) *Sérhver handverksmaður má eiga fullan rétt til að stunda handverk sitt sem meistari á stöðunum, og ef nokkur útlærður sveinn setur bú sem meistari í einhverjum íslenskum kaupstað, megu þeir, sem læra út hjá honum, allan sama rétt eiga í öðrum skattlöndum vorum, sem ákvarðað er um hina minni kaupstaði í tilliti til Vars konúnglega aðsetustaðar Kaupmannahafnar.⁵⁰*

Samkvæmt áðurnefndri reglugerð náði kaupstaðarumdæmi Grundarfjarðar frá Hvítá og að Bjarnarnúpi á Barðaströnd, þ.e. það spannaði yfir Mýrasýslu, Hnappadalssýslu, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu og Barðastrandarsýslu að Bjarnarnúpi. Íbúar í kaupstaðarumdæmi Grundarfjarðar voru 7438 árið 1791 og 8187 árið 1801. Á fyrstu tveimur áratugum fríhöndlunar (1787–1807) voru auk Grundarfjarðarkaupstaðar sex úthafnir í kaupstaðarumdæminu: Straumfjörður á Mýrum, Búðir, Arnarstapi, Ólafsvík, Stykkishólmur og Flatey. Þegar leið á fríhöndlunartímabilið, voru Straumfjörður og Arnarstapi teknir úr tölu verslunarstaða. Kaupstaðirnir sex áttu að vera miðstöðvar verslunar, útgerðar og iðnaðar hver í sínum landshluta. Auk þess áttu þeir að vera aðsetur ýmissa opinberra embættismanna og stofnana. T.d. var gert ráð fyrir því, að amtmaðurinn í nýstofnuðu Vesturamti settist að í Grundarfjarðarkaupstað. Með konungsúrskurði 6. júní 1787 var Ólafur Stephensen skipaður amtmaður í Vesturamti með aðsetri í Grundarfirði, en þegar til kastanna kom, þótti stjórnvöldum of dýrt að byggja yfir amtmann í Grundarfirði. Hafði Ólafur Stephensen amtmaður því aðsetur á eignarjörð sinni Ytra-Hólmi.⁵¹

Kaupstaðarlóðin í Grundarfirði

Verslunarstaðurinn í Grundarfirði var frá fornu fari í landi jarðarinnar Grund-

ar, sem var eign Setbergskirkju, við botn fjarðarins suðaustanverðan. Verslunarhúsin stóðu á gróðurlausum malarkambi, sem var að nokkru leyti aðskilinn frá landi af Grundará og svonefndu Síki. Malarkambur þessi er ýmist kallaður Grundarkambur eða Grundarkampur í heimildum, og er síðara nafnið algengara. Í áðurnefndri tilskipun um kaupstaðina frá 17. nóvember 1786 var mælt fyrir um, að þeim skyldu mældar út sérstakar lóðir, og bar konungi að sjá kaupstöðunum fyrir nauðsynlegu landrými. Í samræmi við þetta ákvæði lagði Levetzow stiftamtmaður hinn 3. janúar 1787 fyrir Jón Arnórsson, sýslumann í Snæfellsnessýslu, að mæla upp þann hluta jarðarinnar Grundar, sem hann teldi nauðsynlegan undir byggingarsvæði og matjurtagarða í hinum nýstofnaða Grundarfjarðarkaupstað, og lýsa honum. Einnig átti sýslumaður að láta gera uppdrátt af kaupstaðarlóðinni, ef unnt væri, og reyna að komast að samkomulagi við séra Björn Þorgrímsson á Setbergi um leigu fyrir kaupstaðarlóðina.⁵²

Sýslumaður ritaði séra Birni bréf 5. mars og lét þar í ljós þá skoðun, að leggja bæri alla jörðina Grund ásamt túni, engjum og úthaga til kaupstaðarlóðar. Spurðist hann fyrir um það, hve háa lóðarleigu séra Björn vildi fá fyrir afnot af landi Grundar. Í svarbréfi prófests 26. mars 1787 kvaðst hann ekki geta svarað þessu afdráttarlaust, enda væri Grund ekki eign sín, heldur Setbergsprestakalls og því ekki í sínu valdi að ráðstafa jörðinni undan Setbergsprestakalli „til ævarandi kaupstaðarbrúkungunar“ án samþykkis yfirboðara sinna. Ekki var séra Björn heldur reiðubúinn til að kveða upp úr með það, hve mikla árlega lóðarleigu hann myndi gera sig ánægðan með fyrir landsvæði það, sem yrði mælt út til byggingarsvæðis og matjurtagarða, enda ekki ljóst, hve stórt það yrði. Hann taldi ástæðulaust að fara sér óóslega, enda óvíst með öllu, hve mikil verslun yrði stunduð í kaupstaðnum, eða hvort „þeir tilkomandi Fríhöndlunarmenn“ vildu ganga að þeim skilmálum, sem hann setti í þessu efni. Þá dró hann í efa, að allri kaupstaðarlóðinni yrði úthlutað fyrsta árið. Séra Björn var eindregið andvígur því, að allt Grundarland yrði lagt undir kaupstaðarlóðina. Hann benti á, að engjar þær í Grundarbotni, sem voru í eigu Setbergs, væru prestakallinu ómissandi, því að það væri eina engið í eigu Setbergs, sem gæfi af sér hagfellt fóður handa sauðfénaði og styrkti þar að auki mjög til selstöðu að sumarlagi. Gæti staðurinn alls ekki verið án engisins í Grundarbotni, því að á Setbergi væri því nær ekkert beitiland. Þrátt fyrir þessa fyrirvara kvaðst prófastur ekki hafa á móti því, að kaupstaðarlóðin yrði mæld út, en kvaðst að svo

stöddu ekki vilja fallast á, „eða firr enn útþrykkelegra háyfirvaldanna boðorð tilkemun,“ að nokkur spilda í Grundarlandi yrði útmæld til akurlendis ábúendum Grundar til þyngsla eða þrengsla.⁵³

Hinn 13. apríl 1787 hélt Jón Arnórsson sýslumaður til Grundarfjarðar til að mæla út kaupstaðarlóðina. Viðstaddir voru sex bændur úr Eyrarsveit, þeir Jón Helgason í Neðri-Lág, Helgi Steindórsson í Hellnafelli, Egill Egilsson í Gröf, Þórður Gunnlaugsson í Kirkjufelli, Guðmundur Einarsson á Grund og Guðmundur Jónsson á Hömrum, og séra Björn Þorgrímsson prófastur á Setbergi. Samkvæmt fyrirmælum stiftamtmanns átti að mæla upp svæði það, sem verslunarhúsin stóðu á, og lóð hins nýja kaupstaðar ásamt fiskverkunarsvæði og geymslusvæði fyrir vörur. Svæði það, sem verslunarhúsin stóðu á, var malar-spilda, sem afmarkaðist af sjónum að norðanverðu og að suðaustanverðu af Grundará og svokölluðu Síki fyrir ofan verslunarhúsin. Þetta svæði var sam-síða ferhyrningur 105 álnir á lengd og 69 álnir á breidd. Jón Arnórsson sýslumaður mældi út malarspildu, sem álitin var nauðsynleg fyrir byggingar- og geymslusvæði, og var hún 687 álnir á lengd og 96 á breidd. Var breiddin miðuð við breidd malarkambsins, en þess var getið í mælingargerðinni, að stærð þessarar spildu væri sífelldum breytingum undirorpin af völdum sjávar og stækkaði ýmist eða minnkaði. Á þessu svæði var ógjörningur að gera matjurtagarða. Fyrir ofan Síkið var þríhyrnd landspilda, sem afmarkaðist á eina hlið af Grundará. Grunnlína þessa þríhyrnda svæðis var 267 álnir og falllína þess 525 álnir. Að mati úttektarmanna var þessi spilda hentug fyrir matjurtagarða, því að jarðvegur var þar gljúpur. Tún og engi kirkjujarðarinnar Grundar voru mýrlend, grýtt og sundurskorin af smálækjum, sem runnu ofan úr fjallinu. Að auki var túnið þýft með þunnri jarðskorpu. Að áliti úttektarmanna gat einn bóndi framfleytt sér með góðu móti á jörðinni. Sýslumaður innti séra Björn Þorgrímsson eftir því, hve háa lóðarleigu og hafnartoll hann áskildi sér fyrir afnot af svæði því, sem útmælt hafði verið og verslunarhúsin stóðu á. Kvaðst prófastur ekki gera sig ánægðan með minna en 50 ríkisdali á ári fyrir sjálfa lóðina, fiskverkunarsvæðið og alls kyns átroðning á jörðinni af völdum þeirra, sem væru í kaupstaðarerindum. Þó undanskildi séra Björn strandréttindi. Með mælingargerð sinni lét sýslumaður fylgja uppdrátt af Grundarfirði, sem er sagður vera frá árinu 1784. Er hann að öllum líkindum eftir einhvern af skipstjórum konungsverslunarinnar síðari.⁵⁴

Staðarhaldarinn á Setbergi hafði um langan tíma fengið greidda eina vætt fiskjar í lóðarleigu fyrir verslunarstaðinn á Grundarkampi, en breyting varð á þessu árið 1776, þegar verslunarstjóri konungsverslunarinnar í Grundarfirði neitaði að greiða meira en fjóra ríkisdali. Sem staðarhaldara bar séra Birni Þorgrímssyni prófasti að innheimta lóðarleigu af kaupmönnum, sem versluðu í Grundarfirði. Yfirleitt gekk það vel, og má sem dæmi nefna, að sumarið 1788 borgaði Den Lysholmske Handels Contoir í Þrándheimi prófasti 7 ríkisdali í lóðarleigu og að auki „Douceur“ að upphæð 12 ríkisdalir og 92 skildingar. Virtist þar vera um að ræða hlutfall af veltu fyrirtækisins. Það rak verslun í Grundarfirði sumrin 1787 og 1788, eins og greint verður frá síðar.⁵⁵

Séra Birni gekk hins vegar öllu verr að innheimta lóðarleigu af verslunarfyrirtækinu Heinrich van der Smisens Söhne í Altona, sem hóf verslun í Grundarfirði vorið 1788. Hann ritaði fyrirtækinu bréf í ágúst sama ár og seldi því sjálf-dæmi um, hvað það vildi borga í lóðarleigu. Fyrirtækið svaraði í mars 1789 og kvaðst hafa falið verslunarstjóra sínum í Grundarfirði, Michael Ahlmann jr., að komast að samkomulagi við séra Björn. Ekki gekk saman með honum og prófasti, og sneri sá síðarnefndi sér til Ólafs Stephensens amtmanns og spurðist fyrir um það, hvað væri sanngjarnt að krefjast af umræddu verslunarfyrirtæki í lóðarleigu fyrir krambúð þess og verslunar- og fiskverkunarpláss í hlutfalli við það, sem Den Lysholmske Handels Contoir hafði greitt af fúsum og frjálsum vilja árið áður. Ólafur amtmaður treysti sér ekki til að kveða upp úr með það, hve háa lóðarleigu verslunarfyrirtækinu frá Altona bæri að greiða, en kvað engan vafa leika á, að því bæri að greiða sanngjarna leigu fyrir afnotin af kaupstaðarlóðinni, og kvaðst ekki draga í efa, að séra Björn kæmist að samkomulagi við Ahlmann um þetta. Að öðru leyti benti amtmaður á, að hlutaðeigandi sýslumaður ætti að sjá til þess, að málsaðilar næðu samkomulagi, sem báðir gætu unað við.⁵⁶

Á sömu lund fór, þegar séra Björn reyndi að innheimta lóðarleigu af Halli Þorkelssyni kaupmanni, að ekki gekk saman með þeim, og varð prófastur því aftur að leita ásjár Ólafs Stephensens amtmanns. Lagði hann fyrir Hall að borga séra Birni 3 ríkisdali og 72 skilinga í lóðarleigu fyrir verslunarhús hans, í staðinn fyrir hina venjulegu 4 ríkisdali í leigu af kaupstaðarlóðinni á Grund. Þessa upphæð greiddi Hallur í september 1789 Setbergskirkju fyrir hönd sölunefndar eigna konungsverslunarinnar. Þrátt fyrir afskipti amtmanns af þessu máli

tregðaðist Hallur Þorkelsson við að greiða lóðarleiguna árið eftir, og sneri séra Björn sér þá enn á ný til Ólafs amtmanns og bað hann hlutast til um, að Hallur greiddi lóðarleiguna af verslunarlóðinni. Bar það þann árangur, að Hallur greiddi sömu upphæð og árið áður.⁵⁷

Nú leið að því, að séra Björn Þorgrímsson þurfti ekki lengur að hafa áhyggjur af innheimtu lóðarleigunnar. Um miðjan október 1788 hreyfði Ólafur Stephensen amtmáður þeirri hugmynd við séra Björn, að konungur keypti kirkjújörðina Grund í makaskiptum og að hún yrði lögð til hins nýstofnaða Grundarfjarðarkaupstaðar. Prófasturinn tók dræmt í þessa hugmynd, og taldi hann, að af því myndi hljótast töluvert óhagræði fyrir eiganda Grundar, Setbergskirkju, staðarhaldara (beneficiarius) og landseta. Benti hann m.a. á, að jörðin Grund væri mitt í órofinni röð jarða í eigu kirkjunnar og prestakallsins, og væri það staðarhaldara að öllu leyti til hæginda og gagns. Auk landskuldar og kúgildaleigu fékk staðarhaldari torf úr Grundarlandi til að refta prestssetrið og til að breiða á heysátur, en í staðinn fékk ábúandi Grundar að taka mó í landi Setbergs. Þar að auki fengu fjórir af leiguliðum Setbergskirkju og staðarhaldari sjálfur aðgang að beitarlandi Grundar gegn lágu gjaldi og höfðu jafnvel í seli þar. Þá benti séra Björn á, að mitt á milli bæjanna Grundar og Kvernár væri landspilda í eigu Setbergs, og væri hún eini úthagi kirkjunnar, sem að gagni kæmi við heyöflun. Eins og segir hér að framan, fékk Setbergskirkja greidda 4 ríkisdali á ári í lóðarleigu, og taldi séra Björn, að Setbergskirkja og leiguliðar hennar myndu missa stóran spón úr aski sínum, ef Grund hyrfi úr eigu Setbergsprestakalls. Samt sem áður féllst prófastur á, að höfð yrðu makaskipti á Grund annars vegar og konungsjörðunum Vatnabúðum og Skallabúðum hins vegar. Grund var metin á 20 hundruð, en hinar jarðirnar tvær á samtals 24 hundruð, og taldi séra Björn, að Setbergskirkja slyppi skaðlaus að mestu leyti, ef þessi makaskipti næðu fram að ganga.⁵⁸

Í bréfi til rentukammers 29. júlí 1789 dró Ólafur Stephensen amtmáður í efa, að tímabært væri að hafa makaskipti á Grund og Vatnabúðum og Skallabúðum, því að fyrir utan Michael Ahlmann jr., verslunarstjóra fyrirtækisins Heinrich van der Smissens Söhne, hefðu einungis tekið sér bólfestu í Grundarfirði hattagerðarmaður og snikkari. Síðan hefði það hins vegar gerst, að garðyrkju- maður og rennismiður auk Daníels Ditlevs Plum assistents hefðu sótt um borgararéttindi, og mætti lífa svo á, að tímabært væri orðið, að umrædd makaskipti

færu fram, einkum ef fleiri kaupmenn eða iðnaðarmenn létu í ljós áhuga á að setjast að í Grundarfirði. Einnig taldi amtmaður, að ógjörningur væri að koma á fót kaupstað í Grundarfirði, nema að jörðin Grund yrði lögð til kaupstaðarlóðar. Óskaði hann eftir því við rentukammerið haustið 1789, að ráðist yrði í makaskiptin, svo að lóð undir Grundarfjarðarkaupstað yrði fyrir hendi.⁵⁹

Í samræmi við það fyrirheit í kaupstaðatilskipuninni frá 17. nóvember 1786, að konungur mundi sjá kaupstöðum fyrir nauðsynlegu landrými, féllst rentukammerið á tillögu Ólafs Stephensens amtmanns í bréfi 2. febrúar 1790, og var gengið formlega frá makaskiptunum 20. apríl sama ár með skjölum, sem Ólafur Stephensen, amtmaður á Innra-Hólmi, fyrir hönd rentukammers og séra Björn Þorgrímsson á Setbergi fyrir hönd Setbergskirkju undirrituðu sitt í hvoru lagi, en vitundarvottar voru borgararnir Hafliði Helgason og Bjarni Magnússon í Grundarfirði. Samkvæmt úrskurði rentukammers bar séra Birni að borga þinglýsingu makaskiptabréfsins á Vatnabúðum og Skallabúðum, en þinglýsingu Grundar átti að borga af þeim peningum, sem lóðarhafar á kaupstaðarlóðinni greiddu í leigu. Samkvæmt fyrirmælum stiftamtmanns innheimti Finnur Jónsson sýslumaður 80 skildinga af ábúanda Grundar til að borga þinglýsinguna sumarið 1792. Í áður nefndu bréfi rentukammers til amtmanns 2. febrúar 1790 var einnig lagt fyrir hann að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að þeir borgarar, sem fyrstir settust að í Grundarfjarðarkaupstað, sölsuðu undir sig kaupstaðarlandið, en brögð þóttu hafa orðið að því í Reykjavík. Um leið og gengið var frá makaskiptunum hinn 20. apríl 1790 og jörðin Grund var lögð til kaupstaðarlands í Grundarfirði, lagði Ólafur Stephensen amtmaður fyrir Jón Arnórsson sýslumann að gera tillögu um, í hve marga hluta væri unnt að skipta kaupstaðarlóðinni í Grundarfirði ásamt túnnum og útengjum, þannig að þáverandi borgarar í kaupstaðnum og þeir, sem síðar kynnu að setjast þar að, gætu notið góðs af og það gæti eftir hag þeirra og kaupstaðarins. Jafnframt var sýslumanni falið að ákveða sanngjarnt afgangjald af hverjum reit, sem kaupstaðarlóðinni var skipt í, og skyldi það renna í sjóð kaupstaðarins.⁶⁰

Jón Arnórsson sýslumaður hélt til Grundarfjarðar 2. nóvember 1790 þessara erinda, og voru honum til aðstoðar og ráðuneytis þrír bændur úr Eyrarsveit, Hrómundur Jónsson hreppstjóri, Egill Egilsson og Jón Jónsson. Viðstaddir voru borgarar kaupstaðarins, þeir Bjarni Magnússon, Hallur Þorkelsson og Hafliði Helgason fyrir hönd Michaels Ahlmann jr. Sýslumaður og bændurnir

Þrír komust að þeirri niðurstöðu, að jörðin Grund gæti með góðu móti borið sjö kúgildi, eins og ástand hennar var þá. Þeir tóku einnig fram, að á hverju ári yrði tjón á jörðinni af völdum lækja, sem rynnu ofan úr fjallinu. Matsmennirnir töldu, að borgararnir yrðu að hafa til afnota beitarland, sem svaraði tveimur kýrfóðrum, annað handa hesti og hitt handa mjólkurkú, sem þeir yrðu að hafa heimilum sínum til framdráttar. Að því er varðaði afgangur af þessum tveimur kýrfóðrum, töldu matsmennirnir sanngjarnt að hver borgari greiddi 1 ríkisdal og 20 skildinga á ári miðað við, að afgangur af Grund hafði frá fornu fari verið eitt hundrað á landsvísu. Samkvæmt þessu var kaupstaðarlóðinni skipt í þrennt milli áður nefndra borgara í kaupstaðnum.⁶¹

Þessi skipting gekk þvert á það, sem rentukammerið hafði ætlast til, enda kvaðst Ólafur Stephensen amtmaður í bréfi til rentukammers 3. febrúar 1791 alls ekki geta fallist á hana. Hann sagðist vera þeirrar eindregnu skoðunar, að úr því að heimajörðin bæri sjö kýr, ætti að skipta henni í jafnmarga hluta og leiga fyrir hvern hluta skyldi vera 1 rdl. og 32 skildingar. Úthaganum væri hins vegar hægt að skipta í miklu fleiri hluta. Rentukammerið féllst ekki á þá tillögu amtmanns að skipta kaupstaðarlóðinni í sjö hluta og lagði fyrir hann að láta skipta henni á ný og í ekki færri en 10 hluta. Heimajörð Grundar og úthögum og kaupstaðarlóðinni var skipt á ný í samræmi við fyrirmæli rentukammersins dagana 19. júní og 2. júlí 1792. Finnur Jónsson sýslumaður annaðist skiptinguna ásamt sex mönnum úr sveitinni, sem voru honum til aðstoðar. Þeir voru Guðmundur Einarsson og Guðmundur Jónsson í Stekkjartröð, Jón Jónsson eldri og Jón Jónsson yngri á Hömrum, Egill Egilsson í Gröf og Sigurður Bjarnason í Vindási. Samkvæmt skipun stiftamtmanns frá 26. maí 1792 bar þeim ásamt sýslumanni að skipta heimajörðinni í 10 hluta og úthaganum í fleiri hluta og ákveða fast afgangur fyrir hvern skika, sem renna skyldi til kaupstaðarins.⁶²

Skipting heimajarðarinnar og úthagans fór fram 19. júní 1792. Að austanverðu afmarkaðist heimajörðin af fjallinu Mön, að vestanverðu af Grundará og að sunnan- og norðanverðu af lækjum, sem runnu úr Mön í Grundará. Heimajörðinni var skipt frá suðri til norðurs í 10 skika, og var hver þeirra 10 faðmar að vestanverðu og sjö faðmar að austanverðu. Lengd hvers skika frá vestri til austurs var mismunandi, á bilinu 110-120 faðmar. Skikarnir 10, sem heimajörðinni var skipt í, voru afmarkaðir á þann hátt, að við mörk hverrar spildu að vestanverðu var graf-in hola og frá henni mörkuð lína í átt til fjallsins Manar í austurátt með holum.

Auk hinna 10 skika, sem heimajörðinni var skipt í, voru þrjár aðrar spildur þar. Ein þeirra var kölluð Hattamakapláss, áður Þinghúseyri, og vissi í norður. Að sunnanverðu var hún afmörkuð af læknum við heimajörðina, að norðanverðu af læk, sem nefndist Þinghúslækur, að vestanverðu af Grundará og að austanverðu af nokkrum hólum á móts við fjallið Mön. Þá var mýrlend spilda að suðvestanverðu, sem nefndist Veita. Af henni fengust í meðalári fimm hestar af heyi. Þriðja spildan var sunnan við heimajörðina, og nefndist hún Stekkjartún. Þar fengust fjórir hestar af heyi í meðalári. Þessum spildum var skipt þannig, að Stekkjartún var lagt til spildu nr. 6. Hattamakaplássi var skipt jafnt milli nr. 7 og 8, og Veita var lögð til spildu nr. 9. Spildurnar 10, sem heimajörðinni var skipt í, voru nokkuð misjafnar að gæðum, og því var árlegt afgjald fyrir þær ákveðið á bilinu 48–64 skildingar.

Þessu næst var tekið fyrir að skipta úthagnum. Hann var þétt við og suður frá heimajörðinni, og afmarkaðist að norðanverðu af litlum mosagrónum hól, sem kallaður var Holt og skildi úthagann frá heimajörðinni og lá beint frá Tuttuguálnaenglæk að vestanverðu til Manar að austanverðu. Að sunnanverðu afmarkaðist úthaginn af fjallgarði, sem lá í suðvestur frá Mön, að vestanverðu sumpart af Tuttuguálnaenglæk og sumpart af Grundará (þar sem hún hafði runnið áður fyrr, en farvegur hennar hafði breyst) og að austanverðu af fjallinu Mön. Úthaginn virtist vera mjög gott graslendi, þó að hann væri sums staðar þakinn mól og smásteinum, sem höfðu bæði runnið úr fjallinu og borist með litlum lækjum, sem runnu þaðan og yfir úthagann. Matsmennirnir álitu, að best væri að skipta úthagnum með framræslu.

Úthagnum var skipt eins og heimajörðinni frá suðri til norðurs í 15 spildur, þannig að fyrst var Grundará fylgt og síðan Tuttuguálnaenglæk, en hann skildi að land Grundar og lítið engi, sem var í eigu Setbergs. Spildurnar 15 voru afmarkaðar á sama hátt og spildurnar á heimajörðinni, þannig að við mörk hvernar spildu var grafin hola að vestanverðu við Grundará og Tuttuguálnaenglæk og frá henni mörkuð lína í austurátt til fjallsins Manar. Spildunum 15 var lýst nánar á þessa leið:

Nr. 1 lá frá Grundarfossi (einnig kallaður Írafoss) til Byrgisbarðs í fjallinu og þaðan bein lína í merkjastein við Grundará.

Nr. 2 frá Byrgisbarði að Grafarlæk og þaðan bein lína í merkjasteina við Grundará.

Nr. 3 frá Grafarlæk til Rana, en þaðan ákvarðaði Silungakvísl línu að Grundará.

Nr. 4 frá Silungakvísl að Skriðuá milli fjallsins og Grundarár.

Nr. 5 frá Skriðuá að Hólmalæk milli Grundarár og Skriðanna.

Þetta svæði í heild var nefnt *milli Rana og ár með hólmunum*.

Nr. 6 frá Tuttuguálnaengi að Tuttuguálnaenglæk og merki því, sem þar er. Þaðan bein lína í gegnum miðja Brandsmóa til Lönguskriðu í fjallinu Mön.

Nr. 7 frá merkinu við Tuttuguálnaenglæk í næsta merki við sama læk og þaðan bein lína til næstu skriðu í Mön, sem nefnist Stóraskriða.

Nr. 8 frá merkinu í nr. 7 við lækinn í næsta merki við sama læk og þaðan bein lína í Lækjarhvamm, sem er við rætur fjallsins Manar.

Nr. 9, 10, 11, 12, 13 og 14 var ekki unnt að afmarka nánar en með merkjasteinum við Tuttuguálnaenglæk og línunum, sem lágu frá þeim til fjallsins Manar.

Nr. 15 frá merkjasteini í nr. 14 við Tuttuguálnaenglæk í læk, sem nefnist Torfholtslækur við lítið stöðuvatn, sem er í suðvestur frá heimajörðinni, og þaðan bein lína, sem ákvarðast af Torfholti, til Manar.

Allar þessar spildur voru álitnar vera svipaðar að gæðum, og var afgjald fyrir þær ákveðið 18 skildingar á ári.

Þegar hér var komið sögu, var dagur kominn að kvöldi, og þar eð sýslumaður hafði skyldum að gegna annars staðar næstu daga, ákvað hann að fresta skiptingu kaupstaðarlóðarinnar til 2. júlí. Þá tók sýslumaður upp þráðinn að nýju ásamt aðstoðarmönnum sex. Kaupstaðarlóðin sjálf eða það svæði, sem húsin stóðu á, reyndist vera u.þ.b. 105 álnir á lengd og 69 álnir á breidd.

Fyrir austan kaupstaðinn var þríhyrnd spilda með þunnum grassverði, sem afmarkaðist af Grundará og stíflu, sem var kölluð Síki. Grunnlína hennar var u.þ.b. 267 álnir og falllína 525 álnir. Spilda þessi var notuð sem bithagi fyrir hesta fólks í kaupstaðarferð, og var ákveðið, að hún skyldi vera almenningur kaupstaðarins og var ekki skipt að þessu sinni né ákveðið afgjald af henni frekar en kaupstaðarlóðinni. Fiskverkunarsvæðið fyrir sunnan kaupstaðinn var mælt, og reyndist það vera 175 faðma langt og 33 faðma breitt. Annað fiskverkunarsvæði fyrir norðan kaupstaðinn var 142 faðma langt og sjö faðma breitt. Stærð beggja þessara fiskverkunarsvæða og einkum breidd var breytingum undirorpin vegna ágangs sjávar, og sama máli gegndi um sjálfa kaupstaðarlóðina. Fiskverkunarsvæðin tvö voru eingöngu gerð af grjóti og möl. Þeim var


skipt í samtals 10 spildur, sem voru afmarkaðar með merkjasteinum. Fiskverkunarsvæðinu fyrir sunnan kaupstaðinn var skipt í sjö hluta, þannig að nr. 1 var talið frá kaupstaðnum o.s.frv. Afgjald af hverri spildu var ákveðið 72 skildingar. Fiskverkunarsvæðinu fyrir norðan kaupstaðinn var á sama hátt skipt í þrjá hluta, og var árlegt afgjald ákveðið 56 skildingar.

Séra Sæmundur Hólm, prestur á Helgafelli, gerði uppdrátt af skiptingu heimajarðarinnar, úthagans og kaupstaðarlóðarinnar, og telst það vera fyrsti skipulagsuppdráttur, sem gerður hefur verið hér á landi. Einnig gerði séra Sæmundur teikningu af húsum þeim, sem voru á kaupstaðarlóðinni. Rentukammerið féllst fyrir sitt leyti á skiptinguna með bréfi til stiftamtmanns 15. apríl 1793.

Finnur Jónsson sýslumaður taldi óþarft að skipta sjálfri kaupstaðarlóðinni eða áður nefndu garðlandi fyrirfram. Að hans mati var nægilegt að mæla þar út lóðarskika jafnóðum og væntanlegir íbúar gæfu sig fram, ef eitthvert fólk, sem orð væri á gerandi, settist yfirleitt að í kaupstaðnum. Lét hann í ljós allmiklar efasemdir um það í bréfi til stiftamtmanns í júlí 1792 með skiptingargerðinni og benti á, að eins og sakir stæðu, byggju þar aðeins tveir borgarar. Ef kaupstaðurinn reyndist hins vegar verða annað og meira en nafnið tómt, yrði annaðhvort að gera varnargarð við lóð hans sjávarmegin eða færa hann yfir Síkið inn á áætlað garðland. En samkvæmt skiptingargerð Finns átti það land að vera fyrst um sinn eins konar almenningur kaupstaðarbúa.⁶³

Grundarfjarðarkaupstaður

Þegar verslunin hér á landi var gefin frjáls árið 1787 og Grundarfjörður fékk kaupstaðarréttindi, var verslunarstjóra (Oberassistent) konungsverslunarinnar, Jens Erichsen Mumtoft, gefinn kostur á að taka við rekstri verslunarinnar fyrir eigin reikning, eins og kveðið var á um í tilskipuninni um afnám einokunarverslunarinnar. Hann treysti sér ekki til þess, og því var hún rekin með sama hætti og áður árið 1787. Konungsverslunin var þó ekki ein um hituna þetta ár. Snemma árs 1787 sneru tvö verslunarfyritæki í Þrándheimi sér til sölu nefndar konungsverslunarinnar og fóru þess á leit að fá að takast á hendur verslunina í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík þá um sumarið, og einnig föluðust fyritækin eftir því að fá að kaupa birgðir þær af útflutningsvörum,



Verslunarhús Konungsverslunarinnar síðari í Grundarfirði.

sem voru til á þessum stöðum. Þetta voru fyrirtækin Catherine Meincke og Salig Lysholms Efterfølger. Þó að svo væri látið heita, að hér væri um að ræða tvö fyrirtæki, voru þau í eigu sama aðila, og í raun var þetta sama fyrirtækið. Gekk það almennt undir nafninu Den Lysholmske Handels Contoir, eins og áður hefur komið fram. Lysholm sá, sem það var kennt við, hét fullu nafni Broder Brodersen Lysholm. Hann var fæddur í Flensburg 1734, en varð borgari í Þrándheimi árið 1761 og stofnaði þar verslunarfyrirtæki, sem blómgaðist og dafnaði og varð fljótlega eitt af öflugustu verslunarfyrirtækjum í borginni. Þegar Lysholm lést árið 1772, tók ekkja hans, Catherine Meincke, við rekstrinum og rak fyrirtækið um árabíl af sama skörungsskap og bóndi hennar með fulltingi tengdasonar síns, Johanns Braack ræðismanns. Sölunefnd eigna konungsverslunarinnar gat ekki orðið við erindinu, þar eð umsókn fyrirtækisins barst of seint. Nefndin hafði þegar ákveðið að reka verslunina á þessum stöð-

um sjálf sumarið 1787, en hins vegar taldi hún ekkert því til fyrirstöðu, að Þrándheimsmenn rækju verslun á einhverjum þessara staða á eigin ábyrgð. Fram kom, að þeir ætluðu að senda tvö skip á þessar hafnir, *De Junge Just*, skipstjóri Niels Marstrand, og átti það að koma frá Þrándheimi, en hitt skipið var *Mercurius*, skipstjóri Rolf Greve, og átti það að leggja upp frá Hamborg. Mæltist sölunefndin til þess við rentukammerið, að það léti skipum þessum í té nauðsynleg skilríki og meðmælabréf til yfirvalda á Íslandi.⁶⁴

Niðurstaðan af þessu varð sú, að Norðmennirnir ráku lausaverslun (spekulanthandel) í Grundarfirði sumarið 1787. Fengu þeir til afnota eitt af húsum konungsverslunarinnar á staðnum, en síðar um sumarið reistu þeir hús undir verslun sína. Eins og ráð hafði verið fyrir gert, komu Norðmennirnir til Grundarfjarðar á þeim tveimur skipum, sem nefnd voru í bréfi sölunefndar eigna konungsverslunarinnar til rentukammers. Voru skipstjórar þeirra, áður nefndir Niels Marstrand og Rolf Greve, ásamt John Harle, sem veitti verslun Lysholms í Grundarfirði forstöðu, skírnarvottar, þegar Þóra, dóttir séra Björns Þorgrímssonar á Setbergi og konu hans, Helgu Brynjólfsdóttur, var skírd 8. júlí 1787. Að sögn Ólafs Stephensens amtmanns voru Þrándheimsmenn þægilegir í umgengni við Eysrveitunga, en það orð lék á, að þeir hefðu haft gnægtir brennivíns á boðstólum og skilið eftir birgðir af því í versluninni um veturinn, en hins vegar haft á brott með sér grjón og aðrar nauðsynjavörur.⁶⁵

Fyrstu mánuði ársins 1788 varð lítil breyting á versluninni í Grundarfirði. Í árslok 1787 skrifaði Mumtoft undir nauðsynleg skjöl, þar sem hann tók á sig skuldbindingar vegna reksturs konungsverslunarinnar á staðnum, og hann endurnýjaði ráðningarsamninga starfsmanna verslunarinnar til septemberloka 1788. Þeir voru Lars Hölter beykir og Hafliði Helgason daglaunamaður. Mumtoft fékk borgararéttindi í Grundarfirði í ársbyrjun 1788. Verslunarfyrtæki Lysholms í Þrándheimi rak áfram verslun í Grundarfirði sumarið 1788, og veitti Lösevit skipstjóri henni forstöðu. Hagnaður af versluninni virðist hafa orðið minni en vonir stóðu til, því að þá um sumarið seldi Lösevit allar vörubirgðir verslunarinnar frá árinu áður, vegna þess að ákveðið hafði verið að hætta starfsemi í Grundarfirði. Jacob Severin Plum kaupmaður í Ólafsvík keypti hús það, sem verslunarfyrtæki Lysholms hafði látið reisa árið áður.

Vorið og sumarið 1788 hófu tveir nýir aðilar verslun í Grundarfirði. Annar þeirra og sá umsvifameiri var verslunarfyrtækið Heinrich van der Smissen

Söhne í Altona í Þýskalandi (Altona, sem nú er útborg Hamborgar, var þá hluti af Danaveldi). Snemma árs 1788 seldi sölunefnd eigna konungsverslunarinnar (Den Kongelige Islandske Handels Realisations Commission) fyrirtækinu verulegan hluta af eignum konungsverslunarinnar í Grundarfirði. Þar var um að ræða í fyrsta lagi innfluttar vörur í versluninni í Grundarfirði að verðmæti 1686 ríkisdalir, í öðru lagi útflutningsvörur, aðallega þrjónles, að verðmæti 434 ríkisdalir og í þriðja lagi pakkhús, sem hafði verið byggt árið 1782 og var kallað nýja pakkhúsið til aðgreiningar frá eldra pakkhúsi. Það var 20 álnir á lengd, 10 álnir á breidd og 10 1/8 alin á hæð. Með pakkhúsinu fylgdu innanstokksmunir þess, en það voru alls kyns tól og tæki, sem voru notuð við verslunarreksturinn. Verslunarfyirtækið þurfti ekkert að borga fyrir pakkhúsið, og það fékk innanstokksmunina á hálfvirði, 77 ríkisdali. Samtals borgaði það 2197 ríkisdali fyrir þessar eignir. Að auki keypti fyrirtækið tvær af duggum konungsverslunarinnar.⁶⁶

Sölunefnd eigna konungsverslunarinnar tilkynnti Ólafi Stephensen amtmanni í Vesturamti í mars 1788 um kaup Heinrich van der Smissen Söhne á eignum konungsverslunarinnar í Grundarfirði og fól honum að vera fyrirtækinu innanhandar og sjá til þess, að Mumtoft verslunarstjóri afhenti því allt, sem því bar. Sölunefndinni var greinilega umhugað um, að verslunarfyirtæki þessu yrði gert kleift að festa sig í sessi í Grundarfirði, enda gat nefndin þess í bréfum sínum til amtmanns, að Heinrich van der Smissens Söhne hefði í hyggju að reka þar fasta verslun. Vænti nefndin sér góðs af því, að fá svo traust fyrirtæki til að taka að sér verslunina í Grundarfirði. Fulltrúi verslunarfyirtækisins Heinrich van der Smissens Söhne, Michael Ahlmann jr., kom til Grundarfjarðar um miðjan apríl 1788 á húkkortunni *Hvidfisken*, og var hann verslunarstjóri þess í Grundarfirði, meðan það rak verslun þar. Að sögn Jacobs S. Plum kom Ahlmann til Grundarfjarðar árið áður til að kynna sér aðstæður þar. Hann gerði Ólafi amtmanni þegar viðvart um komu sína, og fullvissaði amtmaður hann um, að hann myndi gera allt, sem í sínu valdi stæði til að stuðla að framgangi verslunar Altona-manna í Grundarfirði. Jafnframt lagði amtmaður fyrir Jón Arnórsson sýslumann að vera Ahlmann innan handar í einu og öllu við verslunarreksturinn, eftir því sem nauðsyn krefði. Sömu fyrir-mæli fékk Mumtoft verslunarstjóri, en sölunefndin hafði einnig skrifað honum í mars og falið honum að afhenda verslunarfyirtækinu eignir þær, sem það hafði keypt í Grundarfirði.⁶⁷



Eiginhandararitun
 Michaels
 Ahlmann,
 verslunarstjóra
 Altonamanna í
 Grundarfirði.

Michael Ahlmann fékk borgararéttindi í Grundarfirði skömmu eftir að hann kom þangað. Jón Arnórsson sýslumaður gaf út borgarabréf honum til handa 19. apríl 1788 upp á væntanlegt samþykki amtmanns, því að Ahlmann hafði sótt það mjög fast að fá borgararéttindi, en venjan var sú, að amtmáður gaf sýslumanni fyriræli um það, hverjum skyldi veita slík réttindi. Að sögn sýslumanns var skip Heinrich van der Smisens Söhne hið fyrsta, sem kom til landsins vorið 1788. Nokkuð vafðist fyrir Jóni Arnórssyni sýslumanni, að hvorki Ahlmann né aðrir, sem hlotið höfðu borgararéttindi, höfðu svarið borgaraeið, eins og þeim var skylt. Sýslumanni var ekki ljóst, hvernig fara átti að því að láta hina nýbökðu borgara sverja eiðinn, og óskaði hann eftir úrskurði amtmanns um það efni. Hann tilkynnti sýslumanni, að borgarar í Grundarfirði ættu að sverja sama eið og aðrir þegnar konungs. Verslunarfyrirtækið Heinrich van der Smisens Söhne lét sér ekki nægja að kaupa verulegan hluta af eignum og vörubirgðum konungsverslunarinnar í Grundarfirði, heldur flutti það umtalsverðar vörubirgðir þangað með húkkortu sinni, *Hvidfisken*, eins og sjá má af farmskírteini, sem dagsett er í Altona 18. mars 1788. Kenndi þar margra grasa, og var það hinn fjölbreytilegasti varningur, sem skipið flutti til Grundarfjarðar. Þá má ráða af bréfaskriftum milli Ólafs Stephensens amtmanns og Ahlmanns, að verslunarfyrirtækið hafi selt vörur sínar á hagstæðara verði en aðrir kaupmenn um þessar mundir.⁶⁸

Verslun Heinrich van der Smisens Söhne gerði út til fiskveiða frá Grundarfirði duggur þær tvær, sem hún hafði keypt af sölunefnd eigna konungsverslunarinnar. Fiskurinn var verkaður í Grundarfirði og síðan fluttur út síðla sumars, nánar tiltekið í lok júlí. Af því tilefni fór skipstjórinn á *Hvidfisken*, Peder Andersen, þess á leit við Ólaf amtmann, að hann gæfi út heilbrigðisvottorð á latínu handa skipinu, því að ferð þess með fiskinn var heitið til Livorno á Ítalíu. Skipstjórarmenn þurftu að sýna vottorð, þegar þeir komu til hafnar, þess efnis

að ekki geisðu næmar sóttir á þeim stað, sem skip þeirra kom frá. Michael Ahlmann fór frá Grundarfirði síðsumars 1788, en hann skildi eftir vörubirgðir í versluninni og fól Hafliða Helgasyndi að hafa umsjón með þeim um veturinn og sjá um sölu á þeim. Næsta vor kom Ahlmann aftur á húkkortunni *Hvidfisken* færandi hendi. Vörur þær, sem Heinrich van der Smissens Söhne flutti til Grundarfjarðar vorið 1789 voru þessar: Bygg, rúgur, rúgmjöl, byggmjöl, skipsbrauð, skonrok, bygggrjón, bókhveiti, hafrar, gular baunir, bankabygg, síróp, flöskur, steinkol, kaffibaunir, franskt salt, tjara, rautt, grænt, dökkblátt og svart fataefni (klæði, dúkur), rauður, grænn, dökkblár og svartur arrasdúkur (grófur ullardúkur), rautt og grænt sirs (rósaleft), ung frönsk vín, franskt rauðvín, franskt brennivín, gömul vín, edik, tóbak frá Brasilíu, indíalitur (indigo), reykjarpípur, ensk skæri, hengilásar, sjálfskeiðungar, hnifar, saumnálar, fingurbjargir úr messing, hnappar, kambar (hárgreiður), gróft og fínt duft, naglar, timbur, hverfisteinar, skorið tóbak, te, færi, netgarn, handklæði úr baðmull og lérefti, marglitur og hvítur tvinni, flauel, hörléreft, blátt og bládröfnótt kattún, oblátur, brennivín, enskt tóbak (rúllutóbak), strigi, hvítur sykur, kandís,

a. 27. 1789

Nota.

*Omme Gergaisens Waarenne til Grønneskjærs Jern-
for Ringving. I. H. N. von SmisSENS Söhne i Altona.
Anno 1789.*

30 Cend. Lørd. Byg.	100 Cend. Jernst. Salt.
120 C. Ditto Rug.	6 Cend. Sjón.
100 Jalen Cend. Rug Mand.	10 Allen. Rist. Sked.
100 Jalen Cend. Ditto.	30 Allen. Rist. Ditto.
200 Aarsl. Cend. Ditto.	30 Allen. Rist. Sked. Ditto.
40 Jalen Cend. Rug Mand.	10 Allen. Rist. Ditto.
50 Jalen Cend. Ditto.	10 Allen. Rist. Sked.
50 Aarsl. Cend. Ditto.	20 Allen. Sjón. Ditto.
20 Jalen Cend. Sked. Lørd.	20 Allen. Mand. Sked. Ditto.
40 Jalen Cend. Ditto.	10 Allen. Rist. Ditto.
10 Jalen Cend. Stein. Saggan.	30 Allen. Rist. Sjón. Cend. Sked. Saggan.
40 Jalen Cend. Ditto.	5 Cend. Ung. Jernst. Kæm.
4 Cend. Byg. Gryn.	2 Cend. Rød. Ditto.
4 Cend. Porsvæde Ditto.	3 Cend. Ung. Jernst. Saggan.
4 Cend. Havre Ditto.	1 Cend. Jernst. Kæm.
4 Cend. Gule. Citer.	2 1/2 Cend. Røn. Cirkel.
2 Cend. Rønke Byg.	4 1/2 tt. Røst. Cirkel.
1/2 Cend. Sjón.	50 1/4 Sjón. Lørd.
150 1/4 Jern. Sked. Lørd.	8 tt. Indigo.
50 1/4 1/2 Jalen. Ditto.	1 Røst. Lange. Cirkel. Saggan.
72 1/4 Jalen. Ditto.	1 Røst. Sman. Ditto.
20 Cend. Steen. Rist.	20 1/4 Røn. Sjón.
200 lb. Kaffe. Lørd.	4 Rist. Engl. Saggan.
	12 1/4 Røn. Sjón.
	4 Rist. Sked. Røn.
	6 Rist. Jalen. Røn.

Skrá yfir varning, sem verslun Altona-manna flutti til Grundarfjarðar árið 1789. Eins og sjá má, var vöruúrvalið býsna fjölbreytt.

grænsápa, hvít sápa, skrifpappír, mjöður, önglar, hattar og 1000 ríkisdalir í reiðufé. Þarna var m.a kaffi, te og tóbak komið til sögunnar.⁶⁹

Útflutningsvörur þær, sem verslunarfyrtækið keypti í Grundarfirði sumaríð 1789, voru fluttar utan með húkkortum verslunarinnar, *Holmen* og *Hvidfisken*. Húkkortan *Holmen* undir stjórn Hans. H. Bleichen sigldi frá Grundarfirði 24. júlí til Altona og hafði innanborðs 132 skippund af skreið, 206 skippund af saltfiski, 14 ámur (uxahöfuð) og sex tunnur af ullarvarningi (prjónlesi), gærur og húðir, tunnu af æðardúni, tvær tunnur af tólg og tvær tunnur af sokkum. Í fjarveru Jóns Arnórssonar sýslumanns undirritaði séra Björn Þorgrímsson á Setbergi farmskírteinið. Húkkortan *Hvidfisken* undir stjórn Peders Andersen sigldi frá Grundarfirði 6. ágúst 1789 til Noregs og þaðan til Altona. Innanborðs voru 10 tunnur af þorskalýsi, 13 tunnur af hákarlalýsi, 10 skippund af saltfiski, 7 skip-pund af skreið, 3000 pör af vettlingum, 51 par af sokkum og 14 lambsgærur.⁷⁰

Sumarið 1789 bauð sölunefnd eigna konungsverslunar fyrirtækinu Heinrich van der Smissens Söhne til kaups íbúðarhús konungsverslunarinnar í Grundarfirði fyrir 400 ríkisdali. Um þetta leyti bjuggu í húsinu iðnaðarmennirnir tveir, sem höfðu sest að í Grundarfirði tveimur árum fyrr, þeir Magnús Guðmann og Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel, eins og greint er frá annars staðar. Þeir fóru fram á það að fá að kaupa húsið fyrir 1/3 af því, sem það var metið á (árið 1774 var það metið á 500 ríkisdali) með afborgunum. Sölunefndin hafnaði boði iðnaðarmannanna, enda höfðu þeir ekkert bolmagn til þess að kaupa húsið, en bauð Altonamönnum húsið til kaups. Verslunarfyrtækið fól Ahlmann fulltrúa sínum í Grundarfirði að taka ákvörðun um það, hvort kaupa skyldi húsið, og gekk hann að kauptilboði sölunefndarinnar með því skilyrði, að iðnaðarmennirnir yrðu farnir úr því fyrir Mikjálsdag, þ.e. 29. september. Þar eð Ahlmann var á förum til Altona, fól hann fulltrúa sínum í Grundarfirði, Hafliða Helgasyni, umboð til að veita húsinu viðtöku og borga kaupverðið. Þetta gekk eftir, og veitti Hafliði íbúðarhúsinu viðtöku 26. september 1789. Það var byggt árið 1772 og var 20 álnir á lengd, 11¹/₂ alin á breidd og 11¹/₂ alin á hæð. Það var nokkuð skemmt af fúa, einkum á suðurhliðinni, þar sem hin annálaða sunnanrigning í Grundarfirði hafði bulið á því.⁷¹

Af farmskrám má ráða, að verslunarfyrtækið Heinrich van der Smissen rak allumfangsmikla verslun í Grundarfirði 1788–1791, en árið 1792 dró töluvert úr umsvifum fyrirtækisins þar, að því er marka má af farmskrá húkkortunnar

Hvidfisken það ár, því að þá fækkaði vörutegundum, sem fyrirtækið flutti til Grundarfjarðar að mun og eins var minna flutt af hverri tegund. Þá hafði fyrirtækið aðeins eitt skip í förum í stað tveggja áður. Þegar *Hvidfisken* kom til Grundarfjarðar 17. maí 1792, skrifaði séra Björn Þorgrímsson upp á skipsskjöl-in í fjarveru sýslumanns. Michael Ahlmann flutti séra Birni þær fréttir, að Svíakonungur hefði verið ráðinn af dögum á grímudansleik og þrælar á plantekrum í Vestur-Indíum hefðu gert uppreisn. Þótti séra Birni það slæm tíðindi, því að fyrir vikið hækkaði verð á kaffi og sykri upp úr öllu valdi. Svo fór, að Heinrich van der Smissens Söhne hætti alveg verslun í Grundarfirði árið 1795. Greinilegt er, að verslun fyrirtækisins í Grundarfirði hafði verið rekin með tapi, og því hætti það að versla þar.

En hvornig stóð á þessum taprekstri fyrirtækisins? Vitneskju um það má fá í bréfi, sem séra Björn Þorgrímsson, prófastur á Setbergi, skrifaði Vibe amtmanni í júlí 1795. Þar kom fram, að undanfarin þrjú ár hafði verið mikill skortur á timbri í verslunarstöðunum á Snæfellsnesi, og hafði það í för með sér, að kirkjur og bóndabæir lágu undir skemmdum. Enn tilfinnanlegra var það þó að mati prófasts, að íbúar á Snæfellsnesi, sem höfðu aðalframfæri sitt af sjósókn, gátu ekki smíðað fiskibáta og verkfæri úr tré, og þar við bættist, að mikill skortur var á líkkistum. Einnig var hörgull á járn, steinkolum og tjöru. Séra Björn ræddi þetta mál við Ahlmann, verslunarstjóra Heinrich van der Smissens Söhne í Grundarfirði, og skýrði hann prófasti frá því, að ógerningur væri að reka verslunina í Grundarfirði með hagnaði. Kostnaðurinn við að gera út eitt kaupskip þangað var mun meiri en tekjurnar af verslun á jafnlitlu kaupsvæði og Grundarfjörður var, en það takmarkaðist nær eingöngu við Eyrarsveit og var of smátt til að verslun þar bæri sig. Fyrirtækið hefði tvívegis sótt um það til sölunefndar eigna konungsverslunar að fá að reka verslun í Ólafsvík ásamt Grundarfirði, en verið synjað í bæði skiptin og myndi því hætta verslun í Grundarfirði þetta sumar og ekki sækja oftari um Ólafsvík. Það kom fram hjá Ahlmann, að ef fyrirtækið hefði fengið að reka verslun í Ólafsvík ásamt Grundarfirði, hefði það getað haft þrjú skip í förum til Íslands, en það rak einnig verslun á Ísafirði. Hefði þá eitt skip siglt til Miðjarðarhafslanda með íslenskar útflutningsvörur, annað til Kaupmannahafnar og hið þriðja til Altona og hefði þá getað komið við í Noregi og tekið þar timbur, járn og tjöru.⁷²

Það var hins vegar skiljanlegt, að sölunefndin treysti sér ekki til að fá Altona-

mönnum í hendur verslunina í Ólafsvík, því að kaupmaðurinn þar, Jacob Severin Plum, hafði keypt eignir konungsverslunarinnar þar og var stórskuldugur sölunefndinni. Því var þess ekki að vænta, að hún gripi til ráðstafana, sem torvelduðu Plum að standa í skilum. Hann hafði hins vegar ekki hugmynd um, að Heinrich van der Smissen Söhne hafði tvívegis reynt að komast yfir verslun hans í Ólafsvík, fyrr en hann las bók Magnúsar Stephensens dómstjóra, *Forsvar for Islands fornærmede Øvrighed*, sem kom út árið 1798. Þar var bréf séra Björns Þorgrímssonar til Vibe amtmanns birt í heild. Varð Plum að vonum bæði hissa og reiður, þegar hann komst að því eftir dúk og disk, að Altona-menn höfðu verið að reyna að sölsa undir sig verslun hans að honum forspurðum.⁷³

Það er hins vegar misskilningur, að verslunarfyrirtækið Heinrich van der Smissens Söhne hafi stundað verslun í Ólafsvík, eins og segir í *Verslunarsögu Íslands 1774–1807* eftir Sigfús Hauk Andrésson. Engar heimildir hafa komið í leitirnar, sem benda til þessa, og Jacob S. Plum segir í riti sínu *Historien om min Handel paa Island*, að hann hafi verslað smávegis við Ahlmann, en lítinn hagnað haft af því. Þess má og geta, að vorið 1788 ritaði sölunefnd eigna konungsverslunar Plum bréf og hvatti hann til að taka upp samvinnu við Ahlmann og selja fyrirtæki hans þær útflutningsvörur, sem Plum kynni að hafa undir höndum um haustið. Ástæðan til þessa var sú, að nefndinni var ekki kunnugt um, að nokkurt skip myndi sigla til Ólafsvíkur um haustið, sem unnt væri að flytja þessar vörur með. Nefndin taldi því, að Plum myndi hafa hag af því að fara þessa leið. Þá lagði nefndin einnig fyrir Plum að afhenda Ahlmann þær útflutningsvörur, sem hún átti í Ólafsvík, ef þeir kæmust að samkomulagi. Átti Plum að láta Ahlmann hafa vörur nefndarinnar á innkaupsverði þeirra. Ekki tókst neitt samkomulag með Plum og Ahlmann, og var stirt með þeim þau ár, sem Ahlmann var í Grundarfirði. Plum ber Ahlmann ekki vel söguna í bók sinni og sakar hann m.a. um að hafa ráðist á sig, þegar þeir hittust fyrst í Grundarfirði sumarið 1788, og ætlað að valda sér líkamsmeiðingum. Þá sagði Plum, að Ahlmann hefði verið í einhverjum sértrúarflokki, og má skilja það sem svo, að Plum hafi verið að dylgja um, að Ahlmann hefði verið gyðingur, en þeim var leyft að starfa á útjöðrum Danaveldis.⁷⁴

Hinn kaupmaðurinn, sem hóf verslun í Grundarfirði árið 1788, var Hallur Þorkelsson. Hann var fæddur á Ökrum á Mýrum um 1747, að því er næst verður komist. Hallur sigldi með Jacob S. Plum til Kaupmannahafnar, þegar sá

síðarnefndi var verslunarstjóri hjá konungsverslunni í Ólafsvík. Plum útvegaði honum vinnu í Kaupmannahöfn, og síðar gerðist Hallur háseti á dönsku skipi. Seinna fékkst hann við verslun og viðskipti í Kaupmannahöfn og efnaðist sáemilega. Hinn 1. desember 1787 sótti hann til sölunefndar eigna konungsverslunar um að fá peningalán til að hefja verslun í Grundarfirði og koma þar upp húsi. Í umsókninni kom fram, að það var af föðurlandsást og áhuga á framförum landsins, að Hallur ákvað að setjast að á Íslandi, enda kvaðst hann geta lifað góðu lífi í Kaupmannahöfn það sem hann ætti eftir ólifað, svo væri iðjusemi sinni að þakka. Umsókn Halls fylgdu vottorð eða meðmæli frá mönnum, sem þekktu hann. Honum var þar lýst sem sérlega siðsömum og ærukærum manni, sem með sparsemi, dygðugu líferni og mikilli iðjusemi ásamt meðfæddum hæfileikum og verslunarviti hefði komist í sáemileg efni.⁷⁵

Sölunefndin sá ekki ástæðu til að veita Halli lán það, sem hann fór fram á til vörukaupa, 200–300 ríkisdali, en taldi ekki loku fyrir það skotið, að hann fengi einhverja aðstoð til að koma yfir sig húsi. Hins vegar fóru mál svo, að samningur tókust milli Halls og sölunefndarinnar, um að hann gerðist borgari í Grundarfirði og fengi til eignar hið svokallaða gamla pakkhús þar fyrir 90 rdl., en það var metið á 174 rdl. Einnig seldi nefndin honum hluta af vörubirgðum sínum á Búðum. Þar var um að ræða kornvörur fyrir 240 rdl. og aðrar vörur fyrir 120 rdl. Fékk Hallur þetta með 20% afslætti, eða fyrir 300 rdl. Samtals skuldaði hann sölunefndinni því 390 rdl., og gaf hann út skuldabréf fyrir þeirri upphæð. Skilmálar voru þeir, að Hallur átti að borga 1/10 af upphæðinni á ári næstu 10 árin, í fyrsta sinn í lok ársins 1788.⁷⁶

Hallur Þorkelsson kom til Grundarfjarðar um miðjan maí 1788. Hann undirritaði skuldabréfið 3. júlí og fékk þá afhentar vörubirgðirnar á Búðum, en gamla pakkhúsið afhenti Mumtoft honum 30. júlí. Sumarið 1788 tók Hallur að sér fyrir hönd sölunefndarinnar að hafa umsjón með krambúð konungsverslunarinnar í Grundarfirði og annast sölu á vörubirgðum hennar gegn því að fá í sinn hlut 10% af því, sem kom inn fyrir seldar vörur. Afhending búðarinnar og vörubirgðanna fór fram dagana 30. júlí til 4. ágúst 1788. Annaðist Jón Arnórsson sýslumaður það verk ásamt tveimur tilkvöddum matsmönnum, hreppstjórunum Illuga Þórarinssyni og Kára Bjarnasyni. Samtals voru eignir verslunarinnar metnar á 3016 rdl. Andvirði vörubirgðanna var metið á 1411 rdl., byggingarefni á 12 rdl., salt, tunnur o.fl. vegna fiskveiða, sem stundaðar voru á

Grundarfjarðar kaupstað
13 Maji 1788

Undirritaðugt
Hallur Þorkellefson

Eiginhandararitun Halls Þorkelssonar kaupmanns.

húkkortum konungsverslunarinnar á 91 rdl., vörur sem sölunefndin sendi til Grundarfjarðar og átti að selja á opinberu uppboði á 39 rdl., innanstokksmunir í húsum verslunarinnar á 192 rdl., íbúðarhúsið á 654 rdl. og krambúðin á 617 rdl. Hún var reist árið 1761 úr bindingsverki og var $24\frac{1}{2}$ alin á lengd, $12\frac{5}{12}$ alin á breidd og $10\frac{5}{6}$ alin á hæð. Útistandandi skuldir verslunarinnar í Grundar- og Staðarþingsóknum voru 1883 rdl.⁷⁷

Þar með lauk starfsemi konungsverslunarinnar síðari í Grundarfirði, og létu starfsmenn hennar þrír, J.E. Mumtoft verslunarstjóri, Lars Hölter beykir og Hafliði Helgason daglaunamaður af störfum. Sá síðastnefndi réðst í þjónustu hjá Halli Þorkelssyni fram að Mikjálsmessu, 29. september, enda hafði Hallur mörg járn í eldinum um þetta leyti. Fyrir utan eigin verslunarrekstur og umsjón með konungsversluninni í Grundarfirði hafði hann einnig umsjón með krambúð konungsverslunarinnar á Arnarstapa. Verslun sú, sem Hallur Þorkelsson rak í Grundarfirði var lítilfjörleg, og gekk honum fyrst í stað illa að standa í skilum með afborganir af skuldabréfinu á réttum gjalddaga. Haustið 1790 lét Hallur af umsjón með krambúðinni á Arnarstapa að eigin ósk og árið eftir með konungsversluninni í Grundarfirði. Er svo að sjá, sem hann hafi talið sig hafa borið lítið úr bítum fyrir starf sitt í þágu konungsverslunarinnar. Hallur virðist hafa haldið verslun sinni áfram nokkur ár, eftir að hann hætti hjá konungsversluninni, því að í mars 1794 borgaði hann af skuldabréfinu, og voru eftirstöðvar þess þá 50 rdl. Samkvæmt manntalinu 1801 var Hallur Þorkelsson búsettur í Grundarfjarðar kaupstað ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Hákonardóttur, og 11 ára fóstursyni. Hann var þar sagður vera borgari, sem framfleytti

sér á landbúnaði. Það er síðast vitað um Hall, að árið 1821 var hann búsettur á bænum Akri í Hvamssókn í Dalasýslu. Þá var honum veittur 12 rdl. styrkur sem átti að greiða úr jarðabókarsjóði. Sóknarprestur Halls, séra Jón Gíslason í Hvammi í Dölum, sótti til yfirvalda um þennan styrk árið 1819. Þá var högum Halls þannig háttað, að hann var 73 ára að aldri, blindur, eignalaus, bláfátækur og átti enga vini eða efnaða ættingja, sem gátu séð honum farborða. Að sögn séra Jóns var Hallur mjög guðhræddur og þolinmóður og lifði fyrirmyndar kristilegu lífni.⁷⁸

Árið 1789 gerðist Bjarni Magnússon borgari í Grundarfirði og hóf þar verslun. Foreldrar hans voru Magnús Jónsson, ráðsmaður hjá Eggerti Bjarnasyni á Skarði, og f.k. hans, Ragnhildur Þórðardóttir prófests í Hvammi í Hvammsveit Þórðarsonar, sem ritaði Hvammsannál. Bjarni sótti um til yfirvalda um að fá að kaupa jörðina Stóreyjar, sem var ein af jörðum Arnarstapaumboðs, því að það var ætlun hans að búa á jörð í grennd við Grundarfjörð og stunda jöfnum höndum verslun og búskap. Umsókn Bjarna um jarðarkaupin var hafnað, og settist hann þá að í Grundarfjarðarkaupstað. Bjarni sótti ekki um styrk til sölu- nefndar eins og aðrir, sem hófu verslun hér á landi í upphafi fríhöndlunar, heldur fjármagnaði verslunarrekstur sinn með sparifé sínu. Af skjölum má ráða, að Bjarni og Hallur Þorkelsson virðast hafa haft með sér einhverja samvinnu um verslunarrekstur. Sama máli gegndi um verslun Bjarna og Halls, að hún var lítilfjörleg. Sumarið 1790 flutti Bjarni inn nokkurn varning til Grundarfjarðar á galásinum *Jomfru Christiana*. Þar var um að ræða eina brennivínsámu, 20 hálf tonn af rúgmjöli, 13 hálf tonn af skonroki, fimm tonn af bygggrjónum, tvær tonn af skipsbrauði, tunnu af baunum, eina tunnu og einn kassa af kramvöru, vín og tóbak.⁷⁹

Í bænarskrá til konungs frá Bjarna í febrúar 1791 kom fram, að verslun hans í Grundarfirði hafði gengið illa árin 1789 og 1790. Kenndi hann um slæmum aflbrögðum og háu verði á innfluttum kornvörum og matvælum. Bjarni kvaðst hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tapi, og því sótti hann um til konungs að fá að kaupa eyjuna Melrakkaey, sem er skammt frá Stykkishólmi. Var Bjarni þeirrar skoðunar, að ef hann fengi jörðina þar á sanngjörnu verði, sem yrði lánað til nokkurra ára, gæti hann framfleytt sér og fjölskyldu sinni og stundað um leið nokkra verslun í Grundarfirði. Það fór á sömu leið og í fyrra sinnið, að umsókn hans var ekki sinnt. Með bréfi Ólafs Stephsensens amtmanns í desem-

Eiginhandaráritun
Bjarna Magnússonar
kaupmanns.

Ernæfnd du 5 Júnij
1790

Ernæfnd af mig Bjarnús Sen

ber 1792 lagði hann fyrir Jón Espólín sýslumann að skipa Bjarna Magnússon borgara gjaldkera Grundarfjarðarkaupstaðar. Bjarni færðist undan því að taka þetta embætti að sér, og seldi amtmaður Espólín sjálfðæmi um það, hvern hann skipaði í embættið í stað Bjarna. Árið 1797 sótti Bjarni Magnússon um styrk til sölunefndar eigna konungsverslunar til að reisa hús í Grundarfirði til að stunda verslun, en hann fékk það svar, að ekki yrði annar styrkur veittur til húsbyggingar en sá, sem veittur væri þeim, sem byggðu hús í kaupstöðunum. Ekki er ljóst, hve lengi Bjarni Magnússon stundaði verslun í Grundarfirði, en hann hætti henni eftir nokkur ár og gerðist bóndi í Kirkjufelli í Eyrarsveit. Þar var hann árið 1801, þá 55 ára, ásamt eiginkonu sinni, Sigríði Einarsdóttur, og systurdóttur hennar, Sæunni Jónsdóttur.⁸⁰

Næstur til að freista gæfunnar sem kaupmaður í Grundarfirði var Daniel Ditlev Plum, og sótti hann um borgarréttindi í Grundarfirði sumarið 1789. Hann var bróðir Jacobs Severins Plum, kaupmanns í Ólafsvík, og hafði starfað sem vikapiltur við konungsverslunina þar. Þriðji bróðirinn var Christian Plum, verslunarstjóri hjá bróður sínum í Ólafsvík, sem beið bana, þegar grjót hrundi á hann undir Ólafsvíkurenni 15. janúar 1795. Hugmynd Daniels D. Plum var sú að reisa hús í Grundarfirði og festa kaup á litlu flutningaskipi eða jagt og nota bæði til vöruflutninga milli hafna hér á landi og til fiskveiða. Til að hrinda þessari hugmynd í framkvæmd sótti hann um 2000 rdl. styrk til sölunefndar eigna konungsverslunar. Ólafur Stephensen amtmaður (hann var skipaður stiftamtmaður árið 1790, en gegndi jafnframt starfi amtmanns í Vesturamti til 1795) mælti með því við nefndina, að Daniel D. Plum yrði veittur styrkur að upphæð 1200–1500 rdl., en var þó efins um, að hann gæti greitt peningana til

baka, nema því aðeins að hann stundaði einnig verslun í Grundarfirði. Málinu var vísað til rentukammersins, og var svar þess á þá leið vorið 1790, að Daniel D. Plum yrði ekki veittur annar styrkur til húsbyggingar í Grundarfirði en sem var þá alvanalegt að veita (sbr. byggingarstyrk þann, sem iðnaðarmennirnir tveir í Grundarfirði fengu og segir frá hér á eftir). Að því er varðaði kaup á flutningabát, taldi rentukammerið, að Daniel D. Plum gæti keypt slíkan bát í Vestmannaeyjum, en um þetta leyti stóð fyrir dyrum að selja báta konungsverslunarinnar þar. Hins vegar lagði sölunefndin fyrir amtmann að bjóða Plum til kaups krambúðina í Grundarfirði fyrir helming þess verðs, sem hún var metin á. Bréf rentukammersins, sem var dagsett 10. apríl 1790, barst ekki amtmanni fyrir en 23. ágúst, en þá var Plum farinn til Danmerkur. Amtmaður gat því ekki kynnt honum efni bréfsins né heldur boðið honum að taka við þeim vörubirgðum, sem Hallur Þorkelsson hafði umsjón með fyrir hönd sölunefndarinnar, en Hallur hafði um þetta leyti óskað eftir því við amtmann að losna við umsjón með konungsversluninni í Grundarfirði, eins og greint var frá hér að framan. Spurðist amtmáður fyrir um það hjá sölunefndinni, hvernig ráðstafa skyldi eignum konungsverslunarinnar í Grundarfirði.⁸¹

Á meðan þessu fór fram, hafði það hins vegar gerst í maíbyrjun 1790, að sölunefndin tilkynnti Jacob Severin Plum, sem sá um þetta mál fyrir hönd bróður síns, að hún hefði ákveðið að bjóða Daniel D. Plum til sölu eigur konungsverslunarinnar í Grundarfirði, sem voru í umsjón Halls Þorkelssonar með þeim skilmálum, sem giltu um slíkar eignir. Hús og innanstokksmunir voru seldir fyrir 1/3 af bókfærðu verði og vörubirgðir samkvæmt kauptaxtanum frá 1776 með 20% afslætti. Að auki fékk Daniel D. Plum 600 rdl. fyrirframgreiðslu hjá sölunefndinni. Honum bar að endurgreiða skuldina á 10 árum með jöfnum afborgunum vaxtalaust og gefa út skuldabréf fyrir henni við móttöku eignanna. Þó að sölunefndin kæmist að þessari niðurstöðu í maí 1790 og tilkynnti rentukammerinu um hana, leið eitt ár, áður en rentukammerið tilkynnti Ólafi Stephensen um þessa ákvörðun og fól honum að sjá til þess, að Daniel D. Plum yrðu afhentar eignir konungsverslunarinnar í Grundarfirði. Afhendingin fór fram dagana 8.-10. ágúst 1791, og sá Jón Arnórsson sýslumaður um hana ásamt vitnunum Bjarna Magnússyni borgara og Sigurði Guðmundssyni. Viðstaddir voru einnig viðtakandi eignanna, Daniel Ditlev Plum, og Hallur Þorkelsson, sem lét þær af hendi. Verðmæti eignanna var samtals 1150 rdl. Vörubirgðir

Gronnesfiordum 27^{de} Juni 1796.
Daniel Ditlev Plum.

Eiginhandararitun Daniels Ditlev Plum.

voru metnar á 377 rdl., innanstokksmunir á 130 rdl., krambúðin, sem var byggð árið 1761 af bindingsverki, á 616 rdl. og gallaðar vörur á 27 rdl. Í samræmi við þessa niðurstöðu undirritaði Daniel D. Plum skuldabréf fyrir 1150 rdl. hinn 30. september 1791.⁸²

Daniel Ditlev Plum komst fljótt að raun um það, þegar hann fór að skoða nánar eignir þær, sem hann hafði keypt, að kálið var ekki sopið, þótt í ausuna væri komið. Af því tilefni kvartaði hann undan því við amtmann, að í sinn hlut hefðu komið lélegar vörubirgðir og innanstokksmunir og mjög illa farin krambúð, en fyrirtækið frá Altona hefði getað valið það besta af eignum konungsverslunarinnar. Hann komst svo að orði um krambúðina, að hún væri víða fúin og lasleg, að í hvert skipti sem verulegur vindur væri af suðaustri eða suðri, óttuðust menn, að hún myndi fjúka um koll. Fór hann fram á, að húsið yrði metið að nýju og að hann fengi lengri frest til að greiða vörubirgðirnar en ráð hafði verið gert fyrir. Bréfi Plums fylgdi vottorð tveggja manna, Bjarna Magnússonar og Sigurðar Guðmundssonar, þar sem fram kom, að húsið var svo illa farið, að vörur, sem þar voru geymdar, lágu undir skemmdum. Þak og bjálkar voru brotnir, naglar kolryðgaðir og súðin sums staðar sprottin upp, og stafaði þetta slæma ásigkomulag hússins af því, að því hafði ekki verið haldið við. Húsið stóð lágt og var sokkið vegna bjálkanna, sem voru sprungnir í sundur að innanverðu. Illa hafði verið gengið frá glugganum á gaflinum í öndverðu, og rigndi þar inn, þannig að allur gaflinn var orðinn skemmdur. Ólafur Stephensen (stift)amtmaður skrifaði sölunefndinni vegna málsins, og féllst nefndin og rentukammerið á, að krambúðin skyldi metin að nýju. Það gerði Jón Espólín

sýslumaður ásamt aðstoðarmönnum sínum, Bjarna Magnússyni og Hafliða Helgasyni, hinn 30. október 1793. Mátu þeir húsið á 47 rdl., en Plum keypti það á 616 rdl., og er þetta til marks um það, hve húsið var illa farið. Ólafur (stift) amtmaður afhenti Daniel D. Plum krambúðina til eignar vorið 1794, þegar sá síðarnefndi hafði greitt matsverð hennar, en upphaflega kaupverðið var afskrifað.⁸³

Verslun sú, sem Daniel Ditlev Plum rak í Grundarfirði, var smá í sniðum þau átta ár, sem hún stóð, en að öðru leyti er lítið vitað um hana. Hann gat staðið í skilum með fyrstu tvær afborganirnar af láninu, sem hann fékk hjá sölunefndinni, en síðan ekki söguna meir. Eins og fyrr segir, borgaði hann út í hönd andvirði krambúðarinnar, þegar hún hafði verið endurmetin, 47 rdl., en mismunurinn á upphaflegu kaupverði búðarinnar og endurmetnu verði hennar var ekki færður inn á skuldabréfið, og því þurfti Plum að borga 1/10 af upphaflegri upphæð skuldabréfsins. Þegar komið var fram á árið 1795, var hann öldungis ófær um að greiða meira af skuldabréfinu. Það kom fyrir lítið, þó að Plum ætti góðar útflutningsvörur, vörubirgðir, innanstokksmuni, útistandandi skuldir og hús, en allt þetta var metið á rúmlega 1000 rdl., því að honum var gjörsamlega ókleift að selja vörur sínar fyrir peninga hér á landi, hvorki kaupmönnum eða landsmönnum. Hann hafði einnig reynt árangurslaust að flytja útflutningsvörur sínar til Kaupmannahafnar með skipum kaupmanna á Snæfellsnesi, því að sjálfur hafði hann ekki yfir skipi að ráða. Ekkert rættist úr fyrir Plum árið 1796, og var verslun hans í Grundarfirði orðin harla lítilfjörleg. Hún stóð þó að nafninu til ársins 1799, þegar Daniel D. Plum fluttist til Ólafsvíkur ásamt konu sinni, Guðrúnu Sigurðardóttur, og börnum og gerðist verslunarstjóri hjá Jürgen Bladt.⁸⁴

Daniel D. Plum skýrði Joachim Chr. Vibe amtmanni í Vesturamtinu frá högum sínum í bréfi, sem dagsett er 10. ágúst 1795. Varð það amtmanni tilefni til að skrifa rentukammerinu í mars 1796 og gera því grein fyrir, hvernig verslunarástandið var almennt í landinu og sérstaklega í Vesturamti. Vibe amtmaður velti því fyrir sér, hvers vegna hafði tekist jafn illa til með fríhöndlunina og raun bar vitni, og taldi hann það stafa af því, að flestir kaupmennirnir, sem tóku við verslunum konungs, höfðu hvorki átt peninga né notið lánstrausts og sumir verið stórskuldugir. Þegar þeir tóku við verslunum, skulduðu þeir því alla upphæðina og áttu að borga 1/10 af skuldinni á hverju ári. Þeir hækkuðu

Því verð á innfluttum vörum verulega, en lækkuðu verð á íslenskum vörum mikið, svo að þeir gætu skrint.

Vibe amtmaður kvaðst geta sýnt auðveldlega fram á með útreikningum, ef reynslan hefði ekki sýnt það þegar, að ógjörningur væri fyrir slíka kaupmenn að deila hagnaðinum af versluninni með umboðsmönnum í Kaupmannahöfn og borga um leið 1/10 af lánsupphæðinni, en um helmingur af henni var fólgin í húsum og innanstokksmunum, sem gáfu ekki af sér tekjur. Auk þess höfðu flestir þessara kaupmanna ekki sambönd við önnur verslunarhús og voru óþekktir og höfðu þess vegna ekki lánstraust og gátu ekki vænst þess að fá lán, á meðan eignir þeirra voru veðsettar. Af þessu leiddi, að þessir kaupmenn, sem samkvæmt reglugerð frá 13. júní 1787, 2. kafla, 1. grein, gátu ekki sent farm beint til annarra landa án þess að vera í tengslum við borgara í Danmörku, Noregi eða Holstein, fengu sér flestir umboðsmenn í Kaupmannahöfn, og aðrir voru í samvinnu við borgara þar, sem ekki voru kaupmenn. Þeir urðu því að borga allar vörur, sem þeir létu flytja til Íslands, á smásöluverði og selja íslenskar vörur á uppboði í Kaupmannahöfn, þar sem mun lægra verð fékkst fyrir þær en í Þýskalandi. Afleiðingarnar urðu þær, að versluninni hér á landi hlaut að hnigna með hverju ári í höndum slíkra kaupmanna. Um leið dró úr getu þeirra til að halda verslunarrekstrinum áfram, þegar vörubirgðir þær, sem þeir höfðu keypt af konungsversluninni, gengu til þurrðar.

Þá bætti ekki úr skák, að mati Vibe amtmanns, að kaupmenn af því tagi, sem var lýst hér á undan, fengu til umráða fleiri en eina höfn til að versla á, þó að þeim væri um megn að sjá einum verslunarstað fyrir varningi. Þeir voru óvandir að meðulum, þegar vörur þær, sem bændurnir lögðu inn í verslanir þeirra, voru vegnar, og fluttu til landsins lélegan varning, sem var seldur á uppsprengdu verði. Þá urðu auglýsingar um verslunina frá 1. júní 1792 og 23. apríl 1793 til þess, að stöndug verslunarfyrtæki í Noregi og Slésvík-Holstein, sem voru ekki í skuld við kóngsins kassa og höfðu lagt í mikinn kostnað við að reisa verslunarhús á útliggjarahöfnum, neyddust til að hætta verslun sinni hér á landi. Tilgangur þessara auglýsinga var að mati Vibe amtmanns að draga taum þeirra kaupmanna, sem höfðu keypt hús og vörubirgðir af konungsversluninni og voru því skuldugir sölunefnd eigna konungsverslunarinnar. Með þessu móti átti að tryggja, að kaupmennirnir gætu staðið í skilum með afborganir.

Árið 1792 var svo mikil eftirspurn eftir íslenskum vörum meðal lausakaup-

manna, að þær hækkuðu verulega í verði og farmgjöld einnig. Þetta varð til þess, að norsku og slésvík-holsteinsku verslunarfyrtækin, sem stunduðu verslun hér á landi, kusu heldur að láta skip sín í farmflutninga erlendis og hætta verslun hér á landi, heldur en að reisa kostnaðarsamar byggingar í verslunarstöðunum og ráða þar verslunarstjóra. Lausakaupmennirnir, sem voru flestir frá Noregi, neyddust líka til að hætta að versla hér á landi, þegar þeim var meinað að flytja vörur sínar í land til sölu, enda var ógjörningur á flestum höfnum að stunda verslun við skipshlið úti á legunni. Vibe amtmaður taldi æskilegt, að stjórnvöld gætu stuðlað að því, að norsku verslunarfyrtækin byrjuðu aftur að stunda verslun hér á landi. Hann taldi, að engir væru jafnvel fallnir til að reka verslun hér á landi og Norðmenn, bæði vegna nálægðar landanna og eins vegna þess að Norðmenn höfðu upp á að bjóða ýmsar vörur, sem Íslendinga vanhagaði um, svo sem timbur, járn, tjöru, salt og steinkol. Þeir gætu flutt þessar vörur milliliðalaust til Íslands og þess vegna selt þær ódýrar en aðrir.

Það tíðkaðist á þessum árum, að þegar varningurinn hafði verið losaður úr skipum kaupmanna, fóru þau á fiskveiðar hér við land. Stjórnvöld veittu þeim skipum verðlaun, sem stunduðu þessar veiðar í tvo mánuði. Vibe amtmaður taldi þetta fyrirkomulag óhentugt, því að skipin gátu að hans dómi komið tvisvar með vörur hingað til lands á hverju sumri, ef þeim væri ekki gert skylt að vera tvo mánuði á veiðum til að fá verðlaunin. Ef skipin færu tvær ferðir á sumri, gætu þau bæði flutt meira af varningi til landsins og frá því, og taldi Vibe, að bæði kaupmenn og landsmenn myndu hagnast á því. En kaupmenn gerðu ekki einungis út flutningaskip sín til fiskveiða að sumarlagi. Algengt var, að þeir gerðu einnig út 4–6 fiskibáta á hverri höfn, og þurfti 4–8 menn á hvern bát. Að sögn Vibes amtmanns hafði þetta í för með sér, að bændur áttu í mestu erfiðleikum með að manna fiskibáta sína og neyddust oft til að leggja þeim, því að kaupmenn buðu betri kjör en bændur.⁸⁵

Mikil og almenn óánægja landsmanna með alla tilhögun verslunarinnar kom glögglega fram í almennu bænaskránni árið 1795, þar sem þess var farið á leit, að verslunin yrði gefin öllum frjáls. M.a. tók Vibe amtmaður undir það í áðurnefndu bréfi sínu til rentukammersins. Hann lýsti einnig ástandinu í verslunarmálum á Snæfellsnesi sérstaklega í bréfi þessu. Þar kom fram (eins og greint hefur verið frá hér að framan), að verslunarfyrtækið Heinrich van der Smisens Söhne í Altona hafði hætt verslun sinni í Grundarfirði árið áður. Að

sögn amtmanns hafði það falið aðstoðarverslunarstjóra sínum á Ísafirði, þar sem það rak einnig verslun, að halda áfram verslun í Grundarfirði eftir efnum og ástæðum, en hann hafði engar vörur á boðstólum, og því var verslun fyrirtækisins í Grundarfirði úr sögunni. Verslun í verslunarstöðunum í Snæfellsnessýslu var orðin mjög lítilfjörleg árið 1795 og komin að fótum fram. Sem dæmi nefndi amtmaður bræðurna Jacob og Daniel Plum. Þeir höfðu ekki á boðstólum þær vörur, sem bændur þörfnuðust, og gátu heldur ekki keypt afurðir þeirra. Höfðu margar kvartanir borist amtmanni vegna þessa. Í hinu víðáttumikla verslunarumdæmi, sem Snæfellsnessýsla var, var nánast engin verslun rekin um þetta leyti og því mikill hörgull á matvælum og öðrum nauðsynjum. Þar við bættist, að sumarið 1795 hafði verið einstaklega kalt og votviðrasamt og veturinn mjög harður. Því höfðu bændur neyðst til að slátra búfénaði sínum vegna skorts á fóðri. Járn, timbur, tjara, steinkol og tóverk hafði ekki verið fáanlegt í verslunarstöðunum á Vesturamti árið 1795, og þess vegna hafði ekki reynst unnt að smíða fiskibáta fyrir næstu vertíð. Að mati amtmanns var ekki von til þess, að unnt yrði að sjá verslunum í Grundarfirði og Ólafsvík fyrir nægilegum nauðsynjavörum fyrir sumarið vegna þess að Plum-bræður höfðu hvorki skip, peninga eða lánstraust. Þess vegna óttaðist Vibe amtmaður yfirvofandi hungursneyð og mannfelli og skoraði á rentukammerið að sjá til þess, að nauðsynjar yrðu sendar til Grundarfjarðar og annarra verslunarstaða í umdæminu. Nefndi hann sérstaklega mjöl, korn, salt, timbur, tjöru, járn, steinkol og veiðarfæri.⁸⁶

Þessu til viðbótar má geta þess, að í bréfi til amtmanns 13. janúar 1796 skýrði Jón Espólín sýslumaður frá því, að um þær mundir væri verslun í sýslunni óveruleg. Þó voru til sæmilegar vörubirgðir á Stapa, en fátt var um fína drætti í Stykkishólmi. Mátti rekja það til óhapps, sem Peder Hölter kaupmaður þar varð fyrir sumarið 1795. Ekki var hægt að tala um nokkra verslun í Grundarfirði og Ólafsvík að mati Espólíns sýslumanns, enda höfðu Altona-menn hætt verslun þar sumarið áður og Jacob S. Plum, kaupmaður í Ólafsvík, hafði flutt lítið af vörum þangað. Hann hafði þar að auki orðið fyrir því óhappi, að skipi því, sem hann flutti vörur sínar með, hafði hlekkst á í Ólafsvík, og hafði Plum vetursetu þar ásamt áhöfninni. Ekkert var minnst á verslun Daniels Ditlevs Plum í bréfi sýslumanns.⁸⁷

Betur réttist úr með verslunina í Grundarfirði (og Ólafsvík) sumarið 1796 en

Vibe amtmáður hafði gert sér í hugarlund. Lausakaupmaður frá Sønderborg, sem hét Gorrisen, rak verslun í Grundarfirði og Ólafsvík þetta sumar, en meira máli skipti, að Ernst Mathias Heidemann, sem hafði um nokkurra ára skeið verið verslunarstjóri Björgvinjarmanna á Ísafirði, hóf verslun í Grundarfirði sumarið 1796. Hann keypti annað hús Altona-manna í kaupstaðnum og fékk 4000 rdl. að láni hjá sölunefnd eigna konungsverslunar til viðbótar því, sem hann lagði sjálfur í verslunarreksturinn. Kona Heidemanns var Valgerður Pétursdóttir frá Hnífsdal, og fæddist þeim hjónum sonur í Grundarfirði 11. júní 1797, sem var skírður Pétur. Heidemann átti í nokkrum útistöðum við Jón Espólín sýslumann, þegar hann hóf verslun í Grundarfirði. Sýslumaður var þeirrar skoðunar, að Heidemann væri skylt að gerast borgari í Grundarfirði, en sá síðarnefndi svaraði því til, að hann væri borgari á Ísafirði og það nægði. Sýslumaður kærði þetta til amtmanns, enda var Ísafjörður ekki í verslunarmæmi Grundarfjarðar, og Heidemann var því skylt lögum samkvæmt að gerast borgari í Grundarfirði. Á endanum varð Heidemann sér úti um borgararéttindi í Grundarfirði, en þá var Jón Espólín farinn úr Snæfellsnessýslu og orðinn sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu. Í bréfi Espólíns til Vibe amtmanns í september 1796 kemur fram, að sáralitlar vörubirgðir voru til í verslunum á Snæfellsnesi. Heidemann hafði staðið stutt við í Grundarfirði og haldið síðan af landi brott. Kaupmaðurinn í Stykkishólmi var dáinn og engar vörur að hafa þar, enda bólaði ekkert á skipi, sem átti að koma þangað. Sama var upp á teningnum í Ólafsvík hjá Jacob S. Plum, sem hafði siglt til Danmerkur á skipi sínu. Eini kaupmaðurinn á Snæfellsnesi, sem átti einhverjar vörubirgðir að ráði, var Hans Hjaltalín á Arnarstapa.⁸⁸

Sumarið 1797 rættist úr verslun Ernsts M. Heidemann í Grundarfirði, og hann rak hana af miklum myndarskap og reyndist duglegur kaupmaður. Hann hafði góða bakhjarla, þar sem voru ábyrgðarmenn og umboðsmenn hans í Kaupmannahöfn, stórkaupmennirnir Andresen & Schmidt, sem voru lengi umsvifamiklir í íslensku versluninni. Heidemann hafði jafnan vetursetu í Kaupmannahöfn, en kom til Grundarfjarðar á sumrin. Verslunarstjóri hans þar var Hafliði Helgason, sem áður hafði starfað hjá konungsversluninni í Grundarfirði og Heinrich van der Smisens Söhne. Fyrstu þrjú árin rak Heidemann einungis verslun í Grundarfirði, en hann rak sig fljótlega á það sama og Altonamenn áður, að kaupsvæði Grundarfjarðar var of lítið til þess að unnt væri að

Gronnefiord. den 26^{te} Septembr. 1789.
Hafliede Helge son

Eiginhandaráritun Hafliða Helgasonar, verslunarstjóra í Grundarfirði.

reka þar verslun með góðu móti. Hann hóf því einnig verslun í Ólafsvík sumarið 1799, reisti þar hús og flutti þangað meginhluta verslunar sinnar. Heide-
mann lenti þegar í deilum við annan kaupmanninn þar. Tildrög þess voru þau, að þó að fyrirtækið Heinrich van der Smissens í Altona hefði hætt rekstri verslunar sinnar í Grundarfirði árið 1795, eins og áður hefur komið fram, var það ekki orðið úrkula vonar um, að unnt væri að stunda verslun á Snæfellsneshöfn-
um. Þess vegna hóf það lausakaupmennsku í Ólafsvík sumarið 1797, og veitti Michael Ahlmann þeirri verslun forstöðu ásamt Jürgen Bladt skipstjóra frá Nordborg á Als, sem hafði starfað hjá Heinrich van der Smissens Söhne um nokkurt skeið. Hann sigldi á skipum fyrirtækisins til Grundarfjarðar, meðan það rak verslun þar. Má m.a. sjá í prestsþjónustubók Setbergssóknar árið 1795, að hinn 4. maí það ár var Jürgen Bladt skírnavottur, þegar Christiana María, dóttir Daniels Ditlevs Plum og vinnukonu hans, Guðrúnar Sigurðardóttur, var skírð.⁸⁹

Þeir Ahlmann og Bladt versluðu meðal annars við Jacob S. Plum kaupmann í Ólafsvík sumarið 1797, en verslun hans var ákaflega lítilfjörleg um þetta leyti, og varð hann sér einkum úti um vörur hjá lausakaupmönnum, sem komu til Ólafsvíkur. Sumarið 1798 sáu þeir Ahlmann og Bladt áfram um lausaverslun Altonamanna í Ólafsvík, og fóru þeir þá tvær ferðir þangað. Sumarið 1799 kom Bladt einn og færði þá út kvíarnar. Hann tók á leigu hús hjá Jacob S. Plum, setti þar á fót fasta verslun og réð Daniel Ditlev Plum verslunarstjóra, eins og áður sagði. Jürgen Bladt fékk borgarabréf sem kaupmaður í Grundarfirði sumarið 1798 og lofaði um leið Finni Jónssyni sýslumanni að reisa annaðhvort hús í Grundarfirði næsta sumar eða kaupa hús það, sem verslunarstjóri hans, Daniel Ditlev Plum, átti þar. Þrátt fyrir þetta kom Bladt ekki til Grundarfjarðar sum-

arið 1799, og því síður lét hann reisa hús þar, heldur hóf hann rekstur fastrar verslunar í Ólafsvík, þegar hann kom þangað 13. maí. Sýslumaður fullyrti samkvæmt áreiðanlegum heimildum, að Bladt hefði í hyggju að láta rífa hús Daniels Plum í Grundarfirði og reisa það aftur í Ólafsvík. Finnur Jónsson sýslumaður taldi, að Jürgen Bladt hefði með þessu atferli brotið gegn lögum og tilskipunum um verslun og kærði athæfi hans til Vibe amtmanns í júlí 1799.⁹⁰

Amtmaður komst að þeirri niðurstöðu, að Jürgen Bladt væri með öllu óheimilt að reka aðra verslun í Ólafsvík en lausaverslun (spekulanthandel), á meðan hann eða verslunarstjóri hans tæki sér ekki fasta búsetu í Grundarfirði og ræki verslun þar allan ársins hring. Vibe amtmaður fól Finni sýslumanni að grípa til viðeigandi ráðstafana, ef þessari ólöglegu verslun yrði ekki tafarlaust hætt. Amtmaður skipaði Daniel D. Plum, verslunarstjóra Jürgens Bladt, að hætta að selja vörur þess síðarnefnda, en Plum hafði það að engu. Ekki var unnt að eiga um málið beint við Bladt, því að hann hafði haldið utan í júlí. Þegar Daniel D. Plum sýndi engin merki þess, að hann hygðist hætta að versla, skipaði Finnur sýslumaður Ólaf Björnsson á Kjalvegi sækjanda í málinu, og þegar Heidemann hafði einnig kært yfir verslun Plums, fór sækjandinn þess á leit við sýslumann, að hald yrði lagt á vörur Bladts í Ólafsvík. Málið var tekið fyrir 9. október 1799. Verjandi Bladts og Plums var Stefán Scheving, umboðsmaður Arnarstapajarða, og mótmælti hann því, að hald yrði lagt á vörurnar á þeirri forsendu, að verslun Bladts væri rekin í nafni Daniels D. Plum og hefði Bladt siglt með vörur til Ólafsvíkur að beiðni Plums. Þessi röksemd var ekki tekin til greina, og kvað sýslumaður upp þann úrskurð, að hald skyldi lagt á vörurnar. Þær voru metnar á rúmlega 183 ríkisdali. Um var að ræða bæði inn- og útflutningsvörur. Þær fyrrnefndu voru eingöngu svonefndar kramvörur (þ.e. ekki matvörur), en útflutningsvörurnar voru saltfiskur, ull, vettlingar, sokkar og tólg.⁹¹

Daniel D. Plum lét það ekki á sig fá, þó að hald hefði verið lagt á vörurnar og hélt áfram að selja þær, eins og ekkert hefði í skorist. Heidemann kærði þetta fyrir Finni Jónssyni sýslumanni og Ólafi Björnssyni sækjanda í ársbyrjun 1800. Sýslumaður ítrekaði bann sitt við versluninni, en sækjandi kvað ekkert hægt að gera frekar í málinu, fyrr en Jürgen Bladt kæmi til landsins. Daniel D. Plum lét sér ekki segjast og hélt uppteknum hætti. Heidemann gramdist þetta ákaflega og kærði til P.M. Finne landfógeta í febrúar 1800, en Finne var þá sett-

Ist mir in der Gegenwart von Jürgen Bladt in Gallesien
 Haabet fact. auf No. Hans Peter Römmer Lib.
 Bilbao in Spanien für Grönnefiord & Österrigo.
 Juan
 318 Skippundum
 Grönnefiord d. 29. Aug. 1799
 Ernst M. Heidemann

Ernst M. Heidemann tilkynnir að 318 skippundum af saltfiski hafi verið skipað út í galíasinn Haabet í Grundarfirði og Ólafsvík og skipið sigli til Bilbao á Spáni með farminn undir stjórn Hans Peters Römmer.

ráðvandur og sanngjarn hann væri og verslun hans hagstæð íbúunum. Sýslumaður gat þess í bréfi sínu til rentukammers, að Heidemann hefði ekki fylgt þessu máli eftir sem skyldi, og því hefði það lognast út af. Í bréfi sýslumanns kom fram, að Jürgen Bladt hafði keypt hús í Grundarfirði og hafði í hyggju að reka þar verslun. Hafði hann sett verslunarstjóra yfir þá verslun.⁹²

Ekki var öllum klögumálum lokið vegna verslunarinnar á Snæfellsnesi, þó að þetta tiltekna mál væri úr sögunni, því að Heidemann kærði einnig yfir því, að Peder Hölter, kaupmaður í Stykkishólmi, hafði tekið á móti blautfiski vorið 1800 úr verstöð á utanverðu Snæfellsnesi, en sýslumaður kvað þar hafa verið um að ræða greiðslu á skuld við Hölter. Haustið 1800 var röðin komin að verslunarstjórnum í Ólafsvík að kvarta undan Heidemann. Þeir Christian Ludvig Holm, verslunarstjóri Jacobs S. Plums, og Daniel D. Plum, verslunarstjóri Jürgens Bladt, sögðu í bréfi til Vibes amtmanns í nóvember 1800, að húsbændur sínir hefðu misst spón úr aski sínum vegna mikilla umsvifa Heidemanns í Ólafsvík. Ekki bætti úr skák, að þá um haustið hafði Heidemann látið reisa hús í Keflavík og Rífi, sem voru að sögn verslunarstjóranna bestu verstöðvarnar í verslunar-

ur amtmaður í Vesturamti. Heidemann hafði vetursetu í Ólafsvík þennan vetur, 1799–1800, en ekki í Kaupmannahöfn, eins og hann var vanur. En kvartanir hans báru engan árangur, og á endanum féll málið um sjálfst sig. Finnur Jónsson sýslumaður gaf þá skýringu á því í bréfi til rentukammers haustið 1800, að hvorki amtmaður né hann hefðu getað stöðvað þessa ólöglegu verslun og Jürgen Bladt væri mikils metinn og tignaður af öllum, vegna þess hve

umdæminu, í því skyni að taka þar á móti fiski. Fram að þessu höfðu íbúarnir á þessum stöðum flutt fiskinn til Ólafsvíkur og selt hann Plum og Bladt, en nú sáu verslunarstjórnarnir fram á að missa þessi viðskipti. Þótti þeim allillt við það að búa, því að íbúarnir á þessum stöðum voru stórskuldugir Plum og Bladt, og var útlit fyrir, að þeir yrðu fyrir miklum skaða vegna þessa tiltækis Heidemanns. Tóku verslunarstjórnarnir svo djúpt í árinna að segja, að ekki væri annað sýnna en að Plum og Bladt yrðu að hætta verslunarrekstri sínum. Vildu verslunarstjórnarnir fá úrskurð amtmanns um það, hvort starfsemi Heidemanns í Keflavík og Rífi væri í samræmi við lög og reglur um verslun. Í bréfinu var tekið fram, að verslun Jürgens Bladts væri á vegum Heinrich van der Smissens Söhne í Altona. Vibe amtmaður, sem hafði frjálsslyndar skoðanir í verslunarmálum, kvaðst ekki geta bannað Heidemann að kaupa nýjan fisk til söltunar í Keflavík og Rífi, ef hann hefði ekki stundað þar neina aðra verslun.⁹³

Í júní 1800 tilkynnti Jürgen Bladt Vibe amtmanni, að hann væri byrjaður að reka verslun í Grundarfirði og hefði í hyggju að reka þar verslun allan ársins hring. Bladt bað amtmann að leggja fyrir Finn Jónsson sýslumann að úthluta sér hluta af fiskverkunarplássinu í Grundarfirði. Hins vegar fór það svo, að áform Bladts um að reka verslun í Grundarfirði árið um hring urðu að engu árið 1801. Um þessar mundir stóð yfir styrjöld milli Danmerkur og Englands, og torveldaði hún allar siglingar milli Íslands og Danmerkur, því að ensk herskip tóku herfangi dönsk kaupskip, sem urðu á vegi þeirra. Hinn 12. júlí 1801 kom Jürgen Bladt á skipi sínu til Ólafsvíkur eftir sex vikna útivist. Hafði hann fengið til ferðarinnar vegabréf hjá ræðismanni Breta í Hamborg og lagt á stað til Íslands, þegar gert var sex vikna vopnahlé milli Breta og Dana. Skip Bladts var það fyrsta, sem kom til landsins þetta sumar. Eins og gefur að skilja, var mikill skortur á matvörum í landinu og þá ekki síður á Snæfellsnesi, enda seldust vörur þær, sem Bladt flutti til Ólafsvíkur, vel. Að sögn Finns Jónssonar sýslumanns notfærði Bladt sér ekki aðstöðu sína til að selja matvörunar á uppsprengdu verði, heldur var hann mjög sanngjarn í skiptum við viðskiptavinum sína.⁹⁴

Vegna þess hve seint Bladt kom til landsins, treysti hann sér ekki til að fara til Grundarfjarðar með varning, enda var Ólafsvík aðalverslunarstaður hans, og þar fékk hann megnið af útflutningsvöru sinni, sem hann keypti m.a. af Jacob S. Plum fyrir innfluttar vörur. Meðal þeirra, sem versluðu við Bladt í

Ólafsvík, voru nokkrir bændur úr Eyrarsveit, og auk þess sendi Bladt flutningabát til Grundarfjarðar með matvörur. En Grundfirðingum gramdist það mjög, að Bladt skyldi ekki koma á skipi sínu til Grundarfjarðar þá um sumarið og reka þar verslun, eins og hann hafði skuldbundið sig til. Um haustið þegar Bladt var farinn af landi brott, fengu Grundfirðingar því til leiðar komið, að hald var lagt á vörur hans í Ólafsvík. Finnur Jónsson sýslumaður, sem var hliðhollur Bladt, var farinn til Kaupmannahafnar, þar sem hann dvaldist veturinn 1801–1802, og mun staðgengill hans hafa lagt hald á varninginn. Þegar Bladt bárust fréttir af þessu til Nordborg, þóttist hann miklum órétti beittur, enda hefðu óviðráðanlegar og utanaðkomandi ástæður valdið því, að hann komst ekki til Grundarfjarðar á skipi sínu. Í sama streng tók Finnur sýslumaður í bréfi, sem hann skrifaði rentukammeri, sem dagsett var í Kaupmannahöfn 20. mars 1802. Þar kom fram, að Bladt hefði haft nauman tíma til að sinna verslun sinni hér á landi og hann hefði heldur ekki fengið neinar fréttir af styrjöldinni milli Dana og Englendinga. Þá gerðist það 20. júlí 1801, að annað skip á vegum Bladts, sem átti að sigla til Ólafsvíkur og Grundarfjarðar, fórst með allri áhöfn í brimi úti fyrir Eyrarbakka. Þótti sýslumanni meðferð sú, sem Bladt hafði sætt, hin ómaklegasta, enda var hann að sögn sýslumanns áreiðanlegur og sanngjarn kaupmaður og hafði flutt góðar vörur til landsins og selt þær við sanngjörnu verði og stuðlað þannig að því, að aðrir kaupmenn gátu ekki sprengt upp verð á vörum sínum. Taldi sýslumaður, að það myndi verða íbúum í Snæfellsnessýslu til hins mesta tjóns, ef Bladt neyddist til að hætta verslun sinni.⁹⁵

Rentukammerið leitaði álits Ólafs Stephensens stiftamtmanns á þessu máli, og kvað hann sér allsendis ókunnugt um, að reynt hefði verið að setja verslun Bladts stólinn fyrir dyrnar. Hins vegar kvað stiftamtmaður engan vafa leika á því, að Bladt hefði rekið verslun sína í Ólafsvík óaðfinnanlega, og mælti hann með því, að honum yrði leyft að reka verslun í Ólafsvík án þess að vera skyldaður til að reisa hús í Grundarfirði og reka þar verslun allan ársins hring með verslunarstjóra, sem væri búsettur þar. Fordæmi voru fyrir slíku. T.d. hafði Mindelberg skipstjóra verið leyft að versla á Búðum, án þess að hann væri borgari í Grundarfirði og hefði þar fasta búsetu. Mál Bladts var að velkjast í stjórnkerfinu rúmt ár, en árið 1803 heimilaði rentukammerið honum að reka verslun í Grundarfirði næstu tvö ár, án þess að þurfa að sigla fyrst til Grundarfjarðar og reka verslun þar, gegn því að hann skuldbindi sig til, þegar yfirvöld

Ólafsvíkinn 20^{da} Julij 1802.

únderdanijftn.
Jürgen Bladt

Eiginhandararitun Jürgens Bladt.

krefðust þess að þeim tíma liðnum, að setjast að í Grundarfirði og reka þar verslun allt árið. Hinn 7. ágúst 1803 lagði Ludvig Erichsen amtmaður fyrir Finn Jónsson sýslumann að tilkynna Bladt þetta, en þar eð Bladt sigldi frá Ólafsvík 10. ágúst, gat sýslumaður ekki komið bréfi amtsins á framfæri við hann, því að það barst ekki fyrr en eftir að Bladt var farinn. Þetta sumar hafði hann tvö skip í förum. Annað sigldi frá Grundarfirði og Ólafsvík til Trieste á Ítalíu, en hitt frá Ólafsvík til Altona. Bladt kom ekki aftur sumarið 1804, og lauk verslun hans í Ólafsvík og Grundarfirði því árið 1803. Mestan þátt í því, að svo fór, áttu erfiðleikar þeir, sem stríðið milli Dana og Englendinga olli, og einnig höfðu Jürgen Bladt og félagar hans orðið fyrir miklu tjóni. Þeir urðu fyrir skipsskaða árið 1790 og 1800, en þá fórust skip þau, sem fluttu varning þeirra frá Íslandi, og að auki fórst skip í eigu þeirra við Eyrarbakka sumarið 1801 með allri áhöfn, eins og áður hefur verið greint frá.⁹⁶

Verslun Ernsts M. Heidemann gekk vel þrátt fyrir þær deilur, sem hann átti í við keppinauta sína. Á meðan hann verslaði einungis í Grundarfirði, hafði hann eitt skip í förum, en þegar hann hóf einnig verslun í Ólafsvík árið 1799, eins og áður segir, hafði hann tvö skip í förum. Sem dæmi um verslun hans það ár má nefna, að hann flutti vörur frá Kaupmannahöfn og Noregi til þessara verslunarstaða með tveimur skipum. Annað skipið, galásinn *Haabet*, sigldi svo frá Ólafsvík og Grundarfirði til Bilbao á Spáni með saltfisk, en hitt, briggskipið *Catharina & Elisabeth*, sigldi til Kaupmannahafnar. Heidemann hafði sama hátt á árið 1800 nema að því leyti, að þá sigldi annað skipið til Bordeaux í Frakklandi. Heidemann fórst í hafi haustið 1800, þegar hann var á leið til Kaupmannahafnar, og hélt þá ekkjja hans, Valgerður Pétursdóttir, verslunarrekstrin-

um áfram í félagi við stórkaupmennina Andresen & Schmidt, sem nefndir voru hér að framan, og fór mikið orð af dugnaði hennar og hyggindum. Vegna styrjaldar Dana og Englendinga kom ekkert skip á vegum frá Heidemann til Grundarfjarðar og Ólafsvíkur árið 1801, en árið eftir sigldu tvö skip á vegum hennar frá þessum höfnum með útflutningsvörur, annað til Bilbao á Spáni en hitt til Kaupmannahafnar. Sama ár gerðist O.P. Möller verslunarstjóri frá Heidemann í Ólafsvík, og er talið, að hann hafi verið sendur hingað til lands fyrir atbeina Andresen og Schmidt henni til halds og trausts við verslunarreksturinn. Árið 1803 rak frá Heidemann verslun sína í félagi við Holger Peter Clausen kaupmann í Kaupmannahöfn. Þau giftust árið 1804, eftir því sem næst verður komist, og var verslunin í Grundarfirði og Ólafsvík eftir það rekin eingöngu í nafni Clausens. Sonur þeirra, Hans Arrebo Clausen, fæddist árið 1806. Valgerður Pétursdóttir lést í Kaupmannahöfn árið 1807.⁹⁷

Hinn 1. febrúar 1804 gerðu þeir Clausen og Jacob S. Plum með sér samstarfs- og samvinnusamning, sem gildi frá 14. september 1803 til jafnlengdar næsta árs. Verslunarstjóri Plums, Christian Ludvig Holm, veitti sameiginlegri verslun þeirra í Ólafsvík forstöðu, en O.P. Möller varð verslunarstjóri Clausens í Grundarfirði. Ekki varð samvinna H.P. Clausens og Plums löng, því að sá síðarnefndi lést í Kaupmannahöfn í mars 1805, og árið 1809 keypti Clausen af sölunefnd eigna konungsverslunar hús þau, sem Jacob S. Plum hafði átt í Ólafsvík fyrir 1700 rdl. Ekki varð mikil breyting á versluninni í Grundarfirði næstu árin eftir að hún komst í hendur H.P. Clausens. Skip hans sigldu þaðan og frá Ólafsvík með útflutningsvörur til Kaupmannahafnar og Barcelona. O.P. Möller hætti störfum hjá H.P. Clausen árið 1810 og fluttist til Reykjavíkur og gerðist kaupmaður þar. Hafliði Helgason varð þá verslunarstjóri Clausens í Grundarfirði.⁹⁸

Í skýrslu Sigurðar Guðlaugssonar sýslumanns til Vesturamtsins um verslunina í Snæfellsnessýslu, sem dagsett er 18. febrúar 1817, var farið nokkrum orðum um verslun þá, sem H.P. Clausen stórkaupmaður rak í Grundarfirði ásamt Christian Olsen kaupmanni undir stjórn Hafliða Helgasonar. Að sögn sýslumanns var sú verslun harla lítilfjörleg. Sumarið 1816 komu til Grundarfjarðar á vegum verslunarinnar tvö skip með timbur og nokkuð af matvöru, en að venju voru birgðir verslunarinnar langt frá því að vera nægar, því að í vetrarbyrjun voru matvörunar að mestu gengnar til þurrðar. Hafliði Helgason

verslunarstjóri neyddist nokkrum sinnum til þess um sumarið að vísa viðskiptavinum til Ólafsvíkur vegna vöruskorts. Þó að íbúar í Eyrarsveit væru bláfátækir, sótti margt fólk frá upplandinu til Grundarfjarðar í verslunarerindum og því myndi framboð af útflutningsvörum aukast þar, ef nægur varningur væri fáanlegur í versluninni í Grundarfirði. Á árunum 1813–1821 rak H.P. Clausen verslanir sínar í félagi við kaupmann, sem hét Christian Olsen. Clausen lést 26. ágúst 1825, og tók þá sonur hans, H.A. Clausen, við versluninni í Ólafsvík og Grundarfirði. Frá 1826 var verslunin í Grundarfirði rekin í sameiningu af H.A. Clausen og Hafliða Helgasyni verslunarstjóra. Hafliði var hniginn á efri ár, þegar hér var komið sögu, og árið 1830 varð Jón Daníelsson verslunarstjóri við verslun þeirra Clausens og Hafliða. Árið 1833 keypti Jón hlut Hafliða í versluninni og rak hana í samvinnu við H.A. Clausen til ársins 1837, en þá keypti Jón hlut Clausens og rak verslunina í Grundarfirði fyrir eigin reikning upp frá því.⁹⁹

Árið 1823 var Jóni Kolbeinssyni kaupmanni í Stykkishólmi úthlutað lóð í Grundarfirði, og lét hann reisa þar hús sama ár. Í samræmi við konunglegan úrskurð frá 20. mars 1789 sótti hann um byggingarstyrk til rentukammers vegna húsbýggingarinnar. Honum var einnig úthlutað landi undir fiskverkunarpláss, og vorið 1824 hóf Jón Kolbeinsson rekstur verslunar í Grundarfirði. Verslunarstjóri hans þar fyrstu tvö árin var uppeldissonur hans, Árni Þorsteinsson, síðar sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sem bjó á Krossnesi og kallaði sig Thorsteinsson. Fyrst í stað rak Jón Kolbeinsson allmyndarlega verslun í Grundarfirði, en þegar frá leið (1828) dró mjög úr umsvifum hans þar. Árið 1829 gerðist Helgi Jónsson bóndi verslunarstjóri Jóns Kolbeinssonar í Grundarfirði, og árið 1832 keypti Helgi verslunina og hóf verslunarrekstur fyrir eigin reikning.¹⁰⁰

Næstu árin ráku þeir Jón Daníelsson og Helgi Jónsson hvor sína verslunina í Grundarfirði. Árið 1830 hafði Jón keypt hús það, sem Jón Kolbeinsson hafði látið reisa á spildu þeirri, sem honum hafði verið útmæld 8. júlí 1823. Árið 1834 lét Jón Daníelsson reisa hús á kaupstaðarlóðinni í Grundarfirði, og sótti hann um byggingarstyrk til rentukammers. Hann keypti jörðina Grund af konungi árið 1843. Ekki var verslunarrekstur þeirra Jóns og Helga mikill að vöxtum, en þó sýnu minni hjá þeim síðarnefnda.

Í lýsingu Setbergssóknar árið 1840 eftir séra Einar S. Einarsen á Setbergi segir

Þú undirskrifadur, Egi Jón Daniélsson, ^{sem eilandi} og Egi
 Guðbrandur Guðbrandsson ^{sem kaupandi} hafa
 samskipt og ákttad. okkar í Allum felgjandi Skilmála
 Egi Jón Daniélsson og Egi Guðbrandur
 þessi skilt þeir á staðnum staundandi hlús
 sem er lagad þessi til þessum lúdar og
 þakklús og allu á festum skír. id. líka
 byggingu, í sama formi, somu vísun og
 lögun er y þessur kipti þess líka felgjandi
 kottlunar ákttad þessu lögun og y þessur kipti
 Grundvöll Húsins og Hálvarðs Stab.
 samt Þessi verkunarþess hefur hann
 þessu meir samskiptum í Húsinu Felgjandi.
 Undir Húsins eins og meir er til þess
 Er á kvædd 500000 L. þessu, þessu hefur
 hann hefur af meir að senta Sullmanninn
 grættungar og Afalskríps þessu þess er
 þessu að
 Egi Guðbrandsson gíng að ofan

Jón Daniélsson selur Guðbrandi Guðbrandssyni verslunarhús sitt á Grundarkampi árið 1857.

nærri.¹⁰¹

Eftir því sem næst verður komist, rak Helgi Jónsson verslun sína til ársins 1847, en árið 1851 stundaði hann lausakaupmennsku í Grundarfirði. Jón Daniélsson rak verslun sína til ársins 1857. Á árunum 1841–1849 rak Chr. L. Gram frá Ballum lausaverslun í Grundarfirði. Hann verslaði einnig í Stykkishólmi. Gram flutti varning til Grundarfjarðar og útflutningsvörur þaðan til Danmerkur. Hið sama gerði H.A. Clausen á árunum 1842–1844 og einnig lausakaupmaðurinn H.M. Chr. Michelsen frá Ballum 1843–1847. Árið 1857 hóf Guðbrandur Guðbrandsson verslunarrekstur í Grundarfirði. Hann var ljósmyndari að mennt og

svo um verslunina í Grundarfirði:

Kauptún er aðeins 1, nefnilega Grundarfjarðarkaupstaður. Er þar fólk aðeins 20 tals og verslunarmanna aðsetur 2. Smiður einn er auk þeirra þar tómithúsmaður. Má þetta kauptún þó varla með þeim teljast, með því hvarigur verslunarmanna hefir skip í förum, og sjálfur verslunarmáti þeirra að vitni einnig óviðkomandi og ásigkomulaginu kunnigra upplýstra manna innbyggjurum fremur til niðurdreps en uppbyggingar. Þar höndla og skjaldan aðrir en þeir, sem ekki hafa krafta til að aðsækja aðra kaupstaði, annað hvert Ólafsvík eður Stykkishólmi, sem annars eru þó full-

stundaði þá iðn nokkuð á Snæfellsnesi samhliða verslunarrekstrinum í Grundarfirði. Guðbrandur keypti árið 1857 hús það af Jóni Daníelssyni, sem Jón Kolbeinsson lét reisa árið 1823, ásamt verslunaráhöldum. Guðbrandur auðgaðist ekki á verslunarrekstri í Grundarfirði frekar en flestir aðrir á undan honum, og hætti hann verslunarrekstrinum um 1860 og fluttist til Reykjavíkur, þar sem hann stundaði verslunarstörf. Árið 1857 fékk Þorbjörn Helgason, sonur Helga Jónssonar, borgararéttindi í Grundarfirði, og rak hann lítilfjörlega verslun fram yfir 1865. Þar með lauk endanlega verslun í Grundarfirði, sem hafði staðið samfleytt frá því um 1500. Eftir þetta urðu Eyrsvaitingar að versla í Stykkishólmi næstu áratugina. Árið 1897 hófst nýr kafli í verslunarsögu Eyrarsveitar, þegar verslunarstaðurinn var fluttur frá Grundarkampi í Grafarnes.¹⁰²

Grundarfjörður missir kaupstaðarréttindin

Eins og áður sagði, varð Grundarfjörður fyrir valinu sem kaupstaður vegna legu sinnar á miðju norðanverðu Snæfellsnesi, og töldu margir, að þar gæti risið blómlegur kaupstaður. M.a. var Ólafur Stephensen amtmaður þeirrar skoðunar, að Grundarfjörður væri álíka vel settur að þessu leyti og Reykjavík. En fríhöndlunin hafði ekki staðið lengi, þegar mönnum varð ljóst, að vonir þær, sem höfðu verið bundnar við Grundarfjörð sem kaupstað, myndu ekki rætast. Jón Espólín, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, lét það álit í ljós í bréfi til Ólafs amtmanns 31. jan. 1794, að þess væri ekki að vænta, að Grundarfjarðar-kaupstaður efldist til muna, nema einhverjir embættismenn settust þar að. Að mati Espólíns var lega kaupstaðarins ekki ákjósanleg og verslun þar lítilfjörleg. Þess hefur verið getið áður, að Straumfjörður á Mýrum var í kaupstaðarumdæmi Grundarfjarðar. Árið 1793 hafnaði rentukammerið beiðni Páls Björnssonar, borgara í Reykjavík, að fá leyfi til að versla í Straumfirði, þar sem verslunarstaðurinn þar heyrði til Grundarfjarðarumdæmis. Fimm árum síðar leyfði rentukammerið Tofte kaupmanni í Reykjavík að reka verslun í Straumfirði með þeim skilmála, að borgurum í Grundarfirði væri einnig heimilt að versla þar. Þessi ráðstöfun rentukammersins var viðurkenning á því, að landfræðilega var heppilegra að reka verslun í Straumfirði frá Reykjavík en frá Grundarfirði. Árið 1805 var syni Toftes, H.M. Tofte kaupmanni í Reykjavík, veitt sams konar leyfi til að versla í Straumfirði og með sömu skilmálum.¹⁰³

Það er til marks um það, hve vegur Grundarfjarðarkaupstaðar hafði minnkað um aldamótin 1800, að það ár heimilaði rentukammerið Jürgen Mindelberg skipstjóra, sem hafði stundað verslun á Búðum frá 1796, að halda áfram að versla þar um eins árs skeið, án þess að þurfa að setjast að í Grundarfirði og reisa hús þar. Árið 1801 var leyfið framlengt um fimm ár. Eins og áður hefur komið fram, heimilaði rentukammerið Jürgen Bladt árið 1803 að reka verslun í Ólafsvík næstu tvö ár, án þess að þurfa að sigla fyrst til Grundarfjarðarkaupstaðar eða að reka þar verslun, gegn því að hann skuldbindi sig til, þegar yfirvöld krefðust þess að þeim tíma liðnum, að setjast að í Grundarfirði og reka þar verslun allt árið. Þessi ákvörðun rentukammersins byggðist á því, að Ólafur Stephensen stiftamtmaður hafði í bréfi til rentukammers 31. júlí 1802 látið í ljós þá skoðun, að þess væri vart að vænta, að Grundarfjörður yrði nokkurn tíma fjölmennur kaupstaður. Í mars 1806 heimilaði rentukammerið P. Hölter kaupmanni í Stykkishólmi að versla í Ólafsvík það ár, án þess að stofna verslun í Grundarfirði, þó með því skilyrði, að hann varð að vera reiðubúinn að gerast borgari í kaupstað eftir eitt ár. Sama ár endurnýjaði rentukammerið leyfi Mindelbergs til að versla á Búðum um eitt ár með því skilyrði, að hann yrði að vera undir það búinn að taka sér fasta búsetu í einhverjum kaupstað árið eftir, því að í rentukammerinu var verið að athuga, hvort Grundarfjörður yrði áfram kaupstaður.¹⁰⁴

Þeirrar skoðunar var farið að gæta í rentukammerinu, að Grundarfjörður væri ekki lífvænlegur kaupstaður. Kammerið lagði 2. apríl 1807 tillögur um tilhögun íslensku verslunarinnar fyrir konung, og kom þar fram, að hallað hafði undan fæti fyrir Grundarfirði sem verslunarstað, frá því að verslunin hafði verið gefin frjáls. Engin von virtist til þess, að þar myndaðist nokkurn tíma kaupstaður, og því lagði rentukammerið til við konung, að Grundarfjörður yrði gerður að venjulegri úthöfn. Þetta var samþykkt með konungsúrskurði 22. apríl 1807, og var Grundarfjörður þar með sviptur kaupstaðarréttindum og heyrði undir verslunarumdæmi Ísafjarðar. Síðar þótti reynslan leiða í ljós, að Grundarfjörður væri betur í sveit settur en Ísafjörður sem kaupstaður fyrir allt Vesturland. Var Grundarfjörður þá tekinn aftur í tölu kaupstaða árið 1816, en Ísafjörður missti kaupstaðarréttindi sín. Það fór á sömu leið og fyrr, að ekki leið á löngu, áður en kom á daginn, að engin von var til þess, að Grundarfjörður gæti dafnað sem kaupstaður. Til þess skorti allar forsendur. Brátt sótti í fyrra horf, að kaupmenn á úthöfnum á Snæfellsnesi voru leystir undan þeirri kvöð

að taka sér fasta búsetu í Grundarfirði og reka þar verslun árið um kring, þó að þeir væru borgarar þar. Til dæmis má nefna, að vorið 1833 var Guðmundi Guðmundssyni, kaupmanni í Búðum, heimilað að reka verslun þar, án þess að vera búsettur í Grundarfirði.¹⁰⁵

Í árslok 1833 sóttu þeir Brynjólfur Benediktsson og Pétur Kolbeinsson, sem hófu að reka verslun í Stykkishólmi árið 1832 í samvinnu við Boga Benediktsson róðumeistara (skattheimtumann) í Kaupmannahöfn, þegar þeir keyptu verslunarhús Jóns Kolbeinssonar í Stykkishólmi, um leyfi til að versla eingöngu í Stykkishólmi. Að vísu var það ætlun þeirra félaga í upphafi að versla einnig í Grundarfirði, en við nánari athugun komust þeir að raun um, að lítil von var til þess, að verslun þeirra gæti borið sig þar. Hvort tveggja var, að þeir höfðu ekki bolmagn til að versla á tveimur verslunarstöðum í einu, og auk þess voru tveir kaupmenn fyrir í Grundarfirði, þeir Helgi Jónsson og Jón Daníelsson, sem rak verslun í félagi við H.A. Clausen. Þeir félagar fengu leyfið árið 1834. Grundarfjörður var því að nafninu til kaupstaður til ársins 1836, en þá var hann sviptur kaupstaðarréttindum endanlega og varð löggiltur verslunarstaður.¹⁰⁶

En hvernig stóð á því, að vonir þær, sem voru bundnar við Grundarfjörð sem kaupstað rættust ekki? Hér að framan var greint frá því, að það var einkum lega Grundarfjarðar miðsvæðis á Snæfellsnesi og góð höfn frá náttúrunnar hendi, sem áttu mestan þátt í því, að Grundarfjörður varð fyrir valinu sem kaupstaður á Snæfellsnesi. Embættismönnum, sem áttu heima fjarri Grundarfirði, gat virst, þegar þeir litu á landakort, að Grundarfjörður væri ákjósanlegur kaupstaður vegna legu sinnar, en í raun og veru var staðurinn frekar einangraður, þegar um var að ræða samgöngur á landi. Landleiðin frá Grundarfirði til Stykkishólms var að vísu sæmileg yfirferðar, en öðru máli gegndi um leiðina til Ólafsvíkur fyrir Búlandshöfða, sem var mjög hættuleg, þar sem um þverhnípt einstigi var að fara. Afleiðingin varð sú, að það voru nær eingöngu Eysrveitungar, sem versluðu í Grundarfjarðarkaupstað. Þar við bættist, að mun minna féll til af útflutningsvörum í Grundarfirði, t.d. fiskafurðum, vegna þess að þar var sáralítið útræði á vetrarvertíð. Að þessu leyti stóð Ólafsvík miklu betur að vígi, því að þaðan voru greiðar samgöngur við verstöðvarnar undir Jökli, og þar var miklu meira framboð af útflutningsvörum. Afleiðing þessa varð sú, að mjög erfitt var að reka verslun í Grundarfjarðarkaupstað einum, eins og dæmin af Heinrich van der Smisens Söhne og Ernst Heide-


mann eru til marks um. Þar við bættist, að ekkert þéttbýli myndaðist í Grundarfjarðarkaupstað, eins og stefnt hafði verið að. Ekkert varð úr áformum um, að amtmaður í Vesturamti settist þar að, og iðnaðarmennirnir tveir, sem voru búsettir í Grundarfirði um skeið, fengu ekkert að starfa. Þegar komið var fram um aldamótin 1800, hafði dregið verulega úr verslun í Grundarfirði, og því fór sem fór, að ekki reyndist grundvöllur fyrir kaupstað þar.

Tveir iðnaðarmenn í Grundarfirði


Þegar kaupstaðir voru stofnsettir hér á landi árið 1786, var gert ráð fyrir því, að iðnaðarmenn settust að í þeim, sbr. auglýsingar 18. ágúst 1786 og 17. nóvember sama ár, og yfirvöld veittu þeim stuðning til þess að þeir gætu komið sér fyrir þar og stundað iðn sína þar. Í desember 1786 sneru tveir íslenskir iðnaðarmenn sér bréflega til rentukammersins (þ.e. fjármálaráðuneytisins) og kváðust vera fúsir til að setjast að í hinum nýstofnaða kaupstað í Grundarfirði og stunda þar iðn sína. Þeir fóru jafnframt fram á, að stjórnvöld veittu þeim styrk til þess, eins og ráð var fyrir gert í áður nefndum auglýsingum. Annar þessara iðnaðarmanna var Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel hattagerðarmaður. Af bréfi hans, sem var dagsett 20. desember 1786, og vottorðum frá meisturum hans má ráða, að hann hélt utan til Kaupmannahafnar árið 1772 til náms í hattagerð. Hann lauk námi hjá Jens Christian Lüders hattagerðarmeistara fjórum árum síðar og starfaði síðan hjá honum önnur fjögur ár. Næstu sex ár var Gunnlaugur hjá Johann Christian Viertel hattagerðarmeistara en fór að hugsa sér til hreyfings, þegar kaupstaðirnir sex voru stofnaðir árið 1786 og leitaði eftir stuðningi yfirvalda til að setjast að í Grundarfirði, eins og áður segir. Gunnlaugur var þeirrar skoðunar, að það yrði Íslandi til mikilla hagsbóta, að hattagerð yrði stunduð þar, því að með því móti mætti spara stórfé, sem rynni að öðrum kosti út úr landinu. Hann benti á, að á Íslandi væri fánleg mjög góð ull, sem nóg væri til af, og mætti nota hana til hattagerðar. Hann kvaðst hafa mikinn áhuga á að setjast að í Grundarfjarðarkaupstað ásamt danskri konu sinni og barni, en sá sér það ekki fært af eigin rammleik sakir mikillar fátæktar, nema því aðeins að rentukammerið stuðlaði að því, að honum yrði veitt fjárhagsaðstoð. Hattagerðarmaðurinn fór fram á að fá þrenns konar styrki: Í fyrsta lagi styrk til að kaupa nauðsynleg áhöld til hattagerðar, og lét hann fylgja bréfi sínu skrá yfir þau

verkfæri, sem hann taldi sig þurfa. Þá fór hann fram á styrk til að greiða ferðakostnað til Íslands og kostnað við kaup á nauðsynlegum búshlutum og öðrum nauðsynjum. Í þriðja lagi fór Gunnlaugur fram á aðstoð við að reisa íbúðarhús í Grundarfirði. Til stuðnings styrkbeiðni sinni vísaði hann til áður nefndra auglýsinga frá 18. ágúst og 17. nóvember 1786. Að beiðni yfirvalda vottuðu borgarstjórn Kaupmannahafnar og meistarar þeir, sem Gunnlaugur hafði starfað hjá, að hann færi með rétt mál í bréfi sínu til rentukammersins. Trúnaðarmaður hattamakaragildisins vottaði einnig, að áætlun sú, sem Gunnlaugur hafði gert um kostnað við kaup á nauðsynlegum áhöldum, væri nærri lagi.¹⁰⁷

Hinn iðnaðarmaðurinn, sem leitaði eftir stuðningi rentukammersins til að setjast að í Grundarfirði, átti að baki óvenjulegan feril. Hann var Magnús Guðmann húsgagnasmíðameistari, sem hét réttu nafni Guðmundur Magnússon og var sonur Magnúsar Halldórssonar prests í Garpsdal og konu hans, Þóru Sveinsdóttur. Magnús Guðmann lærði smíðar í Kaupmannahöfn, og þegar hann hafði lokið námi sínu þar árið 1764, sá hann ekki fram á að geta stundað iðn sína hér á landi, því að í Reykjavík, sem var eini staðurinn á landinu, þar sem hægt var að hafa framfæri af trésmíðum á tímabili einokunarverslunarinnar að mati Magnúsar, var nóg af trésmíðum. Hann greip þess vegna til þess ráðs, sem tíðkaðist bæði fyrr og síðar meðal evrópskra iðnsveina, að leggja land undir fót og stunda iðn sína sem farandi iðnaðarmaður á erlendri grund. Næstu sjö ár starfaði hann í ýmsum borgum í Þýskalandi og Prússlandi, en árið 1771 hélt Magnús til Rússlands og gekk í þjónustu Katrínar miklu keisaraynju, sem var þýsk að uppruna. Um þessar mundir fengu rússnesk stjórnvöld erlenda iðnaðarmenn, aðallega þýska, til að setjast að og starfa í hinu vanþróaða Rússlandi gegn margs konar ívilnunum og fríðindum. Magnús var í þjónustu Katrínar miklu í fimm ár í Pétursborg og Moskvu, en síðan starfaði hann sjálfstætt sem húsgagnasmíðameistari í Pétursborg um 10 ára skeið til ársins 1786. Þá bárust honum fregnir af því, að stofnaðir hefðu verið sex kaupstaðir á Íslandi, og fylltist hann þá löngun til að flytjast aftur heim á feðraslóð og reyna að láta gott af sér leiða þar, þó að hann hefði sem fyrr, eins og hann orðaði það, getað með guðs hjálp framfleytt sér og konu sinni og tveimur börnum með vinnu sinni í Pétursborg, þrátt fyrir að þar væri dýrt að lifa. Magnús taldi, að betri horfur væru á því, að hann gæti lifað af vinnu sinni á Íslandi, eftir að verslunin þar hefði verið gefin frjáls. Í von um, að svo væri, hélt hann frá Pétursborg til



Gunnlaugur Þorvaldsson
den 27. Januar 1789



Magnus Guðmann
Gunnlaugur Þorvaldsson
Vadel hestmagns

Eiginhandaráritanir iðnaðarmannanna tveggja í Grundarfirði, Magnúsar Guðmanns og Gunnlaugs Þorvaldssonar Vadel.

Kaupmannahafnar í nóvember 1786, bláfátækur en án þess að skulda nokkrum manni neitt. Hann sótti því um styrk til stjórnvalda til að geta sest að í Grundarfirði. Styrkbeiðni hans, sem var einnig dagsett 20. desember 1786, var á sömu nótum og beiðni Gunnlaugs Þorvaldssonar, þ.e. styrkur til verkfærakaupa, ferðakostnaður og styrkur til að reisa íbúðarhús í Grundarfirði. Borgarstjórn Kaupmannahafnar fékk Magnús til að gera áætlun um, hvaða verkfæri hann þyrfti til að geta stundað iðn sína, og komst hann að þeirri niðurstöðu, að þau myndu kosta 128 ríkisdali. Trúnaðarmaður snikkaragildisins féllst á þá áætlun.¹⁰⁸

Rentukammerið mælti með því við konung, að þeim félögum yrði veittur styrkur sá, sem þeir höfðu farið fram á, og varð konungur við beiðni þeirra með úrskurði, sem var gefinn út 28. mars 1787. Samkvæmt honum fékk Magnús Guðmann 128 ríkisdali til að kaupa verkfæri og áhöld, 60 ríkisdali í ferðakostnað og ókeypis flutning fyrir sig og fjölskyldu sína, verkfæri og búshluti og 40–50 ríkisdala styrk til að reisa íbúðarhús í Grundarfirði. Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel fékk 111 ríkisdala styrk til verkfærakaupa, 40 ríkisdali í ferðakostnað og ókeypis flutning fyrir sig og fjölskyldu sína og hafurtask og jafnháan styrk og Magnús til að koma upp íbúðarhúsi. Var iðnaðarmönnum nú ekkert að vanbúnaði að halda til Íslands.¹⁰⁹

Ekki er að efa, að þeir Gunnlaugur og Magnús hafi verið fullir bjartsýni, þegar þeir lögðu af stað frá Kaupmannahöfn hinn 27. apríl 1787 með húkkortunni *Bessested*, enda höfðu ýmsir málsmetandi menn í Kaupmannahöfn hvatt

þá til þess að setjast að í Grundarfirði, þeirra á meðal Jón Eiríksson konferensráð og Eggers prófessor, sem átti sæti í sölunefnd eigna konungsverslunarinnar. Þá væntu þeir sér einnig góðs af þeirri aðstoð, sem yfirvöld höfðu heitið þeim, en vonbrigði þeirra urðu mikil, þegar þeir komu til Grundarfjarðar. Þá bárust þeim þau boð um borð í skipið, að þeir gætu ekki fengið húsnæði í kaupstaðnum. Þeim Gunnlaugi og Magnúsi kom þetta undarlega fyrir sjónir, því að Jón Eiríksson hafði fullvissað þá um það, áður en þeir héldu frá Kaupmannahöfn, að ráðstafanir hefðu verið gerðar til að útvega þeim húsnæði, og myndi það verða til reiðu, þegar þeir kæmu á áfangastað. Ekki bætti úr skák, að skipstjóri húkkortunnar rak þá og skyldulið þeirra tafarlaust í land með allt hafurtask þeirra, því að hann vildi hefja uppskipun þegar í stað. Urðu þeir Gunnlaugur og Magnús og konur þeirra og börn að láta fyrir berast undir berum himni ásamt góssi sínu í sunnanroki og rigningu allt til kvölds illa haldin af hungri og vösbúð. Þá aumkvaði verslunarstjóri konungsverslunarinnar á staðnum, Jens Erichsen Mumtoft, sig yfir fólkið og leyfði því að hirst í litlu, gluggalausum herbergi í vistarverum púlsfólks verslunarinnar, en farangri þess var komið fyrir í fjósinu. Iðnaðarmennirnir og skyldulið þeirra urðu að liggja á gólfinu í herbergiskytrunni, sem var hin óhrjáleasta vistarvera, enda kváðust þeir í bréfi til Levetzovs stiftamtmanns kinoka sér við að lýsa því, hvernig þar væri umhorfs. Eins og gefur að skilja, hafði það ekki góð áhrif á heilsu fólksins að þurfa að kúldrast í slíkri vistarveru, enda fór svo, að tveggja ára sonur Gunnlaugs hattamakara, Þorvaldur Gunnlaugsson, lést hinn 10. júní 1787 úr ofkælingu.¹¹⁰

Við nánari eftirgrennslun iðnaðarmannanna kom í ljós, að hvorki verslunarstjóra konungsverslunarinnar í Grundarfirði né Jóni Arnórssyni, sýslumanni í Snæfellsnessýslu, höfðu borist fyrirmæli frá yfirboðurum þeirra að liðsinna þeim Gunnlaugi og Magnúsi. Þeir voru svo slyppir og snauðir, þegar þeir komu til Grundarfjarðar, að þeir áttu ekki peninga til að kaupa mat handa sér og sínum, og því síður höfðu þeir lánstraust. Því var ekki annað sýnna en að fólkið yrði hungurmorða, en komið var í veg fyrir það á þann hátt, að Jón Arnórsson sýslumaður veitti Gunnlaugi og Magnúsi hvorum um sig fjögurra ríkisdala ölmusu. Í vandræðum sínum leituðu þeir félagar ásjár Björns Þorgrímssonar, prófests á Setbergi, og Jóns sýslumanns. Í bréfi til Levetzovs stiftamtmanns báru þeir Gunnlaugur og Magnús séra Birni vel söguna, „sem er sá

einasti maður er okkur hefur viljað allt hið besta hvað hans mörgu góðgjörðir við oss bevísa,“ eins og þeir komust að orði. Iðnaðarmennirnir voru ekki jafnhrífir af afskiptum sýslumanns af málum þeirra. Þeir kvörtuðu m.a. undan því við stiftamtman, að Jón sýslumaður hefði meinað þeim að reisa hús sitt á hinni útmældu kaupstaðarlöð og ætlað að fá hattagerðarmanninn til að setjast að hjá sér á Ingjaldshóli. Sýslumaður kvað þessar ásakanir byggðar á misskilningi. Iðnaðarmennirnir hefðu ekki snúið sér til hans vegna húsbýggingar þeirra, og hvað hitt atriðið varðaði, hefðu hann og séra Björn Þorgrímsson álitid það með öllu óviðunandi, að iðnaðarmennirnir og fjölskyldur þeirra yrðu látin hírast í hinum lélegu vistarverum, sem þau höfðu fengið inni í hjá versluninni, enda ættu þau á hættu að deyja þar úr hungri og kulda. Þess vegna hefðu þeir séra Björn ákveðið að bjóða iðnaðarmönnum og skylduliði þeirra heim til sín, þannig að Magnús Guðmann færi til prestsins ásamt konu og tveimur börnum, en Gunnlaugur hattamakari og kona hans og barn yrðu á Ingjaldshóli hjá sýslumanni. Iðnaðarmennirnir þorðu hins vegar ekki að þiggja þetta boð, því að þeir töldu, að það bryti í bága við samning þann, sem þeir höfðu gert við stjórnvöld um að setjast að í Grundarfjarðarkaupstað, enda höfðu þeir fengið styrk frá hinu opinbera í því skyni.¹¹¹

Eins og áður hefur komið fram, hafði iðnaðarmönnum verið heitið 50 ríkisdala byggingarstyrk hvorum, en peningarnir lágu ekki á lausu, þegar þeir komu til Grundarfjarðar. Urðu þeir því að leita liðsinnis stiftamtmanns, og skipaði hann Mumtoft verslunarstjóra að greiða þeim 50 ríkisdali hvorum. Þar eð verslunarstjórinn hafði enga peninga handbæra, urðu iðnaðarmennirnir að taka timbrið út í reikning hjá kaupmönnum þeim frá Þrándheimi, sem ráku verslun í Grundarfirði 1787–1788 og áður hefur verið greint frá. Levetzov stiftamtmaður gerði það að skilyrði fyrir byggingarstyrknum, að krafist yrði skuldbindingar af iðnaðarmönnum þess efnis, að þeir hæfu smíði hússins þegar í stað, og fól hann Mumtoft að sjá um, að þeir gæfu slíka skuldbindingu. Það gerðu þeir 2. ágúst 1787, og um leið vottaði séra Björn Þorgrímsson, að iðnaðarmennirnir væru byrjaðir á veggjum hússins. Séra Björn hafði forgöngu um, að bændur í Eyrarsveit gerðu torfveggi að húsi iðnaðarmannanna, án þess að taka nokkuð fyrir það, þá daga sem ekki gaf á sjó. Húsinu var valinn staður rétt hjá hinni útmældu kaupstaðarlöð, því að iðnaðarmennirnir töldu með réttu eða röngu, að Jón sýslumaður hefði ekki viljað leyfa þeim að reisa húsið á

kaupstaðarlóðinni, eins og áður sagði. Þegar þeir Gunnlaugur og Magnús voru að hefjast handa um smíði hússins, kom aðvífandi skipstjórinn, sem hafði flutt þá til Grundarfjarðar, og krafði þá um 15 ríkisdali í fæðiskostnað. Kom þeim sú krafa mjög á óvart, því að Jón Eiríksson konferensráð hafði fullvissað þá um, að þeir myndu fá ókeypis fæði um borð í skipinu. Ekki hafði þó gefist ráðrúm til að ganga tryggilega frá því, áður en skipið lagði úr höfn, þar eð brottför þess hafði borið brátt að, þannig að þeim Gunnlaugi og Magnúsi gafst með naumindum tóm til að kaupa verkfæri og annað, sem þeir þurftu til ferðarinnar. Skipstjórinn ætlaði að leggja hald á tímrið til tryggingar greiðslu fæðiskostnaðarins, en hann hafði ekki erindi sem erfiði í því efni.¹¹²

Hús það, sem þeir félagar hófu að reisa sumarið 1787, var 15 álna langt og átta álna breitt. Um haustið var það að sögn þeirra „hálfbyggt að veggjum og tréverkið að mestu, en þó hvorugt til fullkomunar“. Því fór fjarri, að styrkur sá, sem stjórnvöld veittu iðnaðarmönnum til húsbýggingarinnar, nægði til að fullgera húsið fyrir veturinn. Þar við bættist, að þeir fengu ekkert að starfa við iðn sína um sumarið, að því undanskildu, að hattamakarinn gerði við nokkra gamla hatta að sögn Jóns Arnórssonar sýslumanns. Þegar vetur gekk í garð, áttu iðnaðarmennirnir og skyldulið þeirra hvorki víst húsnæði né matarforða til vetrarins. Í september 1787 sótti Gunnlaugur hattamakari um það til rentukammers að fá gamla pakkhúsið í Grundarfirði til íbúðar um veturinn, og mælti Jón Arnórsson sýslumaður með umsókninni. Í svari sölunefndar konungsverslunarinnar í maí vorið eftir kom fram, að ekki væri unnt að verða við þessari beiðni, vegna þess að umrætt pakkhús væri ætlað Halli Þorkelssyni, sem ætlaði að setjast að í Grundarfirði sem borgari og kaupmaður. Í neyð sinni leituðu iðnaðarmennirnir ásjár Ólafs Stephensens amtmanns. Stjórnvöld synjuðu beiðni þeirra um viðbótarstyrk til húsbýggingarinnar að upphæð 140 ríkisdalir, en hins vegar sá Ólafur amtmaður til þess, að þeir fengju matarúttekt í konungsversluninni í Grundarfirði, svo að þeir og skyldulið þeirra gætu skrimt um veturinn. Þar var um að ræða mjöl, grjón, baunir, malt og humal. Einnig fóru iðnaðarmennirnir fram á aðstoð til að eignast einn hest og eina kú hvor um sig, sér og sínum til framfæris, enda væri Grundarfjarðarkaupstaður svo skammt á veg kominn, að ógjörningur væri að hafa ofan af fyrir sér þar með því að stunda iðn sína. Rentukammerið vildi ekki fallast á þá tillögu amtmanns að veita styrk af fé því, sem hafði verið safnað handa þeim, sem höfðu

orðið illa úti af völdum móðuharðindanna, til að kaupa skepnur handa iðnaðarmönnum. Úr húsnæðisvanda þeirra réttist hins vegar þannig veturinn 1787–1788, að Jens Mumtoft verslunarstjóri leyfði Magnúsi Guðmann að hafast við í einu af útihúsum verslunarinnar og gera við það á eigin kostnað, en séra Björn Þorgrímsson bauð Gunnlaugi Þorvaldssyni að búa í einu herbergi á bænum Grund, sem var í eigu Setbergskirkju.¹¹³

Ekki réttist neitt úr fyrir iðnaðarmönnum árið 1788. Atvinna var sem fyrir af skornum skammti, og einnig vantaði þá aðgang að túnum, svo að þeir gætu heyjað handa skepnum sínum. Þá var þeim aftur synjað um viðbótarbyggingarstyrk, sem þeir sóttu um á því ári. Ólafur Stephensen amtmáður hlutaðist til um, að þeir fengju inni í íbúðarhúsi konungsverslunarinnar veturinn 1788–1789, þannig að þeir bjuggu við þolanlegar aðstæður. Hins vegar sáu þeir fram á, að þurfa að flytja úr húsinu vorið 1789 og leist ekki meira en svo á það. Þess vegna fóru þeir fram á að fá að kaupa húsið fyrir 1/3 af bókfærðu verði þess með afborgunum, en rentukammerið hafnaði þessari málaleitan. Ástæða þess var sú, að sölunefnd eigna konungsverslunarinnar bauð verslunarfyrtækinu Heinrich van der Smisens Söhne í Altona, sem hefur verið minnst á hér að framan, íbúðarhúsið til kaups, og var gengið frá því haustið 1789. Þá urðu iðnaðarmennirnir að flytja úr húsinu. Reyndar voru þeir orðnir svo aðþrengdir í ágústbyrjun 1789, að þeir báðu Ólaf Stephensen um aðstoð við að komast burt úr Grundarfirði. Magnús Guðmann vildi komast til Reykjavíkur, svo að hann gæti sest þar að, og Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel fór þess á leit við amtmann að mega stunda vinnu utan Grundarfjarðar og starfa við hvaðeina, sem að gagni mætti koma. Amtmaður hafnaði beiðni þeirra á þeirri forsendu, að hann hefði heitið þeim peningastyrk til húsbýggingar gegn því, að þeir skuldbyndu sig til að ljúka við húsið fyrir árslok. Óheimilt væri að nota styrk þennan annars staðar en í Grundarfirði, og því gæti hann ekki fallist á málaleitan þeirra.

Jón Arnórsson sýslumaður skrifaði amtmanni bréf í september 1789, þar sem hann lýsti hinum átakanlegu aðstæðum, sem iðnaðarmennirnir og hinar útlendu eiginkonur þeirra urðu að gera sér að góðu að búa við. M.a. komst sýslumaður svo að orði, að mörg andvörp bærust til himna vegna hinna slæmu aðstæðna fólksins, og lét hann í ljós þá ósk, að þau myndu vonandi heyrast einhvern tíma. Jón sýslumaður var ekki að skafa utan af hlutunum og lét m.a. þau orð falla í bréfinu, að iðnaðarmennirnir hefðu komið til hins svokallaða

Grundarfjarðarkaupstaðar vegna hástemmdra loforða, sem stjórnvöld hefðu gefið þeim, en þau hefðu ekki verið efnd, og myndi það fæla aðra frá að setjast þar að upp á sömu býti. Ólafur Stephensen amtmaður reiddist þessum ummælum sýslumanns ákaflega og sagði hart að þurfa að þola slíkar „Chikaner“ af jafnómerkilegu tilefni og ráðlagði sýslumanni að forðast framvegis að hafa í frammi slíkar „uanstændige Grovheder“ við sig. Greinilegt er af bréfi þessu, að amtmani var farið að þykja nóg um umstang það og vandræði, sem iðnaðarmennirnir höfðu bakað honum, því að hann kvaðst ekki hirða um að telja það upp, hve oft amtið hefði boðið þeim byggingarstyrk og hve oft þeir hefðu vanrækt að nýta sér hann. Amtmani þótti að sér sneitt með ummælum Jóns sýslumanns, og neyddist hann til að biðjast afsökunar. Kvaðst hann hafa skrifað bréfið í fljótræði.¹¹⁴

Þrátt fyrir vandræði sín ákváðu iðnaðarmennirnir að reyna að þrúka í Grundarfirði veturinn 1789–1790, enda áttu þeir ekki annars úrkosti. Í bréfi, sem Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel skrifaði Ólafi Stephensen amtmani í nóvember 1789, kom fram, að það, sem stóð hattagerðarmanninum fyrst og fremst fyrir þrifum, var skortur á verkstæði og jarðarskika, sem hægt væri að framfleyta kú af, þannig að honum var ókleift að sjá sér og sínum farborða og því síður að taka iðnnema sér til aðstoðar. Hann hafði látið hrófa upp torfkofa, sem hann ætlaði að búa í um veturinn, og hann hafði fengið inni með verkstæði sitt í krambúðinni í Grundarfirði (þ.e. verslun Halls Þorkelssonar). Gunnlaugur kvaðst eiga um tvennt að velja, að flytjast burt eða vera um kyrrt og reyna að koma upp íbúðarhúsi og verkstæði á þeim hluta úr landi jarðarinnar Grundar, sem Jón Arnórsson sýslumaður hafði úthlutað honum. Vadel bað Ólaf amtman að hlutast til um, að sér yrði veitt aðstoð við að koma húsinu upp. Amtmaður veitti hattagerðarmanninum leyfi til að reisa íbúðarhús á kaupstaðarlóðinni, og fékk hann 40 ríkisdala byggingarstyrk frá rentukammerinu. M.a. keypti Vadel af félagu sínum, Magnúsi Guðmann, timbur það, sem hann hafði fengið árið 1787 til að reisa hús, eins og greint var frá hér að framan.

Þegar hér var komið sögu, var kristilegt langlundargeð Magnúsar Guðmanns löngu þrotið. Haustið 1789 sneri hann sér til rentukammersins og óskaði eftir leyfi til að mega flytjast frá Grundarfirði. Kvaðst hann enga atvinnu hafa og ekki einu sinni eiga kú eða grasblett, þar sem hægt væri að hafa kýr á beit. Því gæti hann ekki framfleytt sér og sínum af vinnu sinni, eins og honum

bæri að gera, heldur væri hann upp á það kominn að hafa framfæri sitt úr kassa hans konunglegu hátignar og drægi fram lífið eins og betlari á ölmusu, sem góðhjartað fólk léti af hendi rakna. Fór hann því fram á það við rentukammerið að mega flytjast frá Grundarfirði til einhvers þess staðar í Danaveldi, þar sem hann gæti framfleytt fjölskyldu sinni með vinnu sinni. Einnig bað hann um vegabréf handa sér og fjölskyldu sinni og styrk til að greiða ferðakostnað.

Rentukammerið leyfði Magnúsi að flytjast frá Grundarfirði og gaf amtmanni fyrirmæli um að láta honum í té vegabréf. Hins vegar synjaði það Magnúsi um ferðastyrk. Sumarið 1790 gaf Ólafur Stephensen amtmaður út vegabréf handa Magnúsi Guðmann, konu hans, sem var, eftir því sem næst verður komist, þýsk að þjóðerni og hét Anna Maria Porsche, og tveimur sonum þeirra barnungum. Næst spurðist til Magnúsar í Kaupmannahöfn í desember 1790, en þá sótti hann um styrk til konungs. Sölnunefnd eigna konungsverslunarinnar veitti honum vorið 1791 10 ríkisdala styrk vegna útgjalda, sem hlutust af því, þegar hann fékk borgararéttindi í Kaupmannahöfn. Upp frá þessu og til ársins 1806 var Magnús Guðmann sífellt að nauða í stjórninni um aðstoð til þess að reka litla verslun. Synir hans tveir, sem voru nefndir hér að framan, voru Christian Gudmann og Johann Gudmann. Þeir komu báðir við sögu verslunar á Akureyri. Sá fyrrnefndi starfaði við verslun bróður síns á Akureyri og lést þar árið 1828. Johann Gudmann setti á stofn verslun á Akureyri, og ráku niðjar hans hana lengst af. Fr.C.M. Gudmann rak hana síðastur beinna afkomenda Johans Gudmanns, en eftir lát hans var verslunin starfrækt undir nafninu Gudmanns Efterfølger. Fr.C.M. Gudmann lagði fyrstur manna fram fé til sjúkrahúss á Akureyri, og var það nefnt Gudmanns Minde.¹¹⁵

Gunnlaugur Þorvaldsson Vadel virðist hins vegar hafa verið, þegar hér var komið sögu, staðráðinn í því að þreyja þorrann og góna í Grundarfirði. Hann hófst handa um húsbýggingu vorið 1791. Í apríl það ár greiddi Ólafur Stephensen amtmaður honum 40 ríkisdali af þeim 50, sem rentukammerið hafði heitið honum, og hinn 21. júlí sama ár úthlutaði Jón Arnórsson sýslumaður honum spildu úr landi Grundar, sem svaraði einu kýrfóðri. Einnig var Vadel heimilt að hafa einn hest á beit ókeypis vetur, vor og haust á útengjum Grundarlands, en hann varð þó að gæta þess, að engjunum yrði ekki spillt. Það átti hins vegar ekki fyrir Gunnlaugi að liggja að kemba hærurnar í Grundarfirði, því að hann veiktist sumarið 1790 og lést hinn 15. ágúst úr brjóstveiki hálfimmtugur að

aldri. Hafði þá aðeins verið grafinn grunnur að húsi því, sem hann ætlaði að reisa á kaupstaðarlóðinni þá um sumarið. Í því áttu að vera eitt herbergi, eldhús og verkstæði. Að sögn Jóns Arnórssonar sýslumanns, þegar hann tilkynnti Ólafi amtmanni lát Vadels, voru eignir dánarbúsins einungis verkfæri hattagerðarmannsins, nokkrir ófullgerðir hattar og „meget fattige Mands Klæder“ ásamt púlshesti. Á meðan Gunnlaugur lá veikur, átu hestar aðkomumanna allt gras af túnbletti þeim, sem honum hafði verið úthlutaður úr Grundarlandi, þannig að þar var ekkert hey að hafa til vetrarins. Eins og lög gerðu ráð fyrir, var bú Vadels skrifað upp, og voru eignir þess metnar á 146 ríkisdali, en skuldir á 126 ríkisdali. Eignirnar voru verkfæri, timbur, torfbær, húsgrunnur, fatnaður (kjóll, vesti og buxur hvítar að lit, snúnar, slitnar og blettóttar), gamall hattur og púlshestur, sem var seldur á 12 ríkisdali til standa straum af jarðarfararkostnaðinum. Svo er að sjá sem hattamakarinn hafi haft nokkra vinnu við að gera við hatta, því að í dánarbúinu fundust 11 hattar, sem lokið var að gera við, og 37 hattar, sem honum hafði ekki unnist tími til að ljúka viðgerð á. Eigendur hattanna voru búsettir allt frá Hellissandi og norður í Strandasýslu.¹¹⁶

Hin danska ekkja Vadels, Else Catharine Vadel, sem var þunguð, hélt til Danmerkur ásamt tveggja ára gömlum syni þeirra hjóna, Gottwald Hendrich, sem var fæddur 13. september 1788, slypp og snauð og átti aðeins fötin, sem hún stóð í, eina slitna sæng og laslega dragkistu. Síðast spurðist til hennar í desember 1790 í Kaupmannahöfn, en hinn 13. þess mánaðar leitaði hún ásjár hjá rentukammerinu og fór fram á styrk til að greiða ferðakostnað sinn til Kaupmannahafnar og til að sjá sér og barni sínu farborða. Við uppboð á eigum dánarbúsins í september 1790 fengust rúmlega 25 ríkisdalir. Meðal þess, sem seldist ekki, var torfbær, sem hattamakarinn hafði látið koma upp, verkfæri hans og mest allt timbrið, sem var í eigu dánarbúsins. Grunnur húss þess, sem Wadel hafði byrjað á um sumarið, var metinn á 14 ríkisdali. Skiptum í dánarbúi hans lauk endanlega árið 1793. Hinn 29. júní það ár hélt Jón Espólín sýslumaður í Snæfellsnessýslu til Grundarfjarðar að skipun Ólafs Stephsens stiftamtmanns til að huga að torfbæ þeim, sem hattagerðarmaðurinn hafði látið reisa. Sýslumaður komst að raun um, að torfbærinn var illa farinn. M.a. var hann arfafúinn, enda hafði hann verið byggður af vanefnum og staðið auður frá því að Vadel lést. Bærinn var þrjár álnir á breidd og þrjár faðmar á lengd. Sýslumaður fékk tvo menn til að meta bæinn til verðs, þá Bjarna Svartsson, hreppstjóra

á Hálsi, og Pál Þórðarson, bónda í Runabæ, og mátu þeir hann á sex ríkisdali. Því næst hélt Espólin sýslumaður uppboð á torfbænum, og keypti Bjarni Magnússon, borgari í Grundarfirði, hann fyrir átta ríkisdali og 22 skildinga en fékk sex ríkisdali af kaupverðinu lánaða. Sýslumaður athugaði einnig hluti þá úr dánarbúinu, sem höfðu ekki selst og Hafliða Helgasyni hafði verið falið að geyma. Þar var um að ræða verkfæri til hattagerðar, sem voru svo sérhæfð, að enginn treysti sér til að kaupa þau. Að auki voru í vörslu Hafliða Helgasonar 15 hattar, en honum hafði einnig verið falið að geyma þá hatta, sem Vadel hafði haft til viðgerðar, og áttu eigendur þeirra að vitja þeirra hjá Hafliða.¹¹⁷

Þannig lauk þessari tilraun stjórnvalda til að fá iðnaðarmenn til að setjast að í Grundarfjarðarkaupstað. Reyndar hafði komið til greina, að aðrir iðnaðarmenn settust að í Grundarfirði. Í ársbyrjun 1788 sótti Vilhjálmur Árnason skipasmiður um styrk til rentukammers til að setjast að í Grundarfirði. Ólafur Stephensen amtmaður hvatti sama ár Þorbjörn Ólafsson, gullsmið á Helgavatni, til að setjast að í Grundarfirði og stunda þar iðn sína. Kröfur þær, sem gullsmiðurinn gerði um fjárhagslegan stuðning af hálfu stjórnvalda, voru hins vegar meiri en svo, að þau treystu sér til að ganga að þeim. Vorið 1789 vildi Valgerður Skaftadóttir, sem hafði lært línspuna í Kaupmannahöfn, setjast að í Grundarfjarðarumdæmi nálægt Stykkishólmi eða í Grundarfjarðarkaupstað til að miðla konum í Vesturamtinu af kunnáttu sinni. Í júní 1789 sóttu tveir iðnaðarmenn, Magnús Svarfdalín rennismiður og Brynjólfur Jónsson garðyrkjumaður, um borgararéttindi í Grundarfirði og fóru einnig fram á styrk frá hinu opinbera til að koma sér fyrir þar. Báðir ætluðu þeir að stunda iðn sína í Grundarfirði, og garðyrkjumaðurinn hafði í hyggju að kenna íbúum í Vesturamtinu garðyrkju. Ólafur Stephensen amtmaður lagði til, að rentukammerið yrði við styrkbeiðni þeirra Magnúsar og Brynjólfs, enda taldi hann, að það yrði til að efla hinn nýja Grundarfjarðarkaupstað, ef fleiri borgarar settust þar að. Sér í lagi þótti honum ástæða til að styrkja Brynjólf garðyrkjumann, því að amtmaður taldi að garðyrkja væri skemmra á veg komin í Vesturamtinu en annars staðar á landinu og því fengur að því að fá lærðan garðyrkjumann í amtið. Ekkert varð samt af því, að ofangreindir iðnaðarmenn settust að í Grundarfirði. Hugsanlegt er, að stjórnvöldum hafi um þetta leyti verið orðið ljóst af dæmi Magnúsar Guðmanns og Gunnlaugs Þorvaldssonar Vadel, að lítil von væri til þess, að iðnaðarmenn gætu framfleytt sér í Grundarfirði.¹¹⁸

Skammstafanir í tilvísanaskrá

Bps. Biskupsskjalasafn
 Lbs. Landsbókasafn
 Rtk. Isl. Journal Skjalasafn rentukammers
 Snæf. Skjalasafn Snæfellsnessýslu
 VA. Skjalasafn Vesturamts
 Þ.Í. Þjóðskjalasafn Íslands

Tilvísanir

- ¹ Íslenzk fornrit IV. Hið ísl. bókmenntafélag. Rvík 1935, bls. 33.
- ² Björn Þorsteinsson: *Enska öldin í sögu Íslendinga*. Rvík 1970, bls. 23–222.
- ³ Björn Þorsteinsson: *Enska öldin*, bls. 222–58.
- ⁴ Safn til sögu Íslands I. Khöfn 1856, 112; III. Khöfn 1902, bls. 724–25.
- ⁵ Íslenzkt fornbréfasafn XVI. Rvík 1952–72, bls. 488–92, 492–504; Landsbókasafn. Handritadeild. Skrá um skjöl, er snerta Ísland, íslenzk málefni eða íslenzka menn, og geymd eru í nokkrum erlendum söfnum. Guðbrandur Jónsson tók saman. 1931. Vélritað handrit, bls. 7–8.
- ⁶ Björn Þorsteinsson: *Enska öldin*, bls. 235, 237–38, 258.
- ⁷ Ísl. fornbréfasafn XVI, bls. 519–20; Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 9–10.
- ⁸ Ísl. fornbréfasafn XVI, bls. 536, 662, 702–04; Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 12, 36; Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*. Rvík 1991, bls. 176.
- ⁹ Lbs. Handritadeild. Skrá um skjöl, bls. 54–55, 206–07; Bogi Benediktsson: *Sýslumannaæfir* IV. Rvík 1909–15, bls. 95–96; Ísl. fornbréfasafn XI. Rvík 1915–25, 377.
- ¹⁰ Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga* II. Rvík 1958, bls. 182–84; Ísl. fornbréfasafn XII. Rvík 1923–32, bls. 578.
- ¹¹ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana á Íslandi 1602–1787*. Rvík 1971, bls. 55–56; Jón Jóhannesson: *Íslendinga saga* II, bls. 184; Ísl. fornbréfasafn XIV. Rvík 1944–49, bls. 47–48; Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*, bls. 204; Sigurður Skúlason: *Saga Hafnarfjarðar*. Rvík 1933, bls. 155–56; *Dansk Biografisk Leksikon*, 6. bindi. Khöfn 1980, bls. 344.
- ¹² Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 141–45.
- ¹³ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 144–45.
- ¹⁴ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 159–60, 164, 165 a.
- ¹⁵ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 217–48; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 281.
- ¹⁶ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 161, 167–68.
- ¹⁷ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 168–69, 173–74.
- ¹⁸ Lbs. Handritadeild: Skrá um skjöl, bls. 161–62, 175, 177.
- ¹⁹ Lbs. Handritadeild: Lbs. 176, 4to.
- ²⁰ Jón Árnason: *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Nýtt safn IV. Rvík 1956, bls. 29–30.
- ²¹ *Lovsamling for Island* I. Khöfn 1853, bls. 138–43; *Alþingisbækur Íslands* III. Rvík 1917–18, bls. 254; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 69–70.
- ²² Björn Þorsteinsson, Bergsteinn Jónsson: *Íslandssaga til okkar daga*, bls. 204; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 77–79, 88; *Lovsamling for Island* I, bls. 173–77, 194–99, 217–18; *Alþingisbækur Íslands* III, bls. 232, 236.
- ²³ Þjóðskjalasafn Íslands: Snæf. IV 1.a. Dóma- og þingbók 1653–1667 (Dóma- og þingbók Matthíasar Guðmundssonar).
- ²⁴ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 109–10; *Annálar 1400–1800* III. Rvík 1933–38, bls. 215–16,

- 216–17; *Dansk Biografisk Leksikon*. 14. bindi. Khöfn 1983, bls. 679; *Lovsamling for Island I*, bls. 253–54, 254–55.
- ²⁵ *Lovsamling for Island I*, bls. 256–57, 258–59, 260; *Dansk Biografisk Leksikon*. 10. bindi. Khöfn 1982, bls. 313–14.
- ²⁶ *Annálar 1400–1800 III*, bls. 217; *Lovsamling for Island I*, bls. 257, 257–58, 259, 260–62, 263–64, 266, 267, 269–70.
- ²⁷ *Lovsamling for Island I*, bls. 277–83, 327, 329; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 120; *Annálar 1400–1800 III*, bls. 220; *Dansk Biografisk Leksikon*. 14. bindi, bls. 679–80; *Alþingisbækur Íslands VII*. Rvík 1944–1948, bls. 382.
- ²⁸ *Dansk Biografisk Leksikon*, 1. bindi, Khöfn 1979, 51; *Lovsamling for Island I*, 321, 329.
- ²⁹ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, 122–24, 131; *Lovsamling for Island I*, bls. 398, 404, 406–13.
- ³⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 464–65, 481, 515, 556; *Alþingisbækur Íslands VIII*. Rvík 1949–53, bls. 163; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 150.
- ³¹ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, 131–33, 135.
- ³² Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 138–39.
- ³³ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 144–45.
- ³⁴ Þ.Í. Snæf. IV., 1.b. Dóma- og þingbók 1696–1706.
- ³⁵ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls.150; *Lovsamling for Island I*, bls. 629–38.
- ³⁶ Arne Magnusson: *Embedsskrivelser og andre offentlige aktstykker*. Khöfn 1916, bls. 201–02; *Arne Magnussons private brevveksling*. Khöfn 1920, bls. 81, 280–81.
- ³⁷ Arne Magnusson: *Embedsskrivelser*, 1916, bls. 224–25.
- ³⁸ *Arne Magnussons private brevveksling*, bls. 281.
- ³⁹ *Lovsamling for Island I*, bls. 701–02; II, bls. 25, 44.
- ⁴⁰ *Lovsamling for Island II*, bls. 116; *Annálar 1400–1800 III*, bls. 547.
- ⁴¹ *Lovsamling for Island II*. Khöfn 1853, bls. 142–45, 145–161, 161–65; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 178–86. Þ.Í. Snæf. IV, 2 d. Dóma- og þingbók 1735–1739.
- ⁴² *Lovsamling for Island II*, bls. 400–18; Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 186–209.
- ⁴³ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 224–34.
- ⁴⁴ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 234–49; *Lovsamling for Island IV*. Khöfn 1854, bls. 82.
- ⁴⁵ *Lovsamling for Island III*. Khöfn 1854, bls. 679–81; Þ.Í. Bps. A IV, nr. 58 b; *Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1817*, bls. 248.
- ⁴⁶ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 250–58.
- ⁴⁷ Jón J. Aðils: *Einokunarverzlun Dana*, bls. 280–81; *Annálar 1400–1800 III*, bls. 604–05, 656.
- ⁴⁸ Sigfús Haukur Andrésson: *Verzlunarsaga Íslands 1774–1804 I*. Rvík 1988, bls. 361–64.
- ⁴⁹ *Lovsamling for Island V*. Khöfn 1855, bls. 344; Þ.Í. VA III 1, nr. 3, 4.7. 1787; F-9. *Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795*, nr. 65, 76–77.
- ⁵⁰ *Lovsamling for Island V*, bls. 301–16, 344–46.
- ⁵¹ Sigfús H. Andrésson: *Verzlunarsaga Íslands 1774–1804 II*. Rvík 1988, bls. 495, 509; Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 650.
- ⁵² Sigfús H. Andrésson: *Verzlunarsaga Íslands II*, bls. 509; Þ.Í. Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792, 13.4. 1787.
- ⁵³ Þ.Í. Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792, 13.4. 1787.
- ⁵⁴ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 690; VA III 1, nr. 3. 13.4. 1787; Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792, 13.4. 1787.
- ⁵⁵ Þ.Í. VA III 2, nr. 115, 2.12. 1788; nr. 128, 14.7. 1789.
- ⁵⁶ Þ.Í. VA III 2, nr. 128, 14.7. 1789; F-9. *Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795*, nr. 166, bls. 182–83.
- ⁵⁷ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 8, nr. 578; VA III 10, nr. 572, 26.1. 1789; VA III 15, nr. 1010, 1.9. 1789; VA III

- 15, nr. 1011, 7.6. 1790; VA III 18, nr. 1236, 8.7. 1790.
- ⁵⁸ Þ.Í. F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 101, bls. 105–07; nr. 141, bls. 166; VA III 2, nr. 115, 2.12. 1788; VA III 2, nr. 104, 4.4. 1789.
- ⁵⁹ Þ.Í. F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 156, bls. 173–75; nr. 190, bls. 200–01; Rtk. Isl. Journal 8, nr. 821.
- ⁶⁰ Þ.Í. VA III 3, nr. 195, 2.2. 1790; nr. 253, 2.11. 1790; VA III 4, nr. 311, 10.3. 1792; nr. 312, 10.3. 1792; nr. 313, 21.7. 1792; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamtsins 1787–1795, nr. 247, bls. 243–44; nr. 248, bls. 244–45; nr. 249, bls. 245–46; nr. 250, bls. 246–47, nr. 288, bls. 276–77; nr. 392, bls. 368–69, nr. 393, bls. 369; nr. 396, bls. 375.
- ⁶¹ Þ.Í. VA III 3, nr. 253, 2.11. 1790.
- ⁶² Þ.Í. F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 323, bls. 308–09; nr. 354, bls. 333–35; nr. 364, bls. 341; nr. 391, bls. 368; VA III 4, nr. 289, 11.6. 1791; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 161.
- ⁶³ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 161; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts, nr. 404, bls. 412–13; nr. 427, bls. 428; nr. 428, bls. 428–29; VA III 4, nr. 325, 11.7. 1792; nr. 329, 23.11. 1792; nr. 333, 8.1. 1793; nr. 349, 21.9. 1793; nr. 356, 15.4. 1793.
- ⁶⁴ Sigfús H. Andrésson: *Verzlunarsaga Íslands II*, bls. 510; *Norsk Biografisk Leksikon VIII*. Ósló 1938, bls. 557; Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 539.
- ⁶⁵ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 1373; Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1817, bls. 16
- ⁶⁶ Þ.Í. VA III, 7 nr. 228, 31.12. 1787; Jacob S. Plum: *Historien om min Handel paa Island*. Khöfn 1799, bls. 58–59; Þ.Í. F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 59, bls. 72; nr. 79, bls. 88–89; nr. 83, 93–94; VA III 1, nr. 17, 1.3. 1788; nr. 24, 26.3. 1788; nr. 62, 12.8. 1788.
- ⁶⁷ Þ.Í. VA III 1, nr. 17, 1.3. 1788; nr. 15, 14.4. 1788; nr. 24, 26.3. 1788; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 36, 37, og 38, bls. 43–47; Jacob S. Plum: *Historien om min Handel*, bls. 54.
- ⁶⁸ Þ.Í. VA III 1, nr. 22, 18.3. og 2.5. 1788; nr. 23, 13.5. 1788; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 44, bls. 51; nr. 45, bls. 51–53.
- ⁶⁹ Þ.Í. VA III 1, nr. 74, 24.1. 1789; VA III 2, nr. 128, 14.7. 1789; VA III 3, nr. 172, ódagsett (1789); VA III 8, nr. 377, 12.7. 1788.
- ⁷⁰ Þ.Í. VA III 3, nr. 172, 24.7. og 6.8. 1789.
- ⁷¹ Þ.Í. VA III 2, nr. 108, 13.6. 1789; nr. 131, 2.8. 1789; nr. 153, 17.9. 1789; VA III 3, nr. 177, 16.12. 1789; nr. 229, 26.9. 1789; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 172, bls. 187; nr. 186, bls. 198–99; nr. 203, bls. 211–12; nr. 300, bls. 286.
- ⁷² Þ.Í. VA III 1, nr. 22, 18.3. 1788; VA III 3, nr. 172, ódagsett (1789); nr. 253, 10.4. 1790; VA III 4, nr. 303, ódagsett (1791); VA III 21, nr. 1565, 17.5. 1792; VA III 21, nr. 1565, 22.5. 1792; VA III 28, nr. 71, 15.7. 1795.
- ⁷³ Magnús Stephensen: *Forsvar for Islands fornærmede Øvrighed*. Khöfn 1798, bls. 274–76; Jacob S. Plum: *Historien om min Handel*, bls. 276–79.
- ⁷⁴ Sigfús H. Andrésson: *Verzlunarsaga Íslands II*, bls. 508; Jacob S. Plum: *Historien om min Handel*. Khöfn, bls. 55–57, 227; Þ.Í. VA III 8, nr. 332, 31.5. 1788.
- ⁷⁵ Jacob S. Plum: *Historien om min Handel*, bls. 287; Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 1130.
- ⁷⁶ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 1130; VA III 1, nr. 25, 13.5. 1788; nr. 26, 26.3. 1788; nr. 51, 31.5. 1788; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 46, bls. 53–57.
- ⁷⁷ Þ.Í. F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 46, 53–57; nr. 76, 87; nr. 79, 88–89; VA III 1, nr. 49, 3.7.1788; VA III 9, nr. 400, 30.7. 1788; nr. 452, 4.8. 1788;
- ⁷⁸ Þ.Í. VA III 2, nr. 133, 5.8. 1789; VA III 3, nr. 179, 12.9. 1789; nr. 201, 12.6. 1790; VA III 4, nr. 288, 30.4. 1791; nr. 293, 8.10. 1791; nr. 323, 19.5. 1792; VA III 9, nr. 452, 6.9. 1788; VA III 20, nr. 1459, 21.12. 1791; VA III 28, nr. 8, 20.8. 1794; Rtk. Isl. Journal 8, nr. 1402; nr. 1744; Isl. Journal 13, nr. 1926; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 440, bls. 436–37; *Manntal á Íslandi 1801*. Vesturamt. Rvík 1979, bls. 115.


- 79 Þ.Í. VA III 2, nr. 126, 7.3. 1789; VA III 3, nr. 253, 5.6. 1790; VA III 19, nr. 1311, 26.2. 1791; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 165, bls. 180–82.
- 80 Þ.Í. VA III 4, nr. 342, 26.1. 1793; VA III 19, nr. 1311, 26.2. 1791; VA III 23, nr. 1723, 10.1. 1793; VA III 32, nr. 513, 27.12. 1797; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 419, bls. 424–25; *Mannli á Íslandi 1801*. Vesturamt, bls. 114.
- 81 Þ.Í. VA III 4, nr. 368, 26.1. 1795; VA III 2, nr. 143, 30.7. 1789, nr. 146, 15.9. 1789; VA III 3, nr. 198, 27.3. 1790; nr. 232, 10.4. 1790; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 187, bls. 199; nr. 194, 203–05; nr. 255, 250; nr. 304, 288–89; Rtk. Isl. Journal 8, nr. 1016; nr. 1744.
- 82 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 8, nr. 1146; F-9. Kaupstaðarbréfabók Vesturamts 1787–1795, nr. 321, bls. 306–07; nr. 340, bls. 325–26; nr. 341, bls. 326–27; nr. 342, bls. 327–28; nr. 343, bls. 328; VA III 3, nr. 250, 13.12. 1790; VA III 4 nr. 271, 3.5. 1791; nr. 272, 7.5. 1791; nr. 274, 23.6. 1791; nr. 275, 30.4. 1791; nr. 303, 10.8. og 30.9. 1791.
- 83 Þ.Í. VA III 4, nr. 306, 20.1. 1792; nr. 352, 20.12. 1793; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 258; nr. 1031.
- 84 Þ.Í. VA III 4, nr. 303, 10.8. og 30.9. 1791; nr. 348, 2.10. 1793; VA III 28, nr. 83, 10.8. 1795; VA III 30, nr. 258, 27.6. 1796; VA III 34, nr. 800, 26.6. 1799.
- 85 Þ.Í. VA III 28, nr. 83, 10.8. 1795; Rtk. Isl. Journal 10, nr. 20.
- 86 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 10, nr. 20.
- 87 Þ.Í. VA III 29, nr. 157, 13.1. 1796.
- 88 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 1635; Sigfús H. Andræsson: *Verzlunarsaga Íslands* II, bls. 510; Þ.Í. Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1817, bls. 59; VA III 29, nr. 227, 11.5. 1796; VA III 30, nr. 315, 23.9. 1796; VA III 31, nr. 413, 31.8. 1796; nr. 457, 12.6. 1797.
- 89 Sigfús Haukur Andræsson: *Verzlunarsaga Íslands* II, bls. 510–11; Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 1758; Isl. Journal 10, nr. 2376 og 2384. Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1817, bls. 51.
- 90 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 1758; Isl. Journal 10, nr. 3284; VA III 34, nr. 800, 26.6. 1799; VA III 35, nr. 809, 2.7. 1799.
- 91 Þ.Í. VA III 35, nr. 809, 2.7. 1799; nr. 855, 23.11. 1799; nr. 911, 18.2. 1800.
- 92 Þ.Í. VA III 35, nr. 911, 18.2. 1800; VA III 37, nr. 1070, 27.9. 1800.
- 93 Þ.Í. VA III 37, nr. 1070, 27.9. 1800; VA III 36, nr. 1005, 20.11. 1800; Sigfús Haukur Andræsson: *Verzlunarsaga Íslands* I, bls. 422.
- 94 Þ.Í. VA III 36, nr. 947, 18.6. 1800; VA III 37, nr. 1091, 14.7. 1801; VA III 38, nr. 1154, 27.3. 1802.
- 95 Þ.Í. VA III 38, nr. 1154, 11.2. 1802, 20.3. 1802, 27.3. 1802.
- 96 Þ.Í. VA III 35, nr. 911, 8.12. 1800; VA III 38, nr. 1154, 27.3. 1802; VA III 40, nr. 128, 1.11. 1803; Skjalasafn stiftamtmanns nr. 171, 1793–1803, 7.8. 1801; Rtk. Isl. Journal 10, nr. 1766.
- 97 Sigfús H. Andræsson: *Verzlunarsaga Íslands* II, bls. 510–11; Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 9, nr. 1758; Isl. Journal 10, nr. 1570; nr. 2025; Isl. Journal 11, nr. 125; *Dansk Biografisk Leksikon*. 3. bindi. Khöfn 1979, bls. 419.
- 98 Þ.Í. VA III 44, nr. 559, 1.2. 1804, 22.3. 1804, 18.5. 1805; VA III 57, nr. 323, 30.9. 1809; Henry Holland: *Daðbók í Íslandsferð 1810*. Rvík 1992, bls. 126.
- 99 Þ.Í. VA III 70, nr. 2041, 18.2. 1817; Rtk. Isl. Journal 12, nr. 1829; Isl. Journal 13, nr. 2236; Isl. Journal 16, nr. 141; nr. 1583; Isl. Journal 17, nr. 1867; Isl. Journal 18, nr. 2182.
- 100 Þ.Í. VA III 85, nr. 1416, 7. og 8.7. 1823; VA III 90, nr. 2417, 20.4.1824; Rtk. Isl. Journal 15, nr. 200; nr. 300; nr. 839; nr. 851; nr. 1455; nr. 2043; Isl. Journal 16, nr. 141; nr. 274; nr. 612; nr. 849; nr. 1429; nr. 1583; Isl. Journal 17, nr. 1227.
- 101 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 17, nr. 2647; Snæfellsnes III. *Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenszka bókmennta-félags*. Rvík 1970, bls. 171.
- 102 Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 18, nr. 2182; Isl. Journal 21, nr. 636; Snæf. XXIII. *Verzlunarskýrslur 1817–1877*.
- 103 Þ.Í. VA III 26, nr. 1981, 31.1. 1794; Lovsamling for Island VI. Khöfn 1856, bls. 93–94, 334–35, 728–29.

- ¹⁰⁴ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 10, nr. 1766; VA III 35, nr. 828, 24.8. 1799; VA III 36, nr. 960, 1.7. 1800; VA III 43, nr. 523, 21.5. 1805; VA III 47, nr. 1020, 12.7. 1806; Lovsamling for Island VII. Khöfn 1857, bls. 9.
- ¹⁰⁵ Lovsamling for Island VII, bls. 121–23, 615; Lovsamling for Island X. Khöfn 1861, bls. 319.
- ¹⁰⁶ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 17, nr. 1864; Lovsamling for Island X, bls. 486–87, 824–26.
- ¹⁰⁷ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr 519, sbr einnig nr. 428, 429, 464 og 507.
- ¹⁰⁸ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 519; Dr. Jón Helgason: Íslendingar í Danmörku, Rvík 1931, bls. 154; Páll Eggert Ólason: Íslenzkar æviskrár III. Rvík 1950, bls. 427.
- ¹⁰⁹ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 519.
- ¹¹⁰ Þ.Í. Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792, Bréf Magnúsar Guðmanns og Gunnlaugs Þorvaldssonar Vadel, 11.6 og 10.8. 1787; Prestsþjónustubók Setbergs 1782–1817, bls. 141.
- ¹¹⁰ Þ.Í. Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792. Bréf Magnúsar Guðmanns og Gunnlaugs Þorvaldssonar Vadel, 11.6. og 10.8. 1787. Bréf Jóns Arnórssonar sýslumanns, 2.7. 1787.
- ¹¹¹ Þ.Í. Skjalasafn stiftamtmanns nr. 170, 1786–1792. Bréf Magnúsar Guðmanns og Gunnlaugs Þorvaldssonar Vadel, 11.6. og 10.8. 1787. Bréf Jóns Arnórssonar sýslumanns, 2.7. 1787; VA III 1, nr. 2, 3. og 15.10. 1787.
- ¹¹² Þ.Í. Skjalasafn rentukammers nr. 170, 1786–1792. Bréf Jóns Arnórssonar sýslumanns, 21.7. 1787; VA III 1, nr. 2, 3. og 15.10. 1787; nr. 5, 13.11. 1787; nr. 61, 24.5. 1788; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 860.
- ¹¹³ Þ.Í. VA III 1, nr. 68, 3.1. 1789; nr. 69, 8.1. 1789; VA III 2, nr. 83, 3.1. og 25.2. 1789; nr. 103, 13.6. 1789; nr. 108, 13.6. 1789; VA III 3, nr. 177, 16.12. 1789; VA III 2, nr. 134, 2.8. 1789; VA III 3, nr. 228, 18.8. 1790; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 860.
- ¹¹⁴ Þ.Í. VA III 2, nr. 159, 27.11. 1789; VA III 3, nr. 197, 9.4. 1790; nr. 196, 19.9. 1789 og 6.3. 1790; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 860; Dr. Jón Helgason: *Íslendingar í Danmörku*. Rvík 1931, bls. 154; Klemens Jónsson: *Saga Akureyrar*. Akureyri 1948, bls. 40.
- ¹¹⁵ Þ.Í. VA III 3, nr. 225, 18.8. 1790; nr. 236, 10. og 14.9, 1790; nr. 253, 21.7., 29.9. og 2.11. 1790; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 860.
- ¹¹⁶ Þ.Í. VA III 3, nr. 253, 29.9. og 2.11. 1790; VA III 4, nr. 346, 16.7. 1793; Rtk. Isl. Journal 9, nr. 860; Prestsþjónustubók Setbergs 1782– 1817, bls. 22.
- ¹¹⁷ Þ.Í. Rtk. Isl. Journal 7, nr. 1166; Isl. Journal 8, nr. 165; VA III 1, nr. 10, 8.2. 1788; VA III 2, nr. 116, 5.1. 1789; nr. 141, 12.6. 1789; nr. 142, 4.6. 1789.

Gunnar Kristjánsson

Um útgáfu Dagsbrúnar

Ungmennafélag Grundfirðinga eins og það hét í upphafi gaf út handskrifað blað á fyrstu árunum sem það starfaði. Í blaðið skrifuðu félagar frumsamdar sögur og ljóð. Eitt eintak var gefið út og það gekk síðan milli bæja og á hverjum bæ var það lesið spjaldanna á milli en síðan komið á næsta bæ. Nokkur eintök hafa varðveist af þessum blöðum og birtum við hér forsíðu 1. tölublaðs 1. árgangs sem gefið var út árið 1933 en eins og þar sést var það fyrsti formaður Ungmennafélagsins Karl Kristjánsson sem var ritstjóri.



1. org. 1933

1. blað

1. Þorunn Íslands-ýðas bíða
 Lykilákar, heidalönd,
 komið granum skógi að skýla
 skriflus, þeras, senolna strönd!
 Flúðlar landsins verndað vattir
 Varazglæðar slíja slaus,
 Eins og mjúktir hysji kullir
 Gleila barnum voruhugana.
2. Ungna krotla og gáfrá gleðing
 Jóggi í hugsin, viki list.
 Látesuk þjóðar-endaforing,
 Ísland fjálot og þið sennþrost-
 þekka ~ halgum vinnum ríða,
 Rökva sval, á skjöldum þínum,
 Þigra merki geitum glitla
 Latir ekki hémínim.
3. Hlið er þingra þraut að rímta,
 Þú átt heidum æsku þer!
 Djalþragsi muntu síðar fjuma
 Svalan blása miðla þer.
4. Tardu' um miðvornóelusmáli
 höndum Njatum beði' í
 roðu' og söng! Þjallkonnumar
 lállu löndum þýja gullna
 emmissöng! Trjáts og stjarnur
 slattu' í Ólafni, Stjörðu
 beint og sveigdu sí of,
 stjarnur kenni' að konga
 þafri þínari þínum sigli'
 á haf.
5. Láttu aldrei fánan falla!
 Fram til heidurs ólígít or.
 Flver sem all mja' hröpa'
 og kalla Heðnis að á
 baki þer. Seirna á þínum
 heidum hvila. Heill og

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar og Sögunefnd Eyrarsveitar standa saman að útgáfu þessa rits sem er fjórða heftið í flokki sem kalla má „Safn til sögu Eyrarsveitar“. Í þessu hefti er fjallað um Edduslysið sem varð í ofsaveðri í Grundarfirði fyrir 50 árum. Hér er einnig ítarleg ritgerð sem fjallar um útgerðarsöguna í Grundarfirði. Ritgerðin nefnist Gert út frá Grundarfirði. Myndun sjávarþorps á 20. öld. Að venju er birtur annáll síðastliðins árs. Eyrbyggjar hafa lagt áherslu á söfnun gamla mynda og eru hér birt nokkur skemmtileg sýnishorn. Gerð er grein fyrir samfélaginu í Eyrarsveit samkvæmt manntalinu 1703. Birtar eru nokkrar valdar þjóðsögur úr Eyrarsveit. Einnig er birt ítarleg ritsmíð um verslunina í Grundarfirði síðustu 500 árin. Margvíslegan annan fróðleik er að finna í þessari bók líkt og í þeim fyrri.

